

Frumvarp

til

stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin
sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

I staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 5. gr., 1. málsg. 14. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr.,
1. lið 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnar-
skránni komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. (2. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Ís-
lands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa
fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa annað ráðgjafa-
embætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur
í Reykjavík, en fara svo opt, sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að
bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðgjafans svo og kostnað við
ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Nú deyr ráðgjafinn, og gegnir landritarinn þá ráðgjafastörfum á eigin ábyrgð,
þangað til skipaður hefur verið nýr ráðgjafi.

Ráðgjafinn veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið
að veita.

2. gr. (3. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðgjafann
fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um
með lögum.

3. gr. (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis kon-
ungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta
með lögum.

4. gr. (1. málsg. 14. gr. stjórnarskrárinnar).

A alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu.

5. gr. (15. gr. stjórnarskrárinnar).

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

6. gr. (17. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosningarrjett til alþingis hafa:

- a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, er með sjerstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrjett sinn;
- b, allir karlmenn í kaupstöðum og hreppum, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minnsta kosti 4 kr. á ári sem aukaútsvar;
- c, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefur veitt heimild til þess;
- d, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða læknskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Með lögum má afnema auka-útsvarsgreiðsluna eptir stafl. b. sem skilyrði fyrir kosningarrjetti.

7. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

8. gr. (1. liður 25. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.

9. gr. (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihverri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breyt-

ingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þingið þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meir en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sje á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjárukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

10. gr. (34. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðgjafinn fyrir sland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðgjafa má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd. Atkvæðisrjett hefur ráðgjafinn eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

11. gr. (36. gr. stjórnarskrárinnar).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meir en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

12. gr. (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðgjafans.

13. gr. (2. ákv. um stundarsakir).

Pangað til lög þau, er getið er um í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisrekstri hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt því heiti, er gefið er í boðskap konungs til Íslendinga, dags. 10 janúar þ. á., verður frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegn málefni Íslands, 5. jan. 1874, sem alþingi samþykkti í fyrra, staðfest, ef þingið samþykkir það að nýju í ár. Að vísu eru breytingar þær á hinu núverandi stjórnarfyriřkomulagi, sem þar er farið fram á, eigi alllitið viðtækari en þær, sem standa í frumvarpi því, sem undanfarin ráðaneyti höfðu tjáð sig ekki mótfallin, en ekkert af því, sem þar er bætt inn í eða úr fellt, virðist vera svo vaxið, að ísjárvert sje, að frumvarpið verði að lögum.

Það hefur þó verið af ráðið að leggja frumvarp það, er hjer kemur fram, fyrir alþingi jafnhliða hinu, sem búast má við að lagt verði fyrir af þingmanna hálfu

eins og þegar það kom fyrst fram, og gefa þinginu kost á að velja um þessi tvö frumvörp, og er það gjört af því, að stjórninni er kunnugt, að hvorki óskum hinnar íslenzku þjóðar nje alþingis um endurskoðun á stjórnarskránni er í raun og veru fullnægt alveg með frumvarpi þingsins. Nú ber að vísu bæði hin fyrri saga stjórnarskrármálsins vott um það, og eins hefur það og komið fram opinberlega nú á síðustu tímum, að óskir margra Íslendinga í þá átt að losa Ísland stjórnarlega út úr hinu danska ríki fara æði mikið lengra en svo, að þessi eða nokkur önnur stjórn gæti sjeð sjer fært að aðhyllast þær, og er það þá heldur ekki tilætlunin með þessu frumvarpi að verða við þessum óskum. En það sem stjórnin getur til fulls fallizt á, er krafa hinnar íslenzku þjóðar um, að hin æðsta stjórn hinna íslenzku mála sje í höndum íslenzkra manna í náinni samvinnu við löggjafarþing landsins. Í frumvarpi alþingis er aðeins reynt að fullnægja þessari kröfu með stjórnarskipunarákvæðum, sem tryggi það, að ráðgjafi Íslands semji sjálfur við alþingi og sje þeim hæfileikum búinn, sem til þess þarf, en eigi farið fram á, að breytt sje neitt því fyrirkomulagi, að hann, eins og hinir ráðgjafar konungs, býr í Kaupmannahöfn og hefur umsýsludeild sína þar. Það sem enn þá vantar á, að fullkomlega náði samband sje á milli ráðgjafans og ekki einungis alþingis heldur og sjálfrar þjóðarinnar og þeirra lífskjara og ástands, er löggjöf og stjórn eiga við að fást, sem sje það, að ráðgjafinn og stjórnardeild hans fái aðsetur á Íslandi, er það, sem lagafrumvarp þetta hefur á boðstólum. Stjórnin hefur ástæðu til að ætla, að aðalorsökin til þess, að þetta var ekki tekið upp í frumvarp alþingis, hafi verið sú, að þingið taldi það ófáanlegt. Ástæðan til þess hefur og ef til vill með fram verið sú, að það hefur verið talinn galli, að Ísland hefði með þessu skipulagi mestan hluta ársins eigi ráðgjafa sinn fyrir sig hjá konungi og hinni annari stjórn, og má að vísu telja það annmarka; en það mun þó víst eigi fjarri sanni, að þjóðin telji þenna annmarka og þann kostnaðarauka fyrir landsjóð, sem þetta fyrirkomulag kann að hafa í för með sjer, ljettari á mettum en þá kosti, sem það hefur í för með sjer, að ráðgjafinn hefur aðsetur í Reykjavík. Allt það sem komið hefur fram í blöðunum og annarsstaðar, eptir að boðskapur konungs kom út í vetur, hefur og, að því er stjórninni er kunnugt, lotið að þessu.

Að einu einasta ákvæði undanskildu, er síðar getur um, er innihald allra þeirra viðauka og breytinga, sem hjer eru gerðar á stjórnarskrárfrumvarpi alþingis frá í fyrra, annaðhvort beinlínis um þenna búsetuflutning Íslands ráðgjafans til Reykjavíkur, eða standa í sambandi við afnám landshöfðingjaembættisins, sem af þeim flutningi leiðir.

Við 1. gr. í frumvarpi alþingis (2. gr. stjórnarskrárinnar) er þannig farið fram á að bætt sje, að ráðgjafinn skuli hafa aðsetur í Reykjavík, en fari svo opt, sem þörf gjörist, til Kaupmannahafnar til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Að þessar stjórnarathafnir sjeu bornar upp í ríkisráðinu, er nú sem fyr stjórnarfarsleg nauðsyn, og eins og það er sjálfsögð meginregla, að málin sjeu borin upp af þeim ráðgjafa sjálfum, sem stendur fyrir þeirri grein mála, sem þau heyra undir, eins mun það og, þegar um íslenzk mál er að ræða, vera haganlegast í raun og veru, að þau sjeu borin upp af ráðgjafa Íslands sjálfum, þar sem hann er nákunnugur högum og háttum landsins og stendur í beinu sambandi við alþingi. Og návist hans þar yrði með öllu nauðsynleg þá, er vafi kæmi upp um það, hvort eitt eða annað af þeim málum, sem hann vildi hafa fram í ríkisráðinu, stofnaði eigi eining ríkisins í hættu eða kynni eigi að skerða jafnrjetti allra danskra ríkisborgara. Því þar sem það auðvitað gæti ekki komið til mála, að nokkur

hinna ráðgjafanna færi að skipta sjer af neinu því, sem er sjerstaklegt mál Íslands, þá er það hinsvegar eins sjálfsagt, að það væri skylda allra hinna ráðgjafanna að mæla í móti, ef Íslandsráðgjafinn gerði tilraun til að ráðast á annaðhvort þessara tveggja atriða, alveg á sama hátt og það væri rjettur og skylda Íslandsráðgjafans að mæla í móti, ef reynt yrði frá Dana hálfu að losa um sambandið við Ísland, eða halla jafnrjetti Íslendinga í konungsríkinu á við aðra danska þegna.

Pau árin, er alþingi er háð, verður ráðgjafinn að fara tvívegis til Kaupmannahafnar, fyrst til þess að bera upp í ríkisráðinu stjórnarfrumvörp þau, sem hann ætlar sjer að leggja fyrir alþingi, og síðan eptir þinglok til þess að bera upp lagafrumvörp þau, sem samþykkt hafa verið. Endranær verður það undir hans álit sjálfs komið, hvort eitthvert mál, sem samkvæmt eðli sínu á að berast upp fyrir konungi í ríkisráðinu, sje svo mikislvárðandi eða svo sjerstaklega lagað, að hann þurfi að vera við staddur sjálfur, eða hann vill fela einhverjum hinna ráðgjafanna að bera það upp fyrir sína hönd. Kostnaðurinn við ferðir hans verður og á þenna hátt í beinu hlutfalli við þýðing þeirra mála, er hafa valdið ferðunum.

Af flutning ráðgjafans og hinnar íslenzku stjórnardeildar til Íslands leiðir auðvitað það, að ákvæði 6. gr. í lögum 2. jan. 1871 um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu getur eigi lengur átt við, að því er kostnaðinn við þessa deild stjórnarinnar snertir, sem þaðan af verður að leggjast á landssjóð Íslands. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta atriði, er hjer farið fram á, að það sje sagt með berum orðum, að tjeður sjóður greiði laun ráðgjafa og eptirlaun hans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Ennfremur hefur þótt rjettast að setja í þessa grein ákvæði um forstöðu ráðgjafaembættisins þann tíma, er liður frá því er ráðgjafi deyr þangað til nýr ráðgjafi er skipaður. Þar sem ræða er um einn einstakan ráðgjafa eins og hjer, sem býr langt burtu frá aðsetursstað konungs, og enginn ritsími er enn fenginn milli landanna og samgöngurnar eru erfiðar, verður varla komizt hjá að hafa ákvæði um þetta. Sá sem eptir hlutarins eðli virðist eiga að koma í stað ráðgjafans, þegar svona stendur á, er embættismaður sá í stjórnarráði Íslands, er gengur ráðgjafanum næst að völdum (stjórnardeildarforstjórinn), og virðist fyrir því rjett að gefa embættisstöðu hans það heiti, er samsvari þeim störfum, sem hann, þegar svona stendur á, hefur á hendi. Skal hjer stungið upp á nafninu landritari. Það verður og auðvitað þessi embættismaður, sem gegnir störfum ráðgjafans, þegar hann er fjarverandi, en þá á ábyrgð hans.

Til þess að taka af allan vafa um það, hver eigi, þegar búið er að afnema landshöfðingjaembættið, að veita embætti þau, sem konungur veitir eigi nú, sbr. 4. gr. stjórnarskrárinnar, heldur landshöfðingi, er loks farið fram á það hjer, að ráðgjafinn hafi þetta á hendi.

Ef það skipulag kemst á, sem hjer er farið fram á, verður landshöfðingjaembættinu auðvitað ofaukið, og þarf því að breyta öllum þeim ákvæðum í stjórnarskránni og frumvarpi alþingis frá í fyrra, þar sem byggt er á tilveru þessa embættis. Er því farið fram á það hjer:

að 2. liður 1. gr. alþingisfrumvarpsins (2. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt,
 að einnig falli burt í 2. málsgrein 10. gr. alþingisfrumvarpsins (34. gr. stjórnarskrárinnar) setningin: „en að öðrum kosti mætir landshöfðingi fyrir hönd ráðgjafa“, og
 að 39. gr. stjórnarskrárinnar sje breytt með því, að skotið sje inn í frumvarp alþingis nýrri (12.) grein, svohljóðandi: „Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðgjafans“.

Auk breytinga þeirra, sem nefndar hafa verið og allar er afleiðingar af sjálfri aðalbreytingunni, er í frumvarpinu, eins og áður er sagt, ekki nema ein breytingartillaga til á frumvarpi alþingis, sem sje sú, að fella burt ákvæðið í 8. gr. (1. lið 25. gr. stjórnarskrárinnar) um, að útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum, skuli greidd fyrir fram af tillaginu úr rikissjóði. Af hvaða ástæða sem það nú kann að hafa verið, að þessi útgjöld og útgjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi fyrrum voru undanskilin hinum almennu fjárveitingarreglum samkvæmt stjórnarskránni, þá verður stjórnin að vera þeirrar skoðunar, að þetta sjerstaklega ákvæði eigi ekki við það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, enda verða og eptir því fyrirkomulagi miklu fleiri embættismenn í „hinni æðstu innlendu stjórn Íslands“ en nú, því til hennar telst nú aðeins landshöfðingi og ritari hans og skrifstofumenn.

Viðvikjandi embættaskipun Íslands, þá er hún í stjórnarskránni aðeins ákveðin að því er ráðgjafa- og landshöfðingja embættin snertir, og á því í þessu frumvarpi aðeins að gjöra ákvæði um þau. En því verða sumpart nauðsynlega sumpart eðlilega samfara umfangsmiklar breytingar á hinni æðstu umboðsstjórn Íslands, þar sem eigi verður aðeins að leggja landshöfðingjaembættið niður og fá aðalstjórninni, stjórnarráðinu, störf þess í hendur, heldur mun og mega afnema amtmannaembættin, og fela störf þeirra sumpart stjórnarráðinu sumpart öðrum embættismönnum. Ef til vill væri eðlilegast að afnema einnig landfógetaembættið og láta störf þess falla undir gjaldkeraembætti í stjórnarráðinu. Að vísu kemur nú ekki til þess að leggja lagafrumvörp um fyrirkomulag þetta á embættum og launum þeirra fyrir alþingi fyr en næsta ár, ef stjórnarskrárfrumvarp þetta þá verður samþykkt í ár, en það væri ráð í tíma tekið, ef alþingi vildi nú þegar í sumar, til leiðbeiningar fyrir stjórnina við undirbúning þessara frumvarpa, láta á einn eða annan hátt uppi skoðun sína um aðalatriðin í þeirri embættaskipan, er hjer ræðir um.

Hjer skal sett lausleg bráðabirgðatillaga um fyrirkomulag þetta, sem alþingi gæti haft til stuðnings, er það ræðir málið með landshöfðingja, og er jafnframt bráðabirgðaaætlun um þann kostnað, er fyrirkomulag þetta mundi hafa fyrir landssjóð:

	kr.
Auk ráðgjafans, sem mun mega ráðgera að hafi í laun	12,000
nokkur pluti af því, ef til vill, áætlaður í embættisbústað og annar hluti sem borðfje,	
mun þurfa í stjórnarráðinu þessa embættis- og starfsmenn:	
1 landritara, er hafi í laun	6,000
2 skrifstofustjóra með 3,500 kr. launum hvorn	7,000
Annar þeirra gæti þá verið landsgjaldkeri.	
Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar þykir mega gera ráð fyrir	9,000
og af því laun:	kr.
2 aðstoðarmanna	2,400
2 skrifara og 1 sendiboða	2,400
	<u>4,800</u>

Til annara skrifstofuparfa mun naumast mega ætlast á minna en 4,200 kr., og er þó þá ætlast til að húsnæði fáiast ókeypis.

Alls... 34,000

Við afnám embætta þeirra, sem ætlazt er til að verði lögð niður, vinnst þetta:

	kr.	kr.
Laun landshöfðingja	8,000	
Embættisbústaður og jarðarafnot, áætlað	2,000	
Til risnu ár hvert.....	2,000	
og þar að auki annaðhvort ár (þingárin) 2,000 kr., eða árlega ..	1,000	
		1,3000
Laun landshöfðingjaritarans að meðaltali	2,000	
Skrifstofufje landshöfðingja	2,400	
Laun 2 amtmanna, 5,000 kr. hvor	10,000	
Skrifstofufje amtmanna	2,800	
Laun landfógeta.....	3,500	
Skrifstofufje landfógeta	1,000	
		<u>Alls... 34,700</u>

Eptir þessari áætlun verður þá nokkur sparnaður af hinu nýja fyrirkomulagi, en þó ekki sje haft neitt tillit til þess, að auka verður ef til vill nokkuð embættum í stjórnarráðinu við það, sem hjer er ætlazt á, verður þó þetta ekki hin fjárhagslega niðurstaða, því stjórnarbygging verður að reisa, ef ekki er hægt að breyta landshöfðingjabústaðnum svo að hann verði notaður, og mun hún að líkindum kosta meira en hægt er að fá fyrir landshöfðingjahúsið og embættisjörðina, og svo bætist þar að auki við kostnaðurinn við ferðir ráðgjafa og eptirlaun, er verður að ákveða með sjerstökum lögum. En engu að síður virðist í öllu falli eigi þurfa að gjöra ráð fyrir miklu meiri útgjaldabyrði fyrir landssjóð en fyrirkomulag það, sem nú er, hefur í för með sjer.

Svo framarlega sem þess verður óskað, að í Kaupmannahöfn sje lítill skrifstofa, sem heyri undir stjórnarráðið á Íslandi, til að annast afgreiðslur þær er til falla þar, leita upplýsinga og þess háttar, þá mun varla haft neitt á móti því, að útgjöldin við það greiðist úr ríkissjóði.

Því skal að lokum bætt við, að sökum sambands þess, sem er milli frumvarps þessa og frumvarps þess, sem alþingi samþykkti í fyrra, að það sem sje er nákvæmlega takmörkuð rýmkun á stjórnarskrárbreytingum þeim, sem þar standa, svo viðtæk, sem stjórnin hefur sjeð sjer frekast fært að gjöra hana, ber eigi að skoða frumvarp þetta sem samningagrundvöll, sem gjöra megi frekari breytingar á, heldur eins og tilboð, sem alþingi er í sjálfvald sett að taka eins og það er, eða kjósa heldur frumvarpið frá í fyrra, því að það er ósk stjórnarinnar, að það skuli alveg komið undir álit þingsins hvort þessara frumvarpa megi telja happasælast fyrir hag Íslands og framtíð þess.

Frumvarp til fjáráukalaga

fyrir

árin 1902 og 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, veitast 46,130 kr. 21 e. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast 500 kr. til verkfróðs manns til að kynna sjer skipamælingar.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast 500 kr. handa Jóni húsasmið Sveinssyni fyrir vinnu við að gera áætlanir um landsspítala.

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Til þess að fullgera brú á Lagarfljóti og ferju á Steinsvaði	43,200 kr. „ a.
2. Til þjóðvega	930 — 21 —
3. Til þess að reisa vörður við skipaleiðina inn á Berufjörð.....	1,000 — „ —
gegn því að hlutaðeigandi sýslufjelag takist á hendur viðhald varðnanna.	
<u>45,130 kr. 21 a.</u>	

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 2. gr.

Það fjárupphæð þessi, sem veitt er í 2. gr. fjáráukalaga 27. sept. 1901 fyrir árin 1900 og 1901, eigi hefur verið útborguð fyr en á yfirstandandi fjárhagstímabili, er farið fram á, að hún verði endurveitt.

Um 3. gr.

Það er skýrt frá því í athugasemdunum við frumvarp það til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík, sem lagt var fyrir alþingi síðastliðið ár, að stjórnarráðið

hefði árið 1899 leitað álits Thurens byggingameistara um það, hvort auðið mundi að koma upp fyrir það fje, sem alþingi þá hafði veitt, svofelldum spítala sem til var ætlað með fjárveitingunni, og að byggingameistarinn hefði talið fjárveitinguna langt frá því nægilega, að stjórnarráðið hefði þá skrifað landshöfðingja og spurt hann, hvort hann teldi, að mögulegt væri með innlendum vinnukrapti fyrir það fje, sem var til umráða, að koma upp svo stórum og svo útbúnum spítala, sem farið var fram á, svo viðunandi væri, og hvort hann, ef hann væri þeirrar skoðunar, hefði í höndum tilboð eða áætlanir, sem stutt gætu þetta álit.

Ut af þessu hafði landshöfðingi skrifað landlækni um málið, en hann snúið sjer aptur til Jóns húsasmiðs Sveinssonar og beiðzt álits hans um það; samdi Jón þá uppdrætti þá og áætlun upp á 90,000 kr., er sent var alþingi ásamt framangreindu lagafrumvarpi um stofnum landsspítala, er lagt var fyrir þingið síðastliðið ár.

Með því nú tjeð lagafrumvarp ekki náði samþykki þingsins, og spítalinn þar af leiðandi eigi varð byggður, hefur Jón húsasmiður Sveinsson farið þess á leit, að hann fengi borgaðar 1,125 kr., sem er $1\frac{1}{4}$ af hundraði af áætlunarupphæðinni, í ómakslaun fyrir þá vinnu, er þetta hafði haft í för með sjer fyrir hann. Bæði landlæknir og landshöfðingi hafa eptir atvikum mælt með því, að Jón húsasmiður Sveinsson fái hæfilega þóknun fyrir vinnu sína, sem hefur eigi verið alllítill, og með því stjórnarráðinu virðist það og sanngjarnt, en þó hinsvegar er á sama máli og landshöfðingi um, að endurgjald það, sem hann hefur reiknað sjer, sje of hátt, er hjer farið fram á, að til þessa sjeu veittar 500 kr.

Um 4. gr.

Við 1. Eptir að stjórnarráðið með lögum 9. febr. 1900 hafði fengið heimild til þess að verja 45,000 kr. upphæð til brúar á Lagarfljóti og 3,000 kr. til ferju við fljótið, gjörði það samning við fjelagið Smith, Mygind og Hüttemeier um að láta af hendi í Kaupmannahöfn fullbúið efni í brú og ferju, báðar gjörðar aðallega samkvæmt rannsóknum og áætlunum þeim, er Barth verkfræðingur hafði gjört, og setja þær upp á brúar- og ferjustaðnum, gegn 30,865 kr. borgun alls fyrir brúna og 2,700 kr. fyrir ferjuna. Samtímis var samið við stórkaupmann Thor E. Tulinius um að taka að sjer flutning efnisins frá Kaupmannahöfn til brúarstæðisins og ferjustaðarins gegn borgun, er ekki færi fram úr 10,000 kr. Samkvæmt samningum þessum, er fylgja hjer með í eptirriti, var efnið flutt til brúarstæðisins, svo að hægt var þegar í fyrra sumar, eins og til stóð, að byrja á að koma brúnni upp undir umsjón Sigurðar verkfræðings Thoroddsen, er stjórnin hafði skipað bæði til að hafa umsjón með bygging brúarinnar, og til þess að standa fyrir þeirri vinnu við brúargjörðina (vegagjörð við brúarstæðið), sem fjelagið, er tók að sjer brúarsmiðina, samkvæmt samningnum átti eigi að annast.

En 8. júlí skrifaði Sigurður verkfræðingur Thoroddsen stjórnarráðinu og skýrði því frá, að hann hefði látið hætta vinnunni við brúna 1. s. m. og látið vinnumenn fjelagsins fara heimleiðis, og bar það aðallega fyrir sig, að ásigkomulag botnsins og vatnshæðin í Lagarfljóti hefði reynzt að vera allt öðruvísi, en byggt var á í lýsingu og uppdráttum Barths verkfræðings, og að brúarefnið, sem komið var, væri því ónógt, þar sem brúin yrði að vera bæði hærri og lengri, en Barth hafði ætlað til.

Eptir að hafa gjört nánari rannsóknir sendi Sigurður verkfræðingur Thoroddsen landshöfðingja síðan með brjefi dags. 30. ágúst s. á. áætlun yfir það, sem hann taldi þurfa að útvega og gjöra, til þess að brúnni yrði samilega úr garði gerð; ætlast hann þar á, að kostnaðurinn við þetta verði 17,000 kr. fram yfir það fje, er þegar var veitt.

Í álitsskjali því, er hinn verkfróði ráðanaatur stjórnarráðsins í þessu brúarmáli, forstjóri Windfeld-Hansen, síðan hefur skrifað um málið, lætur hann fyrst í ljósi mikinn efa á því, að nauðsyn hafi verið til að láta hætta vinnunni að brúnni, eins og gjört hafði verið, og kemur síðan fram með tillögum um, hvað gjöra þurfi til þess að fullgera brúna, og vísar jafnframt að því er þessi tvö atriði snertir til brjefs frá hlutafjelaginu Smith, Mygind og Hüttemeier, er hann ljet fylgja álitsskjali sínu, og mun alþingi gefinn kostur á að kynna sjer bæði álitsskjalið ásamt brjefinu, er því fylgdi, og hin tvö framangreindu brjef frá Sigurði verkfræðing Thoroddsen. Hann áætla, að til þess að fullgera brúna og ferjuna með þeim breytingum á hinni upprunalegu gjörð þeirra, sem nauðsynlegar eru eða að minnsta kosti æskilegar eptir nú fengnum upplýsingum, muni þurfa hjer um bil 25,000 kr. auk þess sem áður er veitt, og byggir þetta álit bæði á framhaldstilboði frá fyrgreindu hlutafjelagi og útreikningum Sigurðar verkfræðings Thoroddsen. Það er gert ráð fyrir því í áætlun þessari, að sendur verði verkfræðingur til Íslands til þess að hafa verkstjórnina á hendi við brúarstæðið í stað Sigurðar verkfræðings Thoroddsen. Bæði hefur fjelagið gert ráð fyrir þessu, þegar það sendi framhaldstilboð sitt, og þegar litið er til þess, að erfitt mun fyrir Sigurð verkfræðing Thoroddsen annara anna vegna, eins og átti sjer stað í fyrra, að dvelja allan þann tíma við brúna, sem sá, er umsjón hefur, þarf að vera þar, og þó einkanlega til þess, er gerst hefur hingað til í þessu máli, þykir stjórnarráðinu í alla staði rjett, að svo verði gert.

Eptir nú að stjórnarráðið hafði fengið upplýsingar um, að efni það, sem er geymt við brúarstæðið, ekki mundi rýrna að neinum mun, þótt látið yrði bíða í tvö ár að fullgera brúna, varð það að telja athugavert án samþykkis alþingis að leggja út í svo mikinn aukakostnað, sem samkvæmt skoðun forstjóra Windfeld-Hansens þurfti til þess að fullgera mannvirki þetta svo vel væri, og það því fremur sem efasamt var, hvort hægt mundi að hafa efni það í brúna, sem með þurfti í viðbót við það sem var við brúarstæðið, fullbúið og flutt þangað fyrir sumarbyrjun 1902.

Stjórnarráðið fjekk því loforð fjelagsins fyrir því, að tilboð þess um að fullgjöra mannvirki þetta skyldi standa, þótt vinnunni yrði frestað enn eitt ár, en þó með fyrirvara af þess hálfu, ef verð á efninu skyldi breytast að miklum mun á því tímabili.

Það virðist eptir málavöxtum að hafa verið ónauðsynlegt og mega telja miður farið, að verkfræðingur sá, er umsjón hafði, ljet hætta vinnunni í fyrra sumar. En eins og komið er, virðist hinsvegar eigi vera annað að gjöra, en fara að ráðum forstjóra Windfeld-Hansens og þeirri reynzlu og upplýsingum um ásigkomulag botnsins og vatnshæð fljótsins er fengust í fyrra í byrjun brúarvinnunnar, og gjöra brúna bæði svo háa og langa, að engin hætta geti verið fyrir hana. Það virðist ekki minnsta ástæða til þess að láta ekki sama fjelagið hafa vinnuna á hendi og í fyrra, enda er því eigi að neinu leyti um að kenna hvernig fór, og mundi líka eptir því sem komið er auðvitað vera bæði mjög torvelt og kostnaðarsamt að fá aðra til að gjöra það sem á vantar. Forstjóri Windfeld-Hansen telur framhaldstilboð fjelagsins sanngjarnt, og þar sem stjórnarráðinu hefur þótt rjett að fylgja tillögum hans að öllu leyti, er hjer farið fram á að veittar sjeu þær 25,000 kr., sem hann ætlast á að þurfa mun í viðbót.

Í þessari upphæð er falinn aukakostnaður við landstöplana og vegagjörðina, sem Sigurður verkfræðingur Thoroddsen hefur talið óhjákvæmilegan, einkum sökum þess að brúin verður gjörð hærri. Ennfremur er hjer talinn kostnaður sá, er ætlast er á að gangi til þess að fullgera ferjuna á Steinsvaði; um það, hvað olli því að ekki varð lokið við þetta mannvirki, skal annars vísað til þess, er stendur í framangreindum brjefum.

Þá er eptir af því, sem farið er fram á að veita í þessum gjaldlið, 18,200 kr. og eru þær endurveiting á því fje, er veitt var með lögum 9. febr. 1900 og alls var 48,000 kr.

Af því fje hefur sem sje á síðasta fjárhagstímabili verið goldið:

inn í reikning við hlutafjlagið Smith, Mygind og Hüttemeier.....	20,000 kr.
inn í reikning við stórkaupmann Thor E. Tulinius..	9,800 —
Alls...	<u>29,800 kr.</u>

Þá eru eptir af allri upphæðinni 18,200 kr. Af því fje er með samningnum frá í fyrra ráðið yfir þessum upphæðum:

samkvæmt samningnum um brúna og ferjuna á framangreint hlutafjlag	
eptir að fá.....	13,565 kr.
samkvæmt flutningssamningnum á Tulinius stórkaupmaður eptir að fá....	200 —
Samtals...	<u>13,765 kr.</u>

Af hinni upprunalegu fjárveiting, sem hjer er farið fram á að endurveita, eru þá 4,435 kr. eptir til þeirra útgjalda við brúna og ferjuna, sem eigi eru falin í framangreindum samningum.

Við 2. Sökum þess að vinnunni við brúarbygginguna, eins og að framan er sagt, var hætt, voru á síðasta fjárhagstímabili að eins notaðar 4,069 kr. 79 a. af fjárveiting þeirri til vegagjörðar við Lagarfjót að upphæð 5,000 kr., sem veitt var til þjóðvega í 3. gr. fjárukalaga fyrir árin 1900 og 1901 frá 27. sept. 1901. Hjer er farið fram á, að afgangurinn 930 kr. 21 e. sje endurveittur, því að þær 1,000 kr., sem Sigurður verkfræðingur Thoroddsen telur að aukakostnaður við vegagerðina verði, þegar brúin verður hækkuð og lengd, og taldar eru í framangreindum 25,000 kr., virðast samkvæmt brjefi hans dags. 30. ág. f. á. áætlaðar ekki í viðbót það fje, sem notað var í fyrra, heldur í viðbót við það, sem veitt var í fyrra, þannig, að þær 930 kr. 21 e., sem eigi eru notaðar, þurfa að vera til umráða auk þessara 1,000 kr.

Við 3. Þegar skonnortan Díana mældi upp skerjagarðinn fyrir utan Berufjörð sumarið 1900, reyndist óhjákvæmilegt að reisa nokkur merki upp á sumum skerjunum þar. Með því nú að sigling á firðinum, sem er mjög vandasöm í þoku, mundi verða miklu auðveldari ef merki þessi stæðu, reyndi yfirmaðurinn á Díönu að gjöra þau svo rambyggileg, að von væri um að þau gætu staðið framvegis, og lagði til, að sjeð yrði um viðhald þeirra, þaræð þau væru svo áriðandi fyrir alla skipstjóra, er sigldu á Berufjörð.

En svo fjekk stjórnarráðið frá forstjóranum fyrir sjókortasafninu tilkynning um það, að sjórinn hefði þegar 10. sept. s. á. skolað vörðunum burt, og með því nú að forstjórinn í skýrslu sinni ljet í ljósi, að ef reisa ætti vörður þessar að nýju mundi efalaust þurfa að steinlíma undirstöðuna eins og gjört er á vörðum á skerjunum við strendur Noregs, leitaði stjórnarráðið upplýsinga um, hversu áriðandi það væri, að þessu yrði komið í verk, og hversu mikinn kostnað það mundi hafa í för með sjer.

Bæði sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, amtmaðurinn yfir Norður- og Austur-amtinu og landshöfðingi töldu það mjög áriðandi fyrir siglingar á Berufjörð, að vörðurnar yrðu reistar á ný, en valdsmenn þessir kváðust ekki geta sagt með vissu, hvað kostnaðurinn við það mundi verða; hinsvegar hefur Sigurður verkfræðingur Thoroddsen látið það álit uppi, að það mundi kosta um 1,000 kr. að koma vörðunum upp, ef

þær ættu að vera úr jární með steinlímdum grunni, sem mun óhjákvæmilegt, með því sjór gengur iðulega yfir skerin. Hefur stjórnarráð sjómálanna fallizt á þessa skoðun.

Að svo vöxnu máli og þaræð kostnaðurinn við að koma vörðunum upp samkvæmt framansögðu virðist of mikill til þess, að þess verði vænst, að hlutaðeigandi sýslusjóður greiði hann, er hjer farið fram á, að veittar sjeu 1,000 kr. til þessa úr landssjóði, en þó virðist eðlilegt, að það sje bundið því skilyrði, að sýslunefndin taki að sjer viðhald varðanna.

Frumvarp til laga

um

varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

1. þáttur. .

Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hjer á eptir, þá merking, sem til færð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sjerhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hjer kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefur lagt út frá útlöndum eða á leið tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefur lagt út frá útlöndum, eða frá fiskiskipi frá öðru ríki. Er skipið aðkomuskip þar til er það hefur fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn.

„Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvaldi um það, hvort nokkur erlend eða önnur sjerstaklega til greind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gula hitasótt, mislinga og skarlatssótt.

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hjer við land, þess efnis, að ekkert sje því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sje hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem auglýsing frá ráðgjafa Íslands eða landshöfðingja hefur bannað vegna sötthættu innflutning á eða þá bundið hann vissum skilyrðum (23. gr.).

2. gr.

Hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og vill hafa samband við land eða við íbúana, skal hafa meðferðis sóttgæzluskírteini frá brottfararstað sínum, og, ef hann er utanríkis, skal skírteinið staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sje hann þar enginn, þá af yfirvaldi.

3. gr.

Ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki má, nema til neytt sje, hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr.

Enginn má leyfa inn í híbýli sín eða eiga nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis, nema nauðsyn gangi til.

2. þáttur.

Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hjer á landi, þar sem föst verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti, hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kys úr sínum flokki. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, hjeraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kys, búsettur þar á staðnum. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður, en hafi hann ekki aðsetur þar á staðnum, er umboðsmaður hans það.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitastjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

6. gr.

Í hverjum kaupstað á landi hjer skal vera sóttvarnarhús, er sje jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Hlutaðeigandi sóttvarnarnefnd skal hafa umsjón yfir húsum þessum, annast viðhald á þeim og öllum útbúnaði þeirra og ráða þjónustumenn til þeirra eptir þörfum, þegar er sjúklingar koma.

Hlutaðeigandi hjeraðslæknir annast lækning þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsi, nema landshöfðingi eptir tillögum landlæknis skipi til þess annan lækni.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um afnot þessara sóttvarnarhúsa.

3. þáttur.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

7. gr.

Þegar aðkomuskip vill hleypa mönnum eða farangri á land á höfn, sbr. 3. gr., og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (11. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskirteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefur fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni.

8. gr.

Nú er sóttgæzluskirteini skipsins í lagi og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og lýsir skipstjóri því yfir fyrir sóttgæzlumanni, að á skipinu sjeu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur geti leikið á að sjeu næmir, og eigi heldur lík manna, er dáið hafi úr slíkum sjúkdómum, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð.

Hafi skipið ekkert sóttgæzluskirteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt (sbr. 2. gr.), skal sóttgæzlumaður engu að síður tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í tje skriflega yfirlýsing upp á æru sína og samvitzku um, að á skipinu sjeu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað þess nje á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir sjeu úr slíkum sjúkdómum.

Ef þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og grunur leikur á, að um næman sjúkdóm sje eða hafi verið að ræða, þá má ekki veita heilbrigðisvottorð fyr en hjeraðslæknir hefur rannsakað skipið, og sagt fyrir um, hvernar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gjörist má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sje ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji læknir tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því aðeins, að sjúklingunum sje eigi hætta buin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um að farið sje eptir fyrirmælum greinar þessarar og 7. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Heilbrigðisvottorð skal veitt ókeypis.

9. gr.

Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eptir auglýstri áætlun, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gjörlegt eptir atvikum.

4. þáttur.

Um skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu.

10. gr.

Í hvert sinn, sem áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt — að undanteknum mislingum og skarlatssótt — hafi gjört vart við sig einhversstaðar í útlöndum, gefur ráðgjafi Íslands út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sje talinn að ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sje beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef aðeins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðgjafi Íslands gefur aptur út auglýsingu um, hvenær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

Landshöfðingi hefur vald til að gefa út auglýsingar þær, sem nefndar eru í þessari grein, ef hann hefur fengið áreiðanlega vitneskju um að sótt sje komin upp eða hætt, áður en auglýsing ráðgjafans um það er komin til hans. En skýra verður hann ráðgjafa hið bráðasta frá auglýsing sinni.

11. gr.

Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefur á leið sinni haft viðskipti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. gr., eða stað, sem getið er í sóttgæzluskírteini skipsins að erlend sótt gangi á;

2) að skip á leið sinni hefur átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða;

3) að á skipi eru eða hafa verið á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýni, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsiglihúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aptur út fyrir landhelgi, eða hefur tekið íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. gr.

Ef svo er ástatt fyrir skipi sem sagt er í 11. gr., 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sje aptur á móti svo ástatt sem sagt er í 11. gr., 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, nema það sje til neytt.

13. gr.

Þangað til læknisrannsókn hefur fram farið og leyfi hefur verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skipið afkvíað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því í land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það,

nema þá í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu, eru háðir þeim sótt-hreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða læknir setur þeim, og má, ef þörf gjörist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er; sje enginn læknir við staddur, skal sóttgæzlumaður svo fljótt og auðið er gjöra boð eptir hjeraðslækni, nema skipstjóri að spurður kjósi heldur að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

14. gr.

Nú kemur það fram við læknisskoðun og hina skriflegu yfirlýsing, sem skipstjóra er skylt að gefa upp á æru sína og samvizku, að á skipinu hefur ekki verið, hvorki á brottfararstaðnum nje á leiðinni, og ekki heldur við komu þess neinn sjúkur maður eða dauður, er grunur gæti legið á að haft hefði einhverja erlenda sótt, og að ekki er bannaður farangur á því, og skal þá þegar leyft að skipa upp úr skipinu og út í það, og skal farþegum leyfðar allar samgöngur við land, þó skulu þeir, ef um pest, austurlenzka kóleru eða gula hitasótt er að ræða, og fyrirmæli eru um það í auglýsing þeirri, er útgefin hefur verið (10. gr.), vera háðir eptirliti í landi (22. gr.), í eins langan tíma og sagt er fyrir um í tjeðri auglýsing. Eptirlitstíminn má þó eigi fara fram úr 10 dögum eptir komu skipsins, þegar um pest er að ræða, og eigi fram úr 5 dögum, þegar um kóleru er að ræða.

Þegar farþegar eiga að vera háðir eptirliti í landi, skulu skipverjar vera jafnlangan tíma háðir eptirliti á skipinu eða, fari þeir úr skipsvist, í landi; sóttvarnarnefndin getur einnig bannað skipverjum, ef þeir eiga ekki að fara úr skipsvist, að fara í land þenna tíma, nema nauðsyn krefji í erindum fyrir skipið.

Lækniseptirliti þessu eru herskip undanþegin gegn því, að skipslæknirinn gefi lækni þeim, sem eptirlitið hvílir á, fullnægjandi skýrslur. Þær fyrirskipanir, er gjörðar verða samkvæmt þessari og eptirfarandi greinum og byggðar eru á greindum skýrslum, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr.

Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, en enginn hefur fengið sóttina síðustu 7 daga, eða, ef um pest er að ræða, síðustu 12 daga, eða þá að á skipinu er bannaður farangur, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyr en skipið hefur verið sótthreinsað að svo miklu leyti, sem sóttvarnarnefnd eða læknir hefur ákveðið, og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefur auðið verið að sótthreinsa á skipinu. Að því búnu skal farið eptir ákvæðum undanfarandi greinar; þó skulu þeir, sem koma á skipinu, bæði skipverjar og farþegar, þá skilyrðislaust vera háðir eptirliti, þegar er að ræða um pest í 10 daga, um austurlenzka kóleru í 5 daga og um gula hitasótt í 14 daga, og sje um aðrar erlendar sóttir að ræða, getur sóttvarnarnefndin ákveðið, að þeir skuli háðir eptirliti, sem þó aldrei má fara fram úr 14 dögum frá komu skipsins.

16. gr.

Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða, eða þá hafa verið það síðustu 7 daga, eða, sje um pest að ræða, síðustu 12 daga,

og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíðuð, 1) að lík sjeu flutt í land og jarðsett, 2) að sjúkir menn sjeu fluttir í sóttvarnarhús, og sje ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, 3) að skipið sje sótthreinsað eins og með þarf, 4) að lógað sje bönnuðum farangri, sem ekki er unnt að sótthreinsa á skipinu, og 5) að allir ósjúkir skipverjar og farþegar sjeu einangraðir annaðhvort úti á skipinu eða í sjerstöku húsi í landi, í 10 daga frá því skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir í land, ef um pest er að ræða, í 5 daga ef um austurlenzka kóleru er að ræða, og 14 daga ef það er gul hitasótt, og sje um aðrar erlendar sóttir að ræða, þá settir undir eptirlit, ef og svo lengi sem sóttvarnarnefndinni þykir nauðsynlegt, en þó aldrei lengur en 14 daga eptir að skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir í land.

17. gr.

Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sje kominn einungis til þess að afla sjer kola, vista eða annara nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eptirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

18. gr.

Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksútflutninga, eða skip, sem virðast vera afaróheilmæm vegna óþrífnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eptir ákvæðum 16. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því sjeu ekki fyrir hendi.

19. gr.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sótthreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sje látinn í tje við sótthreinsun þess allur sá vinnukraptur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

20. gr.

Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 12. gr., 2. hluta, en hefur neyðzt til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unnt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sóttvarnarnefndin skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar svo fljótt sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gjörist.

21. gr.

Um strandað skip og bannaðan farangur á því gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sje frá stað, þar

sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eptir að því hefur verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefur látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

22. gr.

Ráðgjafi Íslands gefur út þær reglur, er aðkomumenn eiga að hegða sjer eptir, þá er þeim samkvæmt undanfarandi ákvæðum er eða verður gjört að skyldu að standa undir lækniseptirliti.

23. gr.

Ráðgjafa Íslands (landshöfðingja) er heimilt, þegar hann gefur út auglýsing samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt, eða binda skilyrðum, að fluttar sjeu til landsins frá hlutaðeiganda stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

24. gr.

Nú ganga mislingar eða skarlatssótt einhversstaðar í útlöndum og eru þar mjög skæðir eða illkynjaðir, og er ráðgjafa (landshöfðingja) þá heimilt að gefa út auglýsing um þá eptir því sem ákveðið er í 10. gr. um aðrar erlendar sóttir, og sje eins ástatt um einhverja næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum þætti skuli beitt.

Ef svo mikil hætta stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að eigi tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur landshöfðingi í samráði við landlækni fyrirskipað þessar ráðstafanir, en skýrslu verður að senda tafarlaust ráðgjafa Íslands, svo fenginn verði úrskurður konungs.

5. þáttur.

25. gr.

Fyrir skoðunargjörð samkvæmt lögum þessum ber lækni 4 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 6 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir.

Auk þess á lækni heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum samkvæmt 6. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl., þó heldur lækni dagpeningum, ef þörf gjörist að hann sje sóttkvíaður vegna skoðunargjörðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

26. gr.

Sóttvarnarhús þau, sem nefnd eru í 6. gr. skal reisa, útbúa og halda við á kostnað landssjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, að því undanteknu, er hjer greinir:

a. Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 25. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aptur.

b. Skipið skal greiða allan kostnað við eptirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt og þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í húsum þeim, sem

nefnd eru í 6. gr., og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í hús þessi með öðrum sjúkdómi en erlendum.

c. Sje um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sjer á íslenska höfn og sóttvarnarnefnd álitur, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga undir sóttkvíun.

d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip strandar, skal greiða af strandinu að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljótask, að svo miklu leyti sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gjörisk.

27. gr.

Landssjóður greiði ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum.

28. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða skipunum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 20 til 500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eptir almennum lögum; en þegar ákvæði 4. þáttar laga þessara eru í gildi, varða brotin fangelsi (almenn hegningarlög, 26. gr.), eða 50 til 1000 kr. sektum ef miklar málsbætur eru. Sektir renna í landssjóð.

Ef álita má, að hegningin muni ekki verða þyngri en sektir, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka boði hins seka um að greiða þegar í stað sekt til landssjóðs, til þess að komast hjá málssókn.

Farangur sá, sem reynt hefur verið að flytja inn eða fluttur hefur verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gjöra upptækan, ef eigi skal lóga honum, og rennur ágóðinn í landssjóð.

29. gr.

Hvert það skip, sem afgreitt er hjer á landi, á heimting á að fá hjá sóttvarnarnefnd skirteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni.

Hver sá, er sóttkvíaður hefur verið, á heimting á eptir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin.

Skirteini það (söttgæzluskirteini), sem getið er í 1. hluta greinar þessarar, skal láta í tje endurgjaldslaust, ef skipið er afgreitt til Danmerkur eða Færeyja. Önnur skip skulu greiða 5 kr. gjald, sem rennur í landssjóð.

Vottorð það (söttkvíunarovottorð), sem nefnt er í 2. hluta greinar þessarar, skal láta í tje endurgjaldslaust, nema svo standi á, sem greint er í 26. gr., staffið c., en þá skal greitt í landssjóð 5 auru gjald af hverju smalestarrúmi skipsins, þó aldrei meira en 30 kr.

30. gr.

Tilskipun 8. febr. 1805 um Qvarantaine-ráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið brjef 20. júní 1838 áhrærandi ónýting opinna brjefa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Ísland og Færeyjar eru úr gildi felld. Ennfremur eru úr gildi numinn konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög 17. des. 1875 um móttarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, lög 24. okt. 1879 um viðauka við lög þau og lög 18. des. 1897 um viðauka við tjeð sóttvarnarlög frá 17. des. 1875.

31. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir að siglingar til Íslands hafa farið í vöxt og ávallt leita fleiri og fleiri utlend fiskiskip til Íslands og hafa mök við íbúana viðsvegar við sjávarsíðuna, hafa gallarnir á hinum gildandi sóttvarnarlögum komið í ljós. Það er ekki einungis í blöðunum, að krafizt hefur verið öruggari ráðstafana gegn innflutningi næmra sótta, heldur hefur alþingi einnig látið í ljósi, að þessara ráðstafana væri brýn þörf, þar sem það í frumvarp það til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, er þingið samþykkti 1899, setti ákvæði, sem að minnsta kosti með fram miðuðu til þess, að stemma stigu fyrir þeirri sóthættu utanlands frá, sem stafar af ótakmörkuðum mökum við erlend fiskiskip. Stjórnin hefur því tekið það til ihugunar að koma til leiðar alveg nýjum sóttvarnarlögum, og það því fremur, sem hún af þeim ástæðum, sem tilfærðar eru í athugasemdunum við lagafrumvarp það um viðauka við botnvörpulögin 6. apríl 1898, sem lagt var fyrir síðasta alþingi, sá sjer eigi fært að fara þá leið, sem þingið hafði stungið upp á 1899, til þess að stemma stigu fyrir sóthættunni frá erlendum botnvörpuskipum.

Stjórnarráðið skrifaði því 14. jan. 1901 landshöfðingja um málið og benti á þau aðalatriði, þar sem hinum gildandi sóttvarnarlögum væri ábótavant, og hverjum meginreglum því þætti bera að fylgja í nýjum sóttvarnarlögum fyrir Ísland, og hafði þar aðallega sóttvarnarlög konungsríkisins fyrir augum. Stjórnarráðið beiddi landshöfðingja jafnframt um að semja í samráði með landlækni og hjeradslækninum í Reykjavík lagafrumvarp um skipun sóttvarna, svo tímanlega ef auðið væri, að hægt yrði að leggja það fyrir alþingi 1901.

Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson, er lagt hefur sjerstaklega stund á heilsu-fræði og lækningalöggjöf, samdi síðan í samráði með landshöfðingja ítarlegt frumvarp til laga um þetta efni með ástæðum; frumvarp þetta var 30. apríl s. á. sent stjórnarráðinu af þá settum landshöfðingja, með athugasemdum hans um málið og ennfremur álitu landlæknis og nokkrum breytingatillögum frá honum við frumvarpið.

Þótt telja mætti hið þannig framkomna lagafrumvarp vel samið verk og góðan grundvöll fyrir frekari meðferð á málinu, þótti stjórnarráðinu þó, eins og sjest á athugasemdunum hjer á eptir, varhugavert að ganga að ákvæðum þess í ýmsum aðalatriðum. Um eitt mjög mikilvægt atriði var óhjákvæmilegt að skrifast á ný á við embættismennina á Íslandi, áður en frumvarpið yrði lagt fyrir þingið, og með því að tíminn, meðal annars þessa vegna, var orðinn of naumur til þess að hægt yrði að ihuga og útbúa frumvarp eins nákvæmlega eins og þörf var á um svo mikilvarðandi mál, varð að hætta við að fá málinu hrint í lag á síðastliðnu alþingi. En eptir að stjórnarráðið hafði fengið frekari umsögn landshöfðingja um málið, hefur lagafrumvarp þetta verið samið með frumvarpi Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar og landlæknis sem undirstöðu, og er þó vikið frá því frumvarpi í eigi allfáum mikilvægum atriðum. Þinginu mun verða gefið færi á að kynna sjer tjeð frumvörp.

Hjer skal getið um þau meginatriði, er stjórnarráðið hefur haft fyrir augum, er það samdi frumvarp þetta:

Það er eins hjer og í löggjöf konungsríkisins um þetta efni, sem sje lögum 2. júlí 1880 um ráðstafanir gegn því að næmar sóttir berist inn í ríkið og lögum 16. marz 1900 um sama efni, sbr. auglýsing um þessi lög, nr. 104, 14. maí 1900 og tilsk. 15. s. m. — en þaðan er yfir höfuð komin fyrirmynd þeirra lagaákvæða, sem hjer er farið fram á — að það þykir nauðsynlegt að hafa ákvæði, sumpart um skip almennt, sbr. fyrsta þátt tjeðrar auglýsingar og 1. og 3. þátt lagafrumvarps þessa, og sumpart um skip, sem sjerstaklega er ástæða til að ætla að sótthætta stafi frá, sbr. sjer í lagi annan þátt auglýsingarinnar og 4. þátt þessa frumvarps.

Hin nügildandi ákvæði fyrir Ísland um skip almennt eru í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apr. 1854, 2. og 8. gr., sbr. lög um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 7. nóv. 1879, 4. gr., í lögum 17. des. 1875 um breyting á tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. og í lögum um skipströnd 14. jan. 1876, 15. gr., og er ákvæðum þessum mjög svo ábótavant. Í þeim lögum er að visu fylgt sömu meginreglu og í þessu lagafrumvarpi, að því er snertir eptirlit með skipum, sem koma til Íslands og engin sjerstakleg sótthætta stafar af, sem sje þeirri, að þeim er gjört að skyldu að lýsa komu sinni fyrir yfirvöldunum og hafa meðferðis sóttgæzluskirteini. En þessari meginreglu er ekki fylgt í svo fullum mæli sem þörf er á. Sjerstaklega er það galli á hinu nügildandi fyrirkomulagi, að skylda til að lýsa komu sinni — að utanríkisfiskiskipum undanteknum, sem samkvæmt framan nefndum lögum 17. des. 1875 skulu lýsa komu sinni í hvert sinn, sem þau koma að landi — aðeins hvílir á skipum, sem koma frá öðrum löndum, en aptur á móti ekki, eins og tilgangurinn með ákvæðinu útheimtir, einnig á skipum, sem tekið hafa á móti mönnum eða farangri úr skipi, sem skylt er að lýsa komu sinni, en ekki hefur gjört það enn þá. Ekki er heldur eptir hinum nügildandi ákvæðum um sóttvarnir hægt að öðru leyti að beita þeim gagnvart hinum síðarnefndu skipum, ef eigi sjerstaklegar ástæður eru fyrir hendi; sjer í lagi er eigi hægt að fara með þau eins og skip, sem koma frá útlöndum án þess að hafa sóttgæzluskirteini meðferðis. Þessari vöntun í sóttvarnarlöggjöfnni, sem valdið hefur því, að hin tíðu mök á síðari

árum milli erlendra fiskiskipa og íbúanna við sjávarsíðuna hafa getað átt sjer stað, án þess hægt hafi verið að hafa neitt eptirlit með þeim, og því hafa verið mjög ísjárverð í heilbrigðislegu tilliti, verður að bæta úr á þann hátt, að öll skip, þar með taldir bátar, sem hafa haft mök við skip, er koma frá útlöndum, að öllu leyti sjeu látin sæta sömu meðferð og þau. Í skýringunni í 1. gr. frumvarps þessa á orðinu „aðkomuskip“ er því farið fram á, að skip þessi, er tekið hafa á móti mönnum eða farangri úr skipum, sem koma frá útlöndum, skuli talin til aðkomuskipa, og um þau því gilda allar þær sömu reglur, er gilda um sjálf skipin, er koma frá útlöndum, og þá sjer í lagi samkvæmt 3. gr. bannið gegn því, að hleypa mönnum eða farangri í land utan hafna, skyldan samkvæmt 7. gr. til að lýsa komu sinni og þær sömu skyldur, sem hvíla samkvæmt 8. gr. á skipum, sem eigi hafa sóttgæzluskírteini meðferðis.

Ef telja mætti víst, að eptirlitið með því, að reglum þessum verði fylgt, væri óbrigðult, mundi hins vegar mega láta við þetta sitja, og sjer í lagi ekki þurfa að draga undir sóttvarnarlöggjöfina þau mök, sem menn úr landi eða frá innlendum skipum hafa við þau skip, sem búin eru að fullnægja þeirri skyldu að lýsa komu sinni og fá heilbrigðisvottorð á lögmætan hátt. En hjer er samt sem áður farið fram á, að gjörð sjeu strangari ákvæði að einu leyti, sem sje þegar ræðir um fiskiskip frá öðrum ríkjum, þar sem farið skal samkvæmt 1. gr. með hvert það skip, sem úti á sjó hefur tekið við mönnum eða farangri úr fiskiskipi frá öðru ríki, eins og með aðkomuskip, enda þótt fiskiskipið hafi þegar fengið heilbrigðisvottorð á íslenzkri höfn, og er orsökkin til þessa sú, að það er mjög svo erfitt að hafa auga með þess konar skipum, og sama er ástæðan til þess, að farið er fram á sjerstakleg ákvæði um þessi skip í 3. og 4. gr., sbr. athugasemdirnar um þessar greinar.

Þegar undanskilin eru þessi nú töldu sjerstaklegu ákvæði um fiskiskip frá öðrum ríkjum, er annars ætlað til, að með skip, sem koma frá konungsríkinu eða Færeyjum, skuli farið alveg á sama hátt og skip, er koma frá höfn utanríkis, og kemur þessi meginregla fram í lagafrumvarpinu á þann hátt, að „útlönd“ samkvæmt 1. gr. merkir öll lönd önnur en Ísland, sbr. einnig samsvarandi ákvæði fyrir konungsríkið í augl. 14. maí 1900, 5 gr.

Í hinum nügildandi lögum er þessari meginreglu líka fylgt að því er snertir skylduna til að lýsa komu sinni, en ef hún á að gilda einnig að fullu um skylduna til þess að hafa sóttgæzluskírteini meðferðis, verða þau ákvæði strangari en þau sem nú eru í gildi, því að vísu eru ákvæði um þessa skyldu í löggjöf Íslands, en samkvæmt 8. gr. laga 15. apr. 1854 hvílir hún aðeins á verzlunarskipum, sem koma frá útlöndum, og því hvorki á fiskiskipum, hvaðan sem þau svo koma, nje á verzlunarskipum, sem koma fra hinum hlutum ríkisins. Í löggjöf konungsríkisins er skipum þeim, sem koma þangað, yfir höfuð eigi gjört að skyldu að hafa sóttgæzluskírteini meðferðis. Á Færeyjum hvílir þar á móti sú skylda á öllum skipum, sem þangað koma, sbr. augl. um ýms ákvæði viðvikandi sóttvörnum á Færeyjum 25. febr. 1897, og það þykir hentast, eptir því sem ástatt er á Íslandi, að láta þá skyldu gilda að sama skapi þar. Það verður eigi sjeð, að það leggi neitt verulegt hapt á siglingarnar, þó þessi skylda sje einnig látin ná til skipa frá konungsríkinu og Færeyjum, sbr. að í konungsríkinu er skipum, sem fara eiga til Íslands, samkvæmt augl. 14. maí 1900, 45 gr. látin sóttgæzluskírteini í tje ókeypis.

Að því er þeim ráðstöfunum þvínæst viðvíkur, sem gjöra þarf gagnvart skipum, sem sjerstaklega er hætt við að næm sótt flytjist með til landsins, er í 4. þætti frumvarpsins sett ákvæði, sem sniðin eru eptir optnefndri auglýsing 14. maí 1900, og gjöra hin nügildandi ákvæði í lögum 17. des. 1875, um mótnarnir gegn því að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands og viðaukalögunum við þau 24. okt. 1879 og 18. des. 1897, fyllri og nákvæmari. Viðvikjandi

breytingum þeim, sem hjer eru gjörðar, skal sjerstaklega leitt athygli að því, að samkvæmt 11. gr. frumvarpsins eru hinar ströngu reglur einnig látnar gilda um skip, þótt þau komi eigi frá höfn, þar sem sótt gengur, ef þau þó hafa haft samband við hana, svo og um skip, sem á leið hafa haft mök við skip, sem ætla má að sóttætta stafi af. Ennfremur er og farið fram á að gjöra ákvæðin um samband skipa við land, áður en rannsókn hefur fram farið, strangari að ýmsu leyti en hingað til hefur verið.

Það er auðvitað þýðingarmikið að ákveða nákvæmlega, hverjir sjúkdómar það eru, sem tryggt skal með lögum þessum að eigi berist til landsins. Í hinum gildandi lögum, sem nefnd er hjer á undan, er það hvergi ákveðið nákvæmlega, hverjir þeir sjeu, en aðeins sagt, að ráðstafanirnar skuli gjörðar gagnvart „hættulegum næmum sóttum“. Í 1. gr. lagafrumvarps þessa eru aptur á móti þeir sjúkdómar taldir upp, sem ákvæði þess skulu gilda um, og farið fram á, að þeir verði nefndir „erlendar sóttir“ (sbr. þó einnig 24. gr.), en annars er með þessum upptalningi aðeins ætlað til að fá nákvæmlega ákveðið, hverjir þessir sjúkdómar sjeu, en hvorki gjöra þá fleiri eða færri en samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Það hefur verið talið nauðsynlegt að telja mislinga og skarlatssótt til erlendra sótta eins og hingað til, en af því að báðir þessir sjúkdómar eru að staðaldri í löndum þeim, sem Ísland hefur verzlunarviðskipti við, þá eru þó um þá sett að sumu leyti önnur og vægari ákvæði en um hina.

Hins vegar hefur stjórnarráðinu þótt það allt of ísjárvert, að láta influenza teljast til erlendra sótta, eins og gjört er í frumvarpi Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar. Þar sem nú að mjög er erfitt í reyndinni að greina þenna sjúkdóm frá öðrum sjúkdómum, og með því að hann, eða sjúkdómur, sem svo er nefndur, er mjög algengur og útbreiddur í hafnastöðunum, og einstök tilfelli koma opt upp á skipunum, mundi það valda samgöngunum hinum mesta tálma, ef hann væri í tölu þeirra sjúkdóma, sem geta leitt til þess, að ákvæðum 4. þáttar frumvarps þessa verði beitt gegn skipum. Auk þess sem þetta nú í sjálfu sjer er óheppilegt, mundi það þar að auki hæglega leiða til þess, að lögunum yrði ekki hlýtt í þessu atriði, og stjórninni þykir mjög svo óráðlegt að setja svo hörð ákvæði sjerstaklega í lög um þetta efni, að búast megi við, að þeim opt og tíðum verði eigi hlýtt eða þá farið í kringum þau, og stuðla þannig að því, að sú skoðun kæmi upp, að það sje ekki eiginlega ætlað til þess, að lögum þessum sje hlýtt svona út í yztu æsar.

Um ákvæði þau, sem standa í 4. þætti frumvarps þessa, skal þess ennfremur getið, að eigi hefur þótt nauðsynlegt, eins og gjört er í auglýsing fyrir konungsríkið frá 14. maí 1900, sbr. tilskipun 15. s. m., að setja sjerstakar reglur um hverja tegund næmra sjúkdóma, með því að reglur þessar í allflestum atriðum verða að vera hinar sömu, og eru það líka í konungsríkinu.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skal þessa getið:

Um 1. gr.

Hjer er eptir frumvarpi Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar gefin skýring á ýmsum orðum, sem riður á að sjeu rjett skilin, þegar lögunum skal beitt, og er talað um sum þeirra hjer á undan, en um önnur verður talað, þar sem þau koma fyrir í lagafrumvarpi þessu, að svo miklu leyti sem þau þurfa skýringa við.

Um 2. gr.

Um þessa grein er ekki þörf á að gjöra frekari athugasemdir en hjer á undan er gjört.

Um 3. og 4. gr.

Til þess að fullnægt verði skyldum þeim um lýsing á komu sinni og sýning á sóttgæzluskirteini og um aðrar ráðstafanir, sem getur um í 7. og 8. gr. og 4. þætti, er nauðsyn á að banna, að mönnum eða farangri sje hleypt í land utan hafna úr erlendum skipum (í þeirri merkingu sem sagt er á undan), og með því nú að aðeins mun hægt að koma sóttvarnarnefndum á fót á löggiltum verzlunarstöðum, þar sem föst verzlun er, er orðið „höfn“ samkvæmt 1. gr. haft í þessari þröngu merking.

Það hefur verið íhugað og rætt, hvort ekki ætti að takmarka enn þá meir samgöngur við fiskiskip frá öðrum ríkjum. Hefur Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson farið fram á, að íslenskum skipum skuli með öllu bannað að taka á móti mönnum eða farangri frá útlendum fiskiskipum bæði í landhelgi og utan, enda þótt skipin hefðu fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn. Þessa tillögu sína, sem er samhljóða banninu í frumvarpi því um viðauka við botnvörpulögin 6. apríl 1898, sem alþingi samþykkti 1899, en þó það rýmra, að það eigi aðeins gildir um samgöngur við botnvörpuskip, heldur og öll útlend fiskiskip, styður hann með því að vísa til hinnar miklu sóthættu er stafar af samgöngunum við þessi skip, þar sem þau optast eru óheilmæm og óþrifleg, og hins vegar mjög erfitt að komast eptir því, hvort fiskiskipið hafi ekki haft beinlínis eða óbeinlínis samgöngur við útlönd eptir að það fjekk heilbrigðisvottorð.

Stjórnin kannast við, að það sje æskilegt af þessum ástæðum að hafa sjerstaklega strangar reglur um fiskiskip, og þetta er að því leyti þegar viðurkennt í hinum núgildandi lögum, sem lög 17. des. 1875 skilyrðislaust gera utanríkis fiskiskipum að skyldu að lýsa komu sinni í hvert sinn, sem þau vilja hafa samgöngur við land. En að fara svo langt að banna allar samgöngur við þessi skip úti á sjó, virðist þó hvorki vera nauðsynlegt nje ráðlegt. Því bæði mundi örðugleikum þbundið að fram fylgja þessu banni, og því sjaldnar það væri gjört, því líkar yrði það gjörræðistiltæki, og eigi mundi heldur fjærri sanni að álíta, að bann þetta yrði til þess að draga úr þýðing þeirra annara ákvæða, sem sett eru til þess að hindra, að næmar sóttir berist til landsins. Um íslenska báta, sem úti á sjó taka á móti mönnum eða farangri (og þar til telst samkvæmt 1. gr. einnig afli) úr skipi, sem síðast kom frá útlöndum, gilda sem sje samkvæmt öðrum ákvæðum lagafrumvarps þessa sömu reglur og um skip þessi sjálf og þá einnig hegningarákvæði þau, er lögð eru við brotum gegn þeim reglum, og í þessu fyrirkomulagi, þó það auðvitað verði líka erfðleikum bundið að framfylgja því, felst ekki aðeins eðlilegri heldur og eins tryggileg vernd gegn sóthættunni, eins og þó samgöngur væri algerlega bannaðar, en bannið mundi einmitt ekki auka heldur draga úr þessari tryggingu, því það má telja það svo sem alveg víst, að bátsformaður, sem brotið hefði bann þetta, mundi ekki hlýða ákvæðunum um landgöngu og um að lýsa komu sinni.

Með því nú að ekkert vinnst í heilbrigðislegu tilliti við bann þetta, má leggja því meiri áherzlu á það, hve ísjárvert það er að takmarka þannig frjálsar samgöngur. Og má að þessu leyti ekki aðeins benda á þær mótbárur, er frá alþjóðlegu sjónarmiði mætti telja gegn því, að almennar samgöngur væru takmarkaðar svo einstrengingslega, heldur og að bann þetta gæti komið í bága við hagsmuni íslenskra manna. Því bann þetta mundi sem sje ekki einungis hindra samgöngur þær, er nú er nú eru taldar svo óhæfar, og það ekki aðeins af heilbrigðislegum ástæðum, sem sje mökin við útlend botnvörpuskip, heldur gæti það og, nema linlega yrði með vilja farið í sakirnar, yfir höfuð lagt ótilhlýðilegt hapt á eða útilokað með öllu samvinnu við

fiskiveiðar útlendinga, sem þó gæti verið mjög ábatavænleg og fullkomlega misfellingalaus.

Enda þótt sjónarráðinu hafi eigi af þessum ástæðum þótt rjett að setja í frumvarpið svofellt bann og það, er hjer ræðir um, og það ekki einu sinni þótt það væri aðeins látið ná til fiskiskipa frá öðrum ríkjum, hefur þó þótt ástæða til að fara fram á nokkur sjerstakleg ákvæði um fiskiskip utanríkis að, einkanlega fyrir það, að það er, eins og áður er sagt, eigi gerandi hjer að greina á milli þeirra skipa, sem fengið hafa heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn og þeirra, sem eigi hafa fengið það og því teljast aðkomuskip. Eins og ástatt er með þessi skip, má ganga að því visu, að þau hafi opt samgöngur við aðkomuskip úti á hafi og að þau, einkum botnvörpuskip, bregða sjer opt til útlanda, og er ekki auðvelt að hafa eptirlit með þessu, og sízt til þess ætlandi, að íbúarnir við sjávarsíðuna gjöri eða geti gjört það. Af þessum ástæðum er farið fram á, að til „aðkomuskipa“ skuli talið hvert skip, sem tekið hefur við mönnum eða farangri úr fiskiskipi utanríkis að, að skipum þessum sje bannað að hleypa mönnum eða farangri á land utan hafna (3. gr.), og loks að bannað sje að hafa ónauðsynleg mök við menn, sem gengið hafa úr utanríkis fiskiskipum á land utan hafna (4. gr.), og að allar þessar reglur skuli gilda, enda þótt hlutaðeigandi fiskiskip hafi fengið heilbrigðisvottorð á Íslandi.

Um 5. gr.

Við ákvæði þau, sem hjer er farið fram á, er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Um 6. gr.

Þar sem lög 17. des. 1875, 5. gr., sbr. lög 18. des. 1897, aðeins krefjast þess, að í kaupstöðum og verzlunarstöðum þeim, sem þar eru taldir, sje til taks þegar og svo lengi sem á þarf að halda, hæfilegt húsnæði til þess að láta bólu- og kólerusjúka menn fara í, hefur Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson hinsvegar lagt mikla áherzlu á það, að reist yrðu sjerstök sóttvarnarhús. Vegna kostnaðarins við að reisa þau, sem virðist eiga að falla á landssjóð, sbr. 26. gr., er farið fram á, að þau sjeu eigi höfð fleiri en 4 að tölu. Frumvarp til fjárveitingar til þess að koma upp og útbúa þessi sóttvarnarhús mun verða komið fram með í frumvarpi því til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903, sem lagt verður fyrir alþingi í sumar.

Um 7. gr.

Hjer er, samkvæmt því, er að framan er sagt, skipum almennt gjört að skyldu að lýsa komu sinni, sbr. samsvarandi ákvæði fyrir konungsríkið í augl. 14. maí 1900, 1. gr.

Um 8. gr.

Það hefur eigi þótt nauðsynlegt að gera hjer sjerstakt ákvæði um, hvað átt sje við með „næmri sótt“, því hjer er lögð sama merking í það og almennt er gjört, sbr. lög 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Um 9. gr.

Þessi ákvæði samsvara reglum þeim, sem gilda fyrir konungsríkið samkvæmt angl. 14. maí 1900. 3. gr.

Um 10. gr.

Þau ákvæði, sem hjer er farið fram á, byggjast á sömu meginreglu, og farið er eptir í 1. gr. laga 17. des. 1875 og einnig í konungsríkinu, sbr. auglýsing 14. maí 1900, 12. gr. Eins og þar er gert, er hjer farið fram á, að auglýsingin skuli aðeins gilda um þann stað, þar sem sóttin gengur, og staði þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til, svo framarlega sem eigi þykir beitt fullnægjandi ráðstöfunum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan.

Með því að mislingar og skarlatssótt eru að staðaldri í þeim löndum, sem Ísland hefur viðskipti við, er eigi hægt að beita ákvæðunum um auglýsing um uppkomu sótta þegar um þessa sjúkdóma er að ræða (sbr. þó 24. gr.), en nægja verður að beita mótvörnum gegn þeim aðeins þegar svo stendur á, sem skýrt er frá í 11. gr., og skal þess getið hjer, að í sóttgæzluskírteinum er ekki venja að geta þessara sjúkdóma, nema þá er þeir hafa breiðst mjög út og eru illkynjaðir.

Um 11. gr.

Reglur þær, sem hjer er farið fram á, samsvara 13. gr. í auglýsingu 14. maí 1900.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga 17. des. 1875 skulu öll skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, leita einhverrar þeirra hafna, sem þar eru nefndar og búizt er við að sóttvarnarhúsnæði sje til reiðu og læknishjálp. Samkvæmt tillögum Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar hefur þótt óhætt, með fram vegna hinnar miklu fjölgunar hjeraðslækna, að gjöra skipum þá aðeins að skyldu að leita fyrst kaupstaða landsins, þegar miklar líkur eru til að nota þurfi sóttvarnarhús, sem sje þegar erlend sótt hefur gert vart við sig á skipinu. Hins vegar hefur þótt óþarflega strangt að gjöra skipi að skyldu að leita fyrst einhvers kaupstaðanna af þeirri ástæðu einni, að bannaður farangur er í skipinu, eins og Guðmundur Björnsson hefur farið fram á.

Um 13. gr.

Þau ákvæði, sem hjer er farið fram á, eru í öllum aðalatriðum samhljóða 14. gr. í auglýsing fyrir konungsríkið 14. maí 1900.

Um 14.—16. gr.

Þar sem vísað skal til athugasemda Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, er fylgja frumvarpi hans, um þá læknisfræðislegu reynzlu, sem liggur til grundvallar fyrir tímalengd þeirri, sem ákveðin er í greinum þessum um eptirlit, afkvíun o. s. frv., skal að öðru leyti um ákvæði þau, sem hjer er farið fram á, geta þessa:

Ráðstafanir þær, sem gjöra verður um skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, verða auðvitað mismunandi, eptir því hvort erlend sótt hefur ekki komið fyrir á skipinu, eða hún hefur verið þar en henni er ljett, eða hún er þar enn þá er skipið kemur til íslenzkrar hafnar. Um öll þessi tilfelli eru því sett mismunandi ákvæði í 14., 15. og 16. gr. frumvarpsins, og er innihald þeirra sniðið eptir samsvarandi reglum fyrir konungsríkið í auglýsingu 14. maí 1900, 15., 16. og 17. gr.

sbr. tilskipun 15. maí 1900, 1. og 5. gr., og þó í einstaka atriðum farið fram á strangari ákvæði en þar.

Stjórnarráðið hefur eigi getað fallið á tillögur Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar um, að setja hjer miklu strangari ákvæði en gilda í konungsríkinu. Þar sem hann þannig leggur til, að þegar eins stendur á og getið er um í 14. gr., að erlend sótt hefur ekki verið á skipinu, skuli hreint og beint sóttkvía skipið, ef eigi eru liðnir 14 dagar síðan það hafði samband við stað, þar sem erlend sótt gengur, þá hefur svofellt ákvæði þótt ganga mikils til of nærri almennum samgöngum og leggja of mikla kvöð á þær. Ef þetta ætti einnig að gilda um mislinga og skarlatssótt, eins og hann leggur til, mundi ekki verða komið hjá því, þar sem sjúkdómar þessir ganga iðulega í norskum og skozkum hafnabæjum og á Færeyjum, að sóttkvía skip, sem koma frá þessum stöðum, í marga daga, jafnvel þótt sjúkdómurinn hafi ekki gjört vart við sig á sjálfu skipinu. Í samanburði við þá trygging, sem fengist með þessu, mundi svofellt hapt á almennum samgöngum óefað þykja óþolandi, og það því fremur, sem þá væru strangari ákvæði á Íslandi um mislinga og skarlatssótt, en eru í öðrum löndum um sjúkdóma eins og pest og kóleru. En þótt sje um aðrar sóttir en mislinga eða skarlatssótt að ræða, verður eigi sjeð, að nauðsyn sje á að hafa á Íslandi miklu strangari ráðstafanir, en í öðrum löndum þykja nægja til tryggingar því, að þær sóttir berist ekki til landanna. Það er því farið fram á, að sóttkvíun sje aldrei beitt, þegar eins stendur á og getur um í 14. gr., heldur aðeins, að bæði sjeu skipverjar á skipinu og farþegar og aðrir, sem fara í land úr því, látnir vera undir lækniseptirliti um stund, þannig að stjórnarráðið í auglýsing þeirri, sem það gefur út um sóttina (10. gr.), ákveði, hversu langan tíma eptirlitið skuli fram fara, eptir því hvað umbrotatími sóttarinnar er langur og eptir fjarlægðinni milli hins sóttmengaða staðar og Íslands; og er þar að auki farið fram á, að eptirlit skuli þá aðeins fram fara, er ræða er um pest, austurlenzka kóleru eða gula hitasótt. Það verður ekki sjeð, hvers vegna ekki ætti að vera eins hægt að koma eptirliti þessu í framkvæmd á Íslandi eins og annarsstaðar, auðvitað þannig, að hlutaðeigandi verður að setta sig við þá takmörkun á frelsi sínu, að hann meðan á eptirlitinu stendur, verður að halda sig þar, sem læknir er, sem haft getur eptirlitið á hendi.

Af sömu ástæðum er sóttkvíun ekki heldur fyrirskipuð, þegar svo stendur á, sem getur um í 15. gr. Hins vegar er hjer skilyrðislaust fyrirskipað eptirlit um ákveðinn tíma, þegar ræða er um pest, kóleru eða gula hitasótt, og auk þess, þegar ræða er um aðrar erlendar sóttir, gefið sóttvarnarnefndum heimild til að fyrirskipa eptirlit um ákveðinn tíma, eptir eðli sóttarinnar, þó eigi lengur en 14 daga frá komu skipsins.

Þegar svo stendur á, sem getur um í 16. gr., er samkvæmt tillögum Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, auk nauðsynlegra ráðstafana viðvíkjandi sjúkum og dauðum og sótthreinsun skipsins, látn fram fara einangrun til fulls um ákveðinn tíma bæði á skipverjum og farþegum, þegar um pest, kóleru eða gula hitasótt er að ræða, en eptirlit samkvæmt ákvæðum sóttvarnarnefndar, þegar um aðrar erlendar sóttir er að ræða.

Ítarlegar reglur um eptirlit í landi með mönnum frá skipum þeim, sem getur um í þessum greinum, verða samkvæmt 22. gr. lagafrumvarps þessa gefnar út af ráðgjafa Íslands.

Reglur um einangrun þeirra manna, sem hafa erlenda sótt og settir eru samkvæmt 16. gr. í sóttvarnarhús, verða settar í reglugjörð þeirri fyrir sóttvarnarnefndir, sem nefnd er í 5. gr.

Um 17. og 18. gr.

Þessi ákvæði eru samhljóða þeim ákvæðum, sem standa í 18. og 19. gr. í auglýsingu fyrir konungsríkið 14. maí 1900.

Um 19. og 20. gr.

Við ákvæði þau, sem hjer er farið fram á, er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Um 21. gr.

Það er álitid haganlegast að láta sóttvarnarnefndir — að svo miklu leyti sem auðid er samkvæmt ákvæðum þeim, sem gilda þegar öðruvísi stendur á — ákveða, hverjar ráðstafanir skuli gjöra, þegar um strönd er að ræða; en eins og gjört er í augl. 14. maí 1900, 35. gr., er þó sett hjer sjerstakt ákvæði um það, þegar svo vill til, að skip eða farangur, sem grunur leikur á að sje pestmengað, rekur á land.

Um 22. gr.

Viðvikandi þessu ákvæði skal vísað til þess, sem sagt er í athugasemdunum um 14.—16. gr.

Um 23. gr.

Í 24. og 38. gr. í augl. fyrir konungsríkið 14. maí 1900 eru taldir upp þeir munir, sem banna má sökum sóttthættu að flytja inn frá stöðum, þar sem næmar sóttir samkvæmt um það útgefinni auglýsing ganga, en hjer er farið fram á að láta stjórna-ráðið, um leið og hlutaðeigandi auglýsing sjálf er gefin út, gera út um, til hverra muna bannið skuli ná, því skoðanir manna um það, hverjir munir sjeu sjerstaklega sóttnæmir, breytast með tímanum, eins og Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson hefur bent á, og svo verður þar að auki innflutningsbannið að nokkru leyti] að vera komið undir því, hver sóttin er.

Um 24. gr.

Þessi ákvæði, sem að sumu leyti eru sniðin eptir augl. fyrir konungsríkið 14. maí 1900, 25. gr., 2. hl., mun eigi þurfa að skýra frekar.

Um 25. gr.

Ákvæðið í 1. málsgrein greinarinnar er samhljóða lögum 17. des. 1875, 6. gr., 1. málsg., sbr. einnig augl. 14. maí 1900, 41. gr.

Um dagpeninga og ferðakostnað lækna hefur þótt eðlilegast að láta sömu reglur gilda og í lögum um skipun læknahjeraða 13. okt. 1899, 6. gr.

Um 26. gr.

Um það, hvernig komið verði upp sóttvarnarhúsum, skal vísað til athugasemda-anna um 6. gr.

Þau ákvæði, sem hjer er farið fram á, eru annars í aðalatriðum samhljóða þeim, sem standa í augl. 14. maí 1900, 42 gr. Að þau baki landsjóði meiri kostnað en nógildandi ákvæði, sbr. lög 17. des. 1875, 6. gr., mun óhjákvæmilegt. Þó hefur það verið talið eðlilegt, að utanríkisfiskiskip, sem Ísland hefur yfir höfuð ekki hagnað af að sjeu við landið, greiði sjálf allan þann kostnað, sem að öðrum kosti hvílir á landssjóði.

Um 27. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða 43. gr. í augl. fyrir konungsríkið 14. maí 1900.

Um 28. og 29. gr.

Þessar greinar eru sniðnar eptir 45. og 47. gr. í augl. 14. maí 1900 og þurfa ekki frekari skýringar.

Um 30. og 31. gr.

Við þessi ákvæði er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Um 32. gr.

Til þess að nægur tími sje til ráðstafana þeirra, sem gjöra skal samkvæmt 5. 6. og 22. gr., mun ekki verða hægt að láta lögin öðlast gildi fyrir en 1. júlí 1903.

Frumvarp til laga

um

síldarnætur.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

1. gr.

Þegar fluttar eru síldarnætur utanríkis að hingað til lands, skal skýra lög-reglustjóra frá því. Þegar síldarnæturnar hafa verið notaðar við veiðar, má ekki flytja þær aptur frá landinu.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða sektum frá 50 til 500 kr. Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir að frumvarpi því til laga um síldarnætur, sem samþykkt var af alþingi 1901, hafði verið synjað allraðæstar staðfestingar af þeirri ástæðu, sem greind er í bræfi stjórnarráðsins til landshöfðingja dags. 10. febr. 1902 (Stjórnartíðindi 1902. B. bls. 53—54), að með því hefði einnig tálmað verið síldveiðum danskra þegna í landhelgi við Ísland, hefur stjórnarráðið samið lagafrumvarp þetta, sem að efni til að því einu leyti er frábrugðið frumvarpi alþingis, að það samkvæmt framansögðu er takmarkað svo, að ákvæðin um tilkynning til lögreglustjóra og bann gegn útflutningi síldarnóta aðeins eiga við þær nætur, sem fluttar eru til landsins frá öðrum ríkjum.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka
á Íslandi 7. júní 1902.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

12. gr. laga 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi skal hljóða svo, sem hjer segir:

Aldrei má íþyngja Íslandsbanka með nokkru gjaldi, öðru en því, sem nefnt er í 11. grein, meðan hann hefur heimild til seðlautgáfu samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðinu hefur þótt rjettast að fara þess á leit, að villa sú, er komin er inn í lögin frá 7. júní 1902, að í 12. grein er vísað til gjalds þess, sem nefnt er í 14. gr. í stað þess, sem nefnt er í 11. gr., verði leiðrjett með sjerstökum lögum.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Lagt fyrir alþingi 1902.)

1. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar eða hjálpar því til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50 til 1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

2. gr.

Hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn að dvelja á útlendum botnvörpu-skipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því fiskiári

gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eptir 1. gr. Sömu hegningu skal hver sá hjerlendur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpuskipi eða á bát við skips-hliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minnsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

3. gr.

Ákvæði undanfarinna greina gilda eigi um þá menn, sem eru lögskráðir skip-verjar á hlutaðeigandi botnvörpuskipi.

4. gr.

Skipstjóra þann, er gjörir sig sekan í ítrekuðu eða sjerstaklega stóru broti gegn 1. gr. laga 6. apríl 1898, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. gr. þeirra laga, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi, 26. gr.).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af þeim ástæðum, sem til greindar eru í brjefi til landshöfðingjans yfir Íslandi, dags. 7. maí 1902 (sjá B-deild stjórnartíðindanna 1902), gat stjórnarráðið eigi álitíð frumvarp það til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, sem alþingi samþykkti 1901, fallið til þess að verða að lögum, en samkvæmt því er það áskildi sjer í því brjefi, hefur lagafrumvarp þetta verið samið, og er í því leitast við að verða að svo miklu leyti, sem auðið er, við þeim óskum um viðauka við hin nügildandi bötnvörpulög, er alþingi hefur látið í ljósi með því að samþykkja tjeð frumvarp.

Um 1. gr.

Þessi ákvæði eru samhljóða frumvarpi því til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898, er stjórnin lagði fyrir síðasta alþingi; þó er orðunum „annar en skipverjar sjálfir“ sleppt. Þessi takmörkun gildir sem sje um öll þau brot, sem getur um í 1. og 2. gr., og hefur því þótt rjettast að setja það ákvæði í grein fyrir sig (3. gr.), sem ætti við öll brotin.

Um 2. gr.

Þar sem stjórnarráðinu, eins og sagt er í framannefndu brjefi, þykir það of langt farið, er frumvarp alþingis fer fram á það í 2. gr., að Íslendingar, sem leggja það í vana sinn að dvelja á erlendum botnvörpuskipum, skuli sæta hegningu, hvort sem botnvörpuskip þessi gjöra sig sek í nokkru lagabroti eða ekki, álitur það hins vegar, að ganga megi að því að láta hegna fyrir slíka dvöl, ef eitthvert botnvörpuskipa þessara gjörir sig á því hinu sama fiskiári sekt í fiskiveiðum í landhelgi (lög 6. apríl 1898, 1. gr.).

Viðvíkjandi broti því, er getur um í annari málsgrein þessarar greinar, þykir það einnig of langt farið, þegar það í 2. gr. alþingisfrumvarpsins er gjört að skilyrði fyrir því, að komast undan hegningu, að hlutaðeigandi gjöri þá grein fyrir dvöl sinni, að það sje auðsætt að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap. Stjórnarráðinu hefur þótt mega við það sitja, að hann geri þá grein fyrir dvölinni, að það sje sennilegt að um enga hlutdeild hafi verið að ræða.

Um 3. og 4. gr.

Viðvíkjandi ástæðum fyrir því, að stjórnarráðið vill aldrei láta skipverja sjálfa sæta ábyrgð samkvæmt undanfarandi greinum, má vísa til optnefnds brjefs 7. maí þ. á. og er þar einnig gjörð grein fyrir breytingum þeim, sem hjer eru gjörðar á ákvæðum alþingisfrumvarpsins um fangelsishegning fyrir skipstjóra á botnvörpuskipum.

Þareð lagafrumvarpið er nefnt viðauki við lög 6. apríl 1898, er eigi nauðsynlegt að taka upp í það ákvæði þeirra laga um, að um brot skuli fara sem um opinber lögreglumál.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum fyrir Ísland 13. sept. 1901 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

1. gr.

Fyrri hluti 2. gr. laga fyrir Ísland 13. sept. 1901 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum skal hljóða svo, sem hjer segir:

Hlutaðeigandi lögreglustjórar annast um skrásetning skipanna eptir 1. gr. og eins um mæling þá, sem gjöra þarf í þessu skyni, sjeu þau ekki þegar eptir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskírteinis og merking skipanna. Fyrir þetta greiðist ekkert gjald.

2. gr.

Lög þessi, öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með því að setja ber íslenzk fiskiskip — eins og gjört verður í konungsríkinu og Færeyjum — á sömu skrá, hvort sem þau eru skrásett samkvæmt dansk-enska fiskiveiðasamningnum frá 24. júní f. á. til fiskiveiða fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar eða samkvæmt samningnum í Haag frá 6. maí 1882 til fiskiveiða í Norðursjónum, er nauðsynlegt að koma fullu samræmi á milli ákvæðanna um skrásetning og merking í löggjöfinni um bæði þessi svæði. Er því farið fram á það hjer, að ákvæðin um þetta í lögnum frá 13. sept. f. á., 2. gr. sjeu gjörð samhljóða samsvarandi reglum í frumvarpi því til laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við

fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, sem alþingi samþykkti í fyrra og staðfest munu verða innan skamms.

Þegar sú breyting hefur verið gjörð á lögnum frá 13. sept. f. á., sem hjer er farið fram á, og tilskipuninni, er útgefin er samkvæmt lögnum, hefur verið breytt samkvæmt því, verða skrásetningarumdæmin og einkennisbókstafirnir ávallt hinir sömu, og tvímerking skipa því útilokuð.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í
landsbankanum í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1902).

1. gr.

Eptir því sem ráðgjafi Íslands ákveður nánar, má auka tryggingarfje veðdeildarinnar smámsaman, eptir því sem lánsþörfin þykir útheimta, með allt að því 200,000 kr., og skal landsbankinn leggja fjeð til. Jafnótt og tryggingarfjeð er aukið, skal því komið fyrir á sama hátt og hinu upphaflega tryggingarfje, og skulu um það yfir höfuð gilda allar hinar sömu reglur sem um hitt, nema hvað vextir af þeim hluta þess, sem landsbankinn leggur til, renna til bankans.

2. gr.

Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds (lög 12. jan. 1900, 19. gr.) má framvegis verja allt að 4,500 kr. á ári, eptir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bræfi til landshöfðingja, dags. 30. jan. þ. á., hefur stjórn landsbankans í Reykjavík farið þess á leit, að stjórnin geri ráðstafanir til þess, að veðdeild landsbankans verði með nýjum lögum gefin heimild til þess að gefa út bankavaxtabrjef, að upphæð allt að 1 miljón kr. samtals, eptir líkum reglum og settar eru í lögum 12. jan. 1900 um stofnun veðdeildarinnar, og gegn trygging í bankavaxtabrjefum, að upphæð 200,000 kr. í minnsta lagi, er veðdeildin hefur gefið út og eru eign landsbankans, eða annari eins góðri trygging.

Í frumvarpi til laga, sem bankastjórnin hefur samið og þinginu mun gefið færi á að kynna sjer, stingur hún upp á, að sú aðferð sje höfð við stækkun veðdeildarinnar, að hin nýju bankavaxtabrjef skuli látin vera flokkur út af fyrir sig, sem sje tryggður með svofelldu tryggingarfje, sem skýrt er frá hjer á undan, og hafi sjerstakan varasjóð fyrir sig, er landssjóður leggi 2,000 kr. til á ári fyrstu 5 árin. Sem ástæður fyrir frumvarpi þessu hefur bankastjórnin fært það, að veðdeild landsbankans sje þegar búin að veita 547 lán alls, að upphæð 975,000 kr. samtals, og því fyrirsjáanlegt, að veðdeildin þegar á næsta hausti yrði búin að veita öll þau lán, sem heimilað er í lögum 12. jan. 1900, og yrði þá neydd til að hætta útlánun.

Landshöfðingi hefur mælt með frumvarpi þessu, en telur þó óhjákvæmilegt, að tryggingarfjeð sje dönsk ríkisskuldabryef, en eigi bankavaxtabrjef.

Með því nú að stjórnarráðið varð að vera á sama máli og landshöfðingi og stjórn landsbankans um það, að það mundi verða mikill söknuður að því fyrir fasteignaeigendur á Íslandi, ef veðdeildin yrði að hætta útlánun, leitaði það álits stjórnar þjóðbankans um frumvarp þetta um stækkun veðdeildarinnar.

Í svari sínu, sem þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, fellst stjórn þjóðbankans á þá tillögu, að það með lagabreytingu sje gjört mögulegt að halda áfram útlánun, en þykir eins og landshöfðingja mjög svo varhugavert, að vaxtabrjef veðdeildarinnar sjálfrar sjeu látin vera tryggingarfje, og það þótt þau sjeu látin vera flokkur út af fyrir sig. Hins vegar telur stjórn þjóðbankans það eigi nauðsynlegt, að allt tryggingarfjeð, sem ætlað er til stækkunarinnar, sje lagt fram þegar í byrjun, og leggur enn fremur til, að eigi sje stofnsettur nýr flokkur bankavaxtabrjefa, heldur sje tryggingarfje það, sem nú er, smámsaman aukið eptir því sem þörf þykir til þess að geta veitt frekari lán.

Stjórnarráðið verður einnig að vera þeirrar skoðunar, að stækkun á síðastgreindan hátt sje heppilegri en stofnun nýs flokks bankavaxtabrjefa, sem meðal annars mundi ekki hafa neinn varasjóð til þess að byrja með. Með því að láta hin nýju bankavaxtabrjef njóta góðs af varasjóði þeim, sem þegar er safnað, og tillaginu úr landssjóði samkvæmt 2. gr. laga 12. jan. 1900, verður komizt hjá að greiða 2,000 kr. tillag það úr landssjóði, sem stjórn landsbankans hefur farið fram á að væri veitt í 5 ár til hins nýja flokks.

Samkvæmt framanskraðu er farið fram á það í lagafrumvarpi þessu, að ráðgjafi Íslands skuli ákveða, hversu mikið skuli auka tryggingarfjeð smámsaman, þó svo að það verði eigi meira en tvöfalt stærra en það nú er. Þegar haft er tillit til ástands landsbankans og hagsmuna þeirra, sem hann nýtur hjá landssjóði, þykir stjórnarráðinu sanngjarnt, að bankinn leggi til fje það, sem með þarf til þess að auka tryggingarfjeð, auðvitað með því skilyrði, að bankinn njóti vaxtanna af þeim hluta þess, sem hann leggur til. Þegar ákveða skal, hversu mikið skuli auka tryggingarfjeð smámsaman, verður auðvitað haft bæði tillit til þess, hversu mikil lánsþörf er í þann svipinn, og hversu landsbankinn á hægt með að leggja fje til tryggingar.

Samkvæmt tillögu bankastjórnarinnar er farið fram á það í 2. gr., að upphæðin til endurskoðunar og skrifstofuhalds megi hækka með allt að 2000 kr. á ári, eptir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar, smámsaman eptir því sem störf veðdeildarinnar fara í vöxt.

Nd.

9. Frumvarp

til laga um kosningar til alþingis. Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Þórður J. Thoroddsen.

I. kafli.

Kosningaréttur og kjörgengi.

1. gr. Kosningarétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarétt, nema hann hafi óflekkað mannaorð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannaorð, sem sekur er orðinu að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, eða lögum nr. 21, 6. nóv. 1897.

3. gr. Enginn getur átt kosningarétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi eða sé bú hans undir skiftameðferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarétt, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarétt, nema hann hafi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Þó má sá, sem heimilisfastur er í einu kjördæmi skemur en eitt ár, neyta þar kosningaréttar ef hann sýnir vottorð oddvita undirkjörstjórnar í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem hann er á kjörskrá, að hann hafi afsalað sér réttinum til að kjósa þar.

Sá, sem hefir fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningaréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs, annan úr sínum flokki, en hinn meðal almennra kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú deyr eða sýkist annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn fyrir einhverja sök samt sem áður eigi fullskipuð, þá tilnefnir sýslumaður eða bæjarfógeti mann eða menn í stað þess eða þeirra manna, er vantar. Sýslumaður eða bæjarfógeti er formaður yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla, bréfa o. s. frv., og úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga o. s. frv.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni

hreppstjóri (sáu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldrei), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri í einum hreppi bæði hreppstjóri og oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina. Í kaupstað velur bæjarstjórnin undirkjörstjórn, eina fyrir hvert kjördæmi eða eina fyrir kaupstaðinn, ef hann er eitt kjördæmi. Undirkjörstjórnir, hvort heldur í hreppum eða kaupstöðum, velja sér sjálfar oddvita og skifta að örðu leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá menn í hverjum kaupstað eða hrepp, sem kosningarrétt hafa; skal setja í sérstaka dálka fult nafn kjósanda, stétt, heimili og aldur. Kjósendum á hverri kjörskrá skal raðað eftir stafrófsröð.

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sé fullbúin 1. dag febrúarmán., og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum í hreppi eða kaupstað. 14 dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal það birt á þann hátt, sem títt er að birta almennar auglýsingar í hverjum stað, hvar kjörskráin skuli frammi liggja, en hún skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfett eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Þegar þrjár vikur eru liðnar frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill yfir, að einhverjum sé slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent hreppsnefndar oddvita kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kært yfir því, að einhver sé á skrá tekinn, skal oddviti hreppsnefndar innan 3 daga senda þeim, er yfir er kært, eftirrit af kærinni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutadeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundur skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar

samkvæmt þessu, skal öll breppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu alstaðar samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefir eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar, og getur beitt hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Verði það dæmt, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftár en einu sinni hið sama ár, skal við hinar síðari kosningar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.

Undirbúningur af kjörstjórnar hendi.

19. gr. Þá er útrunninn er frestur sá, er settur er fyrir framboðum þingmannaefna (24. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta búa til kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin frambjóðandann eða frambjóðendurna kosinn eða kosna í einu hljóði. Kjörseðlar skulu allir búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar seðillinn hvolfir, svo að letrið snýr frá auganu; þeir skulu svo skornir, að allir séu nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og allir með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentlettri nöfn allra frambjóðenda í því kjördæmi og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur í sama kjördæmi eða öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu, fullu letri eða skammstafað.

Hvert frambjóðanda nafn skal vera sér í línu og ríflegt millibil milli lína. Góð spássía skal vera framan við nöfnin og á spáslunni beint fram undan nafni hvers frambjóðanda skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé

minni að þvermáli að innan en $\frac{1}{4}$ úr dönskum þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $\frac{1}{12}$ þumlungs á þykt. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

○	
○	
○	

Seðillinn skal allur vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. 7 dögum eftir að framboðsfrestur er útrunninn skulu kjörseðlarnir allir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin næsta dag þar á eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda braðboda með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum þannig innsigliðum af yfirkjörstjórninni með embættisinnsigli hennar, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög töðruð sterku lérefti og áprentaða utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hver kjörskjórn skal fá 10 umslög og skal á tvö þeirra prentað vera á neðra framhorni: »gildir seðlar«, á tvö: »ógildir seðlar«, á tvö: »ágreiningssedlar«, á tvö: »ónýttir seðlar«, og á tvö: »afgangssedlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin eru til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin leggja með eitt stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, sem leggja skal hin umslögin í. Löggilta kjörbók til afnota við kosninguna skal yfirkjörstjórn jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu.

V. kafli.

Kjördæmi.

23. gr. Landinu skal skift í 30 kjördæmi og skulu þau nefnd þannig:

1. *Bjarnanesskjördæmi*, Austur-Skaftafellssýsla öll.
2. *Leiðvalla kjördæmi*, Vestur-Skaftafellssýsla öll.
3. *Fljótshlíðarkjördæmi* (í Rangárvallasýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Eyja-fjallahreppar, Landeyjahreppar og Fljótshlíðarhr.
4. *Rangárvallakjördæmi* (í Rangárvallasýslu) og skulu í því kjördæmi vera: Rangárvallahr., Holtamannahr., Landmannahr. og Vestmannaeyjasýsla.

5. *Grímsnesskjördæmi* (í Árnessýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Gnúpverjahr., Hrunamannahr., Biskupstungnahr., Grímsnesshr., Þingvallahr. og Skeiðahr.
6. *Stokkseyrarkjördæmi* (í Árnessýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Villingaholtsh., Hraungerðishr., Gaulverjabæjarhr., Sandvíkurhr., Ölveshr. og Selvogsh.
7. *Kjósarkjördæmi* (í Kjósar- og Gullbringusýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Kjósarhr., Kjálarnesshr., Mosfellsh. og Seltjarnarnesshr.
8. *Keflavíkurkjördæmi* (í Kjósar- og Gullbringusýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Álfтанess- og Garðahr., Grindavíkurhr., Hafnahr., Rosmhvalanesshr., Njarðvíkurhr. og Vatnsleysustrandarhr.
9. *Borgarfjarðarkjördæmi*, öll Borgarfjarðarsýsla.
10. *Mýrakjördæmi*, öll Mýrasýsla.
11. *Snæfellsnesskjördæmi*, öll Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
12. *Dalakjördæmi*, öll Dalasýsla.
13. *Bardastrandarkjördæmi*, öll Bardastrandarsýsla.
14. *Dýrafjarðarkjördæmi*, öll Vestur-Ísafjarðarsýsla.
15. *Djúpkjördæmi*, öll Norður-Ísafjarðarsýsla, með kaupstaðnum Ísafirði.
16. *Strandakjördæmi*, öll Strandasýsla.
17. *Blönduósskjördæmi* (í Húnavatnssýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Vindhælishr., Engihlíðarhr., Bólstaðarhlíðarhr., Svínavatnsh., Torfalækjarhr. og Ásshr.
18. *Miðfjarðarkjördæmi* (í Húnavatnssýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Sveinsstaðahr., Þorkelshólsh., Þverárhr., Kirkjuhvammsh., Torfastaðabreppar og Staðarhr.
19. *Sauðarkjördæmi* (í Skagafjarðarsýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Skefilsstaðahr., Sauðarhr., Holtsh., Fellsh., Hofsh., Hólahr. og Viðvíkurhr.
20. *Lýtingsstaðarkjördæmi* (í Skagafjarðarsýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Staðarhr., Seiluh., Lýtingsstaðahr., Akrahr. og Rípurhr.
21. *Hrafnagilskjördæmi* (í Eyjafjarðarsýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Öngulsstaðahr., Saurbæjarhr., Hrafnagilsh., ásamt kaupstaðnum Akureyri, og Glæsibæjarhr.
22. *Vallakjördæmi* (í Eyjafjarðarsýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Skriðuhr., Arnarnesshr., Vallahr., Þóróddsstaðahr., Hvanneyrarhr. og Grímsey.
23. *Húsvíkurkjördæmi*, öll Suður-Þingeyjarsýsla.
24. *Sauðanesskjördæmi*, öll Norður-Þingeyjarsýsla.
25. *Vopnafjarðarkjördæmi* (í Norður-Múlasýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Skeggjastaðahr., Vopnafjarðarhr., Jökulsárhlíðarhr. og Jökuldalsh.
26. *Fljótisdalskjördæmi* (í Norður-Múlasýslu) og skulu í því kjördæmi vera: Tunguhr., Fellahr., Fljótisdalsh., Hjaltastaðahr., Borgarfjarðarhr., Loðmundarfjarðarhr., og Seyðisfjarðarhr., ásamt kaupstaðnum Seyðisfirði.
27. *Reyðarfjarðarkjördæmi* (í Suður-Múlasýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Mjóafjarðarhr., Norðfjarðarhr., Reyðarfjarðarhr. og Fáskrúðsfjarðarhr.

28. *Breiðdalskjördæmi* (í Suður-Múlasýslu), og skulu í því kjördæmi vera: Skriðdalshr., Vallahr., Eihahr., Breiðdalshr., Berunesshr. og Geithellnahr.
29. og 30. *Reykjavíkurkjördæmi*; skal landshöfðingi skifta Reykjavíkurkaupstað í kjördæmi, eftir tillögum bæjarstjórnarinnar, og skulu kjördæmin nefnast 1. og 2. kjördæmi Reykjavíkur.

VI. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

24. gr. Nú vill maður bjóða sig fram sem þingmannsefni í einhverju kjördæmi, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni framboð sitt skriflega svo tímanlega, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi. Jafnframt framboði sínu skal frambjóðandi senda yfirkjörstjórninni 50 krónur. Þetta fé varðveitir yfirkjörstjórnin þangað til kosningum er lokið og hún hefir sjálf talið saman atkvæði og lýst yfir, hvern atkvæðafjölda hver frambjóðandi hafi hlotið. Nú nær frambjóðandi eigi $\frac{1}{3}$ þeirrar atkvæðatölu, er með þurfti til að ná kosningu, og fellur þá fjárframlag hans í sýslusjóð. Sama er ef hann tekur framboð sitt aftur fyrir kjördag. En nái frambjóðandi þeim atkvæðafjölda, $\frac{1}{3}$ eða meira, fær hann endurgoldið tryggingarfé sitt að fullu. Deyi frambjóðandi fyrir kjördag, svo að hann verði eigi í kjöri, skal endurgjalda búi hans tryggingarféð.

Framboðum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti fjögra kjósenda í kjördæmi því, sem frambjóðandi leitar þingmensku í, um að þeir ætli að styðja kosningu hans.

25. gr. Hvert þingmannsefni á rétt á, sé hann ei sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að annast hagsmuni hans við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram.

VII. kafli.

Kjördagur.

26. gr. Kjördagur, þá er almennar reglulegar kosningar fara fram, skal vera hinn sami um land alt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fram fara næsta virkan dag.

VIII. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

27. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal vera þingstaður hreppsins. Ef húsbrenni eða önnur slík atvik eða óhentug herbergi á þingstaðnum gera það mjög torvelt eða ómögulegt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annar-

staðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjufundum í hreppnum og í þinghúsi hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

Bæjarstjórnir hafa heimild til að skifta kaupstað í 2 eða fleiri kjördeildir, ef henni þykir þess þörf, en sjá skal hún fyrir hæfilegu húsnæði til kosninga í hverri kjördeild. Kjördeildum skulu gefin tölunöfn (1., 2. kjördeild o. s. frv.).

28. gr. Í herbergi því, þar sem kosningin fer fram, skal vera afklefi eða annað herbergi inn af því, svo lagað að eigi verði í klefann eða herbergið gengið nema úr kjörherberginu. Sé ekki á slíku vól, má tjalda eitt horn herbergisins, svo að eigi verði inn þangað séð úr kjörherberginu.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða klefanum eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé audið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsiglum kjörstjórnarmanna eða innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða klefanum skal vera litið borð, sem skrifa má við.

29. gr. Hver undirkjörstjórn skal gera láta atkvæðakassa, ekki minni en $\frac{1}{2}$ alin að lengd, 8 þumlunga á breidd og 6 þumlunga á hæð, með loki á hjörum og læsingu fyrir. Á miðju loki skal vera rifa langs eftir lokinu, sem sé 6 þumlunga löng, $\frac{1}{4}$ þumlungs víð að ofan, en víðari að neðan.

IX. kafli.

Kosningarathöfnin.

30. gr. A hádegi skal kjörfund setja og skulu þá mættir á kjörstað allir undirkjörstjórnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu þótt hinir komi síðar að.

31. gr. Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hanu öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

32. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers frambjóðanda (sbr. 25. gr.), séu þeir eigi sjálfir vistaddir.

33. gr. Athöfnin byrjar þá með því, að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn, telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðilbögli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

34. gr. Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyrvörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því undir drengskap sinn, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

35. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og eingum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði hreppsnefndar eða sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu.

36. gr. Hverjum þeim kjósenda, er inn kemur, skal oddviti afhenda einn kjörseðil, en kjósandi fer með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross  innan í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að engin sjái, hvað á seðlinum er.

37. gr. Meðkjörstjórnirnar í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósenda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

38. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur.

39. gr. Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðill hans ógildur, og hefir hann þá fyrirgert kosningarrétti sínum í það skifti.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í bringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill talinn ógildur.

40. gr. Nú setur kjósandi skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá, og má hann þá fá nýjan seðil, ef hann skilar kjörstjórninni hinum fyrra og greiðir þá atkvæði á síðari seðilinn.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en

næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið. En við og við skal kjörstjórnin hrista vel atkvæðakassann.

41. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $\frac{1}{4}$ klukkustund og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeirri $\frac{1}{4}$ klukkustund liðinni, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyrir en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði þannig, að einn í senn fær einn kjörseðil, fer með hann inn í klefann og greiðir atkvæði alveg á sama hátt og aðrir kjósendur.

42. gr. Umboðsmenn frambjóðenda eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja það, er honum þykir áfátt í því efni, við kjörstjórnina.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsatkvæðið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það hefir á kosninguna.

43. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar opna atkvæðakassann og taka upp einn og einn miða í einu og lesa upp nafnið eða nöfninn, sem við er merkt á hverjum miða, og réttir hann miðann jafnótt umboðsmönnum og þingmannaefnum til eftirsýningar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðenda. Komi öllum saman um, kjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja, og skal leggja alla slíka seðla í sérstakt umslag.

Verði ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal leggja alla slíka seðla í umslagið, sem til þess er gjört. Síðan skal telja saman þá seðla, er kjörstjórnin telur gilda, og leggja þeir sér í umslag.

Alla seðla, sem ónýzt hafa, skal leggja í sérstakt umslag, en í umslag sér þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

44. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskriftaðan af kjörstjórn og umboðsmönnum. Seðlatölnnar af hverju tagi skal geta í kjörbókinni.

45. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir umboðsmann á hverju stigi sem er, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrif hann nafn sitt undir.

46. gr. Þegar búið er að loka öllum umslögum með kjörseðlum,

skal kjörstjórnin leggja þau öll þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; svo á og umboðsmaður hvers frambjóðenda og þingmannaefnin, séu þau viðstödd, rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á lakki á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal senda áreiðanlegan mann með bréfið og kjörbókina til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

X. kafli.

Kosningarúrlit.

47. gr. Þegar yfirkjörstjórn hafa borizt í hendur kjörseðlar frá öllum kjörstöðum í kjördæminu, skal hún á ákveðnum degi, er auglýstur hefir verið á undan kosningunni, koma saman til að telja atkvæðin á rúmgóðum og hentugum stað, sem áður hefir verið auglýstur.

48. gr. Hvert þingmannsefni hefir rétt á að hafa einn eða tvo fulltrúa viðstadda meðan atkvæði eru talin upp úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi framfara fyrir opnum dyrum, svo að hverjum gefist kostur á að vera við, sem vill, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn, helzt af ólíkum kjörfylgisflokkum, til að vera viðstaddir athöfnina,

49. gr. Í viðurvist og augsýn þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins í senn og telur seðlana og metur gildi ágreiningssedlanna, unz öllum kjörstöðum í því kjördæmi er lokið. Þá telur hún saman atkvæðin úr öllu kjördæminu og lýsir þann kosinn, er flest hefir atkvæði hlotið. Ágreiningssedlana frá hverjum kjörstað fyrir sig leggur yfirkjörstjórnin í umslag, innsiglar það og sendir síðan landshöfðingja ásamt eftirriti af kjörbókum undirkjörstjórna og öðrum gögnum. Seðlana með sömu ummerkjum, eftirrit kjörbóka og önnur gögn leggur landshöfðingi síðan fyrir alþingi í þingbyrjun.

50. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, að hann sé kosinn.

51. gr. Þá er upptalning atkvæða hefir farið fram, skal yfirkjörstjórn þegar í stað senda landshöfðingja tilkynning um úrlit kosningarinnar í kjördæminu og birtir hann það í B-deild Stjórnartíðindanna.

52. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undir eins og sendingin kemur undirkjörstjórn í hendur, boðar hún til kjörfundar hinn næsta dag,

sem til verður boðað með viku fyrirvara. Kjörfund skal þá boða með þingboði, er kjörstjórnin sendir gagnert á hvert heimili.

Komi atkvæðaseðlar eða kjörbók eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í fyrra málslíð þessarar greinar.

XI. kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

53. gr. Nú kærir einhver kjósandi í kjördæmi yfir því, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá, innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til landshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem yfir er kært, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XII. kafli.

Aukakosningar og kosningar til aukapings.

54. gr. Nú verður þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa kosningarfyrirskipun sína í B deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

55. gr. Nú er þing rofið og boðið til kosninga til aukapings, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrá þeim, sem í gildu eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XIII. kafli.

Kostnaðnr.

57. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis og því um líks.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr

bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði, er í hlut á.

XIV. kafli.

Afbrot og hegningar.

58. gr. Nú hefir hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 kr. sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. — Sýslumaður úrskurðar dagsektir og innheimtir þær með lögtaki og getur hann á kostnað sveitarstjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

59. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10—200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð.

60. gr. Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Kjörstjóri er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósanda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisdeil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

61. gr. Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseglum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

XV. kafli.

Laun alþingismanna o. fl.

62. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eftir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóði.

63. gr. Með lögum þessum eru lög 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi numin.

64. gr. Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 verður að lögum, bætast 4 ný kjördæmi við kjördæmi þau, er talin eru í 23. gr., og skulu hin nýju kjördæmi vera:

31. 3. kjördæmi *Reykjavíkur*.

32. *Ísafjardarkjördæmi*, *Ísafjardarkaupstaður*.

33. *Akureyrarkjördæmi*, *Akureyrarkaupstaður*.

34. *Seyðisfjardarkjördæmi*, *Seyðisfjardarkaupstaður*.

Minka þá 15. 21. og 26. kjördæmi að sama skapi.

Nd.

10. Frumvarp.

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa. Flutningsmenn Jón Jónsson og Ó. F. Davíðsson.

Við Óshöfn við Héraðsflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

11. Tillaga

til þingsályktunar frá Þórhalli Bjarnarsyni, Sigurði Stefánssyni, Birni Bjarnarsyni, Guðl. Guðmundssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga landbúnaðarlöggjöfina.

Ed.

12. Frumvarp

til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. Flutningsm. G. Vigfússon.

I. kafli.**Um vinnuhjú.**

1. gr. Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja prests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem eru yngri en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. gr. Engin vistarrád skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarrád, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir.

3. gr. Heimilt skal hjúi, að vista sig hjá tveimur eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr. Skildagi vinnuhjúa skal vera á ári hverju 14. dag maímánaðar.

5. gr. Nú ræður einhver hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, og verður hann fyrir það sekur um 10—20 kr. Skyldur er hann og, að greiða skaðabætur eftir óvilballra manna mati.

6. gr. Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meira en klyffjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað og greiða allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmariumessu eða semji fyrir þann tíma við það um, að vistarráðin haldist, þótt það sé eigi sótt, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku

án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og aftur.

7. gr. Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því viðtöku, af þessum ástæðum: 1. Ef hjúid, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef hjúid um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir næman eða viðbjóðslegan sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að vissá sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu alt fram að þingmaríumessu eða lengur. Hið sama gildir, þótt hjúid sé heilbriggt, ef næmur sjúkdómur gengur á dvalarstað þess, svo að ástæða sé til að ætla, að það flytji sótt næmið. Þó getur hjúid krafizt vistarinnar, þegar það sýnir læknisvottorð um, að það sé albata eða geti eigi flutt sótt næmi. 3. Ef hjúid kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina. 4. ef hjúid hefir tælt húsbóndann með fólsum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín.

8. gr. Hverju hjúí er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess. Ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúid færíst undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúid eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúid skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. Nú getur hjúid eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúid sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það eftir 12. gr.

9. gr. Hjú getur neitað að fara í vist af þessum ástæðum: 1. ef húsbóndi eða húsmóðir hefir, eftir að hjúid var ráðið í vistina, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef um það leyti, sem hjúid á að fara í vistina, gengur á heimilinu næmur sjúkdómur. Þó er því skylt að fara síðar í vistina, ef húsbóndi krefst þess og sýnir læknisvottorð um, að sótt næmið sé horfið, og hafi hann séð hjúinu fyrir samastað á meðan. 3. Ef húsbóndinn flytur, eftir að vistarráðin eru gerð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúid átti að fara í vist. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist í góðum stað, eða hjúid kjósi heldur að ráða sig sjálft.

10. gr. Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúí kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu, eftir því sem málið er lagað, sektast um 4 til 50 kr. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúid fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu alt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

11. gr. Ef húshóndi riftar vistráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup fyrir umsaminn vistartíma og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

12. gr. Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

13. gr. Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð, nema hjúð samþykki. Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eða búi; en ef búi er brugðið, skulu vistarráðin ógild.

14. gr. Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, venjulegan rúmfatnað, verkfæri til vinnu, skæðaskinn og þjónustu. Þó leggur hjúð til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt.

15. gr. Hve mikið hjúð skal hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúð hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúð hafa svo mikið kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húshóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúð hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum arium. Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eftir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið. Hafi ekki verið öðru vísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera við lok vistartímans.

16. gr. Hjúð skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið. Það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og vinna öll þau verk, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur, óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, þegar þörf krefur.

17. gr. Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. gr. Hjú skal bæta húsbónda sínum það tjón eða skemdir, er það veldur honum vísvitandi eða af skeytingarleysi, eða af því, að það kann eigi til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins annað tjón eða skemdir, er húshóndi bíður fyrir óhlýðni þess eða ótrúmensku. Svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður við það, að hjú er sett undir laga-ákæru fyrir glæp, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr. Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótpróa eður illyrði við húsbændur sína eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúð sektast um

2—40 kr., en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 10—100 kr., nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum.

20. gr. Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa. er sérstaklegum háska er bundinn, eða af einhverri annarri orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, gjalda því ákveðið kaup og fæði og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 4 til 100 kr., nema hann hafi bakað sér þyngri hegningu eftir öðrum lögum.

21. gr. Nú sýkist hjú eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

22. gr. Nú sýkist hjú eða slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (20. og 21. gr.) og skal það þá sjálft greiða kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun. Eigi skal skerða kaup hjús, ef það er eigi lengur frá verkum, sökum veikinda þeirra, er hér ræðir um, en 6 daga virka, þá er að heyskap er unnið eða róið til fiskjar, eða 12 daga virka á öðrum tíma sumars, eða 4 vikur á vetri. Ef hjú er lengur frá verkum, skerðist kaup þess fyrir þann tíma svo sem tala rennur til. Ef hjú er lengur frá verkum en 8 vikur, endurgeldur það húsbónda fæði fyrir hvern dag, er um fram er, eftir því sem um semur, eða óvilhallir menn meta.

23. gr. Þá er ákveða skal kaup til að fullnægja 21. og 22. gr., og húsbónda og hjúi semur eigi, skulu óvilhallir menn meta kaupið, og taka bæði til lit til þess, hve arðsamur tíminn er, sem hjúið er frá verkum, og hve hátt kaup það er, sem um var samið. Þá er hjú deyr, skal meta kaup þess á sama hátt, ef húsbónda semur eigi við erfingja eða skiftaráðanda.

24. gr. Ef hjú gegnir eigi vinnu sinni fyrir drykkjuskap, sviksemi, bæjaslóri eða öðru tómlæti, er húsbóndi getur ekki komið í veg fyrir, þá dregst af kaupum þess jöfn upphæð og þyrfti að gjalda jafnoka hjúsins á hinum sama tíma. Auk þess bergi hjúið þann fæðiskostnað, er á fellur.

25. gr. Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið, ef hjúið sýkist svo, að auðsætt virðist, að það geti eigi fullnægt kröfum vistarráðanna, er því að eins bindandi fyrir hjúið, að það þurfi eigi að flytja sig eða telji sig vel ferðafært, en eigi má flytja það burtu, enda þótt vistartíminn sé liðinn, nema lækni lísi yfir því álit, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sótt næm. Nú flytur húsbóndi hjúið burt engu að síður, og skal hann sæta sektum eftir 20. gr. eða og þyngri hegningu eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

26. gr. Þegar hjú, sem sýkist eða slasast, og á eftir lögum þessum sjálft

að greiða legu- og fæðiskostnað, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóð dvalarhreppsins, er aftur skal fá það endurgoldið af framfærsluhreppi hjúsins. Deyi hjú, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, en fái aftur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

27. gr. Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: 1. Ef hjúíð leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrðum. 2. Ef hjúíð sýnir húsbóndanum ítrekaða þrjózku, skeytingarleysi, ótrúmensku, eða neitar að vinna skylduverk sín. 3. Ef hjúíð leitast við að tæla börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til ósiðsemi eða einhvern þar til illverka, svo og ef nokkrum á heimilinu er hætta búin af breytni þess eða getur eigi dvalið á heimilinu sökum ósvífnar þess við sig. 4. Ef hjúíð meiðir mannorð húsbænda eða vandamanna þeirra á heimilinu. 5. Ef hjúíð af varmensku skemmir eigur húsbóndans, eða misþýrmir skepnum þeim, er hann á eða hefir undir hendi. 6. Ef hjúíð sýnir af sér varhugavert skeytingarleysi með ljós, eld, sóttnæmi eða annan vöða, er skaði getur hlotist af á heimilinu. 7. Ef hjúíð er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. 8. Ef hjúíð með illyndi eða rógi raskar friði og reglu á heimilinu og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans. 9. Ef hjúíð drygir einhvern þann glæp, sem að almenningsálfiti er svívirðilegur. 10. Ef hjúíð er haldið næmri eða viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eða fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífnis. 11. Ef hjúíð hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín. 12. Ef hjúíð kann ekki til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna, er það réðst í vistina, eða það hefir nokkra þá okosti, sem það þá neitaði að hafa. 13. Ef hjúíð fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað.

28. gr. Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. gr., eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta. Þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni, og skal þá telja jafnt kaup um hvern dag vistartímans.

29. gr. Þá hefir hjú löglega ástæðu til að ganga þegar úr vistinni: 1. Ef húsbóndi misþýrmir hjúinu. — 2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúíð til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera í slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3. Ef húsbóndi lætur hjúíð búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5. Ef hjúíð fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6. Ef lífi eða heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu. — 7. Ef hús-

bóndinn flytur af landi burt. — 8. Ef einhver á heimilinu misþyrmir hjúinu eða meiðir það freklega með illyrðum eða rógi, og húsbóndi veitir því ekki tilhlýðilega vernd, þegar það beiðist þess.

30. gr. Ef hjú fer úr vist fyrir nokkurar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr., eða húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið, og skaðabótum að auki eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

31. gr. Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups, efti því sem fyrir er mælt í skiftalögum 12. apríl 1878, 83. gr. b. 5.

32. gr. Fyrir eins árs kaupi, er þó má eigi vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúði látið gera fjárnám hjá húsbónda, ef hann mótmælir eigi kröfunni.

33. gr. Fógeti eða hreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húsbónda, eftir að hjúði er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

II. kafli.

Um daglaunamenn.

34. gr. Hver, sem ræður sig í vinnu hjá öðrum, án þess að vera hjú hans samkvæmt I. kafli, skal sjálfur annast flutning á sér og farangri sínum til þess staðar, þar sem hann er ráðinn í vinnuna, nema öðruvísi sé um samið,

35. gr. Vilji húsbóndi, án löglegra orsaka, ekki taka á móti daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, er daglaunamaðurinn ekki bundinn við vinnusamninginn, og varðar það húsbónda eftir niðurlagi 6. gr. og eftir 11. gr.

36. gr. Nú kemur daglaunamaður án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vinnuna, varðar það hann eftir 12. gr.

37. gr. Daglaunamaður skal leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim á sinn kostnað í góðu lagi, svo og fæði, skó og þjónustu. Þó á hann heimting á að fá fæði og þjónustu hjá húsbónda sínum fyrir sanngjarna borgun.

37. gr. Ákvæði 5., 7., 9.—13., 15.—21. 26.—33. gr. gilda um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti, sem þau geta gilt um þá.

III. kafli.

39. gr. Mál út af brotum gegn 25. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af lögum þessum, eins og lögreglumál einstakra manna.

40. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866 og 7. gr. í lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

Nd.

13. Frumvarp

til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði.

Flutningsmenn: Arni Jónsson. Pétur Jónsson.

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Jökulsá í Öxarfirði nálagst Ferjubakka, og verja til þess allt að 50,000 króna úr landssjóði.

2. gr.

Þegar brúin er fullgjör skal sýslufélag Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-amtið taka að sér gæzlu og viðhald hennar, eftir þeim hlutföllum, sem þessi héraðsvöld koma sér saman um.

Nd.

14. Frumvarp

til laga um stofnun brunabótafélags.

Flutningsmenn: Ólafur Briem, Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf.

I. kafli.

Stofnun félagsins.

1. gr. Brunabótafélag skal stofna hér á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Flatey, Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Borðeyri, Blönduós, Sauðárkrók, Siglufirði, Húsavík, Vopnafirði, Eskifirði og Djúpavogi skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.

3. gr. Eigendur húsa og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn félagsins samþykkir það. Félagið tekur einnig í ábyrgð búsgögn og annað lausafé, eftir því sem nánara verður ákveðið í reglugjörð félagsins.

4. gr. Þegar félagið kemst á fót, fer fram virðing á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Virðingargjörðir skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefndir fyrir rétti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingarmaður. Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðarmanni 4 kr. á dag. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eftir virðingarverði húseignanna.

5. gr. Virðingargjörðir á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, er sýslumaður útnefntir í hvert skifti. Fyrir starf sitt fá þeir sömu borgun, eins og segir í 4. gr, og greiðir gjörðarbeiðandi hana.

6. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð, og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meira en þær álíta hæfilegt.

7. gr. Stjórn félagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 10. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð félagsins, og skulu þeir þá virða upp aftur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Enn fremur hefir stjórn félagsins heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu; ella greiðist hann af félagsjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í félaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefir byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt.

8. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla, nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eftir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landssjóðs.

9. gr. Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru bygðar að nýju, skal á þær leggja eldtraust þak. Þó hefir félagsstjórnin vald til að veita undanþágu frá boði þessu, að því er snertir útihús, og sömuleiðis að því er önnur hús snertir, ef eigandinn er efnalaus. Til að sporna við eldsvoðahættu getur stjórn félagsins ákveðið, að víst bil sé á milli húsa, og að ekki megi nema í afskektum húsum hafa þá starfsemi, sem sérstök brunahætta er samfara.

10. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, er félagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í kaupstaðnum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gera alt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstodarmanni hans.

II. kafli.

Stjórn félagsins.

11. gr. Landshöfðingi hlutast til um kosningu á fulltrúum félagsins, og skulu þeir kosnir þannig:

1. Ísafjörður	kýs 1 fulltrúa
2. Akureyri	— 1 —
3. Seyðisfjörður	— 1 —
4. Vestmanneyjar, Stokkseyri og Eyrarbakki	— 1 —
5. Keflavík, Hafnarfjörður og Akernes	— 1 —
6. Borgarnes, Ólafsvík og Stykkishólmur	— 1 —
7. Flatey, Patreksfjörður og Bildudalur	— 1 —
8. Þingeyri og Flateyri	— 1 —
9. Borðeyri og Blönduós	— 1 —
10. Sauðárkrókur og Siglufjörður	— 1 —
11. Húsavík og Vopnafjörður	— 1 —

12. Eskifjörður og Djúpavogur kýs 1 fulltrúa

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar. Hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður greiðir einum manni atkvæði. Skýrslu um atkvæðagreiðsluna skal senda landshöfðingja, er telur saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna. Þeir eru rétt kjörnir fulltrúar, er flest fá atkvæði. Fái tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn. Ef fulltrúi deyr eða fatlast svo, að kjósa þurfi annan í hans stað, hlutast landshöfðingi til um nýja kosningu, og gildir hún fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er frá fór.

12. gr. Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík, og greiðist þeim úr landssjóði ferðakostnaður eftir sanngjörnum reikningi 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi úrskurðar reikninga þeirra og ávísar þeim.

13. gr. Fulltrúafundur semur reglugjörð fyrir brunabótafélagið og skal þar ákveðið, hvernig stjórn félagsins skal skipuð, hvert er verksviði hennar og hver laun hún skal hafa; hvernig reikningsfærslu félagsins skal haga; hvar félagið skal hafa lögheimili og varnarþing; hve oft fulltrúafundir skulu haldnir; hvers konar húseignir og hverja muni félagið tryggir; hvernig hinar váttrygðu húseignir skulu vera bygðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve oft skal virða váttrygðar húseignir upp aftur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta og hvernig hann skal endurgjalda; hvernig skera skal úr ágreiningi einstakra manna, verzlunarstaða eða kaupstaða og félagsstjórnarinnar; hve há iðgjöld skal greiða fyrir váttryggingar; hverja borgun félagið má taka fyrir tryggingarskírteini eða önnur vottorð; hvernig sjóð félagsins skal ávaxta; hve miklu fé má verja til kostnaðar við framkvæmdarstjórn og endurskoðun. Enn fremur ákveður reglugjörðin, að hve miklu leyti félagið endurtryggi hjá öðrum brunabótafélögum, og má það eigi minna vera en það, sem einstakar váttryggingar, er félagið tekur að sér, eru hærri en 5000 kr.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni eigi breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

14. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum af stjórnendum brunabótafélagsins frá um stundar sakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann í staðinn. Hann skal þó með næstu póstferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafélagsins frávikninguna og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefir skipað í stað þess, sem vikið er frá. Hafi fulltrúarnir kosið varamann til að ganga í stjórnina, skal hann skipaður, nema sérstakar ástæður séu því til fyrirstöðu.

15. gr. Stjórn félagsins skal ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um félagið og hag þess, sem honum kanu að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag félagsins.

16. gr. Endurskoðunarmenn skulu vera tveir, og kýs fulltrúafundur annan þeirra, en hinn skal kosinn af hinu sameinaða alþingi til 2 ára í senn. Endurskoðunarmenn rannsaka reikning félagsins í hverju einstöku atriði og berá

hann saman við bækur félagsins og heimaféð. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna hvort heimafé félagsins og verðskjöl séu fyrir hendi. Þeir skulu sjá um, að munir félagsins séu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir séu til, sem annarstaðar kunna að vera en á heimili félagsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning félagsins.

17. gr. Hiun úrskurðaða reikning félagsins skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal félagsstjórnin gefa landshöfðinga, eftir hvern ársfjórðung stutt yfirlit yfir hag félagsins, sem birtist á sama hátt. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

III. kafli.

Skyldur félagsins.

18. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

19. Allir þeir, sem hafa hús eða muni í brunabótaábyrgð félagsins, skulu fá að fullu bættan af sjóði þess allan þann skaða, er þau verða fyrir af eldsvoða eða af eldingum eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rífið niður eða skemt til að slökkva eld. Farist slík hús alveg, skal félagið borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta, en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

20. gr. Félagið ábyrgist ekki skaða af hernaðarvöldum eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annaðhvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sé eigandinn viljandi eða fyrir vítavert gáleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið váttryggingarupphæðina útborgaða, þó eigi meir en þarf til lúkningar veðskuldinni ásamt 1 árs vöxtum.

21. gr. Ávalt, þegar félagið greiðir brunabætur fyrir húseign, skal brunabótafénu eingöngu varið til þess að byggja upp aftur hús þau, er brenna, eða til aðgjörðar á þeim.

22. gr. Félagastjórninni er skylt, hve nær sem þess er krafist, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir séu trygð til brunabóta í haus umdæmi, og, ef brennur, að gefa upplýsingar um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er váttrygð.

IV. kafli.

Ábyrgð landsjóðs.

23. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafélagið geti staðið í skilum, með 300,000 krónum. Ef félagið bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, greiðir landsjóður það, sem á vantar. Þó greið-

ir hann aldrei meira en sem ábyrgðarupphæðinni svarar. Fé þetta endurborgar félagið landsjóði sem vaxtalaust lán með því, sem það hefir afgangi útgjöldum sínum árlega.

24. gr. Ef ábyrgðarupphæð landsjóðs skerðist meira en svo, að nemi 100,000 krónum, skal vinna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á vátryggjendur, þó ekki hærri en 1 af þúsundi á ári.

25. gr. Landsstjórnin sér um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt, sem verða má.

Ed. 15. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, 1. þm. Ísf.

Ákvæðin í 3. tölulið 2. gr. í lögum 12. júlí 1878, um gjafsóknarrétt embættismanna, eru úr lögum numin.

Skylda sú, er að lögum hefir hvílt á embættismönnum, að hreinsa sig af ærumeiðandi sakargiftum með dómi, samkvæmt skipun yfirboðara þeirra, er úr lögum numin.

Ed. 16. Frumvarp

til laga um kjörgengi kvenna. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen, 1. þm. Ísfirðinga.

Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum réttindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. 17. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda.

Flutningsmenn Pétur Jónsson og Árni Jónsson.

Við Flatey á Skjálfanda skal vera löggilt höfn til verzlunar.

Nd. 18. Tillaga

til þingsályktunar í fjárkláðamálinu. Flutningsmenn: Árni Jónsson, Olafur Briem, Stefán Stefánsson, þm. Skf.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að taka fjárkláðamálið til ihugunar og koma fram með tillögur um ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum.

Nd.

19. Tillaga

til þingsályktunar. Frá Guðl. Guðmundssyni, Stefáni Stefánssyni þm. Skf., Magnúsi Andréssyni, Ólafi Briem, Þorgr. Þórðarsyni og Sigurði Stefánssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að athuga málið um þráðlaus rafmagnsskeyti milli Íslands og útlanda og gjöra tillögur um það.

Nd.

20. Frumvarp

til laga um að selja salt eftir vikt. Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Þórður Thoroddsen.

1. gr. Allir kaupmenn, verzlunar-umboðsmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi fyrir eigin reikning eða í umboði annara, skulu hvort sem verzlun þeirra fer fram á sjó eða landi selja salt eftir vikt.

2. gr. Brjóti nokkur gegn fyrstu grein skal hann sæta 100—500 kr. sektum, er renna að $\frac{2}{3}$ í landssjóð og að $\frac{1}{3}$ til uppljóstrarmanns.

3. gr. Með mál út af lögum þessum skal farið, sem opinbert lögreglumál.

4. gr. Með lögum þessum eru lög um að selja salt eftir vikt 24. nóv. 1893 úr gildi numin.

Nd.

21. Frumvarp

til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðunni Valdastöðum til. Flutningsmenn: Þórður Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem tilheyrir þjóðjörðunni Valdastöðum, fyrir að minsta kosti 4000 krónur.

2. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf um sölu á veiðinni.

Ed.

22. Breytingartillaga.

við frumvarp til laga um síldarnætur.

Frá J. Havsteen, J. Jónatanssyni og Guðj. Guðlaugssyni.

2. gr. Á eftir »sektum frá 50 til 500 kr.» komi: »sem reuna í landssjóð».

Ed.

23. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum fyrir Ísland 13. septbr. 1901, um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum.

Nefnd sú, sem kosin var til þess að íhuga þetta mál, hefir ekki fundið

neitt að athuga við frumvarpið, og ræður hinni háttvirtu efri deild alþingis til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 30. dag júlím. 1902.

J. Havsteen, Guðjón Guðlaugsson,
formaður og framsögumaður. skrifari.
Jósafat Jónatansson.

Nd.

24. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning og fyrirgreiðslu í samgöngumálum. Frá Þórhalli Bjarnarsyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á stjórnina að undirbúa alt samgöngumálið á sjó sem rækilegast fyrir næsta þing, og útvega ákveðin tilboð um að halda uppi gufuskipaterðum milli Íslands og annara landa, og hér innanlands.

Nd.

25. Tillaga

til þingsályktunar um stofnun lífsábyrgðarfélags. Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson og Lárus Bjarnason.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að taka til í hugunar, hvort tiltækilegt sé að stofna íslenskt lífsábyrgðarfélag og koma fram með ákveðnar tillögur í þá átt til undirbúnings málinu.

Nd.

26. Tillaga

til þingsályktunar. Flutningsmaður: Lárus Bjarnason.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga dómskipanina, sérstaklega þau 3 atriði, hvort eigi sé kominn tími til 1. að greina dómsvald frá ákærvaldi, til 2. að stofna kviðdóma, til 3. að koma á opinberri meðferð í öllum dómsmálum.

Ed.

27. Frumvarp

til laga um eftirlaun.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landsstjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsukulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $\frac{1}{5}$ þeirrar

embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti; þó komi eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin ákuttur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manningnum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanningnum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannað, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá em-

bætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt, eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{8}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sé framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa giftst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1. þegar ekkjan giftist af nýju; 2. þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3. þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4. þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir giftst af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin söma eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipnn 31. maí 1885, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd.

28. Þingsályktunartillaga

um að skipa nefnd viðvíkjandi verzlunarmálinu. Flutningsmenn: Pétur Jónsson, Arni Jónsson og Þórhallur Bjarnarson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að ihuga verzlunarhagi landsins, sérstaklega að því er snertir útflutning á keti.

Ed.

29. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.

Vér undirskrifaðir vorum kosnir í nefnd af h. E. d. og oss falið ofan nefnt frv. til athugunar. Vér höfum íhugað það á nefndarfundum og haft oss til bliðsjónar frv. það frá stjórn landsbankans, sem nefnt er í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið og gefið hefir tilefni til þess. Einnig höfum vér haft fyrir oss bréf dags. 14. júní þ. á. frá stjórn danska Þjóðbankans, er hefir lýst álitinu sínu um þessa fyrirhuguðu stækkun veðdeildarinnar.

Landstjórnin og stjórn Þjóðbankans hafa viðurkennt þörfina á því að veðdeildin verði stækkuð og álita ekkert varhugavert við það. Það eitt er af þeim talið varhugavert, að vaxtabréf veðdeildarinnar séu látnin gilda sem tryggingarfé fyrir nýjum bankavaxtabréfum, svo sem stjórn landsbankans hefir stungið upp á, og álita það heppilegra, að tryggingarféð sé dönsk ríkisskuldabréf. Það er skoðun vor nefndarmanna, að þetta beri að taka til greina, enda mun ekkert vera því til fyrirstöðu frá landsbankans hendi, að tryggingarféð sé í dönskum ríkisskuldabréfum. Nú sem stendur á landsbankinn í ríkisskuldabréfum og öðrum dönskum skuldabréfum, sem hægt mun vera að skifta fyrir ríkisskuldabréf, full 400,000 kr. Það er heldur ekki tilætlan frumvarpsins, að landsbankinn skuli leggja fram alla upphæð tryggingarfjárins í einu, heldur er gjört ráð fyrir, að tryggingarféð verði aukið smámsaman, eftir því sem lánsþörfin útheimtir. Það má því gjöra ráð fyrir að áður en að því kemur, að alt tryggingarféð, sem tekið er til í frv., verði lagt fram, gæti landsbankinn verið búinn að selja talsvert af þeim bankavaxtabréfum, sem nú eru eign hans, og kaupa í staðinn dönsk ríkisskuldabréf. Þetta telur stjórn Þjóðbankans í bréfi sínu vel fjörlegt, og gefur það beinlínis í skyn, að tíminn sé nú ekki óhagstæður til slíkra skifta.

Við stækkun veðdeildarinnar er þess að vænta, að reikningshald og störf við veðdeildina aukist meir og meir. Þess vegna hefir stjórnin farið fram á það, að til kostnaðar við endurskoðun og skrifstofuhald megi framvegis verja alt að 4500 kr. á ári, í staðinn fyrir 2500 kr., sem verja má eftir 19. gr. laga 12. jan. 1900. Nefndin hefir ekkert við þetta að athuga, þar sem gjöra má ráð fyrir, að þetta fé verði notað að eins eftir því, sem þörfin útheimtir, og störfin aukast smámsaman með tímanum.

Vér ráðum því h. E. d. til þess að samþykkja frv. hér um bil óbreytt, og leggjum að eins til að gjörðar verði á því þessar orðabreytingar:

1. Við 1. gr. Fyrir orðin: „sem um hitt“, komi: „sem um upphaflega tryggingarféð (lög 12. jan. 1900, 2. gr., 3. gr. og 5. gr.)“.
2. Fyrirsögnin orðist: Frv. til viðaukalaga við lög 12. janúar 1900 um o. s. frv. Efri deild alþingis, 31. júlí 1902.

Eiríkur Briem,
form. og framsögum.

Sigurður Jensson,
skrifari.

Eggert Pálsson.

Nd.

30. Frumvarp

til laga um afnám framtals á lausafé til flundar og um breyting á gjöldum þeim, er bundin eru við lausafjártíund.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson og Ólafur Briem.

1. gr. Skattur á ábúð og afnotum jarða eftir lögum nr. 21 14. des. 1877

2. gr. skal eftirleiðis vera $\frac{4}{5}$ álnar af hundraði hverju.

Lög nr. 21 14. des. 1877 3. gr. skal úr gildi numin.

2. gr. Tekjur presta af lausafjártíundum, dagsverkum og offri eftir tilsk. 27. jan. 1847 3. gr. skulu fyrir hvert prestakall um sig reiknaðar til meðaltals í peningum, eftir upphæð þeirra ár hvert hin síðustu 10 ár. — Á sama hátt skulu reiknaðar tekjur kirkju hvernar af lausafjártíundum. Eftir tillögum stiftsyfirvaldanna ákveður landshöfðingi upphæð meðaltalsins fyrir hvert prestakall og fyrir hverja kirkjusókn um sig, og auglýsir skrá yfir upphæðirnar í B-deild Stjórnartíðindanna. Hvert meðaltal skal standa á heilli krónu, þannig að $\frac{1}{2}$ kr. eða meira teljist sem heil. Skyldir eru prestar, kirkjuhaldarar, svo og sýslumenn og hreppstjórar, til að láta stiftsyfirvöldunum í té allar nauðsynlegar skýrslur um þetta efni, að viðlögðum þvingunarsektum eftir úrskurði hlutaðeigandi amtmanns.

3. gr. Gjöldin til presta samkvæmt 2. gr. þessara laga, eins og þau eru af landshöfðingja ákveðin, skulu greidd úr landssjóði. Gjöldum til kirkna eftir 2. gr. þessara laga, skal á ári hverju skift niður á gjaldendur í hverri kirkjusókn um sig, eftir sömu niðurjöfnunarreglum og settar eru í lögum nr. 21 22. maí 1890 um kostnað við hljóðfæraslátt og söng í kirkjum.

4. gr. Niðurjöfnun gjalda til kirkju eftir þessum lögum skal lokið fyrir 31. okt. ár hvert og skrár yfir niðurjöfnunina liggja almennungi til sýnis á hentugum stað frá 1.—14. nóv. næst á eftir. Eindagi þessara gjalda skal vera 31. desbr. ár hvert, og eru þau rétt goldin í peningum. Bresti gjaldanda peninga, má hann greiða gjaldið í verzlunarinnskrift eða landaúrum eftir ákvæði 2. gr. í lögum nr. 20 22. maí 1890. Hver húsráðandi skal inna gjaldið af hendi fyrir sig og heimilismenn sína.

5. gr. Nú telur gjaldandi sig ranglega talinn á gjaldskrá eða einhvern sinna heimilismanna, eða of háu gjaldi á sig jafnað í hlutfalli við aðra gjaldendur, eða einhverjum slept ranglega af skránni, og getur hann þá skriflega kært það fyrir nóvemberlok við hlutaðeigandi sóknarprest, en hann kveður nefnd þá, er um málið fjallaði, til fundar. Skal hún láta kæranda í té skriflegan rökstuddan úrskurð sinn fyrir gjalddaga. Bera má kærandi úrskurðinn á 3 vikna fresti frá eindaga gjaldsins undir sýslunefnd, er leggur endilegan úrskurð á málið, en eigi losar slík áfrýjun kæranda við, að greiða gjaldið á gjalddaga þess.

6. gr. Gjöld til amtsjóðanna samkvæmt lögum nr. 15, 4. júní 1898, eftir niðurjöfnun amtsráðanna, skiftast á sýslufélögin í amtinu, að hálfu leyti eftir tölu fasteignarhundraða, og að hálfu leyti eftir tölu verkfærra karlmanna í hverri sýslu um sig. Eftir hinum sama mælikvarða skiftast gjöldin til sýslusjóðanna eftir niðurjöfnun sýslunefndanna á hina einstöku hreppa hvernar sýslu um sig.

7. gr. Arleg þóknun til hreppstjóra skal af landshöfðingja ákveðin fyrir hvern hrepp um sig eftir meðaltali af upphæð þeirri, er þeim er greidd ár hvert á fardaga árunum 1895—1896 til 1899—1900 samkvæmt lögum nr. 33, 13. des. 1895 1. gr. — Hvert meðaltal skal látið standa á heilli krónu, þannig, að hálf króna eða meira skal talin heil.

8. gr. Kostnaður sá, er af fátækraflutningum rís, skal eftirleidis greiddur úr sjóðum lögsagnarumdæma þeirra, er flutt er yfir, þannig, að hvert lögsagnarumdæmi greiði áfallinn kostnað innan umdæmis. Opíð bréf 17. apríl 1868 skal úr gildi numið.

9. gr. Hreppaskilaping skal haldið á hausti hverju, eins og verið hefir, og skulu búendur allir mæta þar, til þess að gefa lögboðnar upplýsingar til undirbúnings hagfræðisskýrslna, hundahaldsskráa og annara opinberra skýrslna, og skal, að því er þetta snertir, farið eftir ákvæðum laga 12. júlí 1878 um lausafjártíund, en að öllu öðru leyti skulu nefnd lög 12. júlí 1878, svo og lög nr. 9, 6. apríl 1898, úr gildi numin.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1903.

Ed.

31. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kjörgengi kvenna. (Þgskj. 16). Frá Eiríki Briem.

Aftan við frumvarpið bætist:

„Heimilt er þeim þó að skorast undan kosningu.“

Nd.

32. Frumvarp

til laga um uppgjöt eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson og Sighvatur Árnason.

Endurborgun á þeim hluta láns úr landssjóði Íslands til brúar á Ölfusá, er samkvæmt lögum nr. 3, 3. maí 1889 2. og 3. gr. hvíllir á sýslufélögum Árness- og Rangárvallarsýslna fellur niður frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Nd.

33. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um að skipa 5 manna nefnd til að íhuga landbúnaðarlöggjöfina. Frá Stefáni Stefánssyni þm. Skf. og Árna Jónssyni.

Í stað „5 manna nefnd“, komi: 7 manna nefnd.

Ed.

34. Þingsályktunartillaga

um reglugjörð Ræktunarsjóðs Íslands. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, 1. þm. Ísfróðinga.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að breyta reglugjöf Ræktunar-
sjóðs Íslands á þá leið:

- að lán séu eigi að eins veitt gegn fasteignarveði, heldur og gegn ábyrgð
sýslu- eða sveitarfélaga, og
að lánlökur úr sjóðnum séu gerðar vafningaminni en nú er.

Nd.

35. Frumvarp

til laga um gagnfræðaskóla í Akureyrarkaupstað.

Flutningsmenn: Árni Jónsson og Pétur Jónsson.

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa í Akureyrarkaupstað og má verja til
þess allt að 25,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreininir þær, er kenna skal í skóla þessum eru: Íslenzka,
danska, enska, saga, landafræði, einkum þó landafræði og saga Íslands, ásamt
yfirliti yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn, reikningur, rúmfræði, landmæl-
ing, náttúrusaga, þar með talin meginatriði mannfræðinnar og heilbrigðisfræðinn-
ar, eðlisfræði og grundvallaratriði efnafræðinnar, dráttlist, söngur, leikfimi og
skólaiðnaður.

3. gr. Þrír skulu vera kennarar við skólann. Er einn þeirra skólastjóri,
og hefir hann að launum 3000 kr. og leigulausan bústað í skólanum, fyrri kenn-
ari hefir 2000 kr. að launum og hinn síðari 1600 kr.

4. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirráð og umsjón skólans.

5. gr. Kostnaður allur við skólann greiðist úr landssjóði.

6. gr. Með lögum þessum eru lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum

4. nóv. 1881 úr gildi numin.

Nd.

36. Frumvarp

til laga um sildarnætur.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Þegar fluttar eru sildarnætur utanríkis að hingað til lands, skal
skýra lögreglustjóra frá því. Þegar sildarnætnarnar hafa verið notaðar við veið-
ar, má ekki flytja þær aftur frá landinu.

2. gr. Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða sektum frá 50 til 500 kr.,
sem renna í landssjóð. Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.

Nd.

37. Nefndarálit

um frumvarp til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði. Frá fjárukalaga-
nefndinni.

Frumvarpi þessu hefir verið vísað til fjárukalaganefndarinnar til athug-
unar. Nefndin hefir íhugað frumvarpið, og er samdóma um, að hér sé um nauð-

synjamál að ræða. Jökulsá í Öxarfirði er eitt af stórvötnum landsins, er óreið fjalls og fjöru milli, þrávalt illfær og ósjaldan ótær yfirferðar á ferjustaðnum við Ferjubakka, þar sem ráðgert er að brúin verði byggð.

Samkvæmt nefndaráli í máli þessu frá síðasta þingi (Alpt. 1901 C. þgskj. 415) hefir vegfræðingur Sigurður Thoroddsen gefið þær upplýsingar, að brúarstæðið sé tryggilegt, og að áætlun sú, er hann gerði 22. maí 1897 um kostnað við brúarbyggingu þessa, sé nægilega há, eftir þeirri reynslu, sem hann hefir síðan fengið um brúabyggingar hér á landi. — Mál þetta virðist því þannig undirbúið, að fjárspursmálið eitt hafi verið því til fyrirstöðu. Nefndin lítur einnig svo á, að á yfirstandandi fjárhagstímabili muni alls eigi verða fé fyrir hendi til þess, að brúa Jökulsá. Hér er að eins um heimildarlög að ræða fyrir stjórnina til að láta byggja þessa brú, en það er skoðun nefndarinnar, að það muni þó greiða fyrir undirbúning þessarar brúarbyggingar af hálfu stjórnarinnar og flýta fyrir því, að brúin komist upp, að þessi heimild sé nú þegar veitt, þótt féð sé eigi til að þessu sinni.

Af framangreindum ástæðum leyfir nefndin sér, að leggja það til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 1. ágúst 1902.

Tryggvi Gunnarsson,
formaður.
Hermann Jónasson.

Árni Jónsson,
skrifari og framsögumaður.
Stefán Stefánsson. þm. Skf.
O. F. Davíðsson.

Magnús Andrésson.
Björn Kristjánsson.

Ed.

38. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauga við lög 12. jan. 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík. Frá Kristjáni Jónssyni.

Fyrri málsl. 1. gr. orðist þannig:

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist vald til að auka tryggingarté veðdeildarinnar með alt að því 200,000 kr. smámsaman eftir því sem lánsþörfin krefur, en landsbankinn leggur féð til.

Við 2. málsl. 1. gr. Fyrir: »nema hvað — — — — bankans« komi: »nema að vextir af því skulu renna til bankans«.

Nd.

39. Nefndarálit

um stjórnarskrármálið.

I. Álit meiri hlutans.

Vér, sem háttvirt neðri deild kaus í nefnd til að láta uppi álit vort um frumvarp það til stjórnarskipunarlag, er lagt hefir verið fyrir deildina af hendi stjórnarinnar, skildum nefndarkosninguna svo, sem vér ættum og að lýsa skoðun vorri á því, hversu hinn æðstu umboðsstjórn yrði haganlegast skipað, þá er hið nýja stjórnarfyrikomulag væri komið í kring.

Vér erum þeirrar skoðunar, að greiða beri sem bezt fyrir því, að frumvarp stjórnarinnar komist sem fyrst í gegnum þingið. Þess vegna höfum vér afraðið að segja háttv. deild nú þegar frá undirtektum vorum undir það, um leið og vér áskiljum oss að kveða seinna upp úr með tillögur vorar um skipun umboðsstjórnarinnar.

Stjórnarskrármálið hefir nú verið nálega lotulaust efst á dagskrá þings og þjóðar meir en hálfa öld, og allan þenna langa tíma, að síðustu 5 árunum undanskildum, hefir það verið einróma krafa þings og þjóðar, að æðsta stjórn sérmála vorra væri annars vegar flutt inn í landið og að þinginu hins vegar væri fengin hæfleg tök á stjórninni.

Fyrri þátturinn í kröfu vorri er nú fenginn oss, svo að vel má við una. Hans Hátign konungurinn hefir nú gefið oss kost á því, að ráðuneytið fyrir Ísland verði flutt frá Kaupmannahöfn og heim til Reykjavíkur, og kunnum vér Hans Hátign og ráðherra vorum beztu þakkir fyrir það.

Vér skulum og fúslega játa það, að þinginu er í frumvarpinu fengin nokkur tök á stjórn landsins. Ráðherrann á nú ekki að eins að taka laun sín úr sjóði landsins, heldur er þinginu nú og fengin umráð yfir launakjörum hans og stjórnarráðs hans á sama hátt og yfir öðrum gjöldum landssjóðs, og það er engan veginn þýðingarlítið atriði. Hann á að skifta með oss súru og sætu, og verður því fyrir sömu áhrifum og aðrir menn, sem á landinu búa. Orð hans og gjörðir verða lagðar undir sama dóminn, almenningsálitið og annara manna gjörðir. Hann á hér eftir virðingu sína miklu fremur undir þingi og þjóð en hingað til.

Hins vegar getur oss ekki dulist, að nokkuð vantar á, að þinginu sé trygð lagaleg tök á stjórninni.

Vér hefðum helzt kosið, að girt hefði verið fyrir það í frumvarpinu, að stjórnin gæti gefið út bráðabirgðafjárlög ofan í fjárlög þingsins.

Og enn hefðum vér talið það bæði eðlilegast og tryggilegast, að gjört hefði verið ráð fyrir því í frumvarpinu, að ráðherrann hefði þegar frá upphafi borið ábyrgð gjörða sinna í landinu sjálfu.

Margir mundu og helzt hafa kosið það, að ráðherrann hefði eigi alt af skilyrðislaust átt heimtingu á eftirlaunum. Margir mundu og hafa talið það æskilegast, að það hefði eigi verið beint tekið fram í frumvarpinu, að sérmálin skyldi borin fram í ríkisráðinu.

Þá mundu og flestir hafa óskað bæði þess, að friðhelgi alþingis hefði verið lýst í frumvarpinu og þess, að konungi hefði verið gjört að vinna eið að stjórnarskránni.

Loks mundi flestir eða allir hafa kosið, að ákvæðin um að fella megi niður útsvarsgreiðslu sem skilyrði fyrir kosningarrétti hefði eigi síður náð til bænda en annara almennra kjósenda.

En að svo stöddu eigum vér ekki kost á neinu af þessu.

Engu að síður leyfum vér oss hiklaust að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið án efnisbreytinga, og það því fremur, sem stjórnin eftir 2.

og 13. gr. frumvarpsins auðsjáanlega býst við því, að hæstiréttur verði að eins bráðabirgða-dómstóll um gjörðir ráðherrans. Aðalkröfu vorri, þeirri, að ráðherrann og stjórnarráðið eigi heima í landinu sjálfu, er fullnægt, og þinginu jafnframt fengin full siðferðisleg tök á stjórninni.

Og þetta stóra, góða boð þökkum vér stjórninni því betur, fyrir sem vér naumlega gátum vænst svo liðlegra undirtekta eftir gjörðir meiri hluta alþingis í fyrra, enda væntum vér þess, að fá allar sanngjarnar óskir vorar fyltar með tímanum, nú er ráðherrann á að fara að lifa með oss, nú er hann getur gefið sig allan við vorum málum einum, nú er þingið getur haft áhrif á hann og hann aftur á það, enda þótt stjórnin hafi í þetta skifti fullljóst afmarkað löggjafarþingi voru verkvið þess í þessu máli.

Orðabreytingar höfum vér hugsað oss þær, er hér segir:

1, í stað: »ráðgjafinn fyrir Ísland« komi alstaðar: »ráðherra Íslands« og í stað: »ráðgjafi«: ráðherra.

2, í 6. gr. b. falli orðin: »í kaupstöðum og hreppum« burtu.

Loks áskiljum vér oss rétt til að setja seinna annað orð í stað »landritarans«.

Neðri deild alþingis 31. júlí 1902.

Hannes Þorsteinsson,

Jón Jónsson,

Lárus Bjarnason,

skrifari nefndarinnar og frsm. meiri hlutans.

Pétur Jónsson,

formaður nefndarinnar.

II. Álit minni hlutans.

Vér getum eigi verið samdóma ástæðum þeim, er meiri hluti nefndarinnar hefir fært fram í þessu máli.

Um þau atriði hins fyrirbyggjandi frumvarps, er tekin eru upp óbreytt úr frumvarpi alþingis 1901, leyfum vér oss að vísa í nefndarálit meiri hluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu 1901 (Alþt. 1901 C, bls. 301).

Að því er snertir þau atriði hins frumvarpsins, er stjórnin hefir bætt við, sérstaklega það, að ráðgjafinn og stjórnardeildin sé búsett í Reykjavík, þá teljum vér að þeim *verklega* umbót á stjórnarframkvæmdinni í landinu, og á samvinnu ráðgjafans við alþingi, en hins vegar viljum vér láta þess getið, að með því stjórnarfyrirkomulagi, er hér er í boði, er eigi að öllu leyti fullnægt kröfunni um innlenda »æðstu stjórn« í landsins málum, eins og henni frá upphafi stjórnarbaráttunnar hefir verið haldið fram, og þótt þessi hluti af sjálfstjórnarkröfum vorum hafi eigi verið tekin upp í frumvörp þau, er þingin 1897, 1899 og 1901 höfðu til meðferðar, þá var það eigi fyrir þá sök, að menn vildi falla frá þeirri kröfu eins og meiri hlutinn gefur í skyn (sbr. ávarp E. d. 1901), heldur fyrir *þá sök eina*, að í bréfum landshöfðingja og hinna íslenzku ráðgjafa um málið höfðu komið fram tvímælalaus afsvör um, að þessari kröfu yrði sint.

En þar sem kröfunni um búsetu hinnar æðstu stjórnar í landinu er með þessu frumvarpi að því leyti fullnægt, að ráðgjafinn og stjórnardeild hans á að

verða búsett hér, og þar sem vér, eins og áður er sagt, teljum þetta *verklega* umbót, er sjálfsgagt sé að taka, þá viljum vér hikaust leyfa oss að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið *óbreytt að orðum og efni*.

Þar sem meiri hlutinn hefir í álitsskjali sínu við haft þessi orð: »Vér naumast gátum vænst svo liðlegra undirtekta eftir gjörðir meiri hluta alþingis í fyrra«, þá finnum vér ástæðu til að mótmæla aðdróttun þeirri til meiri hlutans á alþingi 1901, er í þessum orðum felst, sem gersamlega ástæðulausri.

Vér finnum ekki ástæðu til að fara ítrari orðum um frumvarpið né álit meiri hlutans, en munum í umræðunum gjöra grein fyrir hinum einstaklegri at-
riðum.

Neðri deild Alþingis, 1. ág. 1902.

Guðlaugur Guðmundsson, Ólafur Briem.

frams.m. minni hl.

Sigurður Stefánsson.

Nd.

40. Frumvarp

til laga um manntalsþing. Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Guðl. Guðmundsson og Hermann Jónasson.

1. gr. Hér eftir er hvert lögsagnarumdæmi ein manntalsþinghá.

2. gr. Sýslumaður hver og bæjarfógeti utan Reykjavíkur heldur ár hvert tvenn manntalsþing á skrifstofu sinni. Fyrri þingið sé haldið í júní og sé þar gegnt öllum hinum sömu störfum og gegnt hefir verið á manntalsþingum hingað til. Seinna þingið sé haldið í október, og þá að eins gegnt þinglýsingum.

3. gr. Sýslumaður má fela hreppstjórum sínum að útbýta þinggjalds-
seðlum og taka við þinggjöldum hreppsþúa, en gjalda verður hann þá hrepp-
stjóra 2% fyrir ómakid.

4. gr. Aðalsýslunefndar- og varasýslunefndarmenn skal kjósa á vor-
hreppskilabingunum, og er hreppstjóri formaður kjörstjórnarinnar, en í henni
sitja auk hreppstjóra 2 menn, er sýslunefndin nefnir til.

Stefnuvottar vinni að eins skriflegan eið að sýslan sinni.

Nd.

41. Frumvarp

til laga um gjald af hvölum sem veiddir eru við Ísland. Flutningsmaður Ari Brynjúlfsson.

1. gr. Hver sá er hvalveiðar rekur við Ísland skal greiða 50 króna gjald af hverjum þeim hval er hann dregur á land. Undanþegnir gjaldi þessu eru þó smáhvalir, svo sem hnísur, andarnefjur og háhyrningar

2. gr. Gjald þetta skal greiða á þeim stað þar sem hvalur er dreginn að landi til skurðar. Heimtir hlutaðeigandi hreppstjóri gjaldið eða bæjarfógeti, ef hvalskurður fer fram í kaupstað. Eindagi á gjaldi þessu fyrir hvern hval, er jafnskjótt og hvalskurði er lokið. Rennur gjaldið að hálfu í hlutaðeigandi

sýslusjóð en að hálfu í jafnaðarsjóð. Gjaldið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

3. gr. Skyldur er sá er veiðina rekur að gefa hreppstjóra eða bæjarfógeta þeim er gjaldheimtuna hefir skriflega skýrslu upp á æru og samvizku um veiðina fyrir septembermánaðarlok ár hvert. Nú er framtal eigi rétt á skýrslunni og gagnast gild vitni að eða fullar sannanir, og varðar það sektum frá 25 til 500 krónur, er renna í sjóði þá sem nefndir eru í næstu grein á undan.

4. gr. Gjaldheimtumaður hefir í innheimtulaun 5 krónur af hverjum hval. Skal hreppstjóri senda sýslumanni fyrir árslok skýrslu um veiðina, svo og reikning fyrir gjaldi því er hann hefir innheimt á árinu, skal þar með fylgja upphæð gjaldsins að fráðregnum innheimtulaunum, en sýslumaður sendir síðan hálft gjaldið til amtmanns fyrir janúarmánaðar lok ár hvert.

5. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1903.

Nd.

42. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar í fjárkláðamálinu frá Stefáni Stefánssyni þm. Skf. og Magnúsi Andréssyni.

Í stað »skipa 5 manna nefnd til«, komi: »fela landbúnaðarnefndinni«.

Ed.

43. Nefndarálit

í málinu: frumv. til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Háttv. efri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, og er álit vort um það á þessa leið.

Alþingi samþykkti í fyrra frumvarp til laga um þetta efni, en því hefir verið synjað konungsstaðfestingar af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í bréfi stórnarráðsins 7. maí 1902, og hefir svo stjórnin lagt þetta frumvarp fyrir þingið, en það fer eigi alveg eins langt, eins og alþingisfrumvarpið, og vikur að öðru leyti nokkuð við ákvæðum þess.

Eftir alþingisfrumvarpinu átti það að vera saknæmt lagabrot, ef héraendur maður leggur það í vana sinn, að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra, án þess að hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt sé að hann eigi enga hlutdeild í veiðiskap þess. Þetta þótti stjórninni of langt farið, en vill binda sekt héraendra manna við það, að eitthvert af skipum þeim, sem hinn sakborni hefir dvalið á, hafi á því sama ári brotið fiskiveiðalögin (landhelgislögin), sbr. 2. gr. frumv. Vér álitum nú að vísu, að hegningarákvæði þetta muni í reyndinni verða gagnslítið, og að ákvæði alþingisfrumvarpsins sé að miklum mun betra, en viljum þó leggja það til, að þetta ákvæði stjórnar-frumvarpsins verði samþykkt, með því að þess verður eigi annars kostur, að lögin nái staðfestingu, eins og tekið er fram af stjórnarinnar hálfu í áminstu bréfi 7. maí þ. á. Vér getum og fallist á það, að ákvæði frumvarpsins

nái eigi til þeirra hérleendu manna, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipi því, sem hlut á að máli, sjá 3. gr. frumv., enda virðast oss ákvæði alþingisfrumvarpsins rétt skilin, eigi fara lengra, en þau virðast að þessu leyti eigi vera rétt skilin í bréfi stjórnarinnar.

Þar sem nú frumvarpið fer fram á það, að hefta samvinnu og samgöngur hérleendra manna við botnverpinga, með því að gjöra það að glæp, sé botnverping leiðbeint eða liðsint við veiðar í landhelgi, eða sé honum hjálpað til að komast undan hegningu, verðum vér að telja þessa viðbót við botnvörpulöggjöfina æskilega réttarbot. Ennfremur álitum vér ákvæði 4. gr. um fangelsisrefsingu til handa skipstjóra fyrir ítrekað eða mjög mikilvægt brot á botnvörpuveiðalögunum aðgengilegt, þannig að beita megi lægstu fangelsisrefsingu, en alþingisfrumvarpinu var lágmark refsingarinnar sett 14 daga einfalt fangelsi.

Vér leggjum það því til, að frumvarpið verði samþykkt, en þó með eftirfarandi breytingum:

- Við 1. gr. Fyrir: »hjálpur því« komi: »hjálpur hinum brotlegu«.
 — 2. — Fyrir: »Fískiári« komi: »ári«,
 — 3. — Fyrir: »hlutaðeigandi botnvörpuskipi« komi: »botnvörpuskipinu«
 — 4. — Fyrir: »ítrekuðu eða sérstaklega stóru broti« komi: »ítrekuðu broti, eða broti er mjög mikið kveður að«.

Efri deild alþingis, 1. ágúst, 1902.

J. Havsteen,
formaður.

Kristján Jónsson,
skrifari og framsögum.

Skúli Thoroddsen.

Ed. 44. Frumvarp

til laga um breyting á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla ásamt Ísafjarðarkaupstað skulu vera tvö kjördæmi og kjósa 1 alþingismann hvort kjördæmið.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 45. Frumvarp

til laga um gjaldfrelsi afréttarlanda. Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, þm. Skf. og Ólafur Briem.

Allar bygðar jarðir eða jarðapartar, sem sveitarfélög hafa keypt eða kaupa til þess að auka og bæta þar með afrétti sína, skulu úr því að öllu vera gjaldfrjálsar.

Nd.

46. Frumvarp

til laga um breyting á lögum fyrir Ísland 13. sept. 1901 um tilhögun á lög-gæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum. (Eins og það var sp. 3. umr. í E. d.).

1. gr. Fyrri hluti 2. gr. laga fyrir Íslund 13. sept. 1901 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum skal hljóða svo, sem hér segir:

Hlutadeigandi lögreglustjórar annast um skrásetning skipanna eftir 1. gr. og eins um mæling þá, sem gjöra þarf í þessu skyni, séu þau ekki þegar eftir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskírteinis og merking skipanna. Fyrir þetta greiðist ekkert gjald.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

47. Frumvarp

til viðaukalaga við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík. (Eins og það var sp. við 2. umr. í E. d.).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist vald til að auka tryggingarfé veðdeildarinnar með alt að því 200,000 kr. smámsaman eftir því sem lánsþörfin krefur, en landsbankinn leggur féð til. Jafnótt og tryggingarféð er aukið, skal því komið fyrir á sama hátt og hinu upphaflega tryggingarfé, og skulu um það yfir höfuð gilda allar hinar sömu reglur sem um upphaflega tryggingarféð (lög 12. jan. 1900, 2. gr., 3. gr. og 5. gr.), nema að vextir af því skulu renna til bankans.

2. gr. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds (lög 12. jan. 1900, 19. gr.) má framvegis verja alt að 4,500 kr. á ári, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

48. Frumvarp

til laga um kjörgengi kvenna. (Eins og það var sp. við 2. umr. í E. d.).

Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum réttindum, að því er karlmenn snertir.

Heimilt er þeim þó að skorast undan kosningu.

Ed.

49. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa. (Eins og það var sp. við 3. umr. í N. d.).

Við Óshöfn við Héraðsflóa skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

50. Breytingartillaga

við frv. til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson, Eggert Benediktsson.

Greinin orðist svo:

Endurborgun sú af láni úr landssjóði til brúar á Ölfusá, sem eftir lögum nr. 3, 3. maí 1889, 2. og 3. gr. hvílir á sýslufélögum Arnes- og Rangárvalla-sýslu og jafnaðarsjóði Suðuramtsins, fellur niður frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Nd.

51. Frumvarp

til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík. Flutningsmaður Tryggvi Gunnarsson.

Stjórninni veitist heimild til að selja trésmíðafélagi því, sem lánveiting er veitt á fjárlögnum 1902—1903 til þess að koma upp trésmíðaverksmiðju í Reykjavík, þann hluta Arnarhólslóðar, sem liggur fyrir austan Klapparstíg (Klapparlóð) eftir dómkvaddra manna mati.

Nd.

52. Frumvarp

til laga um heimild til að veita undanþágur frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 8., 6. apríl 1898.

Flutningsm. Guðl. Guðmundsson, Þorgr. Þórðarson.

1. gr. Landshöfðingjanum yfir Íslandi veitist heimild til þess, ef tillaga kemur fram um það frá sýslunefnd, að veita með sérstöku leyfisbréfi hérlandum mönnum, er hafa verið búsettir á Íslandi í 3 hin síðustu ár og eiga jarðeign í landinu, eða hlutafélögum, er rétt hafa til fiskiveiða í landhelgi, undanþágu frá bauni því, er 1. gr. laga nr. 8. 6. apríl 1898 inniheldur að því er snertir landhelgissviðið úti fyrir sýslu þeirri, sem sýslunefndin, er tillöguna ber fram, er kosin fyrir.

2. gr. Eigi má veita neinum undanþágu þá, er í 1. gr. er nefnd, um lengri tíma en 10 ár.

3. gr. Í leyfisbréfi því, er landshöfðingi gefur út, skulu tekin fram öll þau skilyrði, er leyfishafa verða sett, þar á meðal, hvert endurgjald leyfishafa ber að inna af hendi fyrir þann skaða, er fiskiveiðar sýslunnar biða, og ákveðið verður eftir tillögum sýslunefndarinnar í sýslunni, hvort heldur endurgjald þetta er falið í ákveðnum framkvæmdum, eða í peningagjaldi eitt skifti eða árlega. Það skal ætíð sett sem skilyrði, að leyfishafi, um leið og leyfisbréfið er honum afhent, setji veð eftir ákvæði landshöfðinga fyrir því, að hann haldi skilyrði þau, er honum eru sett og fullnægi skuldbindingum sínum, að minsta kosti 200,000 kr.

Veðféð skal lagt inn í peningastofnun þá hér á landi er landshöfðingi

ákveður og má hún nota það sem starfsfé, en landssjóður ábyrgist skil á veðfénu að áskildum 2 ára fyrirvara fyrir afturköllun þess.

4. gr. Takmörk þess sjávarsvæðis, er undanþágan gildir fyrir, skulu nákvæmlega ákveðin í leyfisbréfinu og á kostnað leyfishafa auðkend með merkjum á landi, eftir því, er landshöfðingi ákveður.

5. gr. Fyrir leyfisbréfið skal greiða í eitt skifti 2000 kr. Ennfremur skal leyfishafi greiða árlega fyrir hvert skip, er hann notar til að veiða með botnvörpu í landhelgi, 100 kr., og að auki 3 kr. fyrir smálest hverja í þeim fiskiskipum, er hann notar við þennan atvinnurekstur. Gjöld þessi renna í landssjóð, en helmingi gjaldsins skal eftir tillögum sýslunefndar varið í héraðinu til styrktar landbúnaði, til vega- eða brúagjörða, eða til leiðarljósa.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er þau eru staðfest.

Ed.

53. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda.

(eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

Við Flatey á Skjálfanda skal vera löggilt höfn til verzlunar.

Ed.

54. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir.

Álit meiri hlutans.

Vér, sem hin háttvirta efri deild kaus í nefnd til þess að íhuga »Frumv. til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir«, höfum ekki getað orðið á eitt mál sáttir, og hefir því nefndin klofnað í sundur í meiri og minni hluta.

Við, sem skipum meiri hluta nefndarinnar, föllumst á frumvarpið eins og það er orðað. Að vísu vitum við það, að kostnaður sá, sem landssjóður hefir haft af gjafsóknarmálum embættismanna, muni ekki hafa verið sér sérlega tilfinnanlegur. En það er álit vort á aðra hlið, að sú hættu vafi jafnan yfir, að réttur þessi kunni að vera misbrúkaður, og á hina, að sanngirnis- og réttlætis- lögmálið mæli með því, að embættismenn standi ekki rétthærri en aðrir meðlimir þjóðfélagsins, er til þess kemur að verja æru og mannorð. Enda hafa og óskir þjóðarinnar gengið í þessa sömu stefnu, að rétt þenna bæri að afnema, hvervetna þar sem máli þessu hefir verið hreyft.

En hvað það áhrærir, að sleppa síðari málsgrein frumvarpsins, þá hljóttum við, eftir að hafa athugað gang málsins á undanfórnum þingum, að ráða frá því. Máli þessu var fyrst hreyft á aukapönginu 1894 og var það þá borið fram í því formi, að seinni málsgrein frumvarpsins fylgdi ekki með. Og var frumvarpinu það þá einkum til foráttu fundið, að gjafsóknarréttur embættismanna mætti ekki og gæti ekki fallið í burt svo framarlega sem embættismenn samt sem áður væru skyldugir til að fara í mál, samkvæmt skipun yfirboðara

sinna. Og að þessu athuguðu, álitum við þess vegna ekki nú tiltækilegt, að sleppa síðari parti frumvarpsgreinarinnar eða að færa það í sinn upphaflega búning, og ráðum því hinni háttvirtu deild til þess, að samþykkja frumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 6. ágúst 1902.

Skúli Thoroddsen
formaður og framsögumaður.

Eggert Pálsson
skrifari.

Eg hefi eigi getað orðið mínum háttvirtu meðnefndarmönnum samdóma um frumvarp þetta, því að það er að minni skodun misskilningur að gjafsóknarmál þau, er hér ræðir um, hafi yfirleitt kostnað í för með sér fyrir hið opinbera, og eg álit það heldur eigi heppilegt, að hafin væri opinber rannsókn í hvert skifti sem embættismanni er borið nokkuð það á brýn, sem eigi getur samrýmt stöðu hans. Fyrir því vil eg ráða hinni háttvirtu deild frá að samþykkja frumvarp þetta.

Alþingi 6. ágúst 1902.

Eiríkur Briem.

Ed. **55. Breytingartillaga**

við botnvörpulagafrumvarpið.

Frá nefndinni.

Fyrir: »Frumvarp til laga um viðauka við lög o. s. frv., komi: Frumvarp til viðaukalaga við lög.

Nd. **56. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sildarnætur. Frá Sigurði Stefánssyni 2. þm. Ísfirðinga.

Fyrsta málsgrein 1. gr. orðist þannig: »Þegar sildarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skal skýra lögreglustjóra frá því«.

Nd. **57. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 5. gr., 1. málgr. 14. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. (2. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráð-

herraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo oft sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður Íslands greiðir laun og eftirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherrann veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefir hingað til verið falið að veita.

2. gr. (3. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum.

3. gr. (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annað hvert ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

4. gr. (1. málsg. 14. gr. stjórnarskrárinnar).

Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismeun, sem konungur kveður til þingsetu.

5. gr. (15. gr. stjórnarskrárinnar).

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

6. gr. (17. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosningarrétt til alþingis hafa:

- a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta; þó skulu þeir, er með sérstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrétt sinn;
- b, allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minnsta kosti 4 kr. á ári sem aukautsvar;
- c, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbréf eða eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefir veitt heimild til þess;
- d, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sé þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann sé orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sé fjár síns ráðandi og honum sé ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Með lögum má afhæma auka-útsvarsgreiðsluna eftir stafl. b sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

7. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

8. gr. (1. liður 25. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands.

9. gr. (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aftur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hér aftur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þingið þá málið til lykta eftir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sé á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáráukalaga, verði sáþykkt í heild sinni, þarf aftur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með frumvarpinu.

10. gr. (34. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherra Íslands á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd. Atkvæðisrétt hefir ráðherrann, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

11. gr. (36. gr. stjórnarskrárinnar).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

12. gr. (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherrans.

13. gr. (2. ákv. um stundarsakir).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal bæsiréttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðherra Íslands út af embættisrekstri hans, eftir þeim málfærslureglum, sem gilda við téðan rétt.

Nd.

58. Frumvarp

til viðaukalaga við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík. (Eins og það var sp. við 3. umr. í E. d.).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist vald til að auka tryggingarfé veðdeildarinnar með alt að því 200,000 kr. smámsaman eftir því sem lánsþörfin krefur, en landsbankinn leggur féð til. Jafnótt og tryggingarféð er aukið, skal því komið fyrir á sama hátt og hinu upphaflega tryggingarfé, og skulu um það yfir höfuð gilda allar hinar sömu reglur sem um upphaflega tryggingarféð (lög 12. jan. 1900, 2. gr., 3. gr. og 5. gr.), nema að vextir af því skulu renna til bankans

2. gr. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds (lög 12. jan. 1900, 19. gr.) má framvegis verja allt að 4,500 kr. á ári, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

59. Frumvarp

til laga um kjörgengi kvenna. (Eins og það var sp. við 3. umr. í E. d.).

Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum réttindum, að því er karlmenn snertir.

Heimilt er þeim þó að skorast undan kosningu.

Nd.

60. Þingsályktunartillaga

um reglugjörð Ræktunarsjóðs Íslands. (Eins og það var samþykkt við eina umr. í Ed.)

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að breyta reglugjörð Ræktunarsjóðs Íslands á þá leið:

að lán séu eigi að eins veitt gegn fasteignarveði, heldur og gegn ábyrgð sýslu- og sveitarfélaga.

Nd.

61. Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar. Flutningsmaður Magnús Andrésson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess að hugleiða ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi.

Nd.

62. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gagnfræðaskóla í Akureyrarkaupstað.

Frá Árna Jónssyni og Péttri Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: »alt að 25,000 kr.«
komi: alt að 50,000 kr.
2. Við 3. gr. a. Í staðinn fyrir: »2000 kr.« komi: 2400 kr.
b. — — »1600 kr.« — 2000 kr.

Nd.

63. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gjald af hvölum, sem veiddir eru við Ísland.

Frá Ólafi Davíðssyni.

1. Við 1. málsgrein 1. greinar: Í staðinn fyrir: »í land« komi: að landi
2. Við 2. málsgrein sömu greinar: Í staðinn fyrir: »svo sem — háhyrningar«
komi: sem eigi eru 10 álnir á milli skurða.
3. Við 2. málsgrein 2 greinar: Í staðinn fyrir: »heirtir hlutaðeigandi hreppstjóri« komi: Hlutaðeigandi hreppstjóri heimtí
4. Orðin: »fyrir hvern hval« í 3. málsgrein sömu greinar falli niður.
5. Í staðinn fyrir orðin: »Rennur — í jafnaðarsjóð« í sömu grein komi: Gjald þetta rennur í hlutaðeigandi jafnaðarsjóð
6. Önnur málsgrein 3. greinar orðist svo: »Sannist það, að skýrslan sé röng eða að hann hafi dregið undan gjaldi nokkuð af veiðinni, þá varðar það sektum frá 25—500 kr., sem renna í landssjóð«.
7. 4. grein orðist svo: »Gjaldheimtumenn hafa í innheimtulaun 5 kr. af hverjum hval. Þeir skulu fyrir hver árslok senda hlutaðeigandi amtmanni skýrslu um veiðina, og láta fylgja upphæð gjaldsins, að frádregu innheimtulaunum.

Nd.

64. Skjöl

viðvíkjandi Lagarfljótsbrúnni.

(Fylgiskjöl við álit fjárukalaganefndarinnar).

I.

Bréf Sigurðar verkfræðings Thoroddsens til ráðaneytis Íslands 8. júlí 1901.

Herved tillader jeg mig aller underdanigst at underrette Ministeriet for Island om, at jeg har den 1. Juli sæt mig nødsaget til at standse Broarbejdet ved Lagarfljót og dertil har jeg haft flere Grunde.

Jeg kom hertil Søndagen den 23. Juni fra Hørgaabroen, som da lige var bleven færdig. — Fra Fabriken Smith Mygind & Hüttemeier vare da ankomne, for godt og vel en Maaned's Tid siden, 4 danske Arbejdere — tidligere end jeg havde ventet, for jeg ventede dem ifølge Aftale først i Midten af Juni —; disse havde tilligemed nogle faa islandske Arbejdere været beskæftiget med at opstille en Stillads ud i Floden til Nedramningen af Bropælene, men det havde gaaet noget langsomt paa Grund af høj Vandstand; da jeg ankom havde de dog rammet med 12 Stykker Bropæle (af 48).

Jeg faar nu først Underretning om, at Fabriken havde ikke gjort nogle Foranstaltninger til at skaffe tilveje Stene til Landpillerne, som den skulde ifølge Kontrakten, men her paa Island er det oftest nødvendigt at lade dem tilvejebringe og transportere til Brostedet paa Is om Vinteren, da Transporten om Sommeren i Regelen bliver en hel Del dyrere. Jeg lod, da jeg fik fra Landshövdingen Underretning om at jeg skulde forestaa Vejarbejdet ved Broen, tilvejebringe i Vinter 20—30 Kubikfavne Sten til Vejen, men lod naturligvis ikke skaffe Sten til Landpillerne, da jeg ansaa det for mig uvedkommende og troede, at Fabriken havde anmodet Th. Tulinius eller Andre om at besørge Stentransporten til Brostedet. Ifølge Kontrakten, sammenlignet med Ingenieur Barth's Overslag, har jeg forstaaet, at Fabriken skulde tilvejebringe alle de Sten, som i Overslaget ere henførte ind under Landpillerne, men det bliver omtrent 24 Kuhikfavne; Fabriken har aabenbart troet, at Stenene var aldeles ved Haanden og i passende store Stykker, thi dens Folk kom ikke med noget Krudt eller Sprængningsmateriale, men paa Vestsiden af Floden er det netop nødvendigt at sprænge Stenene ud af de derværende faste Klipper, hvis man skal kunne tage dem lige ved Brostedet; paa Östsiden maa man derimod hente Sten et godt Stykke fra Brostedet (ca. 3—4000 Fod).

Jeg vilde dog søge at hjælpe paa dette og satte nogle af mine Folk fra Reykjavik — Folk her paa Östlandet er ikke meget vant til dens Slags Arbejder — til at sprænge Sten ud af Klipperne paa Vestsiden for at se om det kunde lade sig gjøre at skaffe saa mange Sten tilveje i Sommer, og disse Folk have nu i ca. $\frac{1}{2}$ Maaned tilvejebragt 6—8 Kubikfavne, saa at jeg ser, at det vilde nok gaa — ved Hjælp af vore Folk notabene — at tilvejebringe disse 24 Kubikfavne her paa Vestsiden, men saa var der dog tilbage at transportere til Östsiden — over Floden — det, som der skulde bruges, og det kunde ikke godt gjøres — undtagen med store Bekostninger — førend Broen var færdig, saa at jeg tror, at af den Grund havde der neppe været muligt at lave Landpillen paa Östsiden færdig i Aar.

Dagen efter min Ankomst vilde jeg angive højeste Sommervandstand for at Pælene kunde derefter blive afskaarne i rigtig Højde; men jeg opdager da, at den højeste Vandstand, som Barth har gaaet ud fra og angivet paa sine Tegninger, er mindst $\frac{1}{2}$ m. for lav, saa at Broen skulde desaaarsag forhøjes $\frac{1}{2}$ m., hvilket er det allermindste, baade af den Grund, at man har Sagn om det, at for 30—40 Aar siden skal Floden have gaaet noget højere endnu end den til mig angivne højeste Vandstand, og ogsaa af den Grund, et der kan opstaa betydelig Bølgegang, naar det blæser noget, især ved Søndenvind, dette kan man jo ogsaa godt forstaa, thi det er ikke en lille Vandoverflode, som Floden danner lige ovenfor Brostedet;

Floden ligner der mere en bred Indsø end en Flod. Men naar Broen skal forhøjes, bliver ikke alene Pillerne højere, men ogsaa den tilstødende Vej bliver baade højere og længere, hvilket fordyrer Anlægget naturligvis en Del.

Hvad nu Nedramningen af Bropælene angaar, saa viste det sig strax, at Bunden var meget blød. Nedramningen begyndte vid Östsidan, og derfra og helt hen til Midten af Broen lige til det Sted, hvor der skulde ifølge Barth's Tegning være »blød Lere« og hvor de længste Pæle skulde nedrammes, har Bunden været omtrent helt igjennem af samme Blødhed, Pælene have gaaet fra 5" til 12—14" ned for hvert Slag (5' højt); ved sidste Slag — naar Pælene vare Komne saa langt ned i Bunden, som de skulde ifølge Tegningerne — have alle Pælene gaaet 5—5½" ned for 5—5½' Faldhøjde af Ramslaget. — Hvis jeg nu regner ud Pælenes Bæreevne efter Nedsynkningen og Faldbøjden (5½" for 5½' Faldhøjde) faas ifølge Brix (se Hütte Udg. 1890, I. Afdel. Side 169—170).

$P = 1/m \cdot h/e \cdot Q^2 q / (Q + q)^2$, $m = 4$, $h = 1720$ mm, $e = 140$ mm, $Q = 600$ Kgr. (Ramslagets Vægt), $q = 325$ Kgr. (for 13 Alens Pæl), saa har man $p = \text{ca. } 420$ Kgr.; Pælen skulde altsaa i det højeste kunne bære $5 \times 420 = 1680$ Kgr., hvis man ikke regnede med nogen Sikkerhedskoefficient, men efter almindelig Sikkerhedsberegning kun 420 Kg. eller ikke mere end ca $\frac{1}{17}$ Del af den Vægt, som Pælen skal kunne bære, forudsat at Broen er fuldt belastet; i dette Tilfælde skal nemlig hver Pæl komme til at bære ca. 7250 Kgr.

Hvis jeg regner efter en anden Formel (se Jordarbejde og Fundering af Holmberg Side 291) haves

$$L = n \cdot Q^2 / (Q + q) \cdot h/e = n \cdot 600^2 / 925 \cdot 1720 / 140,$$

hvor n maa gives en mindre Værdi end $\frac{1}{6}$, da det ser ud til at Bunden bestaar af blød Ler eller i det mindste af Sandblandet Ler, men ikke Sand, som angivet paa Tegningerne; hvis man sætter $n = \frac{1}{8}$, faas $L = 598$ Kg., altsaa noget større end i forrige Tilfælde, men alligevel altfor lidt.

Jeg vilde da se, hvor langt en Pæl skulde rammes med i den Jordbund for at kunne bære den Belastning, som den skulde (14500 pd.), og lod derfor ramme ned 2 Sty. 12 Alens Pæle ovenpaa hinanden — i Forlængelse af hinanden — og det viste sig da, som man kunde tænke sig, at Modstanden blev større jo længere man kom ned og Nedsynkningen mindre for hvert Slag; tilsidst gik den kun 1" ned for 12' Faldhøjde, den var da 35' nede i Bunden. Efter »Hüttes« Formel skulde da Pælen kunne bære med 4 Gange Sikkerhed:

$$P = 1/4 \cdot 3760/25 \cdot 600^2 \cdot 600/1200^2 = 5640 \text{ Kgr.}$$

Det vilde altsaa ikke være langt fra at den kunde bære den Tyngde, som den skulde men fuld Sikkerhed var tilstede, hvis der blev sat 3 Pæle i Bredden isteden for 2 og Pælene nedrammede 34—35'.

Under disse Omstændigheder ansaa jeg det for meget betænkeligt at lade fortsætte med Arbejdet, men vilde dog, da de vore saa nær ved Midten, vente til de var der, hvor Bunden skulde ifølge Barth's Opgivende være blødest, for at se, hvordan det gik med Nedramningen der, men det kom aldrig saa langt, thi da det kom til Stykket, sagde Fabriken Folk, at de 24 Alens Pæle kunde de slet ikke ramme ned, Rambukken var ikke høj nok til det og til en meget højere Stillads (ca. 6 Alen højere) havde de ikke Matariale; de vilde skære Pælene midt over, men det vilde jeg ikke tillade.

Da standsede jeg Arbejdet og syntes det var meningsløst at fortsætte; jeg kunde maaske til Nød have tilladt Fabriken at skære 24 Alens Pælene midt over, imod at laske dem sammen igjen med Jernplader, saaledes at det blev ligesaa stærkt som selve Træet, men dertil var nødvendigt at skaffe tilveje 32 Stk. $\frac{1}{3}$ " tykke, 4" brede og ca. $1\frac{1}{2}$ ' lange Jern-

plader, men den Slags Plader, med tilsvarende Bolte, vilde det ikke have været muligt at skaffe her paa Östlandet.

Omendskjönt da Hovedgrunden til Arbejdets Standsning maa siges at være den blöde Bund, som har vist sig at være blödere og at have ringere Bæreevne end Ing. Barth havde forudsat, saa kan man da ogsaa sige, at Fabriken har en Del Skyld med, thi den har ikke opfyldt sine Forpligtelser med Hensyn til Stenene til Landpillerne og de lange 24 Alens Pæle, saa at det var alligevel ikke megen Udsigt til at Fabriken kunde faa Broen færdig i Aar, omendskjönt ingenting havde været i Vejen med Bunden.

Jeg ser meget godt, hvor stort Ansvar jeg paatager mig ved at standse saa stort Foretagende, men jeg saa ingen anden Udvej og ansaa det for bedre at Broen blev bygget solid og paa sikker Underbygning, omendskjönt det blev noget dyrere, end at den blev bygget efter det foreliggende Projekt og saa kunde man risikere — og var omtrent sikker paa det — at Broen vilde synke ujævnt, og blive deformeret og saaledes blive stadig Aarsag til Misfornøjelser og Ærgrelser for Fremtiden. Det er jo ogsaa netop Underbygningen, Pælene, som det kommer mest an paa, det er dem, som skulde staa længst, skulde fornyes — efter Barth's Projekt — ved at overskæres ved laveste Vandstand og forsynes med nye Toppe, saa netop derfor er det vigtigt, at Pælene nede i Bunden staa sikkert og fast.

Mit Forslag bliver da, at der anbringes 3 Pæle i hvert Pæleaag istedenfor 2 Pæle og at hver Pæl rammes ned henimod 35 Fod, alt efter Modstanden. Forat man nu kunde beholde de Pæle, som allerede ere nedrammede — det er 24 Stykker — tænkte jeg mig at ovenpaa dem blev nedrammede andre ca. 12 Alens Pæle, som bleve fastholdte til hine ved 4 Jernplader med tilsvarende Bolte. Forat være sikker paa, at man havde Tømmer nok til Pælene, var det bedst at have rigeligt af dem, thi det kunde hænde, at Bunden enkelte Steder kunde være blödere end andre Steder, saa at Pælene maatte rammes længere ned end her forudsat. Efter Barth's Opgivende skulde jo Bunden i Midten være meget blödere end ved Siderne; dette vil jeg nu i de nærmeste Dage undersøge og saa senere give Ministeriet Besked desangaaende.

Naar der nu alligevel skulde forandres noget paa Broen, vilde jeg foreslaa at den da samtidig blev forlænget, for jeg synes at Floden indsnævret aldeles urimelig meget, og det bliver nu endnu mere derved, at Barth har sat højeste Vandstand $\frac{1}{2}$ m. for lavt. Det er ikke saaledes at forstaa, at Flodens høje Vandstande kun varer et Par Dage — omendskjönt det er Tilfældet med de allerhøjeste. — Nej, de vare flere Maaneder; den højeste Vandstand kommer i Regelen i April eller undertiden senere, men saa er der meget høj Vandstand helt til Slutningen af Julimaaned; nu for Tiden er der saa høj Vandstand, at der er ca. 5' dybt Vand der, hvor den östlige Landpille skal staa, og næsten alt det Stykke Land, hvor Vejen paa Östsiden skal staa, er dækket af Vand. Som Lagarfljót er nu, vilde Broen komme til at række over $\frac{2}{3}$ af Vandet, Vejen over $\frac{1}{3}$. Efter min Mening vilde det ikke være for meget at forlænge Broen om 50 meter.

Endvidere synes jeg, at det er aldeles meningsløst at bygge Vejen — især paa östlig Side — saaledes som Barth har tænkt sig, nemlig af det Materiale, som er ved Haanden, men det er kun Sand og fint Grus, og saa beklæde det med Törv, som forresten ikke findes brugelig uden langt fra Brostedet; den Slags Vej vilde efter min Mening ikke kunne staa et Aar; jeg tror, at stor Del af den vilde være væk efter den første større Flom, baade paa Grund af den ved Indsnævringen forstærkede Ström og paa Grund af det ikke ubetydelige Bølgeslag. Jeg antager, at hele Vejen, som beskyttes af Floden, maa bygges af Sten, for at den ej skal ödelægges.

Til Slut Færganlægget ved Stensvad. Det kan heller ikke blive færdigt i Aar, da

Fabriken havde ikke ladet anskaffe Sten til Fundamenterne. Ved selve Færgestedet findes kun Smaasten og Sand; paa Östsiden findes ingen brugelig Sten i rimelig Afstand; derimod findes paa Vestsiden gode Sten ca. 1—200 Favne fra Floden, men det er vanskeligt og meget bekosteligt at transportere Stenene til Færgestedet — især til Östsiden, over Floden — undtagen om Vinteren.

Fabrikens Formand og jeg vare fornylig dernede ved Stensvad og vi kunde ikke finde nogle Mærker paa Stedet, men efter Barths Tegninger kan jeg dog nogenlunde gætte mig til, hvor han har tænkt sig at anbringe Færgen, kun kan jeg ikke forstaa, at han har tegnet der meget flad Strand paa begge Sider, men i Virkeligheden er der høje Bakker med meget stejle Skraaninger paa begge Sider. Jeg maa derfor snart derned for at maale Stedet om og se, hvordan det hænger sammen.

Jeg skriver direkte til Ministeriet for at det kunde faa hurtigst mulig Besked om Forholdene her — Fabrikens Folk rejser netop nu med Ceres. — Hvis jeg havde skrevet til Reykjavik först — til Landshöfdingen, — kunde dette ikke være kommet til Ministeriets Kundskab för end i August eller September. Men selvfølgelig skriver jeg til Landshöfdingen med förste Post.

Senere naar jeg har undersøgt og maalt det nödvendige her ved Floden, vil jeg komme frem med mit Forslag til Broens Ændring og give de Oplysninger, som kunde være nödvendige til Spørgsmaalets Belysning.

Ærbödigst

Egilsstöðum 8. Juli 1901.

Sig. Thoroddsen.

Til Ministeriet for Island.

II.

Bréf Sigurðar verkfræðings Thoroddsens til landshöfðingja, 15. Ágúst 1901.

Eg gat þess í bréfi mínu til yðar, hávelborni herra landshöfðingi, dagsett 11. júlí þ. á., að eg áliti að breyta þyrfti fyrirkomulaginu á Lagarfljótsbrúnni að ýmsu leyti frá því, sem Ingenieur Barth hafði stungið upp á, t. d. þyrfti:

1. að hækka brúna alla og aðliggjandi vegaspotta um $\frac{1}{2}$ meter minnst;
2. að lengja hana um 50 m., svo að hún yrði 300 m., í stað 250 m.;
3. að reka staurana, sem bera eiga brúna, talsvert lengra niður en ætlast var til á teikningunum, og hafa 3 staura í breiddinni, í stað tveggja;
4. að gera aðliggjandi vegarspotta traustari en Barth hafði hugsað sér, sérstaklega þann vegakafla, sem á að liggja frá austurenda brúarinnar og upp á land.

Til þess að hægt verði að koma inn á fjárlögin, fyrir næsta fjárhagstímabil, fjárveitingu til þessara breytingar á brúnni, hefi eg gert áætlun um það, hver aukakostnaðurinn muni verða og verður hann alt að 15,000 kr. — Skal eg stuttlega skýra frá, hvernig eg fæ út þá upphæð.

Brúin öll átti samkvæmt teikningunum að vera 250 m. löng, og átti að kosta — samkvæmt samningum — 40,000 kr., þ. e. efni, flutningur á því og uppsetning brúarinnar; 50 metra löng lenging brúarinnar með sama fyrirkomulagi, mundi þá, geri eg ráð fyrir, kosta $\frac{1}{5}$ part af 40,000 kr. minnst 8000 kr.

Kostnaður við það, að staurarnir undir brúnni væru hafði miklu lengri en áætlað [var], og þeim jafnframt fjölgað, ætla eg, að yrði ca. 4500 kr. Það verða um 550 metra 10" x 10" staurar, sem bæta þarf við, og eg geri ráð fyrir að efni,

flutningur og niðurrekstur kosti ca. 8 kr. pr. m.	4500 —
Stöplarnir beggja vegna geri eg ráð fyrir að verði ca. 500 kr. dýrari en Barth hefir áætlað ..	500 —
Vegakaflarnir beggja vegna muni kosta um 6000 kr., en þar eð 5000 kr. hafa verið veittar á fjáráukalögum 1900—1901 til þessara kafla, þarf að eins að bæta við 1000 kr.	1000 —
	14,000 kr.

Þetta verður til samans 14,000 kr.

En nú kann verksmiðjan danska, Smith Mygind & Hüttemeier, að heimta einhverjar skaðabætur fyrir það að verkið var stöðvað, og þótt(!) að það sé nú mjög vafasamt, hvort verksmiðjan eigi nokkra heimtingu á skaðabótum, þar sem hún hafði ekki fullnægt öllum þeim skuldbindingum, sem hún hafði gengist undir, og þess vegna hér um bil áreiðanlegt, að hún hefði eigi getað verið búin með brúna fyrir 1. okt. þ. á., þótt ekkert hefði verið til fyrirstöðu með botninn eða annað frá landsins bálfu — þá állt eg þó, að ekki muni veita af að gera ráð fyrir 15,000 kr. aukakostnaði alls.

Allur kostnaður brúarinnar yrði þá:

með sérstökum lögum 1899 veittar ...	45,000 kr.
á fjáráukalögum 1900—1901 veitar ...	5000 —
viðbót á fjárhagstímabilinu 1902—1903 ...	15,000 —
	65,000 kr.

Svo verður og kostnaður dragferjunnar á Steinsvaði sjálfsagt nokkuð meiri en sú upphæð, sem veitt var (3000 kr.), sérstaklega þar sem það kemur í ljós; að bakkarnir beggja vegna við fljótið eru miklu brattari en sýnt er á teikningu Barths; hefir það að minsta kosti þau áhrif, að umbúnaður stöplanna verður talsvert dýrari en ella, og líklega þarf að gera einhverjar aðrar breytingar á ferju-umbúnaðinum; en aukakostnaðurinn hér verður að öllum líkindum ekki meiri en fáein hundruð, þar sem hér er að eins um litla aðalupphæð að ræða.

Innan skamms mun eg senda yður Barths teikningar og áætlanir viðvíkjandi Lagarfljótsbrúnni og þá jafnframt koma fram með ástæður mínar fyrir þeim breytingum á brúnni, sem eg hefi stungið upp á, og gera ítarlegri grein fyrir kostnaðaraukanum.

Reykjavík 15. ág. 1902,

Virðingarfylst

Sig. Thoroddsen.

Til landshöfðingjans yfir Íslandi.

III.

Bréf Sigurðar verkfræðings Thoroddsens til landshöfðingja 30. ágúst 1901.

I min Skrivelse til Ministeriet for Island af 8. Juli d. A., hvori jeg underrettede det om Arbejdets Standsning ved Lagarfljót, skrev jeg, at jeg vilde nærmere gøre Rede for mit Forslag til Broens Ændring, naar jeg havde maalt op og undersøgt det nødvendige ved Floden. — Denne Undersøgelse har jeg nu udført og har jeg optaget to Profiler af Floden, et af Brostedet ved Egilsstaðir og andet af Færgestedet ved Stensvad, hvilke medfølger paa to Planer.

Blandt andet omtalte jeg i min Skrivelse, at jeg ansaa det for ønskeligt, ja endog nødvendigt, at gøre Broen længere end af Indgenieur Barth foreslaaet, f. Ex. 300 meter i stedenfor 250 m., altsaa 50 m. Forlængelse, da jeg synes at Floden ellers vilde blive for meget

indsnevret, og det vild igen bevirke udgravning af Bunden, saaledes at der kunde være Fare for Landpillen paa östre Side.

Hvis man gaar ud fra den Vandmængde under Flom ved Egilsstaðir, som Ingeniör Barth har forudsat (se hans Betænkning Side 47) $Q = 460 \text{ m}^3 \text{ pr. Sek.}$, saa faas Flomhastigheden af: $V = Q/A = 460/1080 = 0,42 \text{ m. pr. Sek.}$, idet Vandarealet under Flom ($1\frac{1}{2} \text{ m.}$ højere end angivet paa Barths Tegninger) er $A. = 1080 \text{ m}^2$. — Da nu Bunden er af meget lös Beskaffenhed, tör man vel ikke tillade större Vandhastighed, efter at Broen er opført, end den fundne Flomhastighed $0,42 \text{ m.}$ — hvis ingen Udgravning skal kunne ske —, og man faar da det nödvendige Vandareal mellem Landpillen af: $A. \ddot{O}. v. = A. 0,9. 0,42 = 460$, (hvor $\ddot{O} = 0,9$ er Kontraktionskoefficienten), $A = 1217 \text{ m}^2$. Nu er Vandarealet i Broaabningen $= 750 \text{ m}^2$. (naar Broen er forhöj et $\frac{1}{2}$ meter fra Barths Projekt), saa skulde man alt-saa risikere, at 467 m^2 . blev udgravet af Flodbunden eller ca. 1.86 m. paa hele Brolægden, hvilket er vel meget. Hvis nu Broen blev gjort 50 m. længere, förögedes Vandarealet i Broaabningen ca. 125 m^2 , der blev da til bage ca. 340 m^2 , som kunde udgraves eller lidt over 1 meter paa hele Længden. Fundamentet for östre Landpille maatte da graves mere end 1 m. ned i Bunden for at Bygværket skulde være sikkert, men paa Barths Tegning er der forudsat at Fundamentet gravedes kun $\frac{1}{2} \text{ m.}$ ned og det til Trods for at han havde tænkt sig Floden 50 m. mere indsnevret end jeg her har forudsat. —

Endvidere foreslog jeg i min Skrivelse, at der blev nedrammet 3 Pæle for hvert Pæleaag istedenfor 2 Pæle, og antager jeg at de maatte rammes ned 32 Fod fra Pæleaag nr. 1 til 11; Længden af Pælene maa da være $32 + 12 = 44 \text{ Fod} = 22 \text{ Alen}$. — Fra Pæleaag nr. 12 til 18 tror jeg at 38' Nedramning ikke vilde være formeget; Pælenes Længde bliver da $50 \text{ Fod} = 25 \text{ Alen}$; fra Pæleaag 19 til 24 maa 30' Nedramning være nok, da der er noget fastere Bund; Pælenes Længde bliver da $42 \text{ Fod} = 21 \text{ Alen}$. Hvis Broen bliver forlænget 50 m. , kommer der 5 Pæleaag til; Pælene der antager jeg passende kan have Længden 20 Alen . Til hele Broen behöves der da: 33 Sty. 22 Alens Pæle, 21 Sty. 25 Alens Pæle, 18 Sty. 21 Alens Pæle og 15 Sty. 20 Alens Pæle.

De Pæle, som allerede ere nedrammede, tænker jeg mig at skulde blive staaende, men ovenpaa dem rammede andre Pæle, sammensködede med de förste ved galvaniserede Jærnplader. Ialt ere der nedrammede 24 Sty. Pæle, nemlig: 14 Sty. 12 Alen lange, 4 Sty. 13 Alen l., 2 Sty. 14 Alen, 2 Sty. 16 Alen og 2 Sty. 17 Alen lange. Tilbage er der da af de bestilte og til Brostedet transporterede Pæle: 6 Sty. 12 Alen lange, 8 Sty. 13. Alen l., 2 Sty. 17 Alen l. og 8 Sty. 24 Alen l. — (det vil sige, der skulde egentlig være 8 Sty. 24 Alen lange, men i Virkeligheden ere de kun 4 Sty. tilbage, idet Fabriken Folk have skaaret 4 Sty. tvärs over, rimeligvis for at bruge dem i Stillads; det havde de gjort förend jeg kom til Brostedet, men disse 4 Sty. maa Fabriken naturligvis erstatte); de 14 nysnævnte Stykker (6 Sty. 12 Alen og 8 Sty. 13 Alen) tænker jeg mig brugte ovenpaa de 14 Sty. nedrammede 12 Alens Pæle, og de 2 Sty. 17 Alens Pæle — ved at skæres tvärs over — ovenpaa de 2 nedrammede 14 Alens og 2 Sty. nedrammede 16 Alens Pæle.

Der mangler da:

4 Sty. 9 Alen lange Pæle ovenpaa de nedrammede 13 Alens Pæle	= 36 Alen	36 Alen
2 Sty. 8 Alens Pæle ovenpaa de nedrammede 17 Alen l. Pæle		16 —
33 Sty. ÷ 22. Sty. (allerede nedrammede)	= 11 Sty. 22 Alen lange Pæle,	
men her herfra kan endvidere trækkes de 8 Sty. 24 Alens Pæle, som haves tilbage;		
der mangle da kun 3 Sty. 22 Alen lange Pæle	= 66 Alen	 66 —
21 Sty. ÷ 2 Sty. (allerede nedrammede)	= 19 Sty. 25 Alen lange Pæle	
= 475 Alen		475 —

18 Sty. 21 Alen lange Pæle — 378 Alen	378 Alen
og 15 Sty. 20 Alen l. Pæle = 300 Alen	300 —
	= 1271 Alen

Det vilde være heldigt at have noget mere Tømmer ent her opgivet for det Tilfælde, at det skulde vise sig növendigt at ramme Pælene i Midten af Floden noget længere ned end jeg har forudsat, thi der er Bunden meget løs, endnu blødere end ved Östlandet; det er ikke saa godt at gætte sig til ved Boringer alene, hvor stor Bærevne Bunden har; derom kan man först faa Vished ved Pröveramning; dette vilde jeg ogsaa faa Fabrikens Folk til at göre, naturligvis mod Extrabetaling, da de vare ved Midten, men det nægtede Formanden, — sagde at han var ikke kommen her til for at experimentere, og forlange det ligefrem syntes jeg ikke jeg kunde.

Jeg har löselig kalkuleret, hvor stor Bekostningsforögelse den af mig foreslaaede Ændring og Forlængelse af Broen vilde have til Følge — udover de 50,000 Kr., som allerede ere bevilgede, nemlig 45,000 Kr. ved særskilt Lov og 5000 kr. ifølge Lov om Tillægsbevilling for 1900—1901. —

1. Hvis Broen bliver forlænget 50 meter, forudsætter jeg at den Længde vil koste $\frac{1}{5}$ af den Sum, som den 250 m. lange Bro følge Kontrakterne skulde koste (Materiale. Transport og Montering), men det var ca. 40,000 Kr.; $\frac{1}{5}$ Del her af 8,000 kr.

2. Tømmeret til Pælaagene — grundet paa Pælenes forögede Antal og Længde — 1271 Alen $10'' \times 10''$ Tommer = ca. 800 m. á 8 Kr. (Materiale, Transport og Nedramning) = 6400 Kr. + ca. 130 m. Pæle at nedramme (Tømmeret hertil haves paa Stedet) á 2 Kr. = 260 Kr. til s. = 6660 Kr. 6,660 —

I min Skrivelse til Landshövdingen forudsatte jeg ved en foreløbig Kalkule at der var kun 550 m. Pæle at nedramme, men ved nöjere Eftersyn og Beregning saa jeg, at 800 m. vilde ikke være for meget.

3. Landpillerne antager jeg blive ca. 500 Kr. dyrere end af Barth beregnet — 1500 Kr. istedenfor 1001 Kr. Forskjel 500 —

4. Tilstödende Vejstykker paa begge Sider: Fyldning 415 m^3 . + 1668 m^3 = 2083 m^3 . á ca. 2,60 = ca. 5400, Grusning 100 kr. Stabbesten 500 Kr. = tils. 6000 Kr., hertil er der beviget 5000 Kr. (Barths Oversl. 4400 Kr.) Forskel ... 1,000 —
= 16160 Kr.

5. Forskellige Udgifter, deriblandt Jernplader og Bolte m. m. 840 —
Tils. 17,000 Kr.

I Julimaaned maalte jeg endvidere Lagarfljót ved Stensvad, der hvor Færgen skal være, og fik jeg ved Nivelleringen anderledes udseende Profil (se medfølgende Tegning B) end vist paa Ing. Barths Tegning; Bredderne ere i Virkeligheden meget stejlere end vist paa hans Tegning. — Følgen der af bliver at Fundamenterne under Træstativerne maa være en Del højere end Barth har forudsat, endvidere maa Ankerfundamenterne graves en god Del ned i Bakkerne, da jeg tænker at Kabelets Længde ikke godt kan forandres, idet det allerede er kommet op til Island. — Naturligvis kan man hæve Ankerfundamenterne noget, uden at Kabellængden forandres, men saa maatte de rimeligvis göres vægtigere.

Vedlagt følger: 1. Barths Betænkning augaaende 3 Broprojekter paa Island; 2. Barths Tegninger (indbundne i en Bog); 3. 2 Planer med Profiler over Lagarfljót henholdsvis ved Egilastadir (A) og Stensvad (B).

Reykjavik 30. Aug. 1901.

Ærbødigt

Sig. Thoroddsen.

Til Landshövdingen over Island.

IV.

Bréf verksmiðju Smith Mygind & Hüttermeier's til Windfeld Hansen's 15. Nov. 1901.

Köbenhavn d. 15/11 1901.

Hr. Belysningsdirektör I. Windfeld Hansen.

R. af Db.

I Besvarelse af Hr. Belysningsdirektörens ærede Skrivelse af 23. f. M. ang. Forholdene ved Broanlægget over Lagerfljot, hvori vi — under Henvisning til tvende vedlagte Skrivelser fra Ing. Thoroddsen til Ministeriet for Island daterede $\frac{8}{7}$ og $\frac{30}{8}$ 1901 — anmodes om at udtale os om de i anførte Skrivelser berørte Forhold, forsaavidt de vedrøre vort Firma, samt at oplyse om det vilde have været muligt at fuldføre Broanlægget selv under Forudsætning af de af Thoroddsen angivne Afbigelser i Vandstanden og Grundens Beskaffenhed fra de af Ing. Barth opgivne, skulle vi ikke undlade herved at meddele følgende:

1. Ing. Thoroddsen begynder sin Skrivelse af $\frac{8}{7}$ med ligesom en Anke over, at vore Folk havde paabegyndt Arbejdet for tidligt. Dette er uberettiget, thi vel havde Thoroddsen ved sit Besøg hos os i Foraaret meddelt, at han først kunde komme tilstede paa et senere Tidspunkt, men af Hensyn til oftere fra Ministeriets Side udtalte Ønsker om at begynde saa tidligt, som Vejrforholdene tillod det for at faa Broen færdig i Sommerens Løb, blev der truffet bestemt Aftale med Thoroddsen om, paa hvilken Tid Folkene skulde tage derop og begynde Arbejdet, selv om han saa først skulde indtræffe senere.

2. Dernæst beklager han sig over, at vi ikke havde benyttet Vinteren til at samle Sten til Landpillerne, og fremhæver, at alene af denne Grund vilde det have været os muligt i Aar at have fuldført i hvert Fald den østlige Landpille.

Kontrakten angiver en Minimumsbetaling af 1001 Kr. for disse Piller, idet der ved Fastsættelsen af den Pris forudsættes, at Sten vare tilstede i rigelig Mængde umiddelbart ved Arbejdsstederne. Forsaavidt dette ikke skulde være Tilfældet, angiver Kontrakten Extra-betaling i Henhold til, hvad Arbejdet derved maatte fordyres. Der forefandtes nu paa Stedet rigelige Mængder af Sten, som vore Folk havde tænkt sig at ville benytte, men Thoroddsen erklærede, at han havde ladet disse samle sammen til Brug ved Dæmningen, hvorfor vi ikke maatte røre dem. Skulde nu dette Forhold have medført, at vi ikke havde kunnet faa Broen færdig i Aar, men maatte have haft Folk igen til Island næste Aar, kunne vi kun heri se Tegn paa Malconduite hos Hr. Thoroddsen, tjenlig til at fordyre Arbejdet unødvendigt for Ministeriet og Landskassen.

3. Da Tiden trak ud forinden Ing. Thoroddsen kom tilstede paa Arbejdsstedet, begyndte vor Montör selv at afsætte Højderne paa de nedrammede Pæle, -idet han gik ud fra de af Folkene paa Stedet paa en Klippevæg anviste Mærker for højest Vandstand. — Det viste sig herved, at denne var ca. 20" højere end den af Ing. Barth antagne. Thoroddsen forlangte imidlertid, at Pælene skulde afskæres efter Barths Angivelse og henviste bl. a. til, at han ellers vilde faa formeget Jordarbejde paa Dæmningerne. Da vor Montör absolut ikke vilde gaa med til dette, gav Thoroddsen sit Minde til at afskære dem 12" over Barths Angivelse, saa at der altsaa blev skaaret ca. 8" mere af hver Pæl end han nu i sin Skrivelse angiver som nødvendig, hvorefter Dragerne anbragtes over de afskaarne Bjælkeender.

4. Med Hensyn til Ramningen af de lange Pæle er det en Misforstaaelse af Hr. Thoroddsen, at de ikke kunde rammes med den tilstedeværende Rambuk, idet Tömrerne forinden deres Afrejse herfra vare blevne instruerede om at fastbolte en Vædder paa Siden af Pælene til at ramme paa saalænge til Ramslaget kunde naa Toppen, hvilket navnlig i den særdeles bløde Bund vilde være meget let at udføre.

Vore Folk erklære da ogsaa bestemt, at de ligeoverfor Ing. Thoroddsens Forlangende om at afbryde Arbejdet energisk protesterede, idet de ingen Grund kunde se dertil og formentlig let at kunne føre Arbejdet igennem, hvilket de havde saameget større Grund til at antage, som der ved en Misforstaaelse i Afskibningen var bleven sendt $\frac{1}{2}$ Gang mere Tømmer end der var Brug for i Henhold til de approberede Tegninger, saa at der formentlig var tilstrækkeligt Tømmer til at føre Pælene ned til fast Bund.

Ihvorvel vi altsaa ere af den Formening, at Broen vilde have været fuldkommen betryggende i Henseende til Styrke, saafremt de alt rammede Pæle forlængedes ned det forhaandenværende Materiale, hvorved altsaa hver Pæl vilde være bleven 50% længere end efter Barths Angivelse, mener vi dog nu, at det, der bør gøres, skal være at forlænge hver af de allerede rammede og de resterende Pæle saa meget, at fast Bund naaes, saa at Pælene ikke synke over 1" for et Ramslag, af 1200 pd. gennem 12 (!) Faldhøjde. Herved kan der ikke være Tvist om, at betryggende Sikkerhed er naaet, idet hver Pæl med fuld Sikkerhed da vil kunne bære 12 à 1400 Pd. eller mere end der nogensinde vil kunne komme paa hver Pæl med 2 Pæle i Aaget. Følgelig kunne vi ikke erkende Nyttens af at anbringe 3 Pæle i Aaget, hvilket vi kun kunne anse for tjenligt til at fordyre Arbejdet unødvendigt.

Om det tilstedeværende Materiale er tilstrækkeligt hertil eller hvormeget mere der maatte kræves til dette Arbejde, er jo ikke godt at sige med Vished. Ønskeligt vilde det have været, om Arbejdet ud fra denne Forudsætning var bleven fortsat saalænge, der var Materiale nok tilstede for Pæleramning. Da vilde man med Sikkerhed have kunnet vide, hvormeget der manglede. Det forholder sig nemlig ikke rigtigt, som af Hr. Thoroddsen angivet, at der manglede Laskeplader og Bolte til Samlingen af Pælene. Som Forholdene nu er mene vi ikke at kunne fravige Ing. Thoroddsens Forslag om at forlænge alle Pælene til ca. 24", idet det jo ved Ramningen af Prøvepælen viste sig, at man herved havde naaet fast Bund.

Med Hensyn til Hr. Thoroddsens Beregninger over Merudgifterne ved Broens Forstærkning og dens Forlængelse, angivne i hans Skrivelse af $\frac{30}{8}$, skulle vi tillade os følgende Bemærkninger:

1. Forstærkningen af Underbygningen. Hr. Thoroddsen angiver i Henhold til de af ham antagne Forudsætninger, at en Forøgelse af Pælemængden med ialt 1271 løb. Alen vil fordyre Anlægget med Kr. 6660,00, heri indbefattet Transporten. Vi staa ganske uforstaaende overfor dette Regnestykke. Til det ved Kontrakten approberede Projekt medgik der ialt 720 løb. Alen Pæle. A/S Oskar Köhlers Andel i Arbejdet var, som angivet i vort Tilbud af 6te April 1900, ialt Kr. 15750, hvilket fordelte sig saaledes: Brodækket samt Kryds og Tænger og Beslag i Underbygningen Kr. 7135,00, Underbygningens Pæle Kr. 7614 og de murede Landpiller Kr. 1001,00. Da Arbejdslønnen ved Pæleramningen ikke bliver billigere, men ovenikøbet dyrere for hver løb. Alen, Pælene rammes ned, er det klart, at en Forøgelse af 1271 løb. Alen ud over de oprindelige 720 Alen i den nedrammede Pælemængde ikke kan udføres for 6660 Kr., men maa andrage mindst 14000 Kr., hvortil yderligere kommer Transporten, som antagelig ikke vil kunne sættes under 2000 Kr.

2. Den forlængede Bros Bekostning proportionerer Thoroddsen sig til i Forhold til den oprindelige, idet han lægger vor approberede Tilbudssum ca. Kr. 30000,00 sammen med Transportbekostningen Kr. 10000,00 og dividerer med 5. Han overser imidlertid her, at han selv stiller de samme Fordringer til den forlængede Bros Pælemængde som til den oprindelige, hvorfor et rigtigt Proportionsforhold maatte være $\frac{1}{5}(30000 + 10000 + 14000 + 2000) = 11200$ Kr. i Stedet for 8000 Kr.

3. Endelig har Thoroddsen intet Hensyn taget til de forøgede Udgifter, som

Standsningsen i Arbejdet har foraarsaget, hvilke ifølge medfølgende Specification andrager ca. 2000 Kr.

Herved vilde altsaa de samlede Udgifter blive ca. 25000 Kr., excl. de i Thoroddsens Overslag under 3, 4 og 5 anførte Poster, eller ca. 10000 Kr. mere end af ham auslaaet.

Idet vi nu i vort nedenstaaende Tilbud gaa ud fra vort forannævnte Forslag at beholde de 2 Pælerækker og ramme disse saa dybt, at fast Bund naaes og at dertil medgaar højst 24 Alen for hver Pæl og samt at der extra for alle Tilfældes Skyld tages nogle Reservepæle med, vil det paa Stedet eksisterende Materiale saavel det der er Ministeriets som det er Oscar Köhlers Ejendom kunne anvendes paa den paa vedlagte Skema Bilag 1. angivne Maade, hvorefter det manglende vil andrage 164 løb. Alen. De derved paaløbne Omkostninger ud over den alt approberede Kontraktsum vil da for vor Del af Anlæggets Vedkommende stille sig saaledes:

1. For den oprindelige Brolængde i forstærket Tilstand og med $\frac{1}{2}$ Meter forhøjet Kørebane: med Tillæg af alt det fornødne Tømmer og galvaniseret Jernbeslag og Bolte til Pælestødene, men excl. Transport af 164 løb. Alen 10"x 10" Tømmer Kr. 6130,00
 2. Den nedrammede Prøvepæl med Ramning og Prøvebelastning... .. — 84,00
 3. Udgifter ved den ved det afbrudte Arbejde foraarsagede Frem- og Tilbage-
rejse for 4 Mand med Bagage og Værktøjer incl. Lønninger fra Standsnings-
dagen til Hjemkomsten, samt Oplægningsudgifter af det paa Arbejdsstedet
beroende Materiale — 1960,00
 4. Ödelagt Cement til Landpillerne — 80,00
 5. Formodentlig ödelagt Carbolineum — 90,00
 6. Broens Forlængelse med 50 Meter, iøvrigt ganske som ovenfor forudsat — 7946,00
- For ovennævnte Summer tilbyde vi at færdiggøre Arbejdet paa den i Herr Belysnings-
direktörens Skrivelse angivne Maade.

Ærbødigst
Aktieselskabet
Smith Mygind & Hüttemeier
Caroc.

V.

Bréf Windfeld Hansen's til ráðanoytis Íslands 25. nóv. 1901.

Kjöbenhavn, d. 25. November 1901.

Til

Ministeriet for Island.

Under 22. Juli d. A har det høje Ministerium tilstillet mig en foreløbig Indberetning fra Ingeniör Thoroddsen, dateret Egilsstöðum d. 8. Juli 1901, i hvilken Indberetning Ingeniör Thoroddsen angiver Grundene, hvorfor han i Juli Maaned fandt sig foranlediget til at standse Arbejderne ved Opførelsen af Broen over Lagarfljót ved Egilsstadir og Færgeindretningen over samme Flod ved Stensvad. I Beretningen anfører han, at han senere, naar han har foretaget de nødvendige Opmaalinger og Undersøgelser, vil fremsende Forslag til Broens Ændring. Et saadant, dateret Reykjavik d. 30. August 1901, er tilstillet mig ved Skrivelse fra Ministeriet af 7. Oktober. Kort Tid derefter fik jeg gennem Ministeriet Meddelelse om, at det norske Vejvæsen, som havde anbefalet Ingeniör Barth, der har foretaget Projekteringen af de 2 Anlæg, önskede en Konference med mig gennem en af dets Ingeniörer. Nævnte Ingeniör, Hr. Baalsrud, ankom hertil d. 18. Oktober, og efter en Konference med

ham, hvis Resultat jeg mundtligt har meldt Hr. Departementchef Dybdal, sendte jeg under 23. Oktober d. A. Firmaet Smith, Mygind & Hüttemeier vedlagte Brev (Bilag 1), hvori jeg anmodede Firmaet om at udtale sig om Ingeniør Thoroddsens Indberetning til Ministeriet, samt eventuelt paa Basis af de i Skrivelsen opstillede Betingelser at fremkomme med Forslag, samt Tiltud paa Fuldførelsen af Arbejderne. Paa Grund af Omstændighederne opfordrede jeg Firmaet til at fremskynde Sagen. Under 15. Novbr. 1901 modtog jeg Firmaets hermed følgende Skrivelse med Bilag (2 a og 2 b), samt senere det ligeledes hermed følgende Brev af 15 Novbr. 1901 (Bilag 3). Paa Basis heraf skal jeg først nærmere omtale den af Ingeniør Thoroddsen foretagne Standsning af Arbejderne og derefter fremsætte Forslag til Arbejdernes Fuldførelse

Ingeniør Thoroddsen angiver som væsentlig Grund til at han standsede Arbejdet ved Egilsstadir-Broen, at de Forudsætninger, hvorpaa Ingeniør Barths Projekt var baseret, ved nærmere Undersøgelse viste sig at være fejlagtige. Det var særlig Grundens Beskaffenhed og den maximale Vandstand i Elven, som formentes ikke at være rigtig angivne af Hr. Barth. Hvad nu Grundens Beskaffenhed angaar, da stemme baade Ingeniør Barths og Thoroddsens Opgivelser overens deri, at de begge angive Bunden som blød, særlig i Midten af Elven. Den ene paastaar imidlertid, at naar undtages Midten af Elven, bestaar Bunden af Sand, medens den anden hævder, at der intetsteds findes rent Sand, men højst sandblandet Ler. Hvorledes dette nu end forholder sig, saa maa det dog i hvert fald antages, at Bunden i en større Dybde ikke er fast, og Ingeniør Barth har derfor ogsaa i sit Projekt beregnet forholdsvis lange Pæle. Det viste sig imidlertid ved Udførelsen, at de alligevel vare for korte, idet de efter Opgivelsen fra Ingeniør Thoroddsen — og heri synes Entreprenørerne at være enige med ham — sank fra $5\frac{1}{2}$ "—14" for hvert Slag med et Ramslag af Vægt 1200 Pd. og 5 Fods Faldhøjde. Saadanne Pæle bære kun en Brøkdel af, hvad de under de givne Forhold skulde kunne taale, og Ingeniør Thoroddsen har Ret i efter de foretagne Ramninger at betegne Bæreevnen som altfor ringe.

Med Hensyn til den højeste Vandstand, som kan findes i Elven, da bestemmer Kontrakten, at denne skal angives af den tilsynsførende Ingeniør, altsaa in casu Ingeniør Thoroddsen. Herr Thoroddsen var imidlertid ikke tilstede, da Entreprenørens Folk kom til Brostedet, hvad der var meget uheldigt i mere end en Henseende. At forlænge, at Arbejdet skulde udsættes i ca. 1 Maaned i den bedste Arbejdstid, for at Ingeniøren kunde komme tilstede, maa anses for urimelig. Desuden fastholder Entreprenøren, at der var truffet bestemt Aftale med Ingeniør Thoroddsen under hans Ophold hernede om Tidspunktet for Arbejdets Paabegyndelse. Der var derfor under de givne Forhold intet andet for Folkene at gøre end selv saa godt som mulig at udfinde Vandstanden under Konference med kendte Folk paa Stedet. Den Vandstand, som paa denne Maade blev bestemt, viste sig at være 20" højere end den af Ingeniør Barth angivne, men stemmede overens med den, som Ingeniør Thoroddsen senere fastsatte og som han i sine Skrivelser angiver at være mindst $\frac{1}{2}$ Meter højere end den, som Ingeniør Barth har bestemt. Entreprenørerne ere saaledes i hvert Fald paa den sikre Side. Ingeniør Thoroddsen hævder nu bestemt i begge sine Skrivelser, at hans Vandstandsbestemmelse er rigtig, og han anser det, af Hensyn til den Hastighed, Vandet vil faa ved en saadan højere Vandstand end den, der er lagt til Grund for Ingeniør Barths Projekt, for urigtig og farlig at bygge Broen som foreslaaet af denne. Han holder bestemt paa, at Broen bør indrettes efter den højere Vandstand og derfor göres ca 50 Meter længere for ikke at risikere en Udskylning af den løse Bund. Som følge heraf maatte Broen ogsaa forhøjes $\frac{1}{2}$ Meter eller ca. 20".

Hvem af de to Ingeniører der har Ret her, er selvfølgelig umulig for mig at afgøre ;

mén gaar jeg forløbig ud fra, at Ingeniör Thoroddsen Paastand er rigtig, og Vandstanden altsaa skulde være ca. $\frac{1}{2}$ Meter højere end angivet i Projektet, saa synes det i høj Grad mærkeligt, at Ingeniör Thoroddsen, efter hvad D'hrr Smith Mygind & Hüttemeier oplyse, forlangte, at Pælene skulde afskæres efter Ingeniör Barths Vandstandsangivelse, og först da Montören ikke vilde gaa ind derpaa, gav sit Minde til at afskære dem 12" over nævnte Angivelse. Han angiver i sin Redegörelse, at en Forhøjelse af Broen vilde nödvendiggöra en Forhøjelse af den tilstödende Vej, hvilket vilde fordyre Anlægget en Del. Dette er urigtig, da man ikke behöver at forhøje de tilstödende Veje, fordi man forhøjer Broen; man kan godt, om man vil, beholde den oprindelige Vejshøjde og kun et kort Stykke ved Broenderne danne Skraaninger, som ikke i nævneværdig Grad vilde fordyre Arbejdet, og vilde man endelig forhøje Vejen overalt, vilde dette ikke koste ret meget, da Forhøjelsen kunde foretages med almindeligt Fyldmateriale. Ligeoverfor den stærke Hævdelse af Nödvendigheden af en Forhøjelse af Broen med $\frac{1}{2}$ Meter, ser det underligt ud, at Herr Thoroddsen af en intetsigende Grund frafalder denne Forhøjelse og sluttelig giver sit Minde til en Mellemting.

Som en anden Grund til at standse Arbejdet anfører Ingeniör Thoroddsen, at Entreprenörerne ikke med de Apparater, de havde, kunde nedramme de lange 24 Alens Pæle, og han vilde ikke tillade, at Pælene bleve skaarne over. Dette benægtes bestemt af Entreprenörerne, og der er for mig ingen Tvivl om, at de have Ret heri; thi under de givne Forhold er det en let Sag med almindelig Rambuk at nedramme Pæle af ovennævnte Længde, og det maatte være en meget daarlig Tömrer, der ikke kunde klare dette. At Ingeniör Thoroddsen ikke vilde tillade at stöde [sköde] Pælene, kunde jeg forstaa under andre Forhold, hvor det var nemt at skaffe saa lange Pæle, men saaledes som Forholdene vare, kunde der ikke indvindes noget herimod, og ganske kuriös bliver Sagen, naar Hr. Thoroddsen i sit Forslag til Arbejdets Fuldförelse netop foreslaar at stöde [sköde] Pælene, som allerede ere rammede. Er det galt i det ene Tilfælde, maa det ogsaa være det i det andet.

Endelig anker Ingeniör Thoroddsen over, at Entreprenören ikke havde truffet Foranstaltninger til at skaffe Sten tilveje til Landpillerne, saa at Arbejdet alene af den Grund ikke kunde fuldføres i Sommer. Denne Anke er aldeles uberettiget. Hele Arbejdet ved Landpillerne var af Ingeniör Barth anslaaet til kun 1001 Kr., og man maatte derfor gaa ud fra, at det var let at faa Sten i Nærheden. Entreprenörerne nærede imidlertid, som naturligt var, Frygt for under saa usikre Forhold at overtage dette Arbejde, og det blev derfor i Kontrakten bestemt, at hvis Landpillerne ikke kunde udføres for en Sum af 1001 Kr., skulde Entreprenörerne have Merudgifterne refunderet efter en af Kontrollen attesteret Røgning. Da Ingeniör Thoroddsen havde samlet tilstrækkelig mange Sten, som efter Entreprenörernes Opgivelse vare brugelige til Landpillerne, var det ikke alene naturligt, men ogsaa en Pligt for Hr. Thoroddsen at overlade Entreprenörerne dem mod en passende Godtgörelse. Skulde der derved eventuelt komme til at mangle Sten til Dæmningen, kunde disse altid senere være tilvejebragte. Det var rigtigere, at Landpillerne bleve gjorte færdige. Af den Grund behövede Arbejdet ikke at standses.

Man skulde imidlertid tro, at med den Forögelse af Tömmermaterialet, som den blöde Grund nödvendiggjorde, maatte der komme til at mangle Tömmere til Fuldförelsen af Broen. Her oplyser imidlertid Entreprenörerne, at ved en Fejltagelse, som i dette Tilfælde maa kaldes lykkelig, var der sendt 50% for meget Tömmere til Broen, og der var ligeledes rigelig af Laskeplader og Bolte til Tömmerforbindelserne. Selv om derfor den nye Vandstandshøjde blev lagt til Grund for Arbejdet, var der Materiale nok til Fuldförelse af den allerstörste Del af Broanlægget, og Resten kunde saa let være udfört næste Aar. Herved vilde man have undgaaet en unödvendig Fordyrelse af Arbejdet. Naar Pælene rammedes til

fast Bund, var den givne Konstruktion med 2 Pæle i Aaget absolut sikker. At Herr Thoroddsen har standset Arbejdet, maa derfor betragtes som en stor Fejl, og skal jeg udtale min Mening om hans Optræden i denne Sag, da er den den, at forsaavidt der ikke har været andre Motiver til Arbejdets Standsning end de, der foreligge i hans Beretning, har han i denne Sag vist Malkonduite og Mangel paa Evne til at lede Arbejdet.

Hvad Ingeniør Barth angaar, da skal jeg ligeoverfor de Angreb, som Ingeniør Thoroddsen i hvert Fald indirekte har rettet imod ham i sine Beretninger, udtale, at det er vanskeligt at sige, om han eller Thoroddsen har Ret ved Vandstandsbestemmelsen, men derimod kan det neppe efter det foreliggende betvivles, at han har regnet Grunden for fastere end den viser sig at være. Dette er imidlertid undskyldeligt, thi en virkelig paalidelig Grundundersøgelse kunde kun faas ved Prøveramning, og dette var saa godt som umuligt for ham at udføre ved Forundersøgelserne. Enhver Ingeniør vilde under lignende Forhold kunde have taget fejl.

Spørges der nu om, hvad der bör göres for paa bedste Maade at fuldføre Arbejdet, da kan det efter min Mening ikke nytte noget at foretage flere Undersøgelser for at afgøre, hvem af de to Ingeniører der har Ret i de omtvistede Punkter. Thi Bundens Beskaffenhed er nu igennem de i Sommer udførte Ramninger saa nøje bestemt, at man ved yderligere Undersøgelser ikke vil kunne vente at opnaa noget, og med Hensyn til Vandstandsbestemmelsen, som dog i alt Væsentlig maa rette sig efter Oplysninger af Folk, der ere kendte med de stedlige Forhold, vil man heller ikke kunne vente at faa fuld Klarhed. Man gör her efter min Formening rettest i at holde sig paa den sikre Side i Sagen og tage den Vandstand, som först er bestemt af Entreprenörens Folk og senere af Ingeniør Thoroddsen, og som er ca. $\frac{1}{2}$ Meter højere end den af Ingeniør Barth angivne. Det er muligt, at den er for høj, og i saa Fald bliver Broen dyrere end den behövede at være. Men byggede man den efter den lavere Vandstand, og det senere skulde vise sig, at denne var for lav, er det ikke udelukket, at dette vil kunne medføre Fare for Broen. Jeg kan derfor ikke se rettere end at man, som Sagen foreligger, maa vælge den højere Vandstand, som medfører en Forhøjelse af Pillerne i Broen og Dæmningen med ca. $\frac{1}{2}$ Meter, samt en Forlængelse af Broen af ca. 50 Meter. Man bör dernæst forlange, at alle Pælene skulle rammes saa langt ned, at de ved Benyttelsen af et Ramslag paa 1200 Pd. og 12 Fods Faldhøjde ikke synke mere en ca. 1" i sidste Slag. Konstruktionen bör vælges saaledes som jeg har foreslaet med 2 Pæle i hvert Aag, og Broen vil under disse Forhold kunne bære det 3 dobbelte af den højeste Belastning (fuldt besat af Mennesker), som der nogensinde kan komme paa den. Rimeligvis vil der aldrig komme endog det halve heraf. Broen er altsaa mere end tilstrækkelig solid, og det er baade urationelt og ufornödent, saaledes som Thoroddsen har foreslaet, at ramme 3 Pæle i hvert Aag. Paa Grund af den højere Vandstand maa Broen, som ovenfor nævnt, göres ca. 50 m. længere end foreslaet af Ingeniør Barth, og denne Forlængelse tilvejebringes ved samme Konstruktion som i den övrige Del af Broen. Det er paa ovennævnte Grundlag, at jeg i min Skrivelse af ^{23/10} 01 til Aktieselskabet Smith Mygind & Hüttemeier har anmodet dette om at giv et Tilbud paa Fuldförelsen af Arbejdet. Jeg maa nemlig under de nuværende Forhold ause det for udelukket at benytte et andet Firma, dels fordi dette nu har faaet stor Erfaring og Övelse i Arbejder paa Island og er kendt med Forholdene, og dels fordi det vistnok vilde blive overordentlig vanskeligt at ordne Forholdene ved at overdrage et andet Firma Arbejdet. Firmaet har i sin Svarskrivelse af 15. November d. A. næst efter en Redegörelse foranlediget ved Herr Thoroddsens Indberetninger, samt en Kritik over hans Beregninger, erklæret sig villig til paa de stillede Betingelser, at paatage sig Fuldförelse af Arbejdet ved Broen over Lagarfljót ved Egilsstadir for et Tillæg af ialt Kr. 16290.

Saauidt jeg kan skönne, ere Priserne under de givne Forhold rimelige, saa at jeg kan anbefale dette Tilbud til Antagelse.

Heri er imidlertid ikke indbefattet de forögede Udgifter til Vejarbejdet og Landpillerne, som af Hr. Thoroddsen er anslaaet til 1500 kr., endvidere de forögede Udgifter til Færgeindretningen ved Stensvad, Transport af Materiale, samt endelig Tilsynet ved Broarbejdet og uforudseelige Udgifter. D'hrr Smith Mygind & Hüttemeier gaar ud fra, at der kommer en anden Tilsynsförende, hvad jeg efter Omstændighederne ogsaa maa anse for det rette. Disse sidste Udgifter anslaar jeg til tilsammen ca. 7000 Kr., saa at Merudgiften ialt vil andrage ca. 25000 Kr.

Hvad Tiden for Broens Fuldförelse angaar, da har Firmaet ikke turdet binde sig til at fuldföre det næste Aar, da det er tvivlsomt, hvorvidt det manglende Materiale kan föres derop i Vinter. Paa den anden Side vil det maaske være rigtigt saasnt som mulig at genoptage Arbejdet, da det alt udförte vil lide ved at staa ufuldfört, ligesom ogsaa det Materiale, som findes deroppe, neppe har godt af at henligge i længere Tid.

Hvad Færgeindretningen ved Stensvad angaar, da har det baade efter Ingeniör Thoroddsens og Entreprenörernes Beretning ikke været muligt at finde det Sted, som Ingeniör Barth har tænkt sig. Det Sted, som formentes at være det rette, havde en helt anden Profil og Bredderne bestod af höje Bakker med stejle Skraaninger. Man maa derfor antage, at Adgangen er vanskelig. Desværre har Hr. Thoroddsen, uagtet han har været paa Stedet og foretaget Undersögelser, ikke fremsat noget bestemt Forslag her, men kun gjort nogle Bemærkninger, som ikke give fuld Klarhed over Forholdene. Jeg kan derfor ikke her fremsætte noget bestemt Forslag, men maa anbefale, at her træffes et Arrangement med D'hrr Smith, Mygind & Hüttemeier om at fuldföre Anlægget efter bedste Skön og Samraad med den eventuelle Tilsynsförende.

Ærbödigst

J. Windfeld Hansen.

Nd.

65. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Nefndin, sem hin hávirta n. d. kaus í máli þessu, hefir athugað frumvarpið, og er álit hennar um það á þessa leið.

Um 2. gr.

Fjárveiting sú, sem hér er farið fram á, er að eins endurveiting, og er ekkert við það að athuga.

Um 3. gr.

Nefndin hefir eftir föngum kynt sér verk það, er Jón húsasmiður Sveinsson hafði með höndum á sínum tíma, að gjöra áætlanir og uppdrætti um landsspítala. Eftir framkomnum upplýsingum áltur nefndin 400 kr. hæfilega þóknun fyrir umgetinn starfa.

Um 4. gr.

Í athugas. við frv. undir tölul. 1. við þessa gr., er skýrt frá gangi máls þessa um brúna á Lagarfljóti; þar er einnig greint frá þeim skoðanumun, sem komið hefir fram á milli verkfræðings Sigurðar Thoroddsen og félagsins Smith Mygind & Hüttemeier, sérstaklega um það, hvort full ástæða hafi verið til, að hætta við brúarbygginguna á Lagarfljóti næstl. sumar.

Félagið vill halda því fram, að nóg efni hafi þá verið fyrir hendi, þótt brúin hefði verið gjörð hærri — og lengri — en áætlað var, eftir mælingu Barths. Hinn verkfróði ráðanautur sjórnarráðsins, forstjóri Windfeld Hansen, virðist og vera eindregið á því, að engin nauðsyn hafi verið til að láta hætta vinnunni.

Nefndin lítur svo á, að hér sé um mjög þýðingarmikið atriði að ræða í máli þessu, því verkfallið við brúna hefir fyrst og fremst í för með sér beinan, aukinn kostnað við brúargjörðina, og í annan stað missa hlutaðeigandi héraðsbúar að minsta kosti um 2 ár hagnaðinn og þægindin af því, að fá brúna fullgerða og til notkunar.

Það virðist svo, sem stjórnarráðið hafi eigi fylgt máli þessu fram með svo miklum áhuga sem æskilegt hefði verið; að minsta kosti sést eigi, að nokkuð hafi verið gert í málinu frá því forstjóri Windfeld Hansen semur álitsskjal sitt dags. 25. nóv. f. á. og til 20. júní þ. á., þá er stjórnin sendir þetta bréf, ásamt aðalskjölunum til landshöfðingja, en eftirrit af samningnum við Smiths Mygind & Hüttemeier og Thor E. Tulinius, sem þó virðast hafa átt að fylgja (sbr. athugas. við frumv.), vantar. Af þessu leiðir, að verkfræðingi Sigurði Thoroddsen hefir eigi gefist kostur á að sjá bréf félagsins Smith M. & Hüttemeier, þar sem haft er á móti ráðstöfunum hans, og þar sem einnig er sett fram frambaldstilboð félagsins eftir öðrum mælikvarða, en hann hafði viðhaft, — né heldur umsögn forstjóra Windfeld Hansens um tilboð þetta, og aðgjörðir nefnds verkfræðings í þessu brúarmáli.

Þetta þykir nefndinni þó að nauðsynlegt hefði verið, að leita umsagnar verkfræðing S. Th. um málið, eins og það nú liggur fyrir.

Eftir þeim skjölum einum, sem fyrir liggja, sér nefndin eigi, að úr því verði skorið með fullri vissu, hvort verkfallið við brúargjörðina hafi verið fyllilega réttmætt eða eigi; en þetta verður nefndin að telja mjög þýðingarmikið og vill skora á stjórnina að sjá um, að það verði rannsakað til hlítar.

Komi það í ljós, að full ástæða hafi verið til, að láta hætta við brúargjörðina, og félagið Smith Mygind & Hüttemeier sé þar í sök, að því leyti, að eigi hafi verið nægilegt efni fyrir hendi samkvæmt gjörðum samningi, þá vill nefndin leggja það til, að félaginu séu eigi útborgaðar þessar upphæðir í fyrirleggjandi tilboði félagsins um að fullgjöra brúna:

- | | |
|---|----------|
| 1. Laun og ferðakostnaður verkamanna, er urðu að hætta vinnu við brúna í fyrra, m. m. | kr. 1960 |
| 2. Eyðilagt sement | — 80 |
| 3. Eyðilagt Carbolineum | — 90 |

Samtals: kr. 2130

Komi það á hinn bóginn í ljós að staðhæfing félagsins sé rétt um það, að efni hafi verið nóg fyrir hendi, ekki einungis til að fullgjöra brúna samkv. hinum upprunalega samningi, heldur líka til að byggja hana að mestu leyti með þeirri hækkun og viðbót, sem nú er farið fram á, þá verður nefndin að telja það mjög miður farið, að verkfræðingur landsins skyldi láta hætta verkinu í

miðju kafl. Nefndin verður og þá eindregið að fallast á þá tillögu stjórnarráðsins, sem byggð er á ummælum forstjóra Windfeld Hansens, að annar verkfræðingur en herra Sigurður Thoroddsen verði tekinn til að hafa umsjón við brúargjörðina.

Ennfremur verður nefndin að vera stjórnarráðinu samdóma um, að störf verkfræðings Sig. Thoroddsens séu orðin svo umfangsmikil, að ekki megi missa hann frá þeim, til að standa fyrir brúarbyggingunni.

Samkvæmt tillögum forstjóra Windfeld Hansens er það fé, sem á vantar til að fullgjöra brúna og ferjuna við Steinsvað, áætlað 25,000 kr.

Nefndin hefir leitazt við að gjöra sér grein fyrir hvernig þessi auka-kostnaður muni koma niður, og gjörir um hann þessa áætlun:

1. Til þess að fullgjöra brúna samkvæmt tilboði félagsins Smith Mygiud & Hüttemeier	kr. 14160
2. Til sama félags fyrir verkfall og fl.	— 2130
3. Til vegagjörðar	— 1500
4. Til ferjunnar alt að	— 500
5. Til flutninga	— 2000
6. Til verkfræðings og óvissra útgjalda	— 2710
Samtals:	kr. 23000

Samkvæmt þessari áætlun byggur nefndin, að færa megi gjaldliðinn niður um 2000 kr.

Þó skal það tekið fram, að nefndin vill hér eigi spara fé til þess að verkið við brúna og ferjuna verði svo vel af hendi leyst sem kostur er á, en væntir hins vegar að þessi fjárupphæð muni nægja til þess.

Við 2. og 3. tölul. 4. gr. hefir nefndin ekkert að athuga.

Nefndinni hefir borizt bréf frá landshöfðingja, þar sem þess er farið á leit, að veittar verði á þessum fjáráukalögum 27000 kr. til þess að koma upp sóttvarnarhúsum í kaupstöðum landsins, samkvæmt því sem fyrir er mælt í frv. til laga — er nú liggur fyrir þinginu — um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Nefndin er landshöfðingja samdóma um, að ef frumv. verður að lögum, þá sé nauðsynlegt fyrir stjórnina að hafa þessi sóttvarnarhús til taks svo fljótt sem hægt er. En með því að ætla má, að þau verði lítið notuð, ef eigi verður hægt að hafa annað gagn af þeim en eingöngu til sóttvarna gegn sjúkdómum er berast frá útlöndum, þá hyggur nefndin, að komast mætti af með nokkru minna fé til þeirra, en stjórnin fer fram á.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að þessi fjárveiting verði tekin inn á fjáráukalögin þannig:

Til sóttvarnarhúss í Rvík með áhöldum 6000 kr. og 4000 kr. til hvers sóttvarnarhúss í hinum 3 kaupstöðunum, eða samtals 18000 kr.

Ennfremur hefir nefndinni borizt bréf frá stiftsyfirvöldunum, þar sem farið er fram á, að tekin verði inn á frv. fjárveiting — að upphæð 590,56 kr. — til Vallnaprestakalls í Eyjatjardarprófastsdæmi fyrir vantandi álag, innstæðu- fé m. m.

Málefni þessu er þannig varið, að dánarbú sr. Tómasar sál. Hallgrímssonar frá Völlum í Svarðardal hefir eigi getað staðið skil á nefndri fjárupphæð, er sundurliðast þannig:

1. Af álagi staðarins	kr. 222 56
2. Fyrir innstæðu	— 107 00
3. Fyrir 3½ kúgildi	— 252 00
4. ½ úttektarlaun prófasts	— 9 00

Samtals: kr. 590 56

Skiftum búsin er lokið og því engin von um, að fé þetta fáiist.

Að því er álagið snertir þá sýnist, eftir því sem á stendur, ekki verða komist hjá að veita það. En aftur virðist nefndinni, sem innstæðuféð verði að falla niður, og sér heldur ekki fært að leggja það til, að kúgildin séu viðrétt.

Nefndin leggur því til, að tekin sé inn á frv. ný gr., er verður 5. gr., og með henni veitt:

1. Af álagi Vallastaðar	kr. 222 56
2. ½ úttektarlaun	— 9 00

Samtals: kr. 231 56

Þá hefir landshöfðinginn með bréfi dags. 4. þ. m. sent nefndinni bréf til hans frá ráðaneytinu fyrir Ísland dags. 25. f. m., þar sem skýrt er frá því, að félag eitt í Brüssel hafi boðið til að koma á þráðlausum rafmagnsskeytum milli Íslands og útlanda. Felur ráðaneytið landshöfðingjanum á hendur að útvega heimild alþingis til þess að verja megi til fyrirtækis þessa fé því, sem í fjárlögum fyrir árin 1902 og 1903, 12. gr. D, er veitt til ritsímalagningar, og hefir landshöfðinginn skorað á nefndina, að taka viðaukatillögu um þetta upp á fjárlögum. Nefndin hefir verið fús til að taka áskorun þessa til greina þannig, að stjórninni veitist heimild til að verja til fyrirtækisins meira eða minna af þeim 35000 kr., er ræðir um í áðurnefndum staflíð fjárlaganna. Þar sem ekkert tilboð eða upplýsingar um málið lá fyrir nefndinni, telur nefndin sjálfsagt, að væntanlegur samningur um þetta málefni verði, áður en hann er undirskrifður af stjórninni, borinn undir alþingi, sem þá má telja víst, að verði fúst til að veita það fé, er nauðsynlegt er frá vorri hálfu, til þess að fyrirtækið geti fengið framgang. Einnig vill nefndin óska þess að fleiri félögum, og sérstaklega Marconifélaginu í Lundúnum, sem þegar hefir gegnum umbodsmann hér breyft þessu máli utanþings við þingmenn, verði gjörður kostur á að semja við stjórnina um málið.

Frá sýslunefnd Rangárvallasýslu er framkomin beiðni um eftirgjöf á 6000 kr. láni úr landssjóði, er tekið var næstl. vetur til að verjast landbrotum af Þverá.

Eins og mál þetta liggur fyrir, sér nefndin eigi fært að fallast á það, en vill leggja það til, að vextirnir af láni þessu verði sýslusjóðnum eftirgefnir fyrir fjárhagsbilið.

Þá er enn fremur — á síðustu stund — komin málaleitun frá Búnaðarfélagi Íslands um það, að veita stud. polyt. Jóni Þorlákssyni í Kaupmannahöfn 3000 kr. til byggingarannsóknna hér á landi.

Nefndin er búnaðarfélaginu samdóma um, að nauðsynlegt sé, að taka sem fyrst upp aftur þetta rannsóknarstarf, og með því að henni er kunnugt um, að maður sá, sem í boði er til þessa starfa, hefir getið sér lofsverðan orðstír — þá vill hún leggja til að þessar 3000 kr. verði teknar inn á frv.

Nefndin setti sér fyrir þegar í byrjun þá grundvallarreglu, að taka eigi inn á fjáráukalög þessi aðrar upphæðir en þær, sem teljast mætti með öllu óhjákvæmilegar, og þegar af þeirri ástæðu hefir hún eigi séð sér fært að sinna fjárbænum þeim, er henni hafa borizt frá nokkrum einstökum mönnum.

Breytingartillögur nefndarinnar verða samkvæmt því, sem að framan er sagt, þessar:

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til lækna-skipunarinnar, veitast:

1. Til Jóns húsasmiðs Sveinssonar fyrir vinnu við að gera áætlanir um landsspítala	kr.	400
2. Til sóttvarnarhúsa:		
a. I Reykjavík	kr.	6000
b. Á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði	4000	
kr. til hvers	—	12000
		— 18000
		kr. 18400

2. Við 4. gr.

I staðinn fyrir 43,200 kr. komi: 41,2000. Samlagningin breytist eftir því.

3. Á eftir 4. gr. komi:

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna A. í þarfir andlegu stéttarinnar, veitast:

1. Til lúkningar álagi á prestsetrið Velli í Svarfaðardal . .	kr.	222 56
2. Til prófests Eyfirðinga $\frac{1}{2}$ kostnaður hans við úttekt þessa	—	9 56
		kr. 231 56

4. 6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til vís-inda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, veitast:

Til stud. polyt. Jóns Þorlákssonar í Kaupmannahöfn — fyrir árið 1903 — til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð, alt að 3000 kr. Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. Aftan við frv. komi þessar viðaukatillögur:

a. Fjárveitingunni undir 12. gr. staflð D. í fjárlögum 1902 og 1903 má verja til þess, að koma á samningum um þráðlausa firðritun milli Íslands og útlanda, og milli 3—4 stöðva á Íslandi, að því áskildu, að þessir samn-ingar verði lagðir undir atkvæði alþingis áður en þeir eru fullgjörðir.

b. Sýslusjóði Rangárvallasýslu veitist fyrir yfirstandandi fjárhagstimabil eftirgjöf á vöxtum af 6000 kr. láni úr landssjóði, sem tekið var næstl. vetur til fyrirhleðslu í skörð, er þverá braut gegnum bakka sína.

Samlagningin og tölurnar í 1. gr. breytast samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Neðri deild alþingis 7. ágúst 1902.

Tryggvi Gunnarsson,
formaður.

Arni Jónsson,

Björn Kristjánsson.

skrifari og framsögumaður.

Hermann Jónasson.

Ó. F. Davíðsson,

með fyrirvara.

Magnús Anrésson.

Stefán Sefánsson.

Ed.

66. Frumvarp

til laga um að selja salt eftir vikt. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Allir kaupmenn, verzlunar-umboðsmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi fyrir eigin reikning eða í umboði annara, skulu hvort sem verzlun þeirra fer fram á sjó eða landi selja salt eftir vikt.

2. gr. Brjóti nokkur gegn fyrstu grein skal hann sæta 100—500 kr. sektum, er renna að $\frac{2}{3}$ í landssjóð og að $\frac{1}{3}$ til uppljóstrarmanns.

3. gr. Með mál út af lögum þessum skal farið, sem opinbert lögreglumál.

4. gr. Með lögum þessum eru lög um að selja salt eftir vikt 24. nóv. 1893 úr gildi numin.

Nd.

67. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá.

Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson, Þorgr. Þórðarson, Þórður Thoróddsen, Björn Kristjánsson, Jón Magnússon.

Í stað orðanna: »þeim hluta láns« komi: »láni«.

Á eftir orðinu: »Rangárvallasýslna« komi: »og jafnaðarsjóði Suðuramtsins«.

Á eftir orðunum: »fellur niður« komi: »að helmingi«.

Í yfirskriftinni breytist orðið »uppgjöf« í »helmingsuppgjöf«.

Nd.

68. Frumvarp

til laga um síldarnætur.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Þegar síldarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skal skýra lögreglustjóra frá því. Þegar síldarnæturnar hafa verið notaðar við veiðar, má ekki flytja þær aftur frá landinu.

2. gr. Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða sektum frá 50 til 500 kr., sem renna í landssjóð. Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.

Nd.

69. Nefndarálit

um frumvarp til laga um manntalsþing.

Vér, sem háttv. deild kaus í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um manntalsþing, erum allir á því, að manntalsþingin séu orðin svo þýðingarlitil, að leggja meg þau niður í þeirri mynd sem þau hingað til hafa borið.

Vér erum og á því, að ekkert verulegt sé að athuga við frumvarpið.

Þó teljum vér rétt að skylda gjaldenda til að sækja hin nýju manntalsþing verði beinlínis upphafin.

Vér teljum og rétt, að það sé skýrt tekið fram, að sýslumaður beri ábyrgð á innheimtu hreppstjóra gagnvart landssjóði.

Loks erum vér því eigi mótfallnir að orðið «sinum» í 3. gr. falli burt.

Tillaga vor til deildarinnar er því sú, að frumvarpið verði samþykkt með þeim viðbótum að aftan við 1. gr. bætist:

»Jafnframt er skylda gjaldenda til að sækja manntalsþing afnumin«.

Það aftan við orðin: »sýslumaður má« í 3. gr. bætist: »á eigin ábyrgð« en að úr 3. gr. frumvarpsins falli orðið »sinum«.

Nedri deild alþingis.

Lárus H. Bjarnason, Eggert Benediktsson, Jón Jónsson, Stefán Stefánsson þm. Eyf. form.

Eg hefi eigi getað orðið með öllu samdóma meðnefndarmönnum mínum um framanritað álit. Þótt eg verði að játa, að manntalsþing muni vera orðin nú fremur þýðingarlitil, svo að vera meg að leggja mætti þau niður, þá get eg samt eigi séð að rétt sé að hrapa svo mjög að þessu, að samþykkja frumvarp þar um á þessu aukþingi. Annars hefi eg eigi álitíð þörf að gjöra ágreiningsálit í þessu efni.

Jón Magnússon,
skrifari.

Ed.

70. Frumvarp til viðaukalaga

við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50 til 1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

2. gr. Hérlandur maður, er leggur það í vana sinn að dvelja á útlend- um botnvörpuskipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því ári gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eftir 1. gr. Sömu hegningu skal hver sá hérlandur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpu- skipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann

geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minnsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

3. gr. Ákvæði undanfarinna greina gilda eigi um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

4. gr. Skipstjóra þann, er gjörir sig sekan í itrekuðu broti eða broti, er mjög mikið kveður að, gegn 1. gr. laga 6. apríl 1898, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. gr. þeirra laga, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi, 26. gr.).

Nd.

71. Breytingartillögur

við frv. til laga um gagnfræðaskóla í Akureyrarkaupstað. Frá Guðl. Guðmundssyni og Péttri Jónssyni

1. Við 1. gr. Í stað: »Akureyrarkaupstað« komi: »Norðurlandi«.
2. — - — Í stað »25.000« komi »45.000«.
3. — 2. — Greinin falli burt.
4. — 6. — Greinin falli burt.
5. — fyrirsögnina: Í stað »gagnfræðaskóla í Akureyrarkaupstað« komi »breyting á lögum 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum«.

Nd.

72. Nefndarálit

um frumvarp til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Neðri deild alþingis skipaði oss í nefnd til að ihuga frumvarp þetta, og skulum vér nú skýra frá skoðun vorri á því.

Það hefir verið kvartað mjög um það undanfarið bæði í ræðum og ritum, að sóttvarnir gagnvart útlöndum væru orðnar ærið ónógar, og þess krafist að ný sóttvarnarlög gegn innflutningi erlendra sótta yrðu sett, sem ættu við ástandið hér. Reynsla hinna síðari ára hefir sýnt það ljóslega, að umkvartanir þessar og kröfur hafa verið á rökum byggðar. Því verður nefndin að lýsa ánægju sinni yfir því, að frumvarp það, sem hér um ræðir, er fram komið, einkum af því að svo virðist sem fyrir mæli þess tryggi yfirleitt, eftir því sem má, varnir gegn erlendum sóttum, og eigi vel við ástandið, eins og það er hér nú. Um breytingar þær, sem í frumvarpinu er farið fram á, að gjörðar séu á hinum gildandi lögum, er rækilega skýrt frá í athugasemdunum við frumvarpið. Þykir því engin þörf á að ræða frekara um það atriði hér.

Nefndin hefir að mestu leyti fallið á ákvæði frumvarpsins, en fundið þó ástæðu til að gjöra við það nokkrar verulegar efnisbreytingar, sem aðallega eru teknar upp úr frumvarpi Guðmundar héraðslæknis Björnssonar, sem lagt hefir

verið til grundvallar fyrir frumvarpi því, er hér ræðir um, svo sem tekið er fram í athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar. Aðal efnisbreytingar þær, sem nefndin fer fram á, eru á 4. gr., 14. gr., 15. gr. og 16. gr. Í 4. gr. frumv. Guðmundar héraðslæknis Björnssonar eru tekin upp fyrirsmæli um að banna íslenskum skipum öll náin mök við útlend fiskiskip, og er það í samræmi við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 8 frá 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveidum, eins og það var samþykkt á alþingi 1899 (Alþ.tíð. '99 C. bls. 587).

Að vísu var í þessu frumvarpi að eins talað um botnverpinga. Stjórnin hefir eigi getað fallið á svo víðtækt bann gegn samgöngum við utanríkisfiskiskip, að því er virðist aðallega af því, að ekkert muni unnið í heilbrigðislegu tilliti við bann þetta, að bann þetta væri ísjárvert frá alþjóðlegu sjónarmiði, og að það gæti komið í bága við hagsmuni landsmanna sjálfra. Nefndin getur nú eigi fallið á það, að ekkert væri unnið í sóttvarnarlegu tilliti við slíkt bann, og metur hagsmunina minna en sóttthættu þá, er af viðskiptunum kann að leiða. Áftur á móti verður nefndin að taka gilda mótbáru stjórnarinnar frá alþjóðlegu sjónarmiði gegn svo víðtæku banni. Því hefir nefndin í samráði við Guðmund héraðslæknis Björnsson farið þann meðalveg í tillögum sínum, að banna íslenskum skipum að taka farangur úr utanríkisfiskiskipum utan hafna. Nefndin hyggur að slíkt bann sé óaðfinnanlegt frá alþjóðlegu sjónarmiði, en muni að minsta kosti takmarka mjög samgöngur landsmanna við botnvörpuskip, og sóttthætta af slíkum samgöngum þannig minka. — Breytingar, þær er nefndin í samráði við frv. Guðmundar héraðslæknis Björnssonar, vill gera á 14.—16. gr. eru ekki eins víðtækar eins og í fljótu álitu mætti halda. Nefndin getur ekki hugsað sér, að hægt sé að koma fyrir, svo að tryggilegt sé, eftirliti því í landi, sem gert er ráð fyrir í 14.—16. gr. stjórnarfrv., og telur tryggilegar varúðarreglur í þessu efni að eins mögulegar með sóttkvíun, eftir því sem hér hagar til. Nefndinni hefir þótt réttara að lögin tiltækju ekki neitt um það sérstaklega fyrir hverja sótt, hve lengi skipið yrði talið sóttgrunað eða fólk af því, heldur að eins umgjörðina, en ætlast til að slíkt sé gjört með nákvæmum fyrirsmælum í reglugjörð fyrir sóttvarnarnefndir, og að fyrirsmæli þessi eigi að vera svo löguð, að þau fyrirbyggji frekari hindranir á samgöngum, er þörf er á vegna sóttvarna. Nefndin hefir talið rétt, að láta fyrirsmæli 14. gr. ná og til mislinga og skarlatssóttar, sumpart af því að það er miklu meiri þörf að hafa sem tryggilegastar varnir gegn þessum sóttum, sem eftir reynslu liðinnar aldar er hætt við að komi hingað, heldur en gegn pest, austurlenzkri kóleru eða hitasótt, sem tiltölulega eru sáralítil líkindi að komi hingað, og sumpart af því, að nefndin treystir því að þessi ákvæði verði ekki til hindrunar samgöngunum meira en góðu hófi gegnir. Ákvæðum 14. gr. verður því að eins beitt, að því er snertir mislinga og skarlatssótt, 1) að skipið komi frá stað, er auglýst er um samkvæmt 24. (23.) gr., að þessar sóttir gangi þar, eða þess sé getið í sóttgæzluskírteininu, að svo sé, 2) að skipið hafi haft mök við annað skip meingæð mislingum eða skarlatssótt, 3) að í skipinu séu eða hafi verið á leiðinni menn sjúkir eða dauðir af mislingum eða skarlatssótt.

Við þetta er að athuga: Við 1. að mislingar og skarlatssótt, eru ekki

auglýstar sóttir, nema þegar svo stendur á, sem segir í 24. (23). gr., eða þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, að þessar sóttir gangi á brottfararstaðnum, en sóttgæzluskirteini geta ekki um þessar sóttir, nema þegar þær séu mjög útbreiddar og skæðar, og þegar því svo stendur á, að sóttirnar eru auglýstar, eða þeirra getið í sóttgæzluskirteini, þá er mikil hættu á ferðum, og þá er nauðsyn að hafa góðar gætur á. Við 2. Slíkt muni koma örsjaldan fyrir, nema ef til vill, þá er um samgöngur opinna báta við botnvörpuskip er að ræða, og mundi því varla hindra eðlilegar samgöngur mjög. Við 3. Sama er að segja um það, að eftir reynslu undanfarinna ára mundi eigi ótilhlýðilega hindraðar samgöngur, er í skipinu hafa verið á leiðinni, sjúkir menn eða dauðir af erlendri sótt (mislingum eða skarlatssótt). Þetta kemur ekki oft fyrir, líklega ekki nema á margra ára fresti, en þegar svo ber til, þá er öll ástæða til að fara varlega. Gegn mót-bárum stjórnarinnar hefir nefndin eigi séð sér fært að taka upp influenza meðal erlendra sótta, en látið sér nægja að svo stöddu, að fyrirmæli 24. gr. (23. gr.) giltu um þá sótt.

Nefndin vill gera þá efnisbreytingu á 8. gr., að sóttgæzlumaður sé ekki ávalt skyldur til að veita skipi sóttgæzluskirteini, þegar svo stendur á, sem ræðir um í 2. málsg. þessarar gr. frumvarpsins, og ætlast nefndin til, að um þetta atriði verði gefnar nákvæmar reglur í reglugiðrið fyrir sóttvarnarnefnd til þess að fyrirbyggja að sóttgæzlumaður noti ekki þessa heimild sína, nema full ástæða sé til. Aðrar efnisbreytingar eru óverulegar og þykir því eigi þörf á að tala um þær. Þess skal getið að þetta lagafrumvarp virðist eigi munu leggja þyngri byrði á landsjóð en hin gildandi lög. Nefndin óskar að frumvarp Guðmundar héraðslæknis Björnssonar verði prentað í þingtíðindunum.

Vér ráðum því hinni háttvirtu deild, að samþykkja frumvarpið með breytingum þeim, er hér skal greina:

1. Í 1. gr.: Í stað »hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvaldi« komi: »heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á«, og í stað: »vegna sótthættu innflutning á« komi: »að flytja inn vegna sótthættu«.
 2. Í 2. gr.: »ætlað að hafa samband« komi »vill hafa samband« og í stað »íbúana« komi »landsbúa«.
 3. Framan við 4. gr. bætist: »Íslensk skip skulu ekki utan hafna, kvorki innan landhelgi né utan, taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýn nauðsyn beri til«.
- Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar: »nema nauðsyn gangi til« komi: »nema brýna nauðsyn beri til«.
4. Í 5. gr. 3. Í stað: »búsetu þar á staðnum« komi: »búsettur þar«, og í stað niðurlagsins: »Sýslumaður er — umboðsmaður hans það«, komi: »Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður«.
 5. Í 6. gr. komi: »Sóttvarnarnefnd sú, er í hlut á«, í staðinn fyrir: »Hlutaðeigandi sóttvarnarnefnd«. Á eftir orðunum: »eftir þörfum« bætist: »til þess að fara tafarlaust í húsin«.
 6. 8. gr. 1. málsg. orðist þannig: »Nú er sóttgæzluskirteini skipsins í lagi, og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins, hafi gengið neinn næmur

sjúkdómur, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur gæti legið á um að séu næmir.

7. Í 8. gr. 2. málsg. eftir orðunum: »engu að síður« bætist við: »að jafnaði«.
8. Í 8. gr. 3. málsg. Á eftir orðunum: »hafi verið að ræða« bætist: »eða grunur er á um, að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, sé eigi full tryggilegt«.
9. Í 10. gr. 4. Í stað: »hætt« komi: »um garð gengin«.
10. Í 11. gr. 1.: Á eftir orðunum: »getið er« komi: »um«, og í 11. gr. 3.: Á eftir orðunum: »hafa verið«, komi: »á brottfararstað þess eða«.
11. Í 13. gr.: Í stað: »nema skipstjóri — — — læknir býr« komi: Þó skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar. þar sem læknir býr«.
12. 14. gr. orðast þannig: »Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkt eða dáið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því, er skipið hafði síðast mök við sóttmeingað bygðarlag eða skip«.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gjörist, sóttkvía skipið, þar til er sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkt á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur er slíku skipi eru settar samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og bygðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

13. Í 15. gr.: Orðin: »en enginn hefir fengið — — — síðustu 12 daga« og »þó skulu þeir sem koma á skipinu — — — 14 dögum frá komu skipsins« falli burt.
14. Í 16. gr.: Orðin: »eða þá hafa verið það — — — síðustu 12 daga«, falli burt. 2. töluliður færir fram fyrir 1. tölulið og verði 1. töluliður, en 1. töluliður verði aftur 2. töluliður.

Í stað orðanna: »í 10 daga frá því skipið var sótthreinsað — — — 14 daga eftir að skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir í land« komi: »þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir í land«.

15. 22. gr. falli burtu, og breytist þar eftir tala eftirfarandi greina.

16. Í 24. gr. (23 gr.): Á eftir »mislingar« falli burt: »eða« og á eftir »skarlatssótt« bætist »eða influenza«. Í stað »skæðir« komi: »útbreiddir«.
17. Í 29. gr. (28. fr.). Í stað »sóttvarnarnefnd« komi: »söttgæzlumanni«.

Neðri deild Alþingis 7. ágúst 1902.

Þórður J. Thoroddsen, Jón Magnússon, Þorgr. Þórðarson.
formaður og framsögumaður. skrifari.
Ari Brynjúlfsson. Stefán Stefánsson, þm. Eyf. Björn Bjarnarson.
Sighvatur Arnason.

Nd.

73. Erindi

til landshöfðingjans yfir Íslandi um ný sóttvarnarlög. Eftir Guðmund Björnsson héraðslækni.

(Fylgiskjal við álit sóttvarnarlaganefndar).

Hver þjóð gerir greinarmun á þeim farsóttum, sem að staðaldri gera vart við sig (heimasóttir) og hinum, sem ekki eiga heima í landinu, en koma eða geta komið við og við annarstaðar að, úr öðrum löndum (aðkomusóttir erlendar sóttir).

Sumar hættulegustu farsóttirnar ala aldur sinn í heitu löndunum, en eiga hvergi fast heimili í álfi vorri, og þess vegna hafa komist á ýms samtök meðal Norðurlálfþjóðanna, er miða að því, að vernda álfuna í heild sinni fyrir þeim. Af slíkum sóttum má nefna pest, kólera og gula hitasótt.

Allar síðaðar þjóðir láta sér ant um að varna því, að erlendar sóttir berist til þeirra.

Hér á landi eru heimasóttirnar talsvert færri en í nálægum löndum, sökum þess, að landið er afskekt, fáment og strjálbyggt. Skarlatssótt, mislingar, influensa, kíghósti og nokkrar aðrar minni háttar sóttir eiga hér ekki heima, eru hér ekki að staðaldri, enda þótt þær séu heimasóttir í flestum nálægum löndum. Reynslan hefir sýnt, að sumar þessar heimasóttir nágrannarþjóðanna hafa oftsinnis gert afarmikið tjón, þá er þær hafa borist hingað til landsins, svo að brýn þörf er á því, að þeim sé af fremsta megni varnað að komast hér á land.

Vér eigum þannig fleirum aðkomusóttum að verjast, en aðrar þjóðir; að því leyti eru sóttvarnir gaguvert útlöndum erfiðari hér en annarstaðar.

Hins vegar er landið afskekt eyland, og af því leiðir, að hér er ekkert annað að óttast en skip, sem koma frá útlöndum; að því leyti erum vér vel settir, því að þar sem lönd liggja saman er öll millilandasóttvörn miklu erfiðari.

Þó að mest sé um vert, að erlendum sóttum sé varnað inn í landið, þá liggur það í hlutarins eðli, að sóttgæsla á aðkomuskipum verður einnig að miða að því, að aðrir næm-ir sjúkdómar nái ekki að berast af skipsmönnum á landsmenn.

Þau lagaákvæði, er lúta að vörnum gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, eru í marga staði úrelt og ónóg; það hefir reynslan sýnt svo ljóslega og aldrei betur en á síðari árum, svo ekki virðist þörf um það að ræða, enda hefir amtmaður Páll Briem nýlega ritað um þessi lög og bent á gallana (Lögfræðingur 2. árg. 1898, bls. 1—32 og 48—69).

Hitt er á að lita, hvernig þessi þáttur af sóttvarnarlöggjöf landsins verði færður í það horf, að hann sé viðunandi.

Ef lög eru sett um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, þá verða þau að stefna að því markmiði, að ekkert aðkomuskip eigi mök við landið fyrr en heilbrigðisstjórn landsins hefir aðgætt skipið og aflað sér tryggingar fyrir því, að næmur sjúk-

dómur berist ekki úr skipinu á landsmenn. Sem aðkomuskip verður að telja hvert það skip, er að landi leggur, 1) ef það hefir síðast lagt út frá útlöndum — 2) ef það hefir utan hafna tekið við mönnum eða farangri úr öðrum skipum, þeim er síðast hafa lagt út frá útlöndum.

Að þessu takmarki eiga lögin að stefna og ber jafnan að hafa það fyrir augum og leitast við að gera lögin svo úr garði, að takmarkinu verði náð á sem tryggilegastan og hagkvæmastan hátt, svo tryggilega, að landsmönnum sé sem minst hættu búin af erlendum sóttum, svo hagkvæmlega, að verzlunarmök við önnur lönd og samgöngur biði sem minstan boga af sóttgæzlunni.

Í öðrum löndum hafa menn meiri og betri reynslu í þessum efnum, en vér höfum, og er því nærri sanni að ætla, að hér á landi mundu koma að góðu haldi sams konar eða sviplík lög og þau, sem í gildi eru í öðrum löndum, þar sem sóttvarnir eru í beztu lagi, eins og t. d. í Danmörku.

En slík ætlan er ekki alls kostar rétt.

Hér á landi er miklu öðru vísi ástatt að því, er skipakomur snertir, en í flestum öðrum löndum. Þessi mikli munur er í því fölginn, að hingað til landsins leitar á ári hverju stór floti af útlendum fiskiskipum, — svo stór í samanburði við aðrar skipakomur (^{3/1}), að nokkuð þvílíkt á sér hvergi stað í nálægum löndum (nema ef vera skyldi í Færeyjum). Þessi fiskiskip sveima kringum landið fram og aftur, en hafa flest ekki verið hér inni á höfnunum og gert grein fyrir heilsufari sínu; að þessu eru nú miklu meiri brögð en nokkru sinni áður.

Allar skipakomur hingað til landsins hafa aukist á síðari árum.

Tölur þær, er hér fara á eftir, sýna þessa aukningu að því, er snertir verzlunarskip og farþegaskip (Stjórnartíðindi, C-deild 1883 bls. 83—84 og Landshagsskýrslur 1899, bls. 207—208).

Skipakomur frá

Árið	Danmörk	Noregi	Bretlandi	Öðrum löndum	Útlöndum samtals
1878	130	35	56	10	231
1898	73	67	168	25	331

Margfalt meiri er þó aukningin að því er snertir þau skip, er koma hingað frá útlöndum til fiskiveiða. Fyrir 20 árum sóttu ekki að neinum mun aðrar þjóðir hingað til fiskiveiða en Frakkar, og munu Íslandsfórir þeirra hafa fremur fækkað en fjölgað. Aftur á móti reka Englendingar nú manna mest fiskiveiðar hér við land og nær því eingöngu á gufuskipum (botnvörpuskipum), sem fara mjög tíðar ferðir fram og aftur. Hið fyrsta enska botnvörpugufuskip var gert í Grimsby 1882. Síðan hefir þessum skipum óðum fjölgað, ár frá ári. Við lok ársins 1899 voru eimfiskiskipin orðin 370 í Grimsby og 340 í Hull; alls voru um það leyti til c. 1200 eimfiskiskip á Englandi og Skotlandi (Fiskeriberetning for Finanssaaret 1898—99 Pag. 258). Það er auðvitað mál, að þessi ensku eimfiskiskip fara ekki öll til Íslands, en mörg leita þau hingað og æ fleiri og fleiri ár frá ári.

Eg hefi beðið fiskifræðing landsins adjunkt Bjarna Sæmundsson að segja mér álit sitt það, hversu mörg útlend fiskiskip muni koma hingað til landsins árlega, og hefir hann tjáð mér, að hingað undir land muni nú á ári hverju koma að miusta kosti 800 útlend eimfiskiskip (100—120 skip, er komi hingað svo margar ferðir að nemi c. 800), flestöll frá Englandi, og yfir 200 seglfiskiskip, flest frá Frakklandi, nokkur frá Danmörku, Færeyjum og Noregi.

Á þessu sést, að hingað undir land koma árlega frá útlöndum að minsta kosti 1000 fiskiskip — líklega nær 1200 en 1000 — og alt útlit fyrir, að þeim muni fara fjölgandi.

Nú ber þess að gæta, að Íslendingar reka sjálfir fiskiveiðar með ströndum fram; lifir meir en þriðjungur þjóðarinnar á þessum atvinnuvegi; ganga til fiskiveiða hér um bil 2000 opin skip og yfir 130 þilskip (Landshagsskýrslur 1899, bls. 313 og 322); hittast hin innlendu og útlendu skip þrífaldlega á sjónum utan hafna, og má ganga að því vísu, að mikil innbyrðis mök verði milli þeirra, ef slíku eru eugin takmörk sett, enda hefir sú orðið reyndin á síðari árum, að landsmenn hafa víða við land átt dagleg nán mök við hin útlendu botnvörpuskip utan hafna og hafa fæst af þessum útlendu skipum nokkru sinni verið hér inni á höfnum. Alt öðru máli er að gegna um útlend verzlunarskip og farþegaskip; þau eru fyrst og fremst miklu færri og auk þess sigla þau að öllum jafnaði beina leið inn á hafnir, en dvelja ekki tímum saman í grend við strendur landsins, eins og fiskiskipin.

Af öllu þessu er augljóst, að íslensk sóttvarnarlög hljóta að taka sérstakt tillit til útlendra fiskiskipa, verða að fela í sér sérstök ákvæði, er veiti nægilega tryggingu fyrir því, að næmir sjúkdómar geti ekki borist úr slíkum skipum á land, og er meiri þörf á þessu nú en nokkru sinni áður.

Á þessum grundvelli hefi eg byggt tillögu þá, er hér fer á eftir.

Tillaga um frumvarp til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

I. Þáttur.

Orðaskýringar og meginreglur.

1. grein.

Í þessum lögum hafa þau orð og orðatiltæki, er hér fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvort þeirra fyrir sig, ef sú merking kemur ekki í bága við efnissambandið:

»Útlönd« merkir öll lönd önnur en Ísland;

»Skip« tekur yfir sérhvert fljótandi far;

»Aðkomuskip« merkir hvert skip, er hér kemur að landi,

1) ef það hefir síðast lagt út frá útlöndum,

2) ef það hefir tekið við mönnum eða farangri úr öðrum skipum, þeim er síðast hafa lagt út frá útlöndum, og er skipið aðkomuskip þar til er það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn;

»Sóttgæzluskírteini« merkir skírteini, er skip fær hjá heilbrigðisstjórninni á brottfararstað sínum, þess efnis, hverjar erlendar sóttir eða aðrir næmir sjúkdómar gangi þar á staðnum, eða á skipinu sjálfu;

»Erlendar sóttir« tekur yfir þær sóttir, er hér greinir: Pest, kólera, bólusótt, blóðsótt, útbrotta-taugaveiki, gul hitasótt, mislingar, skarlatssótt, innflúenza;

»Heilbrigðisvottorð« merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum, þess efnis, að ökkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt þessum lögum, að skipið hleypi mönnum eða farangri í land á íslenskum höfnum;

»Sóttgæzlumaður« er sá maður á íslenskum hafnarstað, er samkvæmt lögum þessum á að skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð;

»Höfn« merkir löggilt höfn;

»Kaupstaður« merkir löggiltur verzlunarstaður með kaupstaðarréttindum; nú sem

stendur eru 4 kaupstaðir á landinu: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Seyðisfjörður;

»Farangur« tekur yfir alla lausa muni á skipi;

»Bannaður farangur« merkir farangur, sem bannað er að flytja inn í landið vegna sótthættu.

2. grein.

Hvert það skip, er kemur frá útlöndum hingað til landsins og vill eiga mök við landsmenn, skal hafa sóttgæzluskírteini frá brottfararstað sínum, og skal það vera staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en ef hann er þar enginn, þá af yfirvaldi.

3. grein.

Ekkert aðkomuskip má hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á lögiltum höfnum, ef það er ekki nauðbeygt til þess.

4. grein.

Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi eða utan, taka við mönnum eða farangri, þar með talinn afli, eða eiga nokkur önnur náin mök við útlend fiskiskip, ef þau ekki eru nauðbeygd til þess.

Enginn húsráðandi skal að nauðsynjalausum leyfa inn í hýbýli sín eða eiga nokkur önnur náin mök við menn, er utan hafna kunna að fara á land úr útlendum fiskiskipum, ef hann ekki hefir fullgilda sönnun fyrir því, að landgangann sé þeim heimil samkvæmt lögum þessum.

II. Þáttur.

Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. grein.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum löggiltum verzlunarstað á landi hér.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera: — 1) bæjarfógeti — 2) héraðslæknir — 3) einn maður úr bæjarstjórn, sá er bæjarstjórn kys til þess. Bæjarfógeti skal vera formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum löggiltum verzlunarstöðum skulu í nefndinni vera: — 1) sýslumaður — 2) héraðslæknir — 3) umboðsmaður sýslumanns, ef sýslumaður býr ekki á verzlunarstaðnum; ef sýslumaður býr á staðnum, þá skal sýslunefnd kjósa þriðja mann í nefndina. Sýslumaður skal vera formaður nefndarinnar; hann skal og vera sóttgæzlumaður, ef hann býr á verzlunarstaðnum; að öðrum kosti skal umboðsmaður hans vera sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu annast um, að lögum þessum sé framfylgt, og hvílir sú skylda á hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæjarstjórn og sveitastjórn, að aðstoða sóttvarnarnefndirnar við skyldustörf þeirra.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugerð handa sóttvarnarnefndum.

6. grein.

Í hverjum kaupstað á landinu skal vera sóttvarnarhús, og skulu þessi hús jafnan vera til taks með öllum útbúnaði, svo að í þau verði tafarlaust fluttir sjúkir meun af aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá.

Sóttvarnarnefndir kaupstaðanna skulu hafa umsjón yfir þessum húsum, annast viðhald á þeim og öllum inuanstokksmunum og ráða starfsmenn til þess að fara í þau tafarlaust, ef sjúklingar koma.

Hlutaðeigandi héraðslæknir annast lækningu á þeim sjúklingum, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsi, nema landshöfðingi eftir tillögum landlæknis skipi til þess annan lækni.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um afnot þessara sóttvarnarhúsa.

III. Þáttur.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

7. grein.

Ef aðkomuskip fer inn á íslenska höfn og vill hleypa mönnum eða farangri á land, en er ekki samkvæmt 11. gr. skyldugt að hafa uppi sóttvarnarveifu, þá skal skipstjóri einn manna ganga á land, fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskírteini skipsins, ef til er, og gera grein fyrir heilsufari manna á skipinu; enginn annar má fara á land úr skipinu og enginn út í skipið úr landi, eða úr öðrum skipum, og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefir hitt sóttgæzlumanu og fengið hjá honum heilbrigðisvottorð.

8. grein.

Ef sóttgæzluskírteini skipsins er löglegt og ekki í því getið um, að á skipinu eða brottfararstað þess hafi gengið nokkur næmur sjúkdómur, og lýsi skipstjóri yfir því við sóttgæzlumann, að á skipinu séu ekki og hafi ekki á leiðinni verið neinir sjúkir menn eða lík, er grunur geti á leikið, að um næman sjúkdóm hafi verið að ræða, þá skal sóttgæzlumaður tafarlaust veita skipinu heilbrigðisvottorð.

Ef skipið hefir ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem ekki er löglegt (sbr. 2. gr.), þá skal sóttgæzlumaður engu að síður tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsingu um það, að á skipinu séu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn eða lík, er grunur geti á leikið, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða.

Nú getur sóttgæzluskírteini skipsins um næman sjúkdóm á brottfararstaðnum eða á skipinu sjálfu, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa á leiðinni verið á skipinu eða lík, og leikur grunur á því, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, þá skal sóttgæzlumaður fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð; skal hann þá gera héraðslækni viðvart og skal læknir rannsaka skipið og segja fyrir um, ef ástæða er til, hvernar varúðar skal gæta, til þess að næmir sjúkdómar berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gerist, má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð, þar til er sóttvarnarráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Nú er ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telur læknir tormerki á því, að sóttkvía sjúklinga af skipinn, og má þá vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, en þó því að eins, að sjúklingunum sé ekki hættu búin af þeim flutningi.

Ef skip strandar, þá skal sá, er stýrir björgun fólks og farangurs, annast um, að farið sé eftir fyrirmælum þessarar og 7. greinar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

9. grein.

Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara tíðar ferðir milli útlanda og Íslands, eftir auglýstri áætlun, svo mikla undanþágu frá ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gerlegt.

IV. Þáttur.

Um skip, sem skyldug eru að hafa uppi sóttvarnarveifu.

10. grein.

Í hvert sinn, þá er áreiðanleg fregn er fengin um það, að einhver erlend sótt, önnur en mislingasótt, skarlatssótt eða influensa, hafi gert vart við sig í einhverju bygðarlagi í

útlöndum, gefur ráðgjafi Íslands út auglýsingu um sóttina og bygðarlag það, er hún gengur í, og nálæg bygðarlög, ef þau virðast grunsöm, af því að ekki sé beitt fulltryggum vörnum gegn sóttinni.

Þessu skal þó ekki beitt, ef einungis ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og ekki er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Auglýsingu um erlenda sótt fellir ráðgjafi úr gildi með nýrri auglýsingu, þá er sönnun er fengin fyrir því, að enginn hafi tekið sóttina eða dáið úr henni í samfleytt 5–14 daga.

Landshöfðingi getur gefið út slíkar auglýsingar á sama hátt og ráðgjafi, ef hann fær fregnirnar áður en auglýsing er komin til hans frá ráðgjafa

11. grein.

Þá er svo stendur á:

1. að skip kemur frá, eða hefir á leið sinni átt mök við bygðarlag, sem auglýst hefir verið samkv. 10. gr., eða þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins um einhverja erlenda sótt, að hún gangi í brottfararstað þess;
2. að skip hefir á leið sinni átt mök við annað skip, og er grunur eða vissa fyrir því, að á því skipi séu eða hafa verið menn sjúkir eða dauðir af einhverri erlendri sótt;
3. að í skipinu sjálfu eru eða hafa verið, á brottfararstað þess eða á leiðinni, menn sjúkir eða dauðir, af einhverri erlendri sótt,

þá skal skipið í landhelgi við Ísland hafa gula veifu í toppi á framsiglu, en ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þar til er skipið eftur komið úr landhelgi, eða hefir tekið íslenska höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. grein.

Ef svo er ástatt fyrir skipinu, sem til er tekið í 11. gr. 1. og 2., og er ekki í því neinn bannaður farangur, þá er skipinu frjálst að leggja inn á hverja þá höfn, sem það kys sér.

Nú er svo ástatt fyrir skipinu, sem til er tekið í 11. gr. 3., svo og ef í því er bannaður varningur, þá skal það ekki leita hafna annarstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, ef það ekki er nauðbeygt til þess.

13. grein.

Enginn má fara á land úr skipi, sem skyldugt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, og enginn út í skipið úr landi eða úr öðrum skipum, nema í embættiserindi, fyr en skipið hefir fengið heilbrigðisvottorð.

Nú fer einhver út í slíkt skip, og er hann þá háður þeim sóttvarnarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd setur honum, og má, ef þörf gerist, beita við hann sömu aðferð, sem við þá, er komið hafa á skipinu.

14. grein.

Héraðslæknir, eða annar löggildur læknir, skal skoða skipið, og alla þá, sem á því eru.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkst eða dáið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess, né á leiðinni og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 14 dagar eru liðnir frá því, er skipið hafði síðast mök við sóttmeingað eða sóttgrunað bygðarlag eða skip.

Mú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sótt-

kvía skipið þar til sá tími er liðinn, sem á vantar. Að því liðnu skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað.

Ef skipið er herskip, og læknir á því, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Nú eru slíku skipi settar sóttvarnarreglur samkvæmt þessari eða næstu greinum, og skal birta foringja skipsins þær reglur, sem því eru settar.

15. grein.

Þá er svo stendur á,

1. að verið hafi á skipinu, á brottfararstað þess eða á leiðinni, sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlendan sjúkdóm hafi verið að gera,
2. að í skipinu er bannaður farangur, •

þá skal ekki veita skipinu heilbrigðisvottorð, fyr en það hefir verið sóttthreinsað eftir þörfum, og því lógað af bönnuðum farangri, sem ekki hefir verið unt að sóttthreinsa á skipinu, og skipið að því búnu sóttkvíað í 5—14 daga, eftir því, sem sóttvarnarnefnd mælir fyrir.

16. greir.

Nú eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir og ástæða til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að gera, þá skal sóttvarnarnefnd annast — 1. að lík séu flutt á land og jarðsett, — 2. sjúkir menn fluttir í sóttvarnarhús, — 3. skipið sóttthreinsað, — 4. því lógað af bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sóttthreinsa á skipinu, og — 5. allir heilbrigðir menn sóttkvíaðir, annaðhvort á skipinu, eða í sérstöku húsi á landi, þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sóttthreinsað, eða fólkið flutt á land.

17. grein.

Ef skipið leitar inn á höfn og skipstjóri lýsir yfir því, að hann komi einungis til þess að afla sér kola eða vista eða annara nauðsynja, eða til þess að fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja því til tryggingar, að erlend sótt herist ekki á land úr skipinu.

18. grein.

Ef um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksflutninga, eða skip, sem virðast vera afaróheilnæm, vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, þá getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eftir ákvæðum 16. gr., þó að önnur skilyrði fyrir því séu ekki til.

19. grein.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sóttthreinsun á skipum.

Ef sóttvarnarnefnd æskir þess, er skipshöfnin skyldug að vinna að sóttthreinsuninni af fremsta megni.

20. grein.

Ef skipið samkv. 12. gr. á að leita hafnar í kaupstað, en er nauðbeygt til að hleypa inn á einhverja höfn utan kaupstaða, þá skal sóttgæzlumaður þar á staðnum tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfariinna greina, að svo miklu leyti sem frekast er unnt.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er nokkur kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu, eða úr landi út í skipið.

Sóttvarnarnefndin skal skipinu til næsta kaupstaðar svo fljótt sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist og þess er kostur.

21. grein.

Ef skipið strandar, þá skal næsta sóttvarnarnefnd annast, að farið sé með fólk og farangur eftir fyrirmælum undanfarinna greina, að svo miklu leyti, sem frekast er unt. Ef skipið og farangurinn verður ekki geymt svo, að ekki standi sótthætta af því, þá skal floga öllu því, sem ekki er hættulaust.

Ef skip rekur á land eða bannaðan farangur, og eru líkur eða vissa fyrir því, að farangurinn sé úr sóttmeinguðu bygðarlagi, þá skal landseti gera næstu sóttvarnarnefnd viðvart; segir hún fyrir um björgun og meðferð á rekanum.

Nú eru hinir reknu munir álitnir sóttmeingaðir, og skal þá sóttkvía björgunarmennina eftir meginreglum undanfarinna greina.

22. grein.

Ráðgjafa Íslands eða landshöfðingja (sbr. 11. gr.) er heimilt að gefa út bann gegn því, eða binda það skilyrðum, að fluttir séu til landsins frá bygðarlögum, sem auglýst eru samkv. 10. gr., nokkrir þeir munir, sem ástæða er til að óttast, að sótt geti hlotist af þeim.

23. grein.

Ef einhver næmur sjúkdómur, annar en þeir, sem nefndir eru erlendir í lögum þessum, geisar í útlöndum og er mjög svæsinu, þá má, eftir konungsúrskurði, beita gegn þeim sjúkdómi öllum ákvæðum þessa IV. þáttar í lögnum.

V. þáttur.

24. grein.

Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum ber lækni borgun 4 kr., ef skipið er minna en nemi 60 smálestum, 6 kr. fyrir þaðan af stærri skip upp að 100 smálestum, og 10 kr. fyrir skip, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess ber að greiða lækni ferðakostnað, ef hann þarf að fara yfir land frá heimili sínu lengri veg, en nemi $\frac{1}{4}$ úr mílu, og dagpeninga, 4 kr. fyrir hverja 6 tíma, ef hann vegna skoðunargerðarinnar þarf að vera lengur burtu af heimili sínu en nemi einum 6 tímum, og heldur lækur þeim dagpeningum, ef þörf gerist, að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þar til er þeirri sóttkvíun er lokið.

25. grein.

Sóttvarnarhús þau, sem nefnd eru í 6. grein, skal reisa, út búa og halda við líði á landssjóðs kostnað, og skal sömuleiðis greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, er af þessum lögum leiðir, að því fráskildu, er hér greinir.

a) Skipið skal greiða þá þóknun til læknis, sem nefnd er í 24. grein, og sömuleiðis borgun fyrir flutning hans út í skipið og í land aftur.

b) Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. grein.

c) Ef skipið er útlent fiskiskip, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Þetta gildir og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenzka höfn og sóttvarnarnefnd álítur, að þau komi einungis vegna veikinda, enn fremur um íslenskt skip, ef þau hafa brotið fyrirmæli 4. gr. í lögum þessum,

d) Þá er svo er ástatt, sem til er tekið í staflíð b) og c), skal skipið sjálft auk þessa greiða allan legukostnað sjúklinga í sóttvarnarhúsi og útfararkostnað framliðinna. Svo skal og vera, ef sjúklingar þeir, er í sóttvarnarhúsi eru settir, hafa ekki erlenda sótt, heldur einhvern annan næman sjúkdóm.

e) Þann kostnað, er af lögum þessum leiðir, þá er skip strandar, skal greiða af strandinu, að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

f) Ef einhver í forboði þessara laga fer út í skip, sem skyldugt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, þá skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljóta, að svo miklu leyti sem efni hans brökkva til, og skal taka þann kostnað lögtaki, ef þörf gerist.

26. gr.

Landssjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af fyrirmælum þessara laga.

27. grein.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum þeim, er settar verða samkvæmt þeim, skulu koma sektir, 20—500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eftir almennum lögum; en þá er ákvæðin í 4. þætti laganna eru í gildi, skulu brot verða fangelsi (Almenn hegningarlög 26. gr.), eða sektum, 50—1000 kr., ef miklar málsbætur eru. Sæktirnar renna í landssjóð.

28. grein.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimtingu á því, að fá hjá sóttvarnarnefnd skírteini um það, hvort nokkur erlendur sjúkdómur, eða nokkur annar markverður næmur sjúkdómur gengur hér á brottfararstað skipsins eða í grendinni.

Nú hefir maður af skipi verið sóttkvíaður, og á hann heimtingu á vottorði um afstaðna sóttkvíun. Skipstjóri á heimtingu á sams konar vottorði fyrir skip sitt, þá er sóttkvíun þess er löglega afstaðin.

Skírteini það (söttgæzluskírteini), sem um er getið í 1. staflið þessarar greinar, skal láta í té endurgjaldslaust, ef skipið er afgreitt til Danmerkur eða Færeyja. Önnur skip, skulu greiða fyrir skírteinið 5 kr., er renna í landssjóð.

Vottorð það (söttkvíunarovottorð), sem um er rætt í 2. staflið þessarar greinar, skal láta í té endurgjaldslaust, nema svo standi á, sem til er tekið í 25. gr. staflið c); skal þá gjalda 5 auru af hverju smálestarrúmi í skipinu, þó svo, að gjaldið fari ekki fram úr 30 kr.; rennur gjald þetta í landssjóð.

29. grein.

Tilskipun 8. febr. 1805 um Quarantaineráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið bréf 20. júní 1838 áhrærandi ónýting opiðna bréfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Færeyjar og Ísland eru úr lögum numin á Íslandi. Sömuleiðis eru úr gildi numinn konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög nr. 30, 17. des. 1875 um móttarnir gegn því, að hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, lög nr. 24, 24. okt. 1876 um viðauka við sóttvarnarlög 17. des. 1875 og lög nr. 32, 18. des. 1897 viðaukalög við sóttvarnarlög 17. des. 1875.

30. grein.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju útlendu skipi, sem til landsins kemur og ekki þekkir lögin.

31. grein.

Lög þessi öðlast gildi

Athugasemdir.

Ad. § 1. Það hefir að vísu ekki tíðkast í íslenskum lögum að hafa orðskýringar út af fyrir sig, en það ætti ekki að vera því til fyrirstöðu, að slíkt sé gert framvegis, ef við þykir eiga, og hér á það vel við. Skýringarnar gera það auðveldara að orða lögin og lögin verða ljósari og auðskildari. Hvað sem öðrum lögum líður, þá er það víst, að það er

afararíðandi, að sóttvarnarlög séu svo ljós og greinileg, að hver maður geti skilið þau. Það er ekki nóg að löglærðir menn geti skynjað, hvað í þeim felst; allir þeir, sem lögin ná til, verða að þekkja þau og skilja, ef þau eiga að koma að tilætluðum notum.

Sem erlendar sóttir eru hér ekki taldar nær því allar þær farsóttir, er útlendar eru að því, er Ísland snertir, heldur þær einar, sem ástæða virðist vera að hafa sérstök ákvæði um í lögnum.

Pest hefir ekki gert vart við sig hér á landi síðan á 15. öld; en nú er aftur farið að bóla á henni í öðrum löndum Norðurlánnar, og er hún ófærð voðalegust af þeim sóttum, sem við má búast frá útlöndum.

Kólera og gul hitasótt, útbrotataugaveiki og blóðsótt hafa aldrei komið hingað, svo að menn viti, en engu að síður er sjálfsagt að hafa í lögnum ákvæði um þessar sóttir, svip-
lik varnarákvaðum annara þjóða. Það er sjálfsagt, að með blóðsótt er hér átt við þá blóð-
sótt, sem gengur í heitu löndunum (*Dysenteria tropica*), en ekki niðurgangsveiki þá, er oft gengur hér og í öðrum löndum álfu vorrar og líka er kölluð blóðsótt (*Dysenteria nostras*). Sama er að segja um kóleru, að hér er átt við austurlenzka kóleru (*Cholera asiatica*), en alls ekki við þá sótt, sem algeng er um alla Norðurlánnu bæði hér og annarsstaðar og kölluð er heimakólera eða litla kólera (*Cholera nostras, Cholerae*).

Bólusótt var áður einhver hin voðalegasta farsótt, en verður nú aldrei að miklu meini í þeim löndum, þar sem bólusetning er í góðu lagi. Hún hefir áður valdið stórtjóni hér á landi, en á öldinni, sem leið (eftir að farið var að bólusetja), má heita, að hún hafi fallið í gleymsku og dá. Hún kom hingað 4 sinnum á 19. öldinni (1836, 1839, 1871 og 1872), en var stöðvuð og náði engri útbreiðslu, nema 1839, þá fór hún um Suðurland, en olli litlu meini í samauburði við það, sem áður hafði tíðkast.

Þá eru taldar þær sóttir, sem önnur nálæg lönd hafa sérstakar gætur á, að þær komist ekki af erlendum skipum á land.

En hér á landi er brýn nauðsyn að hafa sérstakar gætur á fleiri sóttum, vegna þess, að ýmsar heimasóttir nábjáþjóðanna eru hér ekki landlegar, en geta borist hingað mörg-
um sinnum og valdið miklu tjóni á lífi manna og heilsu, ef ekki er höfð ströng gát á þeim. Af sóttum, sem heima eiga í nálægum löndum, en ekki hér á landi, má nefna mislingasótt, skarlatssótt, influensu, kíghósta og hettusótt.

Mislingasótt barst hingað 5 sinnum á öldinni, sem leið; 1846 kom hún frá Dan-
mörku til Suðurlandsins, gekk yfir land alt og olli miklum manndaða; það ár dóu 56.8 af hverju þúsundi landsmanna (árin 1835—74 var dauðatalan til uppjafnaðar 31.1 ‰). 1868 komu mislingar aftur á land úr franskri fiskiskútu og geingu yfir austurhelming landsins það ár og næsta ár, og dóu síðan út. 1882 komu mislingar í 3. sinn á land, úr skipi, er kom frá Danmörku, og gengu yfir allt landið; það ár dóu 47.1 ‰ landsmanna (dauðatalan 1875—95 var til uppjafnaðar 23.4). Árið 1895 bárust mislingar til Akureyrar, en voru stöðvaðir og 1896 bárust þeir með Færeyingum til Seyðisfjarðar, en voru þar líka stöðvaðir.

Skarlatssótt kom þrisvar til landsins á 19. öldinni, svo að kunnugt sé, í fyrsta skifti árið 1827 og gekk þá yfir land alt, en var væg; í annað sinn barst hún á land 1881, af skipi frá Noregi, gekk um Austfirði, varð stöðvuð og olli ekki miklu meini; í þriðja sinn barst hún til landsins árið 1900; varð hennar þá fyrst vart á Suðurlandi og allar líkur til þess, að hún hafi komið úr enskum botnvörpuskipum; en óséð fyrir enda sóttarinnar í þetta sinn. Skarlatssóttin hefir verið væg í þau skifti, sem hún hefir komið hingað á 19. öldinni og ekki gert til líka eins mikið mein og mislingarnir; en það er engin trygging fyrir

því, að hún ekki geti orðið að miklu meini síðar, ef hún breiðist hér út, og ber því að sjálf-sögðu að hafa jafnstrangar gætur á henni og mislingum.

Eg hefi stundum heyrt skynsama menn hreyfa því, að hollast mundi að hleyppa mislingum og skarlatssótt sem oftast inn í landið og lofa þeim að fara allra sinna ferða. Þetta er sprottið af vanþekkingu. Í öðrum löndum, þar sem þessar sóttir eru innlendar, sjá menn, að þær valda miklu meini á hverju ári, stundum minna og stundum meira, og er víðast varið miklu fé og fyrirhöfn til þess að hefta útbreiðslu þeirra, minna meinið. Nú er miklu hægra að verja sótt að komast á land en að hefta útbreiðslu hennar, ef hún að öllum óafvitandi hefir náð landgöngu. Þess vegna er það afarmikils vert, að sóttvarnarlög landsins veiti sem bezta tryggingu fyrir því, að erlendar sóttir sé handsamaðar á aðkomuskipum og geti ekki leynst á land. Því hættulegri sem sóttin er, þeim mun öflugri verður vörnin að vera. Það er skynsamlegt, að hafa í lögum ströng ákvæði um alvarlegar erlendar sóttir, þó að þær hafi enn aldrei komið hingað; en það er ekki skynsamlegt að hafa miklu vægari ákvæði um þær alvarlegar erlendar sóttir, sem oft hafa komið hingað og einlægt má búast við.

Inflúensa er sótt, sem erfiðara er um að segja, hversu oft hún hefir verið hér á landi. Næmar kvefsóttir ganga árlega bæði hér á landi og í öðrum nálægum löndum; eru þær misþungar og mismunandi mikil brögð að þeim. Þessum kvefsóttum hefir þrasinnis verið blandað saman við inflúensu, op hér á landi hefir hvorttveggja áður meir oftast verið kallað landfarsótt. Nú er vísindaleg víska fengin fyrir því, að inflúensa er sérstakur sjúkdómur, sem kemur af sérstakri orsök (Influenzabacil) og getur enginn vafi leikið á því, að inflúensa hefir ekki verið og er ekki heimasótt á Íslandi. Hitt er ekki unt um að dæma, hversu margar af »landfarsóttum« 19. aldarinnar hafa verið inflúensa og hversu margar beri að reikna til innlendra kvefsóttar. Álitð er, að inflúensan hafi gert vart við sig hér og hvar í Norðurálfunni bæði um fyrri hluta og miðbik 19. aldarinnar¹, og ekki er ólíklegt, að margar eða allar illkynjuðustu »landfarsóttirnar« hér á landi (1816, 1825, 1834, 1843, 1862 og 1866) hafi verið inflúensa.

Á síðari árum hefir inflúensan vakið mikla eftirtekt; árið 1889 kom hún austan úr Asíu inn í Norðurálfuna, og fór á skömmum tíma um allan heim; hingað kom hún 1890. Síðan hefir hennar orðið vart aftur og aftur í öðrum löndum, og hingað kom hún 1894 (alt landið), 1899 (austurland) og 1900 (alt landið).

Inflúensan fer afarfljótt yfir, stendur stutta stund við á hverjum stað og deyr aftur út, að minsta kosti alstaðar þar sem fáment er og strjálbyggt.

Um þessa veiki er þá í stuttu máli það að segja, að hún tekur nær því hvern mann, þar sem hún kemur, deyja margir, en miklu fleiri bíða viðvarandi heilsutjón, en allir vinnutjón; hún er ekki landlæg hér á landi og hennar verður hér því að eins vart, að hún flytjist hingað sjóveg; hún er að vísu mjög næm, en þó ekki svo, að ógerlegt sé að stöðva hana; þurfa auðvitað til þess strangar varúðarreglur, og þess vegna er hér farið fram á, að setja hana meðal þeirra sjúkdóma, er haft skuli á sérstakt eftirlit. Annaðhvort er að hafa inflúensuna í þeim flokki, eða þá að sætta sig við það, að hún fari út meðal almennings í hvert sinn, er hún kemur á skipi hingað til landsins; — alment eftirlit á aðkomuskipum (sbr. 7. og 8. gr.) veitir enga verulega tryggingu fyrir því, að jafnnæm sótt og inflúensa ekki geti borist á land.

Öðru máli er að gegna um þær erlendar farsóttir, sem nú eru ótaldar, kíghósta, hettusótt og áðrar minni háttar eða sjaldgæfari sóttir. — Má gera ráð fyrir því, að hið almenna eftirlit á aðkomuskipum (7. og 8. gr.) muni nægja því til tryggingar, að þær sóttir

1) B. A. Whitelegge: Hygiene. London 1899. Denmark, its medical organization hygiene and demography. Copenhagen 1891.

verði handsamaðar, þá er þær berast hingað á aðkomuskipum. Kighósti kom hingað 6 sinn- um á 19. öldinni (1825, 39, 71, 79, 90, og síðast 1896 með fiskiskipum frá Jótlandi) og hefir valdið miklum barnadauða. Hettusótt er miklu hættuminni veiki, en hefir valdið miklu vinnutjóni, þá er hún hefir gengið hér almeint um bjargræðistímann; hún kom hingað 4 sinn- um á hinni liðnu öld (1834, 37, 76 og síðast 1897 frá Færeyjum). Báðar þessar sóttir eru auðþektar, og þess vegna ekki mikil hætta á því, að ekki verði við þær vart á aðkomuskip- um, ef sóttgæzla samkv. 7. og 8. grein er í góðu lagi¹.

Ad § 2. Sóttgæzluskírteini hefir til þessa verið heimtað af þeim einum skipum, er hingað sigla til verzlunar (Lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, 8. gr.); en að því er sóttvarnir snertir, er engu minni nauðsyn á, að heimta slík skírteini af öðrum skipum, sem koma frá útlöndum, einkum fiskiskipum, enda er nú þeirri reglu fylgt í Fær- eyjum; i Bekendtgørelse angaaende forskellige Bestemmelser vedrørende Karantænevæsenet paa Færøerne, 25. febr. 1897 § 1. eru sams konar ákvæði og þau, sem hér eru sett.

Meðan ritsími er ekki fenginn til Íslands frá útlöndum, getur oft liðið langur tími frá því, er sótt kemur upp utanlands og þar til er fregnin berst hingað, og því er nauð- synlegt að heimta sóttgæzluskírteini af öllum skipum, sem frá útlöndum koma. Væri þá æskilegt, ef þetta verður að lögum, að það yrði sem ljósast tekið fram í erindisbréfi danskra verzlunarfulltrúa, að öll skip, sem ætla sér til Íslands, eigi að hafa sóttgæzluskírteini; i In- struktion for danske Konsuler i Udlandet 15. Dec. 1893 er átt við verzlunarskip í samræmi við nügildandi lög (§ 44 Endvidere attesterer han Varefortegnelsen og Sundheds- beviset, hvormed ethvert saavel inden- som udeulandsk Skib, der fra fremmed Havn afsejler til Island eller Færøerne, skal være forsynet).

Ad § 3. Þessi grein felur í sér ákvæði, sem bersýnilega er nauðsynlegt til þess, að lögin geti náð tilgangi sínum.

Ad § 4. Þessi grein er í fullu samræmi við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, eins og það var samþykkt á alþingi 1899 (Alþingistíðindi C 1899 bls. 587). Í því frumvarpi var eingöngu átt við botnvörpuskip, en hér eru tiltekin öll útlend fiskiskip.

Hér að framan var gerð grein fyrir því, að búast mætti við miklum mökum utan hafna milli íslenzkra og útlendra fiskiskipa, og væri þess vegna nauðsynlegt, að hafa í sótt- varnarlögum landsins sérstök ákvæði um fiskiskip.

Reynslan hefir sýnt, að slík mök hafa átt sér stað og á síðari árum verið mjög altíð. Einkum hafa landsmenn átt mikil mök við énsk botnvörpuskip; við Faxaflóa og víðar hafa margir bátar farið út á sjó á degi hverjum mestan hluta ársins til að hitta botnvörpuskipin og nokkur innlend þilskip hafa einnig átt sífeld mök við þau. Fá af þessum botnvörpuskip- um koma hér inn á hafnir og flestir bátarnir, sem út fara til þeirra, leggja aftur að landi utan hafna, hver þar sem hann á heima; þessir bátar eru aðkomuskip (sbr. 1. gr.) og ættu ekki, er þeir koma að landi, að hafa nein mök við land fyr en sóttgæzlustjórn landsins hefði rannsakað þá (sbr. 7. og 8. gr.). Nú getur naumast nokkrum manni komið til hugar, að hér á afar-strjálbygðu landi sé unt að hafa tryggilega sóttgæzlu við hverja vfk eða vog. — Þess vegna er öldungis nauðsynlegt sóttvarnanna vegna, að mönnum sé bannað að eiga mök

- 1) Frásögnin um farsóttir hér á landi á 19. öldinni er tekin eftir þessum ritum:
 - 1) P. A. Schleisner: Island undersøgt fra et lægevidenskabeligt Synspunkt. Khavn 1849.
 - 2) P. Briem: Yfirlit yfir sóttvarnarlöggjöf Íslands (Lögfræðingur II. 1898).
 - 3) Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1897—1900.

við útlend fiskiskip utan hafna, og virðist eðlilegast, að láta það bann einnig ná til þeirra, sem heima eiga á löggiltum höfnum, og jafnt til opinna skipa sem þilskipa.

Sá miðvegur, að banna eingöngu mök við þau útlend fiskiskip, er ekki hafa íslenzkt heilbrigðisvottorð, getur ekki komið að haldi; íslenzkt skip kemur af sjó og hefir átt mök við útlent fiskiskip; lögreglustjóri spyr formann að nafninu á hinu útlenda skipi; veit formaður það og segir til og bætir því við, að skipið hafi haft íslenzkt heilbrigðisvottorð; en lögreglustjóri kannast ekki við og verður hann þá að skrifa öllum sóttgæzlumönnum (sbr. 7. og 8. gr.) á landinu til þess, að fá sönnun fyrir því, hvort framburður formanns sé réttur. Slík mál mundu svo að segja dagsdaglega koma fyrir suma af lögreglustjórum landsins, og sóttgæzlan lenda í óvissu og óreiðu.

Eg hefi átt tal um þetta mál við þau yfirvöld hér á landi, sem mest kynni hafa haft af viðskiftum landsmanna við útlend fiskiskip, en það er amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu, bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu. — Þessir þrír valdsmenn hafa allir látið í ljósi við mig, að þeir álíti, að sóttvörnum landsins sé illa borgið, ef ekki fáist í lög leidd eins orðuð eða sviplik ákvæði og þau, er í þessari grein standa; er það enda álit beggja lögreglustjóranna, að í staðinn fyrir »fiskiskip« ætti heldur að standa »skip« og væri greinin þá enn yfirgrípsmeiri; eg hefi þó ekki gert þessa breytingu af því mér virðist sem lögin muni ná tilgangi sínum, þó að greinin sé óbreytt.

Síðari staflíður þessarar 4. gr. er til orðinn eftir tilmælum sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu; hann hefir skýrt mér frá því, að það beri oft við, að menn fari í land utan hafna af hinum ensku botnvörpuskipum, sitji að veizlum heima hjá bændum, vinum sínum, og ríði með þeim um sveitina, oftast meira eða minna ölvaðir; þessir menn hverfa aftur út í skip sín, án þess unnt sé fyrir lögreglustjóra að ná í þá; er auðsætt, að slíkar landgöngur eru andstæðar markmiði laganna; verður ekki spornað við þeim háska með öðru móti en því, sem hér er farið fram á.

Ad § 5. Til eru löggiltar hafnir, þar sem alls engin byggð er á landi, og mjög víða eru engar fastar verzlarnir við hinar löggiltu hafnir. Þetta er afar óhentugt að því er snertir sóttgæzlu, af því að það mun reynast erfitt eða ómögulegt, að fá gagnlega sóttgæzlumenn við þær hafnir, þar sem engin föst verzlun er komin — lítil eða víðast engin vól á manni, er skilji nokkurt útlent mál. Með tilliti til sóttvarna væri landinu hollast, að nýjar hafnir væru löggiltar með því skilyrði, að þar kæmi föst verzlun innan tiltekins tíma.

Bót er það í máli, að mjög fá útlend skip koma á þessar óbyggðu hafnir, svo að þau hafi ekki áður verið á öðrum höfnum. Þess vegna er ekkert tillit tekið til þeirra, í þeirri von, að þær annaðhvort verði að föstum verzlunarstöðum eða leggist niður.

Ad § 6. Í lögum nr. 30, 17. des. 1875 (og lög nr. 32, 18. des. 1897) er ákveðið að útvega skuli hús, þá er nauðsynlegt þyki á 6 stöðum á landinu (Reykjavík, Vestmannaeyjum, Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði) til þess að láta í sjúklinga með kóleru eða bólusótt.

Nú getur enginn efi á því leikið, að það er nauðsynlegt að eiga til föst sóttvarnarhús; ekkert ár liður svo, að ekki komi hingað á aðkomuskipum sjúklingar með næma sjúkdóma, t. d. taugaveiki; og um hina erlendu sjúkdóma er það að segja, að þeir gera ekki ávalt boð á undan sér, og er of seint að fara að hugsa um að útvega hús, þá er sjúklingarnir eru komnir á höfnina. Hér í Reykjavík stóð á því í marga daga, að útvega hús árið sem leið, til þess að hafa í skarlatssóttarsjúklinga. Sízt má búast við því, að unt sé í kaupstöðum landsins að fá á leigu hús, sem sé í alla staði hentug til þess að hafa þau fyrir sjúkrahús.

Kostnaðarins vegna verða menn líklega að setta sig við að hafa sóttvarnarhús í kaupstöðum og ekki víðar.

Ad § 7.—§ 9. Í þessum greinum má ætla, að felist nægileg trygging fyrir því, að algengir næmir sjúkdómar ekki berist á landsmenn af aðkomuskipum. Ef til vill væri réttast að setja í 1. gr. meðal orðskýringanna skýringu á orðunum »næmur sjúkdómur«, en þau orð eru auðvitað hér höfð í sömu merkingu, sem í lögum nr. 2, 31. jan. 1896, § 2.

Í reglugerð handa sóttvarnarnefndum (§ 5) verður að sjálfsögðu meðal annars tekið fram, hverjar spurningar sóttgæzlumaður skuli leggja fyrir skipstjóra, hvernig yfirlýsing skipstjóra og heilbrigðisvottorð sóttgæzlumanns skuli stílnð o. s. frv.

Yfirleitt eru þessar og eftirfylgjandi greinar sniðnar eftir sóttvarnarlögum Dana (Lov af 2den Juli 1880 om Foranstaltninger mod smitsomme Sygdommes Indførelse i Riget og Lov af 16. Marts 1900 om Foranstaltninger mod smitsomme Sygdommes Indførelse i Riget); í einstökum atriðum hefir sóttvarnartilskipun Færeyinga verið tekin til fyrirmyndar (Bekendtgørelse angaaende forskellige Bestemmelser vedrørende Karantænevæsenet paa Færøerne 25. Febr. 1897).

Eg hefi einnig kynt mér sóttvarnarlög nokkurra annara þjóða, Svía¹, Norðmanna² og Engleendinga³; er það álit mitt, að sóttvarnarlög Dana taki hinum fram, svo nákvæm eru þau og samsvara vel kröfum nútímans, þeim kröfum, að sóttgæzlan og sóttvörnin sé tryggileg, en þó þannig fyrir komið, að sem minst höft séu lögð á verzlunarviðskifti og aðrar samgöngur. Þetta síðastnefnda atriði hefir mikla þýðingu í fjölbygðum löndum, í löndum, sem reka mikla verzlun og eiga miklar samgöngur við önnur lönd.

Hér á landi er viðskiftalífið daufara og umfangsminna, en eftirlitið þó örðugra vegna strjálbygðarinnar og vegna hinna útlandu fiskiskipa; þess vegna er bæði nauðsynlegt og gerlegt að hafa ýms ákvæði nokkru strangari en í Danmörku eða hjá öðrum þjóðum, enda er um vér neyddir til að hafa ströng ákvæði um fleiri sóttir en annarsstaðar gerist (sbr. at-hugas. við 1. gr.).

Dönsku lögin hafa sérstök ákvæði um pest, um kóleru, um aðrar erlendar sóttir (bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gula hitasótt), en ákvæðin eru svo lík og munurinn svo lítill, að ekki virðist þörf á því, að halda þessari aðgreiningu í íslenskum lögum; hitt virðist meira vert, að reglugerð handa sóttvarnarnefndum feli í sér ljósar leiðbeiningar um sóttvarnaraðferðina við hverja sótt fyrir sig, að því leyti, sem mun þarf að gera, og þarf ekki slíkt að koma í bága við lögin, þó að öllum sóttunum þar sé slegið saman.

Ad § 10. Ákvæðin í 1. gr. í viðaukalögum 24. okt. 1879 við sóttvarnarlög 17.

1) Förordning angaaende aatgærder mot indförande och utbredning af smittosama sjukdomar bland rikets invaånare, 19. mars 1875.

Förordning om hvad till förekommande af pestens indförande i riket iagttagas bör, 30. maj 1879.

2) Lov om Qvarantainevæsenet, 12. juli 1848.

Lov indeholdende Tillæg til Lov om Kvarantænevæsenet af 12. juli 1848, 17. Juni 1880.

3) Public Health Act 1875.

The Infections Diseases Prevention Act 1890.

The Public Health (Port) Act 1896.

The Public Health Act 1896.

Regulation of th Local Government Board as to cholera, Yellow Fever and Plague, 9th Nov. 1896.

des. 1875 virðast vera óþarflega ströng, enda hefir ekki verið farið eftir þeim (sbr. auglýsingu 5. sept. 1900 um pest í Glasgow og fleiri slíkar auglýsingar, þar sem lög 17. des. 1875 eru sett í gildi um þau ein skip, er koma frá hinum sóttmengudu höfnum). Mislingar og skarlatssótt og nú líka influensa eru heimasóttir í öllum nálegum stórlöndum og getur því ekki komið til tals að heimta, að skip hafi ávalt uppi sóttvarnarveifu, þá er þau koma frá stöðum, þar sem þessar sóttir gera vart við sig; því að eins getur slíkt komið til mála, að einhver af þessum þremur sóttum sé afarskæð og venju fremur altíð í einhverju útlendu bygðarlagi. Nú er það venja í útlöndum að geta ekki um þessar sóttir í sóttgæzluskirteinum skipa, þó að þær stingi sér niður; en ef þær verða venju fremur svæsnar, þá má gera ráð fyrir, að þeirra sé oftast getið sérstaklega í sóttgæzluskirteinum, og þá er líka æskilegt að skipið hafi uppi sóttvarnarveifu.

Ad § 11. Eftir þessari gr. (1. og 2.) og II. gr. verður það regla, að skip, sem kemur frá stað, þar sem gengur mislingasótt, skarlatssótt eða influensa (en engin önnur erlend sótt) þarf ekki að hafa uppi sóttvarnarveifu, ef engrar af þessum sóttum er getið í sóttgæzluskirteininu og enginn sjúkur af þeim í skipinu, en ef skipið hefir á leiðinni haft mök við annað skip mengað einhverri af þessum þremur sóttum, þá er það skyldugt að hafa veifuna uppi, er það kemur að landi, þó að enginn sé veikur í því. Þetta er ekki ósamkvæmi, þó að svo kunni að virðast í fljótu bragði: þó að skipið komi frá útlendu bygðarlagi, þar sem t. d. mislingar ganga, er lítið kveður að, svo að sóttarinnar er ekki getið í sóttgæzluskirteini skipsins, þá er engin sönnun og enda litlar líkur fyrir því, að skipsmenn hafi átt mök við mislingaheimili, en ef skipið hefir á leið sinni hingað átt mök við skip mengað mislingum, þá er komin víska í stað lítilla líkinda, hættan því miklu meiri og þörf á meiri varúð.

Ad § 12. Í lögum nr. 30, 17. des. 1875, § 1, er öllum skipum gert að skyldu að koma fyrst við á einhverri af hinum 6 tilteknu höfnum, ef svo er ástætt fyrir þeim, að þau eru skyldug til að hafa uppi sóttvarnarveifu. En með því að lækna nú eru orðnir eða eiga að verða helmingi fleiri en þá gerðist, virðist ekki vera ástæða til að fara frekara í sakir en ákveðið er í þessari grein. Ef skip þau, sem til eru tekin í 11. gr. 3), koma inn á hafnir annarsstaðar en í kaupstöðum, án þess að þau séu nauðbeygð til þess, þá ber auðvitað að vísa þeim til næsta kaupstaðar (sbr. líka 20. gr.).

Ad § 13—16. Í þessum greinum felast ákvæði um það, hvernig alment skuli farið með skip þau, er skyldug eru að hafa uppi sóttvarnarveifu. Hér ber einkum tveins að gæta:

Allar næmar sóttir eru þess eðlis, að nokkur tími líður frá því, er sóttkeikjan sezt að í líkama mannsins og þar til er sjúkdómurinn kemur í ljós. Þessi undirbúningstími (incubatio) er mislangur, sinn fyrir hverja sótt, og oftast mislangur að því, er snertir hverja sótt fyrir sig. Algengastar eru þær tímalengdir, sem nú skal greina:

Sjúkdómur	Undirbúningstími
Pest.....	5—10 dagar
Kólera.....	1— 5 —
Bólusótt.....	10—14 —
Blóðsótt.....	3— 8 —
Útbrotataugaveiki	8—10 —
Gul hitasótt.....	2—14 —
Mislingasótt	10— —
Skarlatssótt	2— 7 —
Influensa	1— 5 —

Ef nú heilbrigðir menn hafa átt mök við sóttmengaða staði, sóttmengaða muni eða

sóttveikt fólk, þá er ekki trygging fyrir því, að þeir sleppi fyrir en liðinn er svo langur tími frá því, er mökin síðast áttu sér stað, sem nemur lengsta undirbúningstíma sóttariinnar. Þess vegna er oft nauðsynlegt að einangra heilbrigða meun, er koma á skipum, og fer sá tími eftir því, hvernig á stendur fyrir skipinu og eftir því, um hvaða sótt er að ræða. Til tryggingar því, að þessi tími sé hvorki hafður of stuttur eða óþarflega langur, er hér til tekin stytta og skemsta tímalengdin, sem um getur verið að ræða (5—14 dagar), en sóttvarnarnefndum (lækn-um) annars falið að ákveða tímalengdina innan þessara takmarka, eftir því, sem við á í hvert skifti.

Þá ber að athuga, að munur er á því um hinar einstöku sóttir, hversu lengi sótt- kveikjan dvelur í líkama þeirra, sem sóttina taka, með öðrum orðum: hversu lengi þeir geta smittað. Flestum sóttum er svo varið, að sóttkveikjan lifir í líkamanum nokkra daga eða vik- ur eftir að sjúkdómurinn má heita að vera um garð genginn. Það liggur nú í hlutarins eðli, að læknir verður að telja meðal »sjúkra manna«, samkvæmt þessum lögum, og flytja í sótt- varnarhús, ekki einungis þá, sem veikir eru, heldur einnig alla þá, sem veikir hafa verið, ef hann álitur, að sóttkveikjan sé ekki enn horfin úr líkama þeirra. Þarf naumast að gera ráð fyrir því, að læknir muni skilja þessi ákvæði á annan hátt, enda má taka þetta fram í reglu- gerð fyrir sóttvarnarnefndir (sbr. 5. gr.), ef þess þykir þurfa. Í reglum um afnot sóttvarn- arhúsa (sbr. 6. gr.) verður að sjálfsögðu í samræmi við þetta tekið fram, að ekki skuli sleppa neinum úr þeim húsum fyrir en vissa er fengin fyrir því, að engin sótthætta standi af honum.

Að § 17. Þessi grein er eins og flest í þessum þætti tekin upp úr dönsku sótt- varnarlögnum (16. marz 1900). Virðast þessi ákvæði vera þarfleg hér á landi; munu þau losa ýms skip, einkum útland fiskiskip, undan óþarfatófum og tilkostnaði.

Að § 18. Þessi grein er einnig tekin orðrétt efrir dönsku lögnum og virðist vera nauðsynleg hér á landi engu síður en í Danmörku.

Að § 19—21. Þessar greinar virðast ekki þurfa skýringar.

Að § 22. Í dönsku lögnum er talið upp sá farangur, er bannið skuli ná til að því, er snertir hverja sótt fyrir sig; en skoðanir manna á því, hvaða munir séu hættulegir, hafa breytt talsvert; þess vegna má telja hagkvæmast að fela stjórn landsins að ráða þessu.

Að § 23. Þessi grein er einnig tekin eftir hinum dönsku lögum.

Að § 24. Borgun til lækuis fyrir ferðir út á skip, er hér sett hin sama og í nú- gildandi lögum, en við bætt ákvæði um ferðakostnað og dagpeninga og þar farið eftir því, sem til er tekið í dönsku lögnum.

Að § 25. Þessi grein er einnig sniðin eftir dönsku lögnum; þó er ákvæðið, að skipið skuli borga lækni, eins og áður hefir tíðkast hér á landi, og auk þess sérstaklega á- kveðið, að útland fiskiskip skuli greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð; er það gert af því, að landið á þessum skipum ekkert gott upp að inna, hefir ekkert gagn af komu þeirra hingað, og verður því ekki séð, að nokkur skylda geti hvílt á landinu, að bera þann sóttvarnarkostnað, er af slíkum skipum kann að leiða.

Að § 26—28. Þessar greinar eru teknar eftir dönsku lögnum og virðast ekki þurfa skýringar.

Að § 29.—30. Þessar tvær greinar virðast heldur ekki þurfa skýringar.

Ed.

74. Frumvarp

til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Jökulsá í Öxarfirði nálægt Ferjubakka, og verja til þess allt að 50,000 króna úr landssjóði.

2. gr.

Þegar brúin er fullgjör skal sýslufélag Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-amtið taka að sér gæzlu og viðhald hennar, eftir þeim hlutföllum, sem þessi héraðsvöld koma sér saman um.

Nd.

75. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík. Frá Þórh. Bjarnarsyni.

I stað orðanna: »trésmíðafélagi því — Reykjavík« komi: »Reykjavíkur kaupstað«.

Nd.

76. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík. Frá Þórði J. Thoroddsen og Péttri Jónssyni.

Frumvarpsgreinin orðist svo: »Stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkur kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, þann hluta Arnarhólslóðar sem liggur fyrir austan Klapparstíg (Klapparlóð) eftir dómkvaddra manna mati«.

Nd.

77. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun brunabótafélags.

Vér, sem vorum kosnir í nefnd til að íhuga ofan nefnt frumvarp, höfum haft með höndum ýmsum skjöl, er snerta brunamál landsins, þar á meðal upplýsingar þær, að því er kaптún snertir, sem óskað er eftir í ráðgjafabréfi 14. júní 1899.

Nefndin er á einu máli um það, að það sé mjög mikilsvarðandi, að hér á landi verði stofnað félag, er taki hús í ábyrgð fyrir eldsvoða, og það því fremur, sem hin útlendu váttryggingarfélög, er landsmenn hingað til hafa haft viðskifti við, hafa nú með samþökum sín í milli sett mönnum miklu harðari kosti en áður, bæði að því, er snertir skilyrði fyrir váttryggingu og upphæð iðgjalda,

svo að þau kjör, er hin útlendu félög nú hafa að bjóða, geta naumast álitist viðunandi.

Ahrærandi stofnun félagsins skal það tekið fram, að til þess að von sé um, innlent brunabótafélag geti staðist, álitur nefndin nauðsynlegt, að sem flestir húseigendur taki þátt í því, og verður þá ekki hjá því komist, að lögbjóða eldsvöðaaðbyrgð á þeim stöðum, sem aðallega er ætlað að mynda félagið. Hverir þeir staðir eigi að vera, um það geta verið skiftar skoðanir. Í frumvarp það, sem fyrir liggur, eru teknir kaupstaðirnir, nema Reykjavík, og 22 helztu verzlunarstaðir.

Orsökkin til þess, að höfuðstaðnum hefir verið slept, er sú, að hann er nú í föstu sambandi við brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða með góðum kjörum, og fyrir því er búist við, að það mundi mæta mótspyrnu af hálfu bæjarins, ef honum væri gert að skyldu, að ganga inn í nýstofnað innlent félag. — En það er hvorttveggja, að hluttaka Reykjavíkur í slíku félagi mundi stuðla mjög til þess, að veita því nauðsynlega festu og framkvæmdarafl, enda væri sanngjarnt, að hún hefði engu lakari kjör í hinu nýja félagi en hún hefir haft hingað til.

Samt sem áður álitur nefndin eigi tiltækilegt, að skylda Reykjavíkurkaupstað til að taka þátt í félaginu, nema því að eins, að leitað væri áður samninga við bæjarstjórnina.

Hins vegar er það álit nefndarinnar, að í félagið eigi að ganga ekki einungis þeir verzlunarstaðir, sem taldir eru í 2. gr. frumvarpsins, heldur einnig flest öll smærri kaupsýn landsins.

En með því mörg þeirra eru fámenn, hlýtur félagsstjórnin að fara varlega í að skylda þau til að hafa slökkvitól samkvæmt 10. gr. frumvarpsins, enda leiðir það af sjálfu sér, að þar sem bygð er lítil, getur ekki verið að ræða nema um ódýr áhöld, en hin dýrari áhöld verða að eins heimtuð af kaupstöðunum og fjölbygðari verzlunarstöðum.

Aftur á móti álitur nefndin, að alstaðar, þar sem skylduábyrgð er, eigi að vera slökkviliðsstjóri, svo að hve nær sem eldsvöða ber að höndum, sé trygging fyrir því, að maður, sem til þess er hæfur, taki sig fram um og hafi fult vald til, að skipa fyrir um björgun og varnir gegn útbreiðslu eldsins.

A þeim stöðum, sem taldir eru í 2. gr. frumvarpsins, eru húseignir samkvæmt síðustu skýrslum frá árinu 1900 8½ hundrað að tölu og virðingarverð þeirra 3½ millj. kr., en á þeim stöðum, sem nefndin leggur til að bætt sé við, eru húseignirnar 1½ hundrað talsins og virðingarverð þeirra ½ millj. kr. Þegar þar við bætast þær húseignir, sem eru undanþegnar húsaskatti, opinberar byggingar og smáhýsi undir 500 kr., og jafnframt er tekið tillit til, að húseignirnar aukast með ári hverju, mun láta nærri, að virðingarverð allra húseigna á þeim stöðum, sem ætlast er til að taki þátt í félaginu, nemi nú 4 milljónum króna. Ef enn fremur er gert ráð fyrir, að hús og bæir á öðrum stöðum, er félagið tekur í ábyrgð eftir samkomulagi, svo og húsgögn, verzlunarvörur og annað lausafé, nemi 1 milljón, yrði öll ábyrgðarupphæðin 5 milljónir, og sé iðgjaldið sett 60/100,

verða árstekjur félagsins 30 þúsundir króna. Auðvitað hlýtur allmikið af þeirri upphæð að ganga til endurtryggingar og kostnaðar við stjórn félagsins. En samt sem áður getur nefndin ekki betur séð, eftir undanfarandi reynslu að dæma, en að félagið ætti að geta staðist og lagt nokkuð í varasjóð til að tryggja framtíð sína.

Um stjórn félagsins er svo fyrir mælt í 13. gr. frumvarpsins, að reglugjörð félagsins eigi að hafa inni að halda ákvæði um, hvernig stjórnin skuli skipuð, og hvar félagið skuli hafa lögheimili og varnarþing. Nefndinni þykir betur við eiga, að ákvæði um þessi atriði séu tekin upp í lög, þannig, að inn í frumvarpið sé bætt nýrri grein þess efnis, að félagið skuli hafa lögheimili og varnarþing í Reykjavík, og að í stjórn þess skuli sitja 3 menn, 1 skipaður af landshöfðingja og 2 kosnir af fulltrúafundi.

Um tölu fulltrúanna komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki allsendis nauðsynlegt að hafa þá jafnmarga og frumvarpið gerir ráð fyrir, og að gjörlegt væri að fækka þeim til að spara félaginu kostnað, þannig, að auk fulltrúanna fyrir kaupstaðina væri að eins 1 fulltrúi fyrir hvern landsfjórðung.

Að því er snertir ábyrgð landssjóðs, getur nefndin fallist á, að ástæða sé til að tryggja betur rétt hans til að fá endurgoldið það fé, sem hann greiðir fyrir félagið, á þann hátt, að ef sú upphæð nemur meira en 100,000 kr., eigi landssjóður heimting á að fá það, sem fram yfir er, endurborgað með aukaniðurjöfnun á tilteknu árabili, t. d. 10 árum.

Auk þess, sem að framan er greint, hefir nefndinni komið saman um nokkrar fleiri umbætur á frumvarpinu, og vill leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum og viðaukum:

1. Við 2. gr. Þessum verzlunarstöðum sé bætt við:

Á eftir Stykkishólmi: Búðardal, Skarðsstöð.

- — Flateyri: Arngerðareyri, Hesteyri, Reykjarfirði, Hólmavík.
- — Blönduós: Hólanesi, Skagaströnd.
- — Sauðárkrók: Kolkuós, Grafarós, Hofsó, Haganesvík.
- — Siglufirði: Hjalteyri, Svalbardseyri.
- — Húsavík: Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafríði.
- — Vopnafirði: Borgarfirði, Mjóafirði, Norðfirði.
- — Eskifirði: Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík.
- — Djúpvogi: Hornafjarðarós og Vík.

2. Aftan við 2. gr. bætist: Öll hús skulu váttrygð með fullu verði þeirra eftir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eftir.
3. Við 4. gr. Fyrir: »3 mönnum« komi: slökkviliðsstjóra og 2 mönnum, og jafnframt falli burtu orðin »nema þar sem -- virðingarmaður«.
4. Við 4. gr. Fyrir »4 kr.« komi: 3 kr.
5. Við 5. gr. Fyrir »3 mönnum« komi: 2 mönnum.
6. Við 5. gr. Fyrir »fá þeir sömu borgun« o. s. frv. til enda, komi: fá virðingamenn 2 kr. á dag, og sá, er ritar gjörðina, enn fremur 1 kr. Borgun þessa greiðir gjörðarbeiðandi.

7. Við 7. gr. Annar málslíður orðist svo: Félagsstjórnin hefir og heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir, ef henni þykir ástæða til.
8. Við 7. gr. Fyrir niðurlagsorðin »því samkvæmt« komi: ef húseignin hefir aukist í verði.
9. Við 9. gr. Greinin orðist þannig: Stjórn félagsins getur ákveðið, að víst bíl sé á milli húsa, sem byggð eru að nýju á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Hún getur og bannað, að starfsemi, sem sérstök brunahætta er samfara, fari fram nema í afskektum húsum.
10. Við 10. gr. Fyrir orðin »skyldir að mæta tvisvar« komi: skyldir til eftir boði slökkviliðsstjóra að koma að minsta kosti tvisvar.
11. Á undan 11. gr. bætist inn í ný grein svo látandi:
Félagið skal hafa lögheimili og varnarþing í Reykjavík. Í stjórn félagsins skulu sitja 3 menn, 1 forstjóri og 2 meðstjórnendur. Forstjóri félagsins skal skipaður af landshöfðingja, en meðstjórnendur skulu kosnir af fulltrúafundi til 6 ára. Deyi meðstjórnandi eða fatlist svo, að hann geti ekki gegnt sýslan sinni, skipar landshöfðingi annan mann í hans stað til næsta fulltrúafundar.
12. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Fulltrúar félagsins eru 7 að tölu, og skulu þeir kosnir á þann hátt, að kaupstaðirnir Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður kjósa sinn fulltrúann hver, og verzlunarstaðir í hverjum landsfjórðungi fyrir sig kjósa einn fulltrúa í sameiningu.
Landshöfðingi hlutast til um kosningu fulltrúanna.
Í kaupstöðunum o. s. frv.
13. Við 13. gr. Fyrir orðin »hvernig stjórn félagsins skal skipuð, hvert er verksvið hennar« komi: hvert er verksvið félagsstjórnarinnar.
14. Við 13. gr. Orðin »hvar félagið skal hafa lögheimili og varnarþing« falli burt.
15. Við 13. gr. Á undan orðunum »hve oft fulltrúafundir skulu haldnir« bætist inn í: hvar og
16. Við 13. gr. Orðin »og má það eigi minna vera — 5000 kr.« falli burt.
17. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Landshöfðingi getur vikið meðstjórnendum brunabótafélagsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann til bráðabirgða í stað þess, sem frá er vikið.
18. Við 14. gr. Niðurlagið »Hafi fulltrúarnir — til fyrirstöðu« falli burt.
19. Við 19. gr. Orðin í upphafi greinarinnar »eða minni« falli burt.
20. Við 19. gr. Fyrir »borga út« komi: greiða.
21. Aftan við 19. gr. bætist: Skaðabætur fyrir eldsvoða má aldrei greiða, nema áður hafi verið haldið réttarpróf um brunann. Þó getur félagsstjórnin veitt undanþágu frá þessu, ef skaðinn nemur eigi meira en 500 kr.
22. Við 20. gr. Fyrir skaða af hernaðarvöldum« komi: skaða af jarðskjálftum eða hernaðarvöldum.

23. Við 24. gr. Niðurlagsorðin »þó ekki hærri en 1 af þúsundi á ári« falli burt.
24. Aftan við 24. gr. bætist: Fé það, sem landssjóður greiðir um fram téða upphæð, á hann heimting á að fá endurgoldið með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum.
25. Á eftir 24. gr. bætist inn í:

V. kafli.

Almenn ákvæði

og þar á eftir komi ný grein svo látandi:

Brot gegn 10. gr. varða sektum frá 5—50 kr., er renna í landssjóð. — Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

Neðri deild alþingis 6. ágúst 1902.

Björn Bjarnarson,

Ólafur Briem,

formaður.

skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson, þm. Skagf.

Ó. F. Davíðsson,

með fyrirvara.

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.,

með fyrirvara.

Nd.

78. Breytingartillaga

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874. Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 1. gr.: í stað »landritarinn« komi:

a. »Höfuðsmaðurinn«, eða

b. »Stjórnhöfðinginn«.

Nd.

79. Nefndarálit

í bankamálinu.

Nefnd sú, er kosin var til að íhuga frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til að stofna hlutabanka á Íslandi 7. júní 1902 og til að íhuga hvort deildin ætti að skora á stjórnina að nota sér heimild þá, er henni er veitt í öðrum lögum 7. júní 1902 til að kaupa $\frac{2}{5}$ af hlutabréfum hins fyrirhugaða hlutabanka, ræður deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Um hitt, hvort nota beri heimildarlögin til hlutabréfakaupa, mun nefndin seinna gjöra tillögur.

Neðri deild alþingis 7. ágúst 1902.

Tryggvi Gunnarsson,
formaður.

Lárus H. Bjarnason,

Björn Kristjánsson

skrifari og framsögumaður

Þórður J. Thoroddsen,

Þórh. Bjarnarson.

Nd.

80. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík.

Flutningsmenn Þórður J. Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

Við Járngerðarstaðavík í Grindavík skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

81. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 5. gr., 1. málsg. 14. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. (2. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo oft sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður Íslands greiðir laun og eftirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherrann veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefir hingað til verið falið að veita.

2. gr. (3. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum.

3. gr. (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annað hvert ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

4. gr. (1. málsg. 14. gr. stjórnarskrárinnar).

Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismeun, sem konungur kveður til þingsetu.

5. gr. (15. gr. stjórnarskrárinnar).

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

6. gr. (17. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosningarrétt til alþingis hafa:

- a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta; þó skulu þeir, er með sérstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrétt sinn;
- b, allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minnsta kosti 4 kr. á ári sem aukautsvar;
- c. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbréf eða eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefir veitt heimild til þess;
- d, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sé þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann sé orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sé fjár síns ráðandi og honum sé ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Með lögum má afnema auka-útsvarsgreiðsluna eftir stafl. b sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

7. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

8. gr. (1. liður 25. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands.

9. gr. (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeildinni, skal það agt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aftur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hér aftur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þingið þá málið til lykta eftir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sé á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aftur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með frumvarpinu.

10. gr. (34. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherra Íslands á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd. Atkvæðisrétt hefir ráðherrann, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

11. gr. (36. gr. stjórnarskrárinnar).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

12. gr. (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherrans.

13. gr. (2. ákv. um stundarsakir).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal bæsiréttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðherra Íslands út af embættisrekstri hans, eftir þeim málfærslureglum, sem gilda við téðan rétt.

Nd.

82. Frumvarp

til laga um gjald af hvölum, sem veiddir eru við Ísland. (eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, er hvalveiðar rekur við Ísland, skal greiða 50 króna gjald af hverjum þeim hval, er hann dregur að landi. Undanþegnir gjaldi þessu eru þó smáhvalir, svo sem hnísur, andarnefjur og háhyrningar

2. gr. Gjald þetta skal greiða á þeim stað, þar sem hvalur er dreginn að landi til skurðar. Hlutaðeigandi hreppstjóri heimtir gjaldið eða bæjarfógeti, ef hvalskurður fer fram í kaupstað. Eindagi á gjaldi þessu er jafnskjótt og hvalskurði er lokið. Gjald þetta rennur í jafnaðarsjóð. Gjaldið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

3. gr. Skyldur er sá, er veiðina rekur, að gefa hreppstjóra eða bæjarfógeta þeim, er gjaldheimtuna hefir, skriflega skýrslu upp á æru og samvizku um veiðina fyrir septembermánaðarlok ár hvert. Sannist það, að skýrslan sé röng, eða að hann hafi dregið undan gjaldi nokkuð af veiðinni, þá varðar það sektum frá 25—500 kr., sem renna í landssjóð.

4. gr. Gjaldheimtumenn hafa í innheimtulaun 5 kr. af hverjum hval. Þeir skulu fyrir hver árslok senda hlutaðeigandi amtmanni skýrslu um veiðina, og láta fylgja uppbæð gjaldsins, að fráðregnum innheimtulaunum.

5. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1903.

Ed.

83. Frumvarp

til laga um helmingsuppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Endurborgun á láni úr landssjóði Íslands til brúar á Ölfusá, er samkvæmt lögum nr. 3, 3. maí 1889 2. og 3. gr. hvílir á sýslufélögum Árness- og Rangárvallarsýslna og jafnaðarsjóði Suðुरamtsins, fellur niður að helmingi frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Nd.

84. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um manntalsþing. Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason.

Eftir orðin: »á manntalsþingum hingað til« í 2. gr. komi: dómstörfum þó því að eins, að fyrirmælum laganna um varnarþing sé gætt.

Nd.

85. Breytingartillaga

við frv. til fjáráukalaga 1909—1902. Frá Eggert Benediktssyni og Guðl. Guðmundssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein:

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 13. gr. fjárlaganna B. VI. veitist: Til Þorkels Hreinssonar, styrkur til að kosta mállausa dóttur sína á »Aandsvageanstalten paa Gl. Bakkehus« 300—300.

Nd.

86. Breytingartillaga

við frv. til fjáráukalaga 1902—1903. Frá Guðl. Guðmundssyni og Jóni Jónssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein þannig orðuð:

Fjárlaganna 19. gr. 3. málslíður orðist svo: Úr viðlagasjóði má verja allt að 65,000 kr. til lánveitingar handa hlutafélagi á Seyðisfirði, til þess að stofna klæðaverksmiðju, þó svo að lánsupphæðin eigi nemi meira en hálfu virðingarverði stofnunarinnar og að stofnféð, er hluthafar ábyrgjast allir fyrir einn, að greitt sé að fullu, nemi að minsta kosti tvöfaldri upphæð lánsins. Lánið sé trygt með 1. veðrétti í stofnuninni, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd.

87. Viðaukatillaga

við viðaukatillögur fjáráukalaganefndarinnar. Frá Verzlunarmálanefndinni.

Á eftir 5. tölulið í breytingartillögum fjáráukalaganefndarinnar komi: .

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B, 1 fjárlaganna, veitist til tilraunar, til að flytja kjöt í kældu skipi til útlanda haustið 1903 alt að 20000 kr.

Styrkur þessi útborgast að eins sem uppbót fyrir hvert það pund af fyr nefndu kjöti, er selst lægra verði en svo, að seljandi fái fyrir það 18 aura í kroppum undir 45 pd., en 20 aura í þyngri kroppum, að frá dregnum kostnaði. Skal þá greiða seljanda það, sem á vantar, í 18 eða 20 aura, þó ekki meira en 5 aura á hvert pund.

Nd.

88. Breytingartillaga

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til fjárukalaga fyrir árin 1902 og 1903. Frá Sighvati Arnasyni.

Við 5. tölul. b.: í stað orðanna »eftirgjöf á vöxtum af« komi: eftirgjöf á.

Nd.

89. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárukalaga 1902—1903. Frá Sigurði Stefánssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein:

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna E. j. veitist:

Til vitavardar, ljósmetis o. fl. 600—600.

Nd.

90. Nefndarálit

um frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Nefndin hefir tekið frumv. þetta til rækilegrar athugunar, og kynt sér það eftir füngum; einnig gjört allmargar breytingartillögur við það, er einkum lúta að því, að laga orðfæri frumvarpsins.

Verulegasta efnisbreytingin er sú, að fella V. kaflann, um kjördæmi, burtu, en setja í staðinn ákvæði gildandi laga um það efni.

Nefndin leggur svo til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, og mun við framsögu málsins verða gjörð nánari grein fyrir þeim.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um kosningar til alþingis.

1. Við 1. gr. Orðin: »um hin sérstaklegu málefni« — falli burt.

2. — 4. — Fyrir: »eða honum hafi verið gefinn hann eftir« komi: eftir-
gefinn.

3. 5. — orðist þannig:

Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosning fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár, nema svo

sé, að hann sýni oddvita hlutaðeigandi kjörstjórnar vottorð frá kjörstjóra, þar sem kjósandi þessi stendur á kjörskrá, að hann hafi afsalað sér kosningarrétti sínum í því kjördæmi.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns.

4. við 6. gr. Orðin: »Um hin sérstaklegu málefni Íslands«, falli burt.
5. — 7. — Fyrir: »meðal almennra kjósenda« komi: úr flokki annarra kjósenda.
6. — sömu — Fyrir: »deyr eða sýkist« komi: forfallast.
7. — — — Fyrir: »Verði yfirkjörstjórn — á vantar«, komi: Verði yfirkjörstjórn af einhverjum orsökum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.
8. — 9. — Fyrir: »Í einum hreppi — oddviti og« komi: jafnframt oddviti.
9. — - — Fyrir: »Í kaupstað velur — eitt kjördæmi« komi: Í kaupstöðum velur bæjarstjórnin eina undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmi, sem er í kaupstaðnum.
10. — - — Fyrir: »hvort heldur í hreppum eða kaupstöðum« falli burt.
11. — 10. — Fyrir: »kjördeildir« komi: kjördæmi.
12. — - — Fyrir: »hverja kjördeild« komi: hvert þeirra.
13. 11. — Orðist þannig:
Á kjörskrá skal taka alla þá, er kosningarrétt hafa þá er kjörskrá er samin, og enn fremur þá, sem fyrir 1. júlím. næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir kosningarréttinum. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósenda — eftir stafrófsröð — heimili, stétt og aldur.
14. — 12. — Á eftir: »á árinu«, bætist inn í: er kjörskráin gildir fyrir.
15. — 13. — Fyrir: »14 dögum — en hún« komi: Fjórtán dögum áður en kjörskrá er framlögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin
16. — 14. — Fyrir: »Þegar« komi: Áður en.
17. — 14. — »yfir« falli burt.
18. — 14. — Fyrir: »hreppsnefndaroddvita« komi: oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
19. — 14. — Fyrir: »sé kært — hreppsnefnd« komi: Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekin, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti.
20. — 14. — Fyrir: »yfir kært« komi: kærður er.
21. — 15. — Fyrir: »skal haldinn« komi: haldinn sé.
22. — 15. — Fyrir: »málspartar« komi: aðilar málsins.
23. — 15. — Fyrir: »ágreining — fá m orðum« komi: ágreininginn og rita hann.
24. — 17. — Fyrir: »Verði það dæmt« komi: Falli dómur þannig.

25. Við 18. gr. »hið« falli burt.
26. — 18. — Fyrir: »hinar síðari kosningar« komi: síðari kosningarnar.
27. — IV. kafla. Fyrir: »kjörstjórnar hendi« komi: hálfu kjörstjórnar.
28. Við 19. gr. Fyrir: »Þá er útrunninn er — þingmannaefna« komi: Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna.
29. — 19. — »allir« falli burt (á 2 stöðum).
30. — 19. — Fyrir: »sedillinn hvolti — allir séu« komi: letrið snýr niður. Séu þeir allir.
31. — 19. — Fyrir: »því kjördæmi« komi: kjördæminu.
32. — 19. — »Fullu letri eða skammstafað« falli burt.
33. — 19. — »Hvers frambjóðanda nafn« komi: Nafn hvers frambjóðanda.
34. — 19. — Fyrir: »Góð spássia — skal vera« komi: Hæfilegt bil skal vera framan við lófnin, og framan við nafn hvers frambjóðanda.
35. — 19. — »aliur« falli burt.
36. — 21. — Fyrir: »7« komi: sjö, og »útrunninn«, liðinn; »allir« falli burt.
37. — 21. — Fyrir: »næsta dag þar á« komi: daginn.
38. — 21. — »Þannig — hennar« komi: er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sinu svo vandlega.
39. — 22. — »kjörstjórn« komi: undirkjörstjórn.
40. — 22. — Fyrir: »eru« komi: séu.
41. — 22. — Fyrir: »leggja með eitt« komi: láta fylgja.
42. — 22. — Fyrir: »sem leggja — í« komi: og skal í það umslag leggja hin umslögin.
43. — 22. — Fyrir: »Löggilta kjörbók — kjördæminu« komi: Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók, til afnota við kosninguna.
44. 23. — Orðist þannig:

23. gr. Sérhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal, skift í tvö sérstök kjördæmi, með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skift niður á þann hátt, að tveir alþingismenn séu kosnir í sérhverju af kjördæmum þeim, sem hér skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaftafells og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurborg, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjós einn alþingismaður.

46. Við 24. gr. Fyrir: »Nú — yfirkjörstjórninni» komi: Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu.
47. — — — Fyrir: »tímanlega» komi: snemma.
48. — 25. — Fyrir: »Hvert þingmannsefni» komi: Hver frambjóðandi.
49. — — — Aftan við gr. bætist: En skyldir eru þeir, að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.
50. — 26. — Orðið: »kjördagur» færist aftur fyrir »skala».
51. — 27. — Fyrir: »kirkjufundum — hreppsins» komi: kirkjustöðum í hreppnum.
52. — — — Síðari málsgr.: »Bæjarstjórnir» o. s. frv. falli burt.
53. — 28. — Fyrri málsgrein orðist þannig: Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði í það gengið, nema úr kjörherberginu. Sé eigi á slíku vól, má tjalda fyrir eitt horn í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.
54. — 28. — Orðin: »eða klefanum» falli burt.
55. — — — Orðin: »innsiglum — eða» falli burt.
56. — — — Fyrir: »klefanum» komi: hinu tjaldaða horni.
57. — 29. — Fyrir: »Á miðju — sem sé» komi: Langs eftir miðju lokinu skal vera rífa.
58. — 33. — Orðið »þá» (fyrst í gr.) falli burt.
59. — 34. — Fyrir: »undir drengskap sinn» komi: að viðlögaum drengskap sínum.
60. — 35. — »Hreppsnefndar eða» falli burt.
61. — — — Aftan við gr. bætist: og hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum. Einnig má leyfa þeim mönnum að kjósa, er fullnægt hafa skilyrðunum í 5. gr.
62. — 36. — Orðin: »og nákvæmt af sama tagi» falli burt.
63. — 41. — Fyrir: (síðast) »þannig — kjósandi» komi: á sama hátt og aðrir kjósendur.
64. — 42. — Fyrir: »það er — kjörstjórnina» komi: við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.
65. — — — Á eftir: »umboðsmanni» bætist inn í: eða þingmannsefni.
66. — 43. — Fyrir: »og þingm.efnum til eftirsjónar» komi: eða þingmannaefnum til athugunar.
67. — — — Á eftir: »umboðsmanns» bætist inn í: eða þingmannsefnis.
68. — 45. — Fyrir: »á hverju stigi sem er» komi: áhrærandi kosningar, gjörðina.
69. — 46. — Fyrir: »svo á — viðstödd» komi: Einnig eiga umboðsmenn og þingmannaefni.
70. — — — Á eftir: »Síðan skal» komi: tafarlaust.
71. — 47 — gr. orðist þannig: Innan 7 daga eftir að kosning fer fram,

skulu allir kjörseðlar komnir í hendur yfirkjörstjórnarinnar; skal hún með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að telja atkvæðin, og má það eigi síðar vera en 10 dögum eftir kosninguna.

72. Við 47. gr. Fyrir: »Hvert þingmannsefni« komi: Frambjóðandi hver.
73. — 48. — Fyrir: »fulltrúa« komi: umboðsmenn.
74. — — — Orðið: »upp« falli burt.
75. — — — Fyrir: »hverjum — sem vill« komi: kjósendum gefist kostur á að vera við.
76. — — — Fyrir: »þingmannsefni« komi: frambjóðandi.
77. — — — Fyrir: »helzt af ólíkum — athöfnina« komi: til að vera við í þeirra stað.
78. — 49. — Orðin: »og augsýn« falli burt, »í senn og« sömul.
79. — — — Á eftir: »úr öllu kjördæminu« bætist inn í: með nákvæmu eftirliti umboðsmanna.
80. — 50. — Fyrir: »að hann sé kosinn« komi: hver kosinn sé.
81. — 51. — Fyrir: »þá er — farið fram« komi: þegar búið er að telja saman atkvæðin.
82. — 52. — Á eftir: »nú ferst kosning fyrir í hreppi« bætist inn í: á lögboðnum degi.
83. — — — Fyrir: »Undir eins og — hvert heimili« komi: Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar, en að viku liðinni. Skal senda gagnert með þingboðið á hvert heimili.
84. — — — Fyrir: »en kosning hefir« komi: þótt kosning hafi.
85. — 53. — Orðin: »í kjördæmi yfir því« falli burt.
86. — — — Fyrir: »yfir er kært« komi: kærður er.
87. — 54. — Fyrir: »ákveður« komi: ákveða.
88. — — — Fyrir: »kosningafyrirskipun« komi: fyrirskipun.
89. — 55. — Fyrir: »boðið til kosninga til aukapings« komi: boðað til aukapingskosninga.
90. — 57. — Fyrir: »því um líks« komi: og fl.
91. — 59. — Á milli málsgreinanna bætist inn í: Sá er verður uppvis að því, að haf kosið á 2 stöðum, skal sæta 100 kr. sekt og missa atkvæðisrétt sinn við næstu kosningar. Sé brotið ítrekað, tvöfaldast sektin, og sakborningur hafi þá fyrirgjört kosningarrétti sínum.
92. — 61. — Orðið: »tangelsi« falli burt á fyrri staðnum.
93. — 64. — falli burt.

Neðri deild alþingis 9. ágúst 1902.

Hannes Þorsteinsson

form.

Björn Kristjánsson

Arni Jónsson

skrifari og framsögumaður

Eggert Benediktsson

Hermann Jónasson.

Nd.

91. Breytingartillaga

við breytingartill. fjáráukalaganefndarinnar á þingskjali 65, 5. tölul. 5 a.

Frá landshöfðingja.

Liðurinn orðist þannig:

Stjórninni veitist heimild til að verja fjárveitingunni í 12. gr. staflíð D. til þráðarlausrar firðritunar milli Íslands og útlanda og milli 3—4 stöðva á Íslandi.

Ed.

92. Breytingartill.

við frumv. til laga um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði.

Frá Kristjáni Jónssyni.

Aftan við 2. gr. bætist: Verði ágreiningur milli þeirra, sker landshöfðingi úr honum.

Ed.

93. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík.

Frá Sigurði Jenssyni og Kristjáni Jónssyni.

Alþingi skorar á landstjórnina að hlutast til um, að reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík verði breytt svo, að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein og kenslustundum í latínu fækkað að mun, og að kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði varið til aukinnar kenslu í nýju málunum (einkum ensku), náttúrusögu og eðlisfræði.

Nd.

94. Frumvarp til viðaukalaga

við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50 til 1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

2. gr. Hérlandur maður, er leggur það í vana sinn að dvelja á útlendu botnvörpuskipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því ári gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eftir 1. gr. Sömu hegningu skal hver sá hérlandur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minnsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

3. gr. Ákvæði undanfarinna greina gilda eigi um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

4. gr. Skipstjóra þann, er gjörir sig sekan í ítrekuðu broti eða broti, er mjög mikið kveður að, gegn 1. gr. laga 6. apríl 1898, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. gr. þeirra laga, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi, 26. gr.).

Nd.

95. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, veitast 86,461 kr. 77 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—7. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast 500 kr. til verkfróðs manns til að kynna sér skipamælingar.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til lækna-skipunarinnar, veitast:

1. Til Jóns húsasmiðs Sveinssonar fyrir vinnu við að gera áætlanir um landsspítala kr. 400,00
2. Til sóttvarnarhúsa:
 - a. Í Reykjavík kr. 6000,00
 - b. Á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 4000 kr. til hvers — 12000,00 — 18000,00

kr. 18400,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Til þess að fullgera brú á Lagarfljóti og ferju á Steinsvaði kr. 41200,00
2. Til þjóðvega — 930,21
3. Til þess að reisa vörður við skipaleiðina inn á Beru-fjörð — 1000,00

kr. 43130,21

gegn því að hlutaðeigandi sýslufélag takist á hendur viðhald varðnanna

kr. 43130,21

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaga E. j. veitist:

- Til vitavardar, ljósmetis o. fl. 600—600 kr. 1200,00

kr. 1200,00

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna A. í þarfir andlegu stéttarinnar, veitast:

1. Til lúkningar álaga í prestsetrið Velli í Svarfaðardal kr. 222 56
2. Til prófests Eyfirðinga $\frac{1}{2}$ kostnaður hans við úttekt þessa — 9 00

kr. 231 56

7. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, veitast:

Til stud. polyt. Jóns Þorlákssonar í Kaupmannahöfn — fyrir árið 1903
 -- til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð,
 alt að 3000 kr.

Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

- a. Fjárveitingunni undir 12. gr. staðið D. í fjárlögum 1902 og 1903 má verja til þess, að koma á samningum um þráðlausa firðritun milli Íslands og útlanda, og milli 3—4 stöðva á Íslandi, að því áskildu, að þessir samningar verði lagðir undir atkvæði alþingis áður en þeir eru fullgjörðir.
- b. Sýslusjóði Rangárvallasýslu veitist fyrir yfirstandandi fjárhags-tímabil eftirgjöf á vöxtum af 6000 kr. láni úr landssjóði, sem tekið var næstl. vetur til fyrirhleðslu í skörð, er þverá braut gegnum bakka sína.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B, 1 fjárlaganna, veitist til tilraunar, til að flytja kjöt í kældu skipi til útlanda haustið 1903 alt að 20000 kr.

Styrkur þessi útborgast að eins sem uppbót fyrir hvert það pund af fyrnetndu kjöti, er selst lægra verði en svo, að seljandi fái fyrir það 18 aura í kroppum undir 45 pd., en 20 aura í þyngri kroppum, að fráðregnum kostnaði. Skál þá greiða seljanda það, sem á vantar í 18 eða 20 aura, þó ekki meira en 5 aura á hvert pund.

23000 kr.

Nd.

96. Frumvarp

til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík. (eins og það var samp. við 2. umr. í Nd.)

Stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað þann hluta Arnarhólslóðar, sem liggur fyrir austan Klapparstíg (Klapparlóð) eftir dómkvaddra manna mati.

Ed.

97. Frumvarp

til laga um síldarnætur.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Þegar síldarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skal skýra lögreglustjóra frá því. Þegar síldarnæturnar hafa verið notaðar við veiðar, má ekki flytja þær aftur frá landinu.

2. gr. Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða sektum frá 50 til 500 kr., sem renna í landssjóð. Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.

Nd.

98. Frumvarp

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. Þáttur.

Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr. Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merk-ing, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða frá fiskiskipi frá öðru ríki. Er skipið aðkomuskip þar til er það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn.

„Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega til greind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gula hitasótt, mislinga og skarlatssótt.

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efni, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem auglýsing frá ráðgjafa Íslands eða landshöfðingja hefir bannað að flytja inn vegna sótt hættu eða þá bundið hann vissum skilyrðum (22. gr.).

2. gr. Hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og ætla að hafa samband við land eða við landsbúana, skal hafa meðferðis sóttgæzluskírteini frá brottfararstað sínum, og, ef hann er utanríkis, skal skírteinið staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sé hann þar enginn, þá af yfirvaldi.

3. gr. Ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki má, nema til neytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr. Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýna nauðsyn beri til.

Enginn má leyfa inn í híbýli sín eða eiga nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis, nema brýna nauðsyn beri til.

2. Þáttur.

Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr. Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti, héraðslæknir og einn

maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kýs, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitastjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

6. gr. Í hverjum kaupstað á landi hér skal vera sóttvarnarhús, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefnd sú, er í hlut á, skal hafa umsjón yfir húsum þessum, annast viðhald á þeim og öllum útbúnaði þeirra og ráða þjónustumenn til þeirra eftir þörfum, til þess að fara tafarlaust í húsinn þegar er sjúklingar koma.

Hlutaðeigandi héraðslæknir annast lækning þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsi, nema landshöfðingi eftir tillögum landlæknis skipi til þess annan lækni.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um afnot þessara sóttvarnarhúsa.

3. Þáttur.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

7. gr. Þegar aðkomuskip vill hleypa mönnum eða farangri á land á höfn, sbr. 3. gr., og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (11. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskírteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni.

8. gr. Nú er sóttgæzluskírteini skipsins í lagi, og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins, hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur gæti legið á um að séu næmir.

Hafi skipið ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt (sbr. 2. gr.), skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsing upp á æru sína og samvizku um, að á skipinu séu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað

þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir séu úr slíkum sjúkdómum.

Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og grunur leikur á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða eða grunur er á um, að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, sé eigi fulltryggilegt, þá má ekki veita heilbrigðisvottorð fyrir en héraðslæknir hefir rannsakað skipið, og sagt fyrir um, hvernar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gjörist má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sé ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji læknir tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því að eins, að sjúklingnum sé eigi hættu búin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um að farið sé eftir fyrimælum greinar þessarar og 7. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Heilbrigðisvottorð skal veitt ókeypis.

9. gr. Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eftir auglýstri áætlun, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gjörlegt eftir atvikum.

4. Þáttur.

Um skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu.

10. gr. Í hvert sinn, sem áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt — að undanteknum mislingum og skarlatssótt — hafi gjört vart við sig einhversstaðar í útlöndum, gefur ráðgjafi Íslands út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef að eins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðgjafi Íslands gefur aftur út auglýsingu um, hve nær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

Landshöfðingi hefir vald til að gefa út auglýsingar þær, sem nefndar eru í þessari grein, ef hann hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að sótt sé komin upp eða um garð gengin áður en auglýsing ráðgjafans um það er komin til hans. En skýra verður hann ráðgjafa hið bráðasta frá auglýsingu sinni.

11. gr. Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskifti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. gr., eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins, að erlend sótt gangi á;

2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið

sjúkir menn eða dauðir og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;

3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til Íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsiglihúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið Íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. gr. Ef svo er ástatt fyrir skipi, sem sagt er í 11. gr. 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr., 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, nema það sé til neytt.

13. gr. Þangað til læknisrannsókn hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skipið afkvíð, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema þá í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu eru háðir þeim sóttthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða læknir setur þeim, og má, ef þörf gjörist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er; sé enginn læknir viðstaddur, skal sóttgæzlumaður svo fljótt sem auðið er gjöra boð eftir héraðslækni; þó skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

14. gr. Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkst eða dáðið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir, því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því, er skipið hafði síðast mök við sóttmengað bygðarlag eða skip.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til er sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíð. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og bygðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr. Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyr en skipið hefir verið sóttthreinsað að svo miklu leyti, sem sóttvarnarnefnd eða læknir hefir ákveðið, og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sóttthreinsa á skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr. Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíðuð, 1. að sjúkir menn séu fluttir í sóttvarnarhús, og sé ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, 2. að lík séu flutt í land og jarðsett, 3. að skipið sé sótthreinsað eins og með þarf, 4. að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sótthreinsa á skipinu, og 5. að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir, annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir á land.

17. gr. Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að afla sér kola, vista eða annara nauðsynja. eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

18. gr. Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksútflutninga, eða skip, sem virðast vera afaróheilmæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eftir ákvæðum 16. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi.

19. gr. Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sótt-hreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sótthreinsun þess allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

20. gr. Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 12. gr., 2. hluta, en hefir neyðst til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sóttvarnarnefndin skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar svo fljótt, sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist.

21. gr. Um strandað skip og bannaðan farangur á því gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

22. gr. Ráðgjafa Íslands (landshöfðingja) er heimilt, þegar hann gefur út auglýsing samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt, eða binda skilyrðum, að

fluttar séu til landsins frá hlutaðeiganda stað þær tegundir farangurs, sem nánar verðar tilgreinda í auglýsingunni.

23. gr. Nú ganga mislingar, skarlatssótt eða innflúenza einhversstaðar í útlöndum og eru þar mjög útbreiddir eða illkynjaðir, og er ráðgjafa (landshöfðingja) þá heimilt að gefa út auglýsing um þá, eftir því sem ákveðið er í 10. gr. um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum þætti skuli beitt.

Ef svo mikil hætta stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að eigi tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur landshöfðingi í samráði við landlækni fyrirskipað þessar ráðstafanir, en skýrslu verður að senda tafarlaust ráðgjafa Íslands, svo fenginn verði úrskurður konungs.

5. þáttur.

24. gr. Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum ber lækni 4 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 6 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir.

Auk þess á lækniir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum samkvæmt 6. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; þó heldur lækniir dagpeningum, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

25. gr. Sóttvarnarhús þau, sem nefnd eru í 6. gr., skal reisa, út búa og halda við á kostnað landssjóðs. Sömu leiðis skal greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, að því undanteknu, er hér greinir:

a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og á land aftur.

b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt og þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í húsum þeim, sem nefnd eru í 6. gr., og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í hús þessi með öðrum sjúkdómi en erlendum.

c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Hið sama er og um önnur útland skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenska höfn og sóttvarnarnefnd álitur, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga undir sóttkvíun.

d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandinu að svo miklu leyti, sem það hrekkur til.

e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljóta, að svo miklu leyti, sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.

26. gr. Landsjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum.

27. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara eða skipunum þeim, sem

gefna eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 20 til 500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eftir almennum lögum; en þegar ákvæði 4. þáttar laga þessara eru í gildi, varða brotin fangelsi (almenn hegningarlög, 26. gr.), eða 50 til 1000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektir renna í landssjóð.

Ef álíta má, að hegningin muni ekki verða þyngri en sektir, er sótt-varnarnefnd heimilt að taka boði hins seka um að greiða þegar í stað sekt til landsjóðs, til þess að komast hjá málssókn.

Farangur sá, sem reynt hefir verið að flytja inn, eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan, ef eigi skal lóga honum, og rennur ágóðinn í landssjóð.

28. gr. Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á sams konar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin.

Skírteini það (sóttgæzluskírteini), sem getið er í 1. hluta greinar þessarar, skal láta í té endurgjaldslaust, ef skipið er afgreitt til Danmerkur eða Færeyja. Önnur skip skulu greiða 5 kr. gjald, sem rennur í landsjóð.

Vottorð það (sóttkvíunarovottorð), sem nefnt er í 2. hluta greinar þessarar, skal láta í té endurgjaldslaust, nema svo standi á, sem greint er í 26. gr., staflið c.; en þá skal greitt í landsjóð 5 aura gjald af hverju smálestarrúmi skipsins, þó aldrei meira en 30 kr.

29. gr. Tilskipun 8. febr. 1805 um Quarantaine-ráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið bréf 20. júlí 1838 áhrærandi ónýting opinna bréfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Ísland og Færeyjar eru úr gildi feld. Enn fremur eru úr gildi numin konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög 17. des. 1875 um mótvörnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist Íslands, lög 24. okt 1879 um viðauka við lög þau og lög 18. des. 1897 um viðauka við teð sóttvarnarlög frá 17. des. 1875.

30. gr. Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Nd.

99. Breytingartillaga

við frumv. til fjárukalaga. Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason. Hannes Þorsteinsson. Stefán Stefánsson. Þórh. Bjarnarson. Herm. Jónasson. Sigurður Stefánsson.

Við 5. gr. bætist: Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna E, k. veitist: Til vitavardar, ljósmetis o. fl. 300—300—

Nd.

100. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík (eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.) Frá flutningsmanni.

I stað orðanna: eftir dómkvaddra manna mati, komi: »fyrir ekki lægra verð en dómkvaddir menn meta«.

Nd.

101. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa í Akureyrarkaupstað og má verja til þess allt að 50,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Þrír skulu vera kennarar við skólann. Er einn þeirra skólastjóri, og hefir hann að launum 3000 kr. og leigulausan bústað í skólanum, fyrri kennari hefir 2000 kr. að launum og hinn síðari 1600 kr.

3. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirráð og umsjón skólans.

4. gr. Kostnaður allur við skólann greiðist úr landssjóði.

Nd.

102. Frumvarp

til laga um manntalsþing. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Hér eftir er hvert lögsagnarumdæmi ein manntalsþinghá. Jafnframt er skylda gjaldenda til að sækja manntalsþing afnumin.

2. gr. Sýslumaður hver og bæjarfógeti utan Reykjavíkur heldur ár hvert tvenn manntalsþing á skrifstofu sinni. Fyrri þingið sé haldið í júní og sé þar gegnt öllum hinum sömu störfum og gegnt hefir verið á manntalsþingum hingað til, dómstörfum þó því aðeins. að fyrirmæla laganna um varnarþing sé gætt. Seinna þingið sé haldið í október, og þá að eins gegnt þinglýsingum.

3. gr. Sýslumaður má á eigin ábyrg fela hreppstjórum að útbýta þinggjaldsæðlum og taka við þinggjöldum hreppsúa, en gjalda verður hann þá hreppstjóra 20% fyrir ómakid.

4. gr. Aðalsýslunefndar og varasýslunefndarmenn skal kjósa á vorbreppskilabingunum, og er hreppstjóri formaður kjörstjórnarinnar, en í henni sitja auk hreppstjóra 2 menn, er sýslunefndin nefnir til.

Stefnuvottar vinni að eins skriflegan eið að sýslan sinni.

Nd.

103. Breytingartillögur

við frumvarp um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Flutningsmenn Björn Kristjánsson, Guðl. Guðmundsson, Eggert Eenediktsson, Hermann Jónasson, Sigurður Stefánsson, Ólafur Briem.

1. Við 1. gr. 4. málslíð orðin: »eða frá fiskiskipi frá öðru ríki« falli burt.

2. Við 1. gr. 10. málslíð, orðin »líka afia« falli burt.
3. Við 3. gr. orðin: »og ekkert fiskiskip frá öðru ríki« falli burt.
4. Við 4. gr. Fyrir »utanríkisskipum« á tveim stöðum í greininni, komi á báð-
um stöðum: aðkomuskipum.
5. Við 29. gr. Aftan við 1. málslíð bætist: Skýrteini þetta veitist ókeypis.
6. Við 29. gr. 3. málslíður falli burt.

Nd.

104. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gjald af hvölum, sem veiddir eru við Ísland. Frá Sigurði Stefánssyni, Jóni Magnússyni, Hermann Jónassyni, Ara Brynjólfssyni, Magnúsi Andræssyni, Ólafi Briem.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Hvalveiðamenn á Íslandi skulu gjalda af hverjum hval, sem þeir draga á land, af sléttbökum (Nordkapere) 100 krónur, af steypireyðarhvölum (Blaahvale) 45 krónur, af geirreyðarhvölum (Finhvale) 18 krónur og af öðrum hvölum 6 kr.

Þeir hvalveiðamenn, sem hirða hvalina til kraftfóðurs og áburðar (Guano), er þeir búa til hér á landi, gjalda hálfu minna gjald af hverjum hval.

- 2.—2. gr. Fyrir: »að landi« komi: »á land«.

3.—4. — Fyrir: »5 krónur af hverjum hval« komi: »5 krónur af hundraði«.

Ed.

105. Breytingartillaga

við frv. til laga um helmingsuppgjöf eftirstöðva af láni til brúargjörðar á Ölfusá (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.). Frá landshöfðingja.

Í stað orðanna í niðurlagi frv. »frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi« komi: frá 6. september 1903.

Nd.

106. Breytingartillögur

við frumvarp um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Flutningsmenn Björn Kristjánsson, Sigurður Stefánsson, Guðl. Guðmundsson, Hermann Jónasson, Eggert Benediktsson, Ólafur Briem.

1. Við 1. gr. 4. málslíð fyrir: »öðru ríki« komi: útlöndum.
2. Við 1. gr. 10. málslíð, orðin: »líka afia« falli burt.
3. Við 3. gr. orðin: »og ekkert fiskiskip frá öðru ríki« falli burt.
4. Við 4. gr. a, aðaltillaga: Fyrri málslíður falli burtu.

b, varatillaga: Fyrir »utanríkisskipum« komi: aðkomuskipum.

5. Við 4. gr. 2. málslíð. Fyrir »fiskiskipum utanríkis« komi: aðkomuskipum.
6. Við 28. gr. Aftan við 1. málslíð bætist: Skirteini þetta veitist ókeypis.
7. Við 28. gr.: 3. málslíður falli burt.

Nd.

107. Breytingartillaga

við frumvarpið á þingskjal 101. Frá Árna Jónssyni, Péttri Jónssyni, Ólafi Briem, Guðl. Guðmundssyni, Stefáni Stefánssyni þm. Skgf., Birni Bjarnarsyni.

1. 2. gr. falli burt.
2. 3. — — —
3. 4. — — —
4. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um viðauka við lög 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Ed.

108. Breytingartillaga

við frumv. til laga um að selja salt eftir vikt. (Þingskjal 66). Frá J. Jónassen. Við 2. gr. Fyrir 100—500 kr komi: 25—50 kr.

Nd.

109. Breytingartillögur

við frumv. til laga um breyting á lögum um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.). Frá landshöfðingja.

1. 2. gr. falli burt.
 2. 3. gr. falli burt.
 3. 4. gr. falli burt.
- Orðin »1. gr.« í upphafi frv. falli burt.

Ed.

110. Frumvarp

til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík. (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað þann hluta Arnarhólslóðar, sem liggur fyrir austan Klapparstíg (Klapparlóð) fyrir ekki lægra verð en dómkvaddir menn meta.

Ed.

111. Frumvarp

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. Þáttur.

Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr. Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merk-ing, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða frá fiskiskipi frá öðru ríki. Er skipið aðkomuskip þar til er það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn.

„Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega til greind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gula hitasótt, mislinga og skarlatssótt.

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem auglýsing frá ráðgjafa Íslands eða landshöfðingja hefir bannað að flytja inn vegna sótthættu eða þá bundið hann vissum skilyrðum (22. gr.).

2. gr. Hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og ætlar að hafa samband við land eða við landsbúana, skal hafa meðferðis sóttgæzluskírteini frá brottfararstað sínum, og, ef hann er utanríkis, skal skírteinið staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sé hann þar enginn, þá af yfirvaldi.

3. gr. Ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki má, nema til neytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr. Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýna nauðsyn beri til.

Enginn má leyfa inn í híbýli sín eða eiga nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis, nema brýna nauðsyn beri til.

2. Þáttur.

Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr. Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er.

I kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti, héraðslæknir og einn

maður, er bæjarstjórnin kys úr sínum flokki. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kys, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitastjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

6. gr. Í hverjum kaupstað á landi hér skal vera sóttvarnarhús, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefnd sú, er í hlut á, skal hafa umsjón yfir húsum þessum, annast viðhald á þeim og öllum útbúnaði þeirra og ráða þjónustumenn til þeirra eftir þörfum, til þess að fara tafarlaust í húsin þegar er sjúklingar koma.

Hlutaðeigandi héraðslæknir annast lækning þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsi, nema landshöfðingi eftir tillögum landlæknis skipi til þess annan lækni.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um afnot þessara sóttvarnarhúsa.

3. Þáttur.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

7. gr. Þegar aðkomuskip vill hleypa mönnum eða farangri á land á höfn, sbr. 3. gr., og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (11. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskírteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni.

8. gr. Nú er sóttgæzluskírteini skipsins í lagi, og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins, hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur gæti legið á um að séu næmir.

Hafi skipið ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt (sbr. 2. gr.), skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsing upp á æru sína og samvizku um, að á skipinu séu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað

þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir séu úr slíkum sjúkdómum.

Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og grunur leikur á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða eða grunur er á um, að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, sé eigi fulltryggilegt, þá má ekki veita heilbrigðisvottorð fyrir en héraðslæknir hefir rannsakað skipið, og sagt fyrir um, hverrar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gjörist má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sé ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji læknir tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því að eins, að sjúklingnum sé eigi hætta búin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um að farið sé eftir fyrirmælum greinar þessarar og 7. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Heilbrigðisvottorð skal veitt ókeypis.

9. gr. Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eftir auglýstri áætlun, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gjörlegt eftir atvikum.

4. Þáttur.

Um skip, sem skylt er að hafa uppi sóttvarnarveifu.

10. gr. Í hvert sinn, sem áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt — að undanteknum mislingum og skarlatssótt — hafi gjört vart við sig einhversstaðar í útlöndum gefur ráðgjafi Íslands út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef að eins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðgjafi Íslands] gefur aftur út auglýsingu um, hve nær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

Landshöfðingi hefir vald til að gefa út auglýsingar þær, sem nefndar eru í þessari grein, ef hann hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að sótt sé komin upp eða um garð gengin áður en auglýsing ráðgjafans um það er komin til hans. En skýra verður hann ráðgjafa hið bráðasta frá auglýsingu sinni.

11. gr. Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskifti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. gr., eða * stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins, að erlend sótt gangi á;

2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið

sjúkir menn eða dauðir og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;

3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til Íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsiglihúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið Íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. gr. Ef svo er ástatt fyrir skipi, sem sagt er í 11. gr. 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, nema það sé til neytt.

13. gr. Þangað til læknisrannsókn hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skipið afkvíað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema þá í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu eru háðir þeim sóttthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða læknir setur þeim, og má, ef þörf gjörist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er; sé enginn læknir viðstaddur, skal sóttgæzlumaður svo fljótt sem auðið er gjöra boð eftir héraðslækni; þó skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

14. gr. Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkst eða dáið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir, því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því, er skipið hafði síðast mök við sóttmengað bygðarlag eða skip.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til er sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og bygðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr. Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyr en skipið hefir verið sóttthreinsað að svo miklu leyti, sem sóttvarnarnefnd eða læknir hefir ákveðið, og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sóttthreinsa á skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr. Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíðuð, 1. að sjúkir menn séu fluttir í sóttvarnhús, og sé ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, 2. að lík séu flutt í and og jarðsett, 3. að skipið sé sóttthreinsað eins og með þarf, 4. að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sóttthreinsa á skipinu, og 5. að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir, annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sóttthreinsað eða þeir fluttir á land.

17. gr. Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að afla sér kola, vista eða annara nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

18. gr. Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksútflutninga, eða skip, sem virðast vera afaróheillnæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eftir ákvæðum 16. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi.

19. gr. Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sóttthreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sóttthreinsun þess allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

20. gr. Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 12. gr., 2. hluta, en hefir neyðst til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en lækni er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sóttvarnarnefndin skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar svo fljótt, sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist.

21. gr. Um strandað skip og bannaðan farangur á því gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

22. gr. Ráðgjafa Íslands (landshöfðingja) er heimilt, þegar hann gefur út auglýsing samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt, eða binda skilyrðum, að

fluttar séu til landsins frá hlutaðeiganda stað þær tegundir farangurs, sem nánar verðar tilgreinda í auglýsingunni.

23. gr. Nú ganga mislingar, skarlatssótt eða innflúenza einhversstaðar í útlöndum og eru þar mjög útbreiddir eða illkynjaðir, og er ráðgjafa (landshöfðingja) þá heimilt að gefa út auglýsing um þá, eftir því sem ákveðið er í 10. gr. um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum þætti skuli beitt.

Ef svo mikil hætta stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að eigi tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur landshöfðingi í samráði við landlækni fyrirskipað þessar ráðstafanir, en skýrslu verður að senda tafarlaust ráðgjafa Íslands, svo fenginn verði úrskurður konungs.

5. þáttur.

24. gr. Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum ber lækni 4 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 6 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir.

Auk þess á lækni heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum samkvæmt 6. gr. laga 13. ókt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; þó heldur lækni dagpeningum, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

25. gr. Sóttvarnarhús þau, sem nefnd eru í 6. gr., skal reisa, út búa og halda við á kostnað landssjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, að því undanteknu, er hér greinir:

a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og á land aftur.

b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt og þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í húsum þeim, sem nefnd eru í 6. gr., og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í hús þessi með öðrum sjúkdómi en erlendum.

c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenska höfn og sóttvarnarnefnd álltur, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga undir sóttkvíun.

d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandinu að svo miklu leyti, sem það hrekkur til.

e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem skýlt er að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljóta, að svo miklu leyti, sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.

26. gr. Landsjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum.

27. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara eða skipunum þeim, sem

gefna eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 20 til 500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eftir almennum lögum; en þegar ákvæði 4. þáttar laga þessara eru í gildi, varða brotin fangelsi (almenn hegningarlög, 26. gr.), eða 50 til 1000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektir renna í landssjóð.

Ef álfta má, að hegningin muni ekki verða þyngri en sektir, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka boði hins seka um að greiða þegar í stað sekt til landssjóðs, til þess að komast hjá málssókn.

Farangur sá, sem reynt hefir verið að flytja inn, eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan, ef eigi skal lóga honum, og rennur ágóðinn í landssjóð.

28. gr. Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni. Skírteini þetta veitist ókeypis.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á sams konar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin.

Skírteini það (sóttgæzluskírteini), sem getið er í 1. hluta greinar þessarar, skal láta í té endurgjaldslaust, ef skipið er afgreitt til Danmerkur eða Færeyja. Önnur skip skulu greiða 5 kr. gjald, sem rennur í landssjóð.

29. gr. Tilskipun 8. febr. 1805 um Quarantaine-ráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið bréf 20. júlí 1838 áhrærandi ónýting opinna bréfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Ísland og Færeyjar eru úr gildi feld. Enn fremur eru úr gildi numin konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist Íslands, lög 24. okt 1879 um viðauka við lög þau og lög 18. des. 1897 um viðauka við tæð sóttvarnarlög frá 17. des. 1875.

30. gr. Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Ed.

112. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskóla á Moðruvöllum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

Gagnfræðaskóla skal reisa í Akureyrarkaupstað og má verja til þess. alt að 50,000 kr. úr landssjóði.

Ed.

113. Frumvarp

til laga um manntalsþing. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Hér eftir er hvert lögsagnarumdæmi ein manntalsþinghá. Jafnframt er skylda gjaldenda til að sækja manntalsþing afnumin.

2. gr. Sýslumaður hver og bæjarfógeti utan Reykjavíkur heldur ár hvert tvenn manntalsþing á skrifstofu sinni. Fyrri þingið sé haldið í júní og sé þar gegnt öllum hinum sömu störfum og gegnt hefir verið á manntalsþingum hingað til, dómstörfum þó því aðeins, að fyrirmæla laganna um varnarþing sé gætt. Seinna þingið sé haldið í október, og þá að eins gegnt þinglýsingum.

3. gr. Sýslumaður má á eigin ábyrgð fela hreppstjórum að útbýta þinggjaldssæðlum og taka við þinggjöldum hreppsbúa, en gjalda verður hann þá hreppstjóra 2% fyrir ómakið.

4. gr. Aðalsýslunefndar- og varasýslunefndarmenn skal kjósa á vorhreppskilapöngunum, og er hreppstjóri formaður kjörstjórnariinnar, en í henni sitja auk hreppstjóra 2 menn, er sýslunefndin nefnir til.

Stenuvottar vinni að eins skriflegan eið að sýslan sinni.

Ed.

114. Frumvarp

til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Jökulsá í Öxarfirði nálægt Ferjubakka, og verja til þess allt að 50,000 króna úr landssjóði.

2. gr.

Þegar brúin er fullgjör skal sýslufélag Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-antið taka að sér gæzlu og viðhald hennar, eftir þeim hlutföllum, sem þessi héraðsvöld koma sér saman um. Verði ágreiningur milli þeirra, sker landshöfðingi úr honum.

Nd.

115. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902—1903. Flutningsmenn Ari Brynjúlfsson, Lárus H. Bjarnason, Eggert Benediktsson, Sighvatur Árnason, Þorgr. Þórðarson, Hannes Þorsteinsson.

6. gr. falli burt.

Nd. **116. Frumvarp**
til laga um stofnun brunabótafélags. (Eins og hún var samþ. við 2. umr. í Nd.)

I. kafli.

Stofnun félagsins.

1. gr. Brunabótafélag skal stofna hér á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Búðardal, Skarðstöð, Flatey, Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Arngræðareyri, Hesteyri, Reykjarfirði, Hólmavík, Borðeyri, Blönduós, Hólanesi, Skagaströnd, Sauðárkrók, Siglufirði, Kolkuós, Grafarós, Hofsó, Haganesvík, Húsavík, Hjalteyri, Svalbarðseyri, Vopnafirði, Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafríði, Eskifirði, Borgarfríði, Mjóafirði, Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Hornafjarðarós, og Vík skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum. Öll hús skulu vátrygð með fullu verði þeirra eftir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eftir.

3. gr. Eigendur húsa og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn félagsins samþykkir það. Félagið tekur einnig í ábyrgð búsgögn og annað lausafé, eftir því sem nánara verður ákveðið í reglugjörð félagsins.

4. gr. Þegar félagið kemst á fót, fer fram virðing á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Virðingargjörðir skulu framkvæmdar af slökkviliðsstjóra og 2 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefndir fyrir rétti til 6 ára. Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 2 kr. á dag. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurgjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eftir virðingarverði húseignanna.

5. gr. Virðingargjörðir á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, er sýslumaður útnefnir í hvert skifti. Fyrir starf sitt fá virðingarmenn 2 kr. á dag, og sá er ritar gerðina ennfremur 1 kr. Borgun þessa greiðir gjörðarbeiðandi.

6. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð, og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meira en þær álita hæfilegt.

7. gr. Stjórn félagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 10. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð félagsins, og skulu þeir þá virða upp aftur þau hús, sem þeir álita aðlækkað hafi í verði. Félagsstjórnin hefir og heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir, ef henni þykir ástæða til. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu; ella greiðist hann af félagsgjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í félaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefir bygt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkada, ef húseignin hefir aukist í verði.

8. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla, nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eftir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landssjóðs.

9. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið, að vist bil sé á milli húsa, sem byggð eru að nýju á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Hún getur og bannað, að starfsemi, sem sérstök brunahætta er samfara, fari fram nema í afskektum húsum.

10. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, er félagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til eftir boði slökkviliðsstjóra að koma að minsta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í kaupstaðnum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gera alt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.

11. gr. Félagið skal hafa lögheimili og varnarþing í Reykjavík. Í stjórn félagsins skulu sitja 3 menn, 1 forstjóri og 2 meðstjórnendur. Forstjóri félagsins skal skipaður af landshöfðingja, en meðstjórnendur skulu kosnir af fulltrúafundi til 6 ára. Deyi meðstjórnandi eða fatlist svo, að hann geti ekki gengt sýslan sinni, skipar landshöfðingi annan mann í hans stað til næsta fulltrúafundar.

II. kafli.

Stjórn félagsins.

12. gr. Fulltrúar félagsins eru 7 að tölu, og skulu þeir kosnir á þann hátt, að kaupstaðirnir Isafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður kjósa sinn fulltrúann hver, og verzlunarstaðir í hverjum landsfjórðungi fyrir sig kjósa einn fulltrúa í sameiningu.

Landshöfðingi blutast til um kosningu fulltrúanna.

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar. Hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður greiðir einum manni atkvæði. Skýrslu um atkvæðagreiðsluna skal senda landshöfðingja, er telur saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna. Þeir eru rétt kjörnir fulltrúar, er flest fá atkvæði. Fáir tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn. Ef fulltrúi deyr eða fatlast svo, að kjósa þurfi annan í hans stað, hlutast landshöfðingi til um nýja kosningu, og gildir hún fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er frá för.

13. gr. Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík, og greiðist þeim úr landssjóði ferðakostnaður eftir sanngjörnum reikningi 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi úrskurðar reikninga þeirra og ávísar þeim.

14. gr. Fulltrúafundur semur reglugjörð fyrir brunabótafélagið og skal

þar ákveðið, hvert er verkvið félagsstjórnarinnar og hver laun hún skal hafa; hvernig reikningsfærslu félagsins skal haga, hvar og hve oft fulltrúafundur skulu haldnir; hvers konar húseignir og hverja muni félagið tryggir; hvernig hinar vátrygðu húseignir skulu vera bygðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve oft skal virða vátrygðar húseignir upp aftur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta og hvernig hann skal endurgjalda; hvernig skera skal úr ágreiningi einstakra manna, verzlunarstaða eða kaupstaða og félagsstjórnarinnar; hve há iðgjöld skal greiða fyrir vátryggingar; hverja borgun félagið má taka fyrir tryggingarskrteini eða önnur vottorð; hvernig sjóð félagsins skal ávaxta; hve miklu fé má verja til kostnaðar við framkvæmdarstjórn og endurskoðun. Enn fremur ákveður reglugjörðin, að hve miklu leyti félagið endurtryggi hjá öðrum brunabótafélögum.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni eigi breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið meðstjórnendum brunabótafélagsins frá um stundar sakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann í til bráðabirgða í stað þess, sem frá var vikið. Hann skal þó með næstu pósthósti tilkynna öllum fulltrúum brunabótafélagsins frávikninguna og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefir skipað í stað þess, sem vikið er frá.

16. gr. Stjórn félagsins skal ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um félagið og hag þess, sem honum kanu að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag félagsins.

17. gr. Endurskoðunarmenn skulu vera tveir, og kýs fulltrúafundur annan þeirra, en hinn skal kosnu af hinu sameinaða alþingi til 2 ára í senn. Endurskoðunarmenn rannsaka reikning félagsins í hverju einstöku atriði og bera hann saman við bækur félagsins og heimaféð. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé félagsins og verðskjöl séu fyrir hendi. Þeir skulu sjá um, að munir félagsins séu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir séu til, sem annarstaðar kunna að vera en á heimili félagsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning félagsins.

18. gr. Hinn úrskurðaða reikning félagsins skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal félagsstjórnin gefa landshöfðinga, eftir hvern ársfjórðung stutt yfirlit yfir hag félagsins, sem birtist á sama hátt. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

III. kafli.

Skyldur félagsins.

19. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

20. Allir þeir, sem hafa hús í brunabótaábyrgð félagsins, skulu fá að fullu bættan af sjóði þess allan þann skaða, er þau verða fyrir af eldsvoða eða af eldingum eða fyrir það, að hús, skiðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rifð niður eða skemt til að slökkva eld. Farist slík hús alveg, skal félagið greiða það, sem þau hafa verið virt til brunabóta, en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann. Skaðabætur fyrir eldsvoða má aldrei greiða, nema áður hafi verið haldið réttarpróf um brunann. Þó getur félagsstjórnin veitt undanþágu frá þessu, ef skaðinn nemur eigi meira en 500 kr.

21. gr. Félagið ábyrgist ekki skaða af jarðskjálftum eða hernaðarvöldum eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annaðhvort með vilja eða fyrir vitavert aðgæzluleysi. Sé eigandinn viljandi eða fyrir vitavert gáleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið váttryggingarupphæðina útborgaða, þó eigi meir en þarf til lúkningar veðskuldinni ásamt 1 árs vöxtum.

22. gr. Ávalt, þegar félagið greiðir brunabætur fyrir húseign, skal brunabótafénu eingöngu verið til þess að byggja upp aftur hús þau, er brenna, eða til aðgjörðar á þeim.

23. gr. Félagsstjórninni er skylt, hve nær sem þess er krafist, að gefa hlutadeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir séu trygð til brunabóta í hans umdæmi, og, ef brennur, að gefa upplýsingar um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er váttrygð.

IV. kafli.

Ábyrgð landsjóðs.

24. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafélagið geti staðið í skilum, með 300,000 krónum. Ef félagið biður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, greiðir landsjóður það, sem á vantar. Þó greiðir hann aldrei meira en sem ábyrgðarupphæðinni svarar. Fé þetta endurborgar félagið landsjóði sem vaxtalaust lán með því, sem það hefir afgangi útgjöldum sínum árlega.

25. gr. Ef ábyrgðarupphæð landsjóðs skerðist meira en svo, að nemi 100,000 krónum, skal vinna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á váttryggjendur, þó ekki hærri en 1 af þúsundi á ári.

Fé það, sem landssjóður greiðir um fram téða upphæð, á hann heimting á að fá endurgjöldið með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum.

V. kafli.

Almenn ákvæði.

26. gr. Brot gegn 10. gr. varða sektum frá 5—50 kr., er renna í landsjóð. — Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

27. gr. Landsstjórnin sér um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt, sem verða má.

Ed.

117. Nefndarálit

í málinu frumvarp til laga um vinnuhjú og daglaunamenn.

Frumvarp þetta er, eins og kunnugt er, aðallega sniðið eftir Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi af 26 jan. 1866 að því er I. kafla snertir. Aftur á móti er II. kafli frumv. — um daglaunamenn — nýmæli í lögum, og er nefndin sam-mála um að það sé þörf viðbót við löggjöf vora.

Breytingar þær á áðurnefndri tilskipun, sem frumvarpið fer fram á, miða í fyrsta lagi til þess að koma meira samræmi á skyldur og réttindi húsbænda og hjúa innbyrðis; þannig er t. d. samkv. 9. gr. réttur hjúsins til þess, að neita að fara í vist, gjörður samsvarandi rétti húsbóndans (7. gr.) til að neita hjúi við-töku í vistina, og samkv. 11. og 12. gr. varðar vistarrof einnig sömu sekt, hvort sem þau eru gjörð af húsbónda eða hjúi. Á þessu hvorutveggju er töluverður munur eftir tilskipuninni.

Í öðru lagi eru ýmsar breytingar gjörðar á ákvæðum tilskipunarinnar, þeim, sem nú virðast úreltar, enda liggur það í augum uppi, að síðan tilskipunin var gefin út 1866, hafa ástæður húsbænda og hjúa breyzt á ýmsan hátt; má t. d. benda á það eitt, að um 1866 var svo yfirfljótanlegt af vinnufólki í ýmsum sveitum landsins, að hálfvinnandi fólki varð að ráðstafa af sveitarstjórnnum, þar sem vinnufólkseklan nú á tímum er svo mikil um alt land, að til stórvandræða horfir; af þessu leiðir svo eðlilega hækkandi kaupgjald og vaxandi kröfur til húsbænda um viðurgjörning, fæði og önnur útlát. Breytingar, sem að þessu lúta, eru þessar hinar helztu:

1. 4. gr. frv., er ákveður sama hjúaskildaga um land alt.

2. Þá er eigi tekið upp í 5. gr. né í frv. annarsstaðar bann það, sem lá á hjúinu, samkv. tilskip. um að ráða sig í vist hjá öðrum en húsbónda sínum fyrir jól.

3. Ákvæði 11. og 12. gr. um skaðabætur af þess hendi, er vístráðum bregð-ur, í stað matarverðs.

4. 20. gr. vianuhjúatilskipunarinnar um húsaga er feld úr sem úrelt og óviðeigandi ákvæði.

5. Ákvæðum 23. gr. vinnuhjúatilskipunarinnar (22. gr. frv.) um skyldur húsbænda við hjú, sem veikjast í vistinni, er nokkuð breytt; þótti nefndinni á-stæða til að takmarka nokkuð tíma þann, sem húsbóndi væri skyldur að greiða sjúku hjúi sínu kaup og fæða það endurgjaldslaust, en á hina hliðina áleit nefndin viðurhlutamikið og jafnvel ranglátt, að afnema réttindi hjúsins í þessu efni með öllu, þar sem þau styðjast við mjög gamla landsvenju.

Þessar aðalbreytingar frá eldri lögum felst nefndin algjört á, en á hina hliðina hefir hún leyft sér að stinga upp á nokkrum breytingum við frumvarp-ið í samræmi við það, sem að framan er sagt, svo og ýmsum orðabreytingum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfylgjandi breytingum:

1. Við 6. gr. 2. málsgrein. Fyrir: »Ef húsbóndi vitjar« komi: Ef húsbóndi fyrir nauðsynja sakir vitjar o. s. frv.

2. — 6. — 2. málsg. Fyrir: »á öðrum stað« komi: á öðrum viðunanlegum stað.

3. — 9. — 2. Fyrsti málsliður orðist þannig: Ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu um það leyti, sem hjúið á að fara í vistina.
4. — 11. — Fyrir: »kaup« komi: áskilið kaup.
5. — 13. — Fyrir: »skulu vistarráðin ógild« komi: skal vistarráðunum lokið.
6. — 15. — Fyrir: »Rétt goldin eru hjúi í kaup — skuli kaupið« komi: Að öðru leyti skal greiða kaupið í peningum, hafi ekki verið samið um annan greiðslueyri milli húsbónda og hjús.
7. — 15. — Síðasta málsgrein orðist þannig: Sé eigi öðruvísi um samið o. s. frv.
8. — 19. — Á eftir: »móti þeim« komi: með ofbeldi.
9. — 22. — Fyrir: »skerðist kaup þess fyrir þann tíma, svo sem tala rennur til, komi: sakir veikinda, missir það tiltölulegan hluta af árskaupi sínu, fyrir þann tíma, sem fram yfir er.
10. — 22. — Fyrir síðustu málsgrein komi: og sé það lengur frá verkum en þrjá mánuði vistarársins, skal það endurgjalda húsbónda fæði fyrir hvern dag, er umfram er, eftir því, sem um semur, eða óvilhallir menn meta.
11. — 23. — Falli burtu. Greinatalan breytist eftir því.
12. — 24. — (sem verður 23. gr.). Upphaf greinarinnar orðist þannig: Ef hjúi leysir eigi af hendi skyldustörf sín, sakir drykkjuskapar, sviksemi eða tómlætis, þá dregst af kaupi þess o. s. frv.
13. — 26. — (o: 25). Upphaf greinarinnar orðist þannig: Þegar hjúi sýkist eða slasast í vistinni o. s. frv.
14. — 27. — (o: 26). 10. liður orðist þannig: Ef hjúið fær næma eða viðbjóðslega veiki í vistinni, sökum ósiðsamlegs líferniss þess.
15. — 28. — (o: 27). Niðurlagið: »og skal þá telja« o. s. frv., falli burt.
16. — 29. — (o: 28) 2. tölul. Fyrir: »verndun« komi: vernd.
17. — 29. — 4. tölul. orðið: »freklega« falli burtu.
18. — 37. — (o: 36). Greinin orðist þannig: Daglaunamaður skal leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim í góðu lagi. Hann skal og sjálfur kosta fæði sitt, skófatnað og þjónustu.
19. — 38. — (o: 37). Fyrir: »26—33« komi: 25—32.
20. — 39. — (o: 38). Í staðinn fyrir: »25. gr.« komi: 24. gr.
21. Á eftir 38. gr. komi ný grein, sem verði 39. gr. þannig hljóðandi: Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð.

Efri deild alþingis, 11. ágúst 1902.

Kristján Jónsson,
formaður.

Guttormur Vigfússon,
skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson.

Nd.

118. Breytingartillaga

við frumv. til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903. Frá Péttri Jónssyni, Birni Bjarnarsyni, Jóni Jónssyni, Ólafi Davíðssyni, Stef. Stefánssyni, þm. Eyf., Sighv. Árnasyni.

5. gr. frumvarpsins falli burt.

Nd.

119. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

Frá nefndinni.

1. Á eftir 4. gr. komi í staðinn fyrir 7. gr. a. svolátandi grein, sem verður 5. gr.:

Af fjárveitingunni undir 12. gr. staflíð D í fjárlögum fyrir árin 1902 og 1903 (35000 kr. sem fyrsta borgun í 20 ár) má verja svo miklu, sem nauðsyn krefur, til þess að koma á loftrita (aërograf) milli Reykjavíkur og útlanda og milli 4 stöðva á Íslandi, einnar í hverjum landsfjórðungi, að því áskildu, að samningarnir um þetta verði, áður en þeir eru fullgjörðir, lagðir undir atkvæði alþingis og að tillagið frá Íslands hálfu verði eigi hærra en sem samsvarar $\frac{2}{5}$ af allri þeirri fjárhæð, sem danska ríkið (Danmörk og Ísland) leggur til.

2. Frumvarpsins 5. gr. verði 6. gr.

3. Frumvarpsins 6. gr. verði 7. gr.

4. Í staðinn fyrir 1. málsgrein 7. gr. frumvarpsins komi þannig hljóðandi grein, sem verður 8. gr.:

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 14. gr. B fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Til rannsóknna á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð — fyrir árið 1903 — alt að 3000 kr.

Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. Tvær síðustu málsgreinarnar í 7. gr. verði 9. gr.

6. 7. gr. b. verði 10. gr.

Nd.

120. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáráukalaga.

Flutningsmenn: Ólafur Davíðsson, L. H. Bjarnason, Jón Jónsson, Herm. Jónasson, Ari Brynjúlfsson, Hannes Þorsteinsson.

Í staðinn fyrir 7. gr. staflíð a. komi:

Stjórninni veitist heimild til að nota fjárveitinguna í 12. gr. staflíð D í fjárlögum 1902—1903 til að koma á loftritun milli útlanda annars vegar og

Íslands hins vegar og innanlands milli 4 staða, sitt í hverjum fjórðungi, að því tilskildu þó, að stjórnin gefi öllum helztu félögum, er fást við loftfitun, kost á að keppa um fyrirtækið og gegn því, að stjórnin leggi væntanlegan samning með fylgiskjöllum fyrir næsta þing til athugunar.

Nd.

121. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Flutningsmenn: Ólafur Davíðsson, Pétur Jónsson, Lárus H. Bjarnason, Tryggvi Gunnarsson, Stefán Stefánsson, þm. Eyf., Jón Jónsson.

1. 23. grein falli burtu.
2. Greinatalan breytist samkvæmt því.
3. XV. kafli falli burtu.
4. Við frumvarpið bætist ný grein, er hljóði svo:

Með lögum þessum eru 1.—17. gr., 19.—36. gr. og 38.—40. gr. í lögum 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi felðar.

Nd.

122. Frumvarp

til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr. Kosningarrétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mann-orð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, eða lögum nr. 21, 6. nóv. 1897.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi eða sé bú hans undir skiftamedferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn, eða eftirgefinn.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár, nema svo sé, að hann sýni oddvita hlutadeigandi kjörstjórnar vottorð frá kjörstjóra, þar sem kjósandi þessi er á kjörskrá, að hann hafi afsalað sér kosningarrétti sínum í því kjördæmi.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annarra kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum orsökum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er formaður yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla, bréfa o. s. frv., og úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga o. s. frv.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (séu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri og jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina. Í kaupstað velur bæjarstjórnin undirkjörstjórn, eina fyrir hvert kjördæmi eða eina fyrir kaupstaðinn, ef hann er eitt kjördæmi. Undirkjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá, er kosningarrétt hafa, þá er kjörskrá er samin, og enn fremur þá, sem fyrir 1. júlímán. næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir kosningarréttinum. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stétt og aldur.

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sé fullbúin 1. dag febrúarmán., og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram

lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sé slept af skrá eða of aukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til studnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kær-unni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komn-ar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjar-stjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörd á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu alstaðar samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Lands-höfðingi hefir eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar, og getur beitt hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kaup-laust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal hið op-inbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dög-um meðtöldum. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftár en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr. Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (24. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta búa til kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið

sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin frambjóðandann eða frambjóðendurna kosinn eða kosna í einu hljóði. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Séu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra frambjóðenda í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur í sama kjördæmi eða öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers frambjóðanda skal vera sér í línu og riflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers frambjóðanda skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé minni að þvermáli að innan en $\frac{1}{4}$ úr dönskum þumlungi og umgjörð hringins eigi minni en $\frac{1}{12}$ þumlunga á þykkt. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

○	
○	
○	

Sedillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. Sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu pósthöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin iunsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé audið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fódruð sterku lérefti og áprentaða utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hver undirkjörstjórn skal fá 10 umslög og skal á tvö þeirra prentað vera á neðra framhorni: »gildir seðlar«, á tvö: »ógildir seðlar«, á tvö: »ágreiningssedlar«, á tvö: »ónýttir seðlar«, og á tvö: »afgangssedlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það

umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna.

V. kafli.

Kjördæmi.

23. gr. Sérhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skift í tvö sérstök kjördæmi, með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 14. gr., skal skift niður á þann hátt, að tveir alþingismenn séu kosnir í sérhverju af kjördæmum þeim, sem hér skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig; Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurborg, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjós einn alþingismaður.

VI. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

24. gr. Nú býður einhver sig fram til þingmennsku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi. Jafnframt framboði sínu skal frambjóðandi senda yfirkjörstjórninni 50 krónur. Þetta fé varðveittir yfirkjörstjórnin þangað til kosningum er lokið og hún hefir sjálf talið saman atkvæði og lýst yfir, hvern atkvæðafjölda hver frambjóðandi hafi hlotið. Nú nær frambjóðandi eigi $\frac{1}{3}$ þeirrar atkvæðatölu, er með þurfti til að ná kosningu, og fellur þá fjárframlag hans í sýslusjóð. Sama er ef hann tekur framboð sitt aftur fyrir kjördag. En nái frambjóðandi þeim atkvæðafjölda, $\frac{1}{3}$ eða meira, fær hann endurgoldið tryggingarfé sitt að fullu. Deyi frambjóðandi fyrir kjördag, svo að hann verði eigi í kjöri, skal endurgjalda búi hans tryggingarféð.

Framboðum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti fjöggra kjósenda í kjördæmi því, sem frambjóðandi leitar þingmennsku í, um að þeir ætli að styðja kosningu hans.

25. gr. Hver frambjóðandi á rétt á, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að annast hagsmuni hans við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að allt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

VII. kafli.

Kjördagur.

26. gr. Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fram fara næsta virkan dag.

VIII. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

27. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal vera þingstaður hreppsins. Ef húsbruni eða önnur slík atvik eða óhentug herhergi á þingstaðnum gera það mjög torvelt eða ómögulegt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annarstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

28. gr. Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sé eigi á slíku vól, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé audið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

29. gr. Hver undirkjörstjórn skal gera láta atkvæðakassa, ekki minni en $\frac{1}{2}$ alin að lengd, 8 þumlunga á breidd og 6 þumlunga á hæð, með loki á hjörum og læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rífa, sem sé 6 þumlunga löng, $\frac{1}{4}$ þumlungs víð að ofan, en víðari að neðan.

IX. kafli.

Kosningarathöfnin.

30. gr. A hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórnarnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar að.

31. gr. Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

32. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers frambjóðanda (sbr. 25. gr.), séu þeir eigi sjálfir vistaddir.

33. gr. Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn, telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðilbögli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

34. gr. Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyrvörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

35. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum. Einnig má leyfa þeim mönnum að kjósa, sem fullnægt hafa skilyrðunum í 5. gr.

36. gr. Hverjum þeim kjósenda, er inn kemur, skal oddviti afhenda einn kjörseðil, en kjósandi fer með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross $\otimes$ innan í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

37. gr. Meðkjörstjórnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósenda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

38. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur.

39. gr. Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðill hans ógildur, og hefir hann þá fyrirgert kosningarrétti sínum í það skifti.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í hringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill talinn ógildur.

40. gr. Nú setur kjósandi skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá, og má hann þá fá nýjan seðil, ef hann skilar kjörstjórninni hinum fyrra og greiðir þá atkvæði á síðari seðilinn.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið. En við og við skal kjörstjórnin hrista vel atkvæðakassann.

41. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $\frac{1}{4}$ klukkustund og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeirri $\frac{1}{4}$ klukkustund liðinni, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslunni lokiinni greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

42. gr. Umboðsmenn frambjóðenda eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átella við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eða þingmannsefni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsatkvæðið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það hefir á kosninguna.

43. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar opna atkvæðakassann og taka upp einn og einn miða í einu og lesa upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum miða, og réttir hann miðann jafnótt umboðsmönnum eða þingmannaefnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda. Komi öllum saman um, kjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja, og skal leggja alla slíka seðla í sérstakt umslag.

Verði ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns eða þingmannsefnis um, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal leggja alla slíka seðla í umslagið, sem til þess er gjört. Síðan skal telja saman þá seðla, er kjörstjórnin telur gilda, og leggjast þeir sér í umslag.

Alla seðla, sem ónýzt hafa, skal leggja í sérstakt umslag, en í umslag sér þá seðla, sem afgangsbú eru ónotaðir.

44. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu

seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og umboðsmönnum. Seðla-tölunnar af hverju tægi skal geta í kjörbókinni.

45. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórnarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosninga-gerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

46. gr. Þegar búið er að loka öllum umslögum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau öll þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga umboðsmenn og þingmannaefni rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á lakki á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með bréfið og kjörbókina til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

X. kafli.

Kosningarúrslit.

47. gr. Þegar yfirkjörstjórn hafa borist í hendur kjörseðlar frá öllum kjörstöðum í kjördæminu, skal hún á ákveðnum degi, er auglýstur hefir verið á undan kosningunni, koma saman til að telja atkvæðin, á rúmgóðum og hentugum stað, sem áður hefir verið auglýstur.

48. gr. Frambjóðandi hver hefir rétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki frambjóðandi eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn, til að vera við í þeirra stað.

49. gr. Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, telur seðlana og metur gildi ágreiningssedlanna, unz öllum kjörstöðum í því kjördæmi er lokið. Þá telur hún saman atkvæðin úr öllu kjördæminu með nákvæmu eftirliti umboðsmanns og lýsir þann kosinn, er flest hefir atkvæði hlotið. Ágreiningssedlana frá hverjum kjörstað fyrir sig leggur yfirkjörstjórnin í umslag, innsiglar það og sendir síðan landshöfðingja ásamt eftirriti af kjörbókum undirkjörstjórna og öðrum gögnum. Seðlana með sömu ummerkjum, eftirrit kjörbóka og önnur gögn leggur landshöfðingi síðan fyrir alþingi í þingbyrjun.

50. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfu atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

51. gr. Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í

stað senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu og birtir hann það í B-deild Stjórnartíðindanna.

52. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi á lögboðnum degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagnert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðaseðlar eða kjörbók eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í fyrra málslíð þessarar greinar.

XI. kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

53. gr. Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá, innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kærana svo fljótt sem verða má til landshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærður er, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XII. kafli.

Aukakosningar og kosningar til aukabings.

54. gr. Nú verður þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðin eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

55. gr. Nú er þing rofið og boðið til aukabingskosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrá þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XIII. kafli.

Kostnaður.

57. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis og fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði, er í hlut á.

XIV. kafli.

Afbrot og hegningar.

58. gr. Nú hefir hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 kr. sekt fyrir hvern dag, er fram yfir liður. — Sýslumaður úrskurðar dagsektir og innheimtir þær með lögtaki og getur hann á kostnað sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

59. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10—200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð.

60. gr. Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósanda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðissemi kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

61. gr. Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

XV. kafli.

Laun alþingismanna o. fl.

62. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eftir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóði.

63. gr. Með lögum þessum eru lög 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi numin.

Nd.

123. Nefndarálit

frá verzlunarmálanefndinni.

Vér undirritaðir vorum kosnir til þess að íhuga verzlunarhagi landsins, sérstaklega að því er snertir útflutning á kjöti.

Um þetta atriði, sem sérstaklega var íhugunarefni nefndarinnar, höfum vér látið álit vort uppi við 2. umræðu fjárukalaganna, með því að bera upp tillögu um hluttöku landssjóðs í áhættunni við útflutning á kjöti í kældu skipi, og voru þá munnlega færðar ástæður fyrir þeirri tillögu vorri. Vér skulum hér láta því við bætt, að því að eins fórum vér fram á svo mikla tryggingarupphæð, að vér eftir framkomnum upplýsingum urðum að telja það líklegt, að tilraunin þætti ekki gjörleg, nema með alfermi í kældu skipi allstóru. Þegar fjárveitingarvaldið með slíku fyrirheiti hefir gjört sitt til að koma slíkri afarnaðsynlegri tilraun á, verður framkvæmd verksins í höndum framleiðendanna hér heima og umboðsmanns þeirra erlendis, og hafa þá hvorirtveggja nægan tíma til rækilegs undirbúnings fyrir haustið 1903. Um afskipti Búnaðarfélags Islands af þessu máli höfum vér eigi sett nein ákvæði í tillögu vora. Því er á yfirstandandi fjárlögum veitt dáltil fjárupphæð, sem hefir sama fyrir augum, og vilji og geti landstjórnin að einhverju leyti haft það sér til aðstoðar, til leiðbeiningar og eftirlits við framkvæmd verksins, þá teljum vér það sjálfgefið, að svo verði.

Hið almenna verkefni nefndarinnar, »að íhuga verzlunarhagi landsins« var svo yfirgrípsmikið, að engin tók voru til að gjöra það að nokkru ráði á þeim fundum, sem nefndin hefir getað átt um málið. Það eru eigi nema fáein atriði, sem vér viljum víkja að.

Á síðasta þingi kom fram frá fjárlaganefndinni tillaga um að fá fjárveiting til yfirmatsmanna á fiski, sem seldur er með farmskrá. Tillaga sú var að visu ekki samþykkt, en hitt var fyllilega viðurkennt, að hér væri um mikið nauðsynjamál að ræða. Fiskurinn, sem seldur er til Spánar, hefir hingað til verið seldur eftir vottorðum matsmanna, en nú reynast þau vottorð harla óáreiðanleg, matsmennirnir eða »ragararnir« eru ósjálfstæðir menn gagnvart kaupmönnum, sem launa þeim, og kaupmennirnir sumir hverir líta meira á stundarhagsvonina en hitt, hve miklu er spilt með óvandaðri sorteringu. Afleiðingin er sú, að það liggur við borð, að kaupendur á Spáni vilji fyrst kaupa vöruna, er þangað er komið, en ekki eftir farmskrá (»Connossement«), og mundi það fella vöruna mjög í verði. Yfirmatsmenn á fiski þeim, er fer til Suðurlanda, verða að vera alveg sjálfstæðir menn, sem ekki eiga laun sín undir kaupmönnum, en um slíkt verður að skipa fyrir með sérstökum lögum. Landshöfðingi taldi á síðasta þingi slík lög bráðnauðsynleg og lofði að styðja að því, að samið yrði frumvarp til laga um fyrirkomulag á mati á fiski. Vér höfðum því getað búist við, að slíkt frumvarp hefði komið fyrir aukapíngið, og treystum því, að það komi fyrir þingið að sumri. Látum vér oss nægja að minna á þetta, og eftir atvikum sjáum vér eigi ástæðu til að bera fram sérstaka tillögu um það.

Nefndin hefir allmikið rætt um vöruvöndun yfir höfuð, og tekur það jafnt til hinnar íslenzku og útlendu vöru. Í sumum hérudum hafa komið fram

óskir um það, að settir væru, altént í hinum stærri kaптúnum, skoðunarmenn, er dæmdu um vörugæði og bera mætti undir deiluefni milli kaupenda og seljenda, en bæði eru slíkir menn vandfengnir, og töluverður kostnaður væri því samfara, og treystumst vér eigi að gjöra neinar tillögur í þá átt.

Einna sárast og tíðast er kvartað yfir sjálfri matvörunni, en hér á landi eru sem engin tæki til að sýna það og sanna, að hún sé skemd eða fölsuð. Eina ráðið, sem vér saum til varnar og bóta í því efni, er að fá hér upp efnafræðislega rannsóknastofu, eða kemiskt labóratórium. Erindi um það efni kom fyrir þingið 1899, er þeir Björn kennari Jensson og Guðmundur læknir Magnússon rituðu í umboði Stúdentafélagsins, en því erindi var ekki sint. Mál þetta er svo þýðingarmikið, að vér látum prenta ofannefnt erindi sem fylgiskjal við nefndarálit vort til skýringar málinu. Hér er ekki einungis að ræða um vörn gegn sviknum vörum, er til landsins flytjast, heldur og um stórmerkilegt hjálparmedal fyrir allar búnaðarframfarir vorar, og væri það langt mál alt upp að telja, og loks er það ómissandi stofnun fyrir læknaskóla vorn. Til þess að átta sig á hvað dýrt þetta mundi verða, að koma upp slíkri rannsóknastofu, sem oss gæti dugað um sinn, höfum vér fengið álit þeirra apótekara M. Lunds og héraðslæknis Guðmundar Björnssonar, og er það einnig prentað sem fylgiskjal við nefndarálitið. Þessi tvö erindi sýna bezt nauðsyn slíkrar stofnunar, og er kostnaðurinn smávægilegur móts við hið mikla fyrirsjáanlega gagn, sem stofnunin mundi veita oss. Það er því eindregið álit vort, að fela beri stjórninni allan undirbúning þessa máls til þingsins að ári, og skora á hana að taka upp nauðsynlega fjárveiting til fyrirtækisins í fjárlagafrumvarpið næst.

Fyrir þinginu síðast var til umræðu frumvarp til vörumerkjálaga, sem eigi varð útrætt, en menn könnuðust fyllilega við nauðsyn slíkra laga. Hér er um allvandasama löggjöf að ræða, sem vera þarf í samræmi við slíka löggjöf í Danmörku og á Norðurlöndum yfir höfuð, og því bezt komið, að stjórnin undirbúi frumvarpið. Samhliða þeirri lagasetning mun og vera kominn tími til þess, að vér fáum firmalög, sem og mundu verða sniðin eftir vorum háttum upp úr slíkum lögum á Norðurlöndum, en þau munu að mestu vera sameiginleg fyrir öll löndin. Slíkt frumvarp ætlum vér og stjórninni að gjöra úr garði.

Samkvæmt framanskriðuðu leyfum vér oss að bera upp svo hljóðandi tillögur:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

Að gjöra nauðsynlegan undirbúning til að koma upp efnarannsóknastofu í Reykjavík, og taka upp í næsta fjárlagafrumvarp fjárveiting til að koma henni á og reka hana.

Að leggja fyrir næsta þing frumvarp til vörumerkjálaga og firmalaga.

Neðri deild alþingis 12. ágúst 1902.

Magnús Andrésson,
formaður.

Þórh. Bjarnarson,
skrifari og framsögumaður.

Hermann Jónasson.

Eggert Benediktsson.

Tryggvi Gunnarsson.

Nd.

124. Fylgiskjöl

við álit verzlunarnefndarinnar um efnafræðastofnun.

Bréf Björns adjunkts Jenssonar og Guðmundar docents Magnússonar til fjárlaganefndar 15. júlí 1899 (kafli).

I.

Efnafræðin hefir enn ekki verið kend hér á landi, svo neinu nemi, því að þó svo sé ákveðið í reglugjörðum nokkurra skóla hér á landi, að kenna skuli efnafræði, þá hefir lítið orðið úr því í framkvæmdinni, og það af mjög eðlilegum orsökum. Efnafræðin er sem sé ein af þeim greinum, sem hvorki er unt að kenna né nema af bókum einum; hún er í eðli sínu of praktisk til þess. Námið í henni verður að vera verklegt, en til þess að nema hana verklega hefir engin leið verið hér á landi, þar sem ekkert laboratórium hefir verið til. Þeir sem stundað hafa nám hér við læknaskólann hafa því orðið að fara á mis við að fá nokkra þekkingu í efnafræði. En að þetta sé verulegur galli á læknaskóla þessa lands, má ráða af því, að hinn alþjóðlegi læknafundur, er haldinn var í Kaupmannahöfn sumarið 1890, samþykkti í einu hljóði yfirlýsingu í þá átt, að nám læknisfræðinga í efnafræði um allan heim væri svo ófullnægjandi, að það stæði læknastéttinni fyrir þrifum.

Þó að ekki væri annað unnið með því, að setja hér á stofn kemiskt laboratórium, en að læknar vorir yrðu færari til að gegna hinu þýðingarmiklu köllun sinni, mundi þó mörgum þykja tilvinnandi að kosta nokkru fé til þess. En það er öðru nær en að ekki ynnist meira, ef þekking í efnafræði yrði nokkur hér á landi. Allar verklegar framfarir hafa í öllum löndum orðið samfara framförum í efnafræðisþekkingunni, og það er eðlilegt, því að þekking í efnafræði er önnur undirstaðan undir náttúruþekkingu yfir höfuð, og það mun óhætt að fullyrða, að hefðu framfarirnar ekki orðið eins miklar í efnafræði á þessari síðustu öld, eins og þær hafa verið, mundu menn ekki hafa getað notað þá þekkingu, sem menn hafa getað notað þá þekkingu, sem menn hafa fengið í aflfræðinni, sér til gagns, og meir að segja framfarir í aflfræðinni hefðu ekki getað orðið eins miklar, eins og nær eru nú, en öll hin náttúruvísindin eru byggð á þessum tveim greinum, og hefðu því heldur eigi getað tekið framförum.

Það á auðvitað langt í land, að Ísland verði að nokkrum mun iðnaðarland; en engum vafa mun það þó vera undirorpið, að smámsaman megi koma hér upp nokkrum iðnaði, og þá líklega einkum kemiskum iðnaði, en við lítum ekki á þann möguleik, þá er við leyfum oss að skora á hina háttvirtu fjárlaganefnd, að veita stofnun kemisk laboratóríums liðsinnisitt. Við tökum að eins tillit til þeirra atvinnuvega, sem nú eru reknir hér, sér í lagi landbúnaðarins. Landbúnaðurinn stendur allur á hinum kemiska krafti jarðarinnar; til þess að geta notað hann þarf þekkingu á honum, en hún er engin hér á landi, og afleiðingin er sú, að vér Íslendingar getum ekki notað hann eins og vera ber, og jafnvel, að vér að líkindum oft störfum á móti honum og reynum, auðvitað óviljandi, að ónýta starf hans, í stað þess að greiða fyrir því. Nú er hinn kemiski kraftur í hverju landi, sem byggilegt er, langmesti krafturinn, sem til er í landinu, og auk þess sá kraftur, sem, ef þekking er til, er langfyrirhafnarminnst að leysa úr böndum, hvort sem lítið er til kostnaðarins, sem hefir mikla þýðingu í þessu efni, eða til hins, að það má leysa hann í svo smáum stíl, sem vera skal, eða með öðrum orðum, taka svo lítið land fyrir, sem vera skal í einu, og leysa þess kraft, og hefir það enn meiri þýðingu, því að þá standa fátækir og ríkir hér um bil jafnt að vígi með að nota hann. Þessir eiginlegleikar hins kemiska kraftar verða til þess, að not hans í hverju landi lyftir öllum landsbúum, en ekki að eins einni stétt landsmanna, á hærra framfarastig, og má færa þar til dæmis framfarir Dana á síðastliðinni hálfri öld. Engin þjóð hefir lagt eins eindregið hug á að leysa hinn kemiska kraft í sínu landi eins og Danir. Enda hefur

efnahag þeirra þokað mest áfram allra þjóða á þessum tíma, og þó dreifst nokkurn veginn jafnt milli allra stétta undir eins.

Okkur finst nú, að vér Íslendingar ættum, eins og aðrar þjóðir, að reyna að feta oss smámsaman í sömu átt, en til þess þarf þekkingu í efnafræði. Það eru ekki að eins læknar, sem þurfa að hafa þekkingu í efnafræði, heldur einnig, og sér í lagi, búfræðingar vorir, þeir menn, sem eiga að ganga á undan alþýðu og liðsinna henni í framsókn sinni. En til þess að þeir geti útvegað sér nokkra þekkingu í þessu efni, þarf kemiskt laboratórium.

Enn er eitt, sem mælir fastlega með stofnun þessari. Það er þörfin á rannsókn þeirra vörutegunda, sem til landsins flytjast. Engin siðuð þjóð í heimi er eins berskjölduð eins og Íslendingar gagnvart fölsunum á varningi, vegna þess, að þeir eru svo ókunnugir tilbúningi og meðferð hans, enda munu allir þekkja kvartanir landsmanna bæði fyr og síðar í þeim efnum. En eina áreiðanlega ráðið til þess að geta varið sig fyrir fölsunum er kemiskt laboratórium, því hin kemiska rannsókn er einatt sú eina, sem getur skorið úr, hvort fölsun eigi sér stað eða eigi.

II.

Bréf Michaels Lund lyfsala og Guðmundar héraðslæknis Björnssonar 10. ág. 1902.

Við undirritaðir höfum verið beðnir að láta í ljósi skoðun okkar á því, hvað kosta muni að koma upp hér í Reykjavík rannsóknastofu (Laboratorium), þar sem gera megí efna-rannsóknir í þarfir landbúnaðarins, rannsaka matvöru o. s. frv.

Það er álit okkar, að slíka rannsóknastofu beri að gera svo úr garði, að hægt verði:

1. að veita lærisveinum læknaskólans verklega tilsögn í efnafræði;
2. gera allar algengar efnarannsóknir, er að landbúnaði lúta;
3. leysa af hendi nauðsynlegustu rannsóknir á matvöru og neyzluvatni.

Öllum efnarannsóknnum fylgja að jafnaði megnar og eitradar gufur, og eru því slíkar rannsóknir naumast gerandi annarsstaðar en í sérstöku húsi; nú má telja líklegt, að hætt verði innan skamms að hafa sjúklinga í gamla spítalahúsinu hér í bænum og það hús framvegis haft eingöngu handa læknaskólanum; álitum við, að þá mætti fyrst um sinn nota líkhús það, er sjúkrahúsinu fylgir, fyrir rannsóknastofu.

Við sjáum oss ekki fært að láta í té nákvæma áætlun um það, hversu mikill stofnunarkostnaðurinn muni verða, en hyggjum að þetta muni láta nærri sanni:

- | | |
|---|------------|
| 1. Viðgerð og breyting á útihúsi (líkhúsi) læknaskólans | kr. 700,00 |
| 2. Áhöld og efni (Kemikalier) | — 1000,00 |
| 3. Smásjá (Mikroskop) | — 300,00 |

Kr. 2000,00

Hér er farið fram á, að lærisveinum læknaskólans sé veitt tilsögn í efnafræði í rannsóknastofunni; verkleg tilsögn í þeirri grein er mjög nauðsynleg; án hennar verður efnafræðiskenslan gagnslítill. Auðvitað er miklu hentugra, að hafa sérstaka stofu til kenslunnar, en við álitum að fyrst um sinn, meðan ekki er gert mjög mikið að efnarannsóknnum, muni vel geta gengið, að hafa alt á einum stað, en að því er mikill sparnaður að því er áhöld snertir.

Að því er snertir áhöld og efni, þá er auðvitað, að sá kostnaður fer eftir því, hversu margar og margbreyttar rannsóknir eru heimtaðar; við álitum að 1000 kr. muni nægja, til að útvega áhöld og efni til þeirra rannsókna, sem helst má vænta og nauðsynlegastar eru, en viljum láta þess getið, að seinna mun að líkindum þurfa talsverðar viðbætur.

Smásjá er mjög nauðsynlegt áhald til margra þeirra rannsókna, er hér um ræðir; að vísu á læknaskólinn smásjá, en hún hlýtur að vera þar sem sjúklingarnir eru og læknakenslan fer fram, og verður ekki notuð á báðum stöðum.

Reksturskostnaðinn er ómögulegt að ákveða fyrir fram. Hann fer eftir því, hversu mikil aðsóknin verður og hversu margar rannsóknir verða gerðar ókeypis (á landssjóðs kostnað); víst er um það, að viðhald á áhöldum og efna-kaup munu ekki nema miklu á hverju ári, og verður þá aðal-kostnaðurinn fólginnt í vinnulaunum þess manns, sem rannsóknirnar gerir og kensluna hefir á hendi.

Ed. **125. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar (93) um breyting á reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík.

Frá Sigurði Jenssyni og Kristjáni Jónssyni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík verði breytt svo, að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein, að kenslustundum í latínu verði fækkað að mun, að latneskar stílæfingar verði lagðar niður, og að kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu (einkanlega til ritgjörða), í nýju málunum yfirleitt (einkum ensku og dönsku), og í eðlisfræði og náttúrusögu.

Ed. **126. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um brúargjörð á Jökulsá í Öxarfirði.
(Frá Eiríki Briem, Jósafat Jónatanssyni og Guttormi Vigfússyni).
Aftan við 1. gr. bætist:

»þegar fé er veitt til þess á fjárlögum«.

Ed. **127. Frumvarp**
til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903.
(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, veitast 87,261 kr. 77 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—10. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast 500 kr. til verkfróðs manns til að kynna sér skipamælingar.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til lækna-
skipunarinnar, veitast:

1. Til Jóns húsasmíðs Sveinssonar fyrir vinnu við að gera áætlanir um lands-
spítala kr. 400,00
 2. Til sóttvarnarhúsa:
 - a. Í Reykjavík kr. 6000,00
 - b. Á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 4000 kr. til hvers — 12000,00 — 18000,00
- kr. 18400,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Til þess að fullgera brú á Lagarfljóti og ferju á
Steinsvaði kr. 41200,00
 2. Til þjóðvega — 930,21
 3. Til þess að reisa vörður við skipaleiðina inn á Beru-
fjörð — 1000,00
- kr. 43130,21
- gegn því að hlutaðeigandi sýslufélag takist á hendur viðhald
varðnanna

kr. 43130,21

5. gr.

Af fjárveitingunni undir 12. gr. staflað D. í fjárlögum 1902 og 1903 (35,000 kr. sem fyrsta borgun í 20 ár) má verja svo miklu, sem nauðsyn krefur, til þess að koma á loftrita (aërograf) milli Reykjavíkur og útlanda og milli 4 stöðva á Íslandi, einnar í hverjum landsfjórðungi, að því áskildu, að samningarnir um þetta verði, áður en þeir eru fullgjörðir, lagðir undir atkvæði alþingis og að tillagið frá Íslands hálfu verði eigi hærra en sem samsvarar $\frac{2}{5}$ af allri þeirri fjárhæð, sem danska ríkið (Danmörk og Ísland) leggur til.

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaga E. j. veitist:

Til vitavarðar, ljósmetis o. fl. 600—600 kr. 1200,00

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna

E. k. veitist til vitavarðar, ljósmetis o. fl. 300—300 — 600,00

kr. 1800,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna A. í þarfir andlegu stéttarinnar, veitast:

1. Til lúkningar álagi á prestsetrið Velli í Svarfaðardal kr. 222,56
 2. Til prófasts Eyfirðinga $\frac{1}{2}$ kostnaður hans við úttekt þessa — 9,00
- kr. 231,56

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar
í húsagerð, — fyrir árið 1903 alt að kr. 3000,00
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

 kr. 3000,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B, 1 fjárlaganna, veitist til tilraunar, til að flytja kjöt í kældu skipi til útlanda haustið 1903 alt að kr. 20000

Styrkur þessi útborgast að eins sem uppbót fyrir hvert það pund af fyrnetndu kjöti, er selst lægra verði en svo, að seljandi fái fyrir það 18 aura í kroppum undir 45 pd., en 20 aura í þyngri kroppum, að frádregnum kostnaði. Skal þá greiða seljanda það, sem á vantar í 18 eða 20 aura, þó ekki meira en 5 aura á hvert pund.

 kr. 20000

10. gr.

Sýslusjóði Rangárvallasýslu veitist fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil eftirgjöf á vöxtum af 6000 kr. láni úr landssjóði, sem tekið var næstl. vetur til fyrirhleðslu í skörð, er þverá braut gegnum bakka sína.

Ed.

128. Frumvarp

til laga um gjald af hvölum, sem veiddir eru við Ísland. (eins og það var samb. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hvalveiðamenn á Íslandi skulu gjalda af hverjum hval, sem þeir draga á land, af sléttbökum (Nordkapere) 100 krónur, af steypireyðarhvölum (Blaahvale) 45 krónur, af geirreyðarhvölum (Finhvale) 18 krónur og af öðrum hvölum 6 kr.

Þeir hvalveiðamenn, sem birða hvalina til kraftfóðurs og áburðar (Guano), er þeir búa til hér á landi, gjalda hálfu minna gjald af hverjum hval.

2. gr. Gjald þetta skal greiða á þeim stað, þar sem hvalur er dreginn á land til skurðar. Hlutadeigandi hreppstjóri heimtir gjaldið eða bæjarfógeti, ef hvalskurður fer fram í kaupstað. Eindagi á gjaldi þessu er jafnskjótt og hvalskurði er lokið. Gjald þetta rennur í jafnaðarsjóð. Gjaldið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

3. gr. Skyldur er sá, er veiðina rekur, að gefa hreppstjóra eða bæjarfógeta þeim, er gjaldheimtuna hefir, skriflega skýrslu upp á æru og samvizku um veiðina fyrir septembermánaðarlök ár hvert. Sannist það, að skýrslan sé röng, eða að hann hafi dregið undan gjaldi nokkuð af veiðinni, þá varðar það sektum frá 25—500 kr., sem renna í landssjóð.

4. gr. Gjaldheimtumenn hafa í innheimtulaun 5 kr. af hundraði.

Þeir skulu fyrir hver árslok senda hlutaðeigandi amtmanni skýrslu um veiðina, og láta fylgja uppbæð gjaldsins, að fráðregnum innheimtulaunum.

5. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1903.

Nd.

129. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var samþykkt við 2. umr.). Frá nefndinni.

1. Við 5. gr. Fyrir: kjörstjóra komi: »yfirkjörstjóra«.
2. — 7. — Fyrir: orsökum komi: »ástæðum«.
3. — 10. — Síðari málsg.: Hafi bæjarstjórn o. s. frv., falli burt.
4. — 16. — Og getur beitt hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda, falli burt.
5. — 47. — Greinin orðist þannig: Yfirkjörstjórn skal, með nægum fyrirvara á undan kosningunum, auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að telja atkvæðin.
6. — 59. — Á milli málsgreinanna bætist inn í ný málsgrein:

Sá er verður uppvís að því, að hafa kosið á 2 stöðum, skal sæta alt að 100 kr. sekt, og missa atkvæðisrétt sinn við næstu kosningar. Sé brotið ítrekað, tvöfaldast sektin, og sakborningur hafi þá fyrirgert kosningarrétti sínum.

Nd.

130. Viðaukatillaga

við frumvarp til viðaukalaga við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Frá Birni Kristjánssyni og Þórði J. Thoroddsen.

Aftan við frumvarpið bætist svohljóðandi

5. gr.

Heimild sú, sem innlendum botnvörpuveiðaskipum er gefin í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, 3. gr., 3. lið, til þess að leita lands, til að afferma afla sinn, og til þess að afla sér vatns og annarra nauðsynja hvernig sem á stendur, skal um 5 ára bil, frá því lög þessi öðlast gildi, einnig ná til útlendra botnvörpuveiðaskipa, hvaðan sem þau eru, sem innlendir menn taka á leigu og gera út að öllu leyti sjálfir. Svo skulu slík skip vera undanþegin öllum skipsafgjöldum þetta 5 ára bil, á meðan innlendir menn hafa þau á leigu.

Ed.

131. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. Frá nefndinni í eftirlaunamálinu.

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og lækna-ir í 4. og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri svo sem lög þessi ákveða.

2. gr. Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kys heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess 1½% af launum sínum.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr. Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá keypt sér æfilangan lífeyri fyrir meir eða minna af ellistyrknum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

Nd.

132. Frumvarp

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum 17. desbr. 1875. Flutningsmenn Sighvatur Arnason og Ari Brynjúlfsson.

1. gr. Hin föstu laun yfirsetukvenna (100 kr. í kaupstöðum og 60 kr. í sveitum) skal eftirleidis greiða úr landssjóði, en ef þeim eru veittar launaviðbætur eða eftirlaun, skal sá kostnaður takast úr sýslusjóði eða bæjarsjóði þeim, er hlut á að máli.

2. gr. Hér með er úr gildi numin 1. málsgrein 4. greinar í yfirsetukvennalögum 17. desbr. 1875.

Nd.

133. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun brunabótafélags. Frá nefndinni.

1. Við 3. gr. Fyrir: »ef stjórn félagsins samþykkir það« komi: með þeim kjörum, sem reglugjörð félagsins ákveður.

2. — 10. — Fyrir »aðstoðarmanni« komi: aðstoðarmönnum.

3. — 22. — Orðið: »Ávalt« í upphafi greinarinnar falli burt.

4. — — — Aftan við greinina bætist: Þó getur landshöfðingi eftir tillögum félagsstjórnarinnar veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. — 26. — Fyrir: »frá 5—50 kr.« komi: alt að 200 kr.

Nd.

134. Nefndarálit

um frumvarp til laga um eftirlaun.

I. Álit meiri hlutans.

Nefnd sú, sem hin háttv. Ed. kaus til þess, að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það og íhugað á nokkrum fundum sínum, en hefir eigi getað orðið sammála um álit sitt á málinu og tillögur um frumvarpið, og því skipzt í meiri og minni hluta.

Vér, meiri hluti nefndarinnar, höfum orðið sammála um það, að við enga grein frumvarpsins að undanskildri 2. gr. væri neitt að athuga nema prentvillur, er skrifstofa þingsins tekur til athugunar.

En efni frumvarpsins er líka að mestu innifalið í 2. gr., enda höfum vér athugað hana og rætt eftir föngum. Meiri hl. nefndarinnar var sammála um það, að tilskipunin frá 31. maí 1855 væri í ýmsu ekki svo heppileg sem skyldi. Eftirlaunabyrðin, sem af henni leiddi, væri ekki sem bezt samsvarandi við efnahag vorn; eftirlaunin, einkum eftir hin hærri embætti, væri hlutfallslega heldur há í samanburði við launin og að niðurjöfnun eftirlaunanna væri ónákvæm í hlutfalli við embættisþjónustu árafjölda, og þar af leiðandi verðleika til eftirlaunanna. Meiri hlutinn varð einnig sammála um það, að frumvarpið þræddi þar öllu réttari veg að því, er snerti niðurjöfnuð eftirlaunanna; þó voru tveir af meiri hluta mönnum, sem álitu að hin hærri eftirlaun færðust eftir grundvallarreglu frumvarpsins helzt til mikið niður í hlutfalli við hin lægri eftirlaunin.

Það, sem mestur ágreiningur varð um, jafnvel í meiri hlutanum, var um það, hve eftirlaunin skyldu ákveðast há yfirleitt.

Í því urðu nefndarmenn fljótt samdóma, að eftirlaunin samkv. frumvarpinu gætu nálega aldrei dugað sem sá einasti framfærsluvegur gamalla og lasburða embættismanna, sem ávalt yrðu þó að fullnægja háum kröfum, sem til þeirra væru gjörðar, og að löggjafarvaldið þyrfti eitthvað að gjöra til þess, að tryggja sér það að aldraðir og lasburða embættismenn gætu haldið áfram að lifa sómasamlegu lífi, þótt þeir yrðu að sækja um lausn frá embættunum.

Til þess að meira edur minna leyti að bæta úr þessu, án þess það væri þó á landssjóðsins kostnað, kom nefndin sér saman um að flytja frumvarp til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér lífeyri, sem hún vonar og óskar að hin háttv. E. d. taki vel, þar sem það 1. er útlátalaust fyrir landssjóðinn, 2. hjálpar mikið til að uppgjafaembættismenn geti lifað góðu lífi og 3. er þó alls ekki valdandi mjög tilfinnanlegri byrði fyrir embættismennina meðan þeir eru í embættum. En þrátt fyrir það, þó allir nefndarmennirnir væru sammála um það, að frumvarp þetta bætti talsvert upp lækkun eftirlaunanna, þá gat þó ekki einu sinni meiri hl. nefndarinnar fallið á, að eftirlauna frumvarpið fullnægði að því, er snerti upphæð eftirlaunanna yfirleitt, og því varð það að samkomulagi hjá oss meiri hlutanum, að í staðinn fyrir $\frac{1}{5}$ í 2. gr. frumvarpsins væri settur $\frac{1}{4}$. Það er skylda vor þingmanna, að fara ávallt svo skamt í því, sem snertir eyðslu á fé þjóðarinnar, sem unt er, en á hina hliðina verður ávallt að gæta hófs, gæta þess, að þeir starfsmenn þjóðarinnar, sem mikið er heimtað af — og það með réttu —, að þeir beri það úr bótum sem sæmandi er fyrir þjóðina; og í annan stað verður að gæta þess, að spara

ekki eyrinn til þess að eyða krónunni; en það er oss öllum ljóst, að verði eftirlaunin færð mjög mikið niður, þá leiðir það af sér sífeldar bænir inn á þingið, sem eftir undangenginni reynslu að dæma, alt of oft yrði veitt úrlausn á með hærri upphæðum en almenn lög mundu ákveða, og yrði sparnaðurinn þá að eyðslu, auk hinna skaðlegu áhrifa, sem slíkar bænir jafnan hafa á fleiri eður færri þingmenn.

Af því það er erfitt að sjá í fljótu bragði, hver áhrif ýmsar breytingar á eftirlaunalögnum hafa á eftirlaunin, þá bjó skrifari nefndarinnar til töflu, er sýnir áhrifin af þeim breytingum er helzt komu til greina í nefndinni, og eru þar teknar upp í 5 launaupphæðir og 2—35 ára embættisþjónusta og auk þess sýndur vinningurinn, sem yrði við hverja breytingu á þessum 5 mismunandi upphæðum, og má sjá fljótlega af töflu þessari, að vér höfum reynt að taka allar kringumstæður til greina á báðar hliðar. Öðrum til glöggvunar höfum vér ákveðið, að láta prenta töflu þessa með nefndaráliti voru.

Af framangreindum ástæðum ráðum vér hinni háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi breytingu:

Við 2. gr. Í stað „ $\frac{1}{5}$ “ komi: $\frac{1}{4}$ og auk þess meðfylgjandi

FRUMVARP

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Alþingi 12. ágúst 1902.

Guðjón Guðlaugsson,
skrifari og framsögum.

Hallgr. Sveinsson.

Eiríkur Briem.

Jósafat Jónatansson.

II.

Álit minni hlutans.

Eg hef eigi getað orðið háttvirtum meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli, og verð samkvæmt yfirlýsingum mínum bæði á þessu þingi og tveimur undanfarandi þingum, að vera frumvarpi þessu mótfallinn að öllu leyti og leggja það til, að það verði eigi samþykkt. Það er, að minni hyggju, langt frá því sanngjarnt, í samanburði við laun embættismanna, sem að því leyti, er snertir langflesta þeirra, eru fremur af skornum skamti, enda voru laun þeirra yfirleitt lækkuð, og það til muna, með lögum 9. desbr. 1889 um breyting á lögum 15. oktbr. 1875 um laun íslenzkra embættismanna. Laun sýslumanna voru ákveðin fyrir alt að því 25 árum án þess þeim væri lagt nokkurt endurgjald fyrir skrifstofukostnað, en einmitt þetta skerðir óbeinlínis tekjur þeirra, þar sem störf þeirra og útgjöld við þau hafa vaxið að mun á þessu 25 ára tímabili, án þess kjör þeirra séu bætt með lögum 2. febr. 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað, sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

Þrátt fyrir þetta er eg á hinn bóginn með því, að frumvarp það til laga um ellistyrk og lífeyri embættismanna, sem meiri hluti nefndarinnar kemur fram með, nái fram að ganga út af fyrir sig, þar sem það í sjálfu sér er til hagsmuna fyrir embættismenn, án þess þó að íþyngja þeim um of.

I efri deild alþingis 12. ágúst 1902.

J. Havsteen
formaður.

Ed.

135. Eftirlaun

Þjónustuhv. Eftirl.	1500 kr. laun:			2500 kr. laun:			3000 kr. laun:		
	Tilsk.	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{5}$	Tilsk.	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{5}$	Tilsk.	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{5}$
	$\frac{31}{5}$ '55	+ 20 kr.	+ 20 kr.	$\frac{31}{5}$ '55	+ 20 kr.	+ 20 kr.	$\frac{31}{5}$ '55	+ 20 kr.	+ 20 kr.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
2	150	415	340	250	665	540	300	790	640
3	300	435	360	500	685	560	600	810	660
4	300	455	380	500	705	580	600	830	680
5	450	475	400	750	725	600	900	850	700
6	450	495	420	750	745	620	900	870	720
7	450	515	440	750	765	640	900	890	740
8	600	535	460	1000	785	660	1200	910	760
9	600	555	480	1000	805	680	1200	930	780
10	600	575	500	1000	825	700	1200	950	800
11	750	595	520	1250	845	720	1500	970	820
12	750	615	540	1250	865	740	1500	990	840
13	750	635	560	1250	885	760	1500	1010	860
14	750	655	580	1250	905	780	1500	1030	880
15	750	675	600	1250	925	800	1500	1050	900
16	750	695	620	1250	945	820	1500	1070	920
17	750	715	640	1250	965	840	1500	1090	940
18	750	735	660	1250	985	860	1500	1110	960
15	750	755	680	1250	1005	880	1500	1130	980
20	750	775	700	1250	1025	900	1500	1150	1000
21	775	795	720	1292	1045	920	1550	1170	1020
22	800	815	740	1333	1065	940	1600	1190	1040
23	825	835	760	1375	1085	960	1650	1210	1060
24	850	855	780	1416	1105	980	1700	1230	1080
25	875	875	800	1458	1125	1000	1750	1350	1100
26	900	895	820	1499	1145	1020	1800	1270	1120
27	925	915	840	1541	1165	1040	1850	1290	1140
28	950	935	860	1582	1185	1060	1900	1310	1160
29	975	955	880	1624	1205	1080	1950	1330	1180
30	1000	975	900	1666	1225	1100	2000	1350	1200
31	1000	995	920	1666	1245	1120	2000	1370	1220
32	1000	1015	940	1666	1265	1140	2000	1390	1240
33	1000	1035	960	1666	1285	1160	2000	1410	1260
34	1000	1055	980	1666	1305	1180	2000	1430	1280
35	1000	1175	1000	1666	1325	1200	2000	1450	1300

embættismanna. (Fylgiskjal við nefndarálit í eftirlaunamálinu).

Eftir þjónustuár	4000 kr. laun :			5000 kr. laun :			Sparnaður :	
	Tilsk. 31/5 '55	1/4 + 20 kr.	1/5 + 20 kr.	Tilsk. 31/5 '55	1/4 + 20 kr.	1/5 + 20 kr.	1/4 + 20 kr.	1/5 + 20 kr.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
2	400	1040	840	500	1250	1040	÷ 2600	÷ 1800
3	800	1060	860	1000	1310	1060	÷ 1100	÷ 300
4	800	1080	880	1000	1330	1080	÷ 1200	÷ 400
5	1200	1100	900	1500	1350	1100	+ 300	+ 1100
6	1200	1120	920	1500	1370	1120	+ 200	+ 1000
7	1200	1140	940	1500	1390	1140	+ 100	+ 900
8	1600	1160	960	2000	1410	1160	+ 1600	+ 2400
9	1600	1180	980	2000	1430	1180	+ 1500	+ 2300
10	1600	1200	1000	2000	1450	1200	+ 1400	+ 2200
11	2000	1220	1020	2500	1470	1220	+ 2900	+ 3700
12	2000	1240	1040	2500	1490	1240	+ 2800	+ 3600
13	2000	1260	1060	2500	1510	1260	+ 2700	+ 3500
14	2000	1280	1080	2500	1530	1280	+ 2600	+ 3400
15	2000	1300	1100	2500	1550	1300	+ 2500	+ 3300
16	2000	1320	1120	2500	1570	1320	+ 2400	+ 3200
17	2000	1340	1140	2500	1590	1340	+ 2300	+ 3100
18	2000	1360	1160	2500	1610	1360	+ 2200	+ 3000
19	2000	1380	1180	2500	1630	1380	+ 2100	+ 2900
20	2000	1400	1200	2500	1650	1400	+ 2000	+ 2800
21	2067	1420	1220	2583	1670	1420	+ 2167	+ 2967
22	2133	1440	1240	2666	1690	1440	+ 2332	+ 3132
23	2200	1460	1260	2750	1710	1460	+ 2500	+ 3300
24	2266	1480	1280	2833	1730	1480	+ 2665	+ 3465
25	2333	1500	1300	2916	1750	1500	+ 2832	+ 3632
26	2400	1520	1320	3000	1770	1520	+ 2999	+ 3799
27	2466	1540	1340	3083	1790	1540	+ 3165	+ 3965
28	2533	1560	1360	3166	1810	1560	+ 3331	+ 4131
29	2600	1580	1380	3250	1830	1580	+ 3499	+ 4299
30	2666	1600	1400	3333	1850	1600	+ 3665	+ 4465
31	2666	1620	1420	3333	1870	1620	+ 3565	+ 4365
32	2666	1640	1440	3333	1890	1640	+ 3465	+ 4265
33	2666	1660	1460	3333	1910	1660	+ 3365	+ 4165
34	2666	1680	1480	3333	1930	1680	+ 3265	+ 4065
35	2666	1700	1500	3333	1950	1700	+ 3165	+ 3965

Nd.

136. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Frá nefndinni.

Akvæði um stundar sakir.

Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1903, skal kjósa eftir þeim kjörskrá, sem gengu í gildi 1. júlí 1902.

Nd.

137. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Frá Jóni Magnússyni, Guðl. Guðmundssyni, Ó. F. Davíðssyni, Ólafi Briem, Sighvati Árnasyni og Magnúsi Andréssyni.

1. Aftan við 5. gr. bætist: »enda sé hann orðinn heimilisfastur í því kjördæmi, þar er hann ætlað að neyta kosningarréttar síns«.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna »sýslunefnd eða bæjarstjórn kys« komi: »sýslunefnd kys, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sér«.
3. Við 7. gr. i. f. Í stað »formaður« komi: »oddviti«.
4. Við 9. gr. Í stað: »Í kaupstað velur — ef hann er eitt kjördæmi« komi: Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sé fleiri en eitt kjördæmi; þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmannu. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.
5. Við 11. gr. Fyrir »aldur« komi »aldri«.
6. Við 14. gr. Á eftir orðunum »skal oddviti hreppsnefndar, komi: »eða bæjarstjórnar«.
7. Við 39. gr. i. f. Orðið »talinn« falli burtu.
8. Við 44. gr. Á eftir »umboðsmönnum« komi: »eða þingmannsefnum«.
9. Við 45. gr. 2. Á eftir »umboðsmanni« komi: »eða þingmannsefni«.
10. Við 51. gr. Á eftir »þegar í stað« bætist inn í: »fá hinum kjörna alþingismanni eða binum kjörnu alþingismönnum kosningarbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er landshöfðingi segir fyrir um, og«.
11. Við 52. gr. i. f. Í stað »fyrira málslíð« komi: »hinum fyrri málslíðum«.
12. Við 59. gr. i. f. Á eftir »sýslusjóð« komi: »eða bæjarsjóð, er í hlut á«.
13. Þar sem í frumv. kemur fyrir orðið »frambjóðandi« komi í staðinn »þingmannsefni«, eða í stað orðanna »þingmannsefni« og »frambjóðandi« komi »framboði«, eða í stað »þingmannsefni« komi »frambjóðandi«.

Nd.

138. Framhaldsálit

um bankamálið.

Vér, sem háttv. deild kaus í nefnd til þess að íhuga bankamálið, höfum rannsakað málið eftir föngum, og leyfum oss nú að skýra frá skoðun vorri.

Vér erum allir einhuga um það, að hlynnna beri sem bezt að veðdeild Landsbankans, og nú með því, að vér finnum ekkert athugavert við frumvarp til viðaukalaga við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar, leyfum vér oss að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, enda hefir stjórn þjóðbankans danska talið það aðgengilegt í öllum greinum.

Hvað snertir fyrirspurn stjórnarinnar, um það, hvort nota beri heimild þá, sem stjórninni er veitt í lögum 7. júní 1902, til þess að kaupa $\frac{2}{5}$ hlutabréfa í hinum fyrirhugaða hlutabanka, þá ber þess fyrst að geta, að lög þessi voru borin upp á þinginu í fyrra, er allar líkur voru til þess, að hlutabankinn yrði einn um hituna. Nú stendur Landsbankinn eftir sem áður, og aðaltilgangi heimildarlaganna, þeim, að spyrna móti einræði hlutabankans í peningaverzlun landsins, er þannig náð.

Í annan stað má búast við því, að viðaukalagafrumvarpið um aukning veðdeildarinnar muni verða að lögum, og Landsbanka vorum, er þing og þjóð nú mun vilja styðja sem bezt, eru þannig trygð sæmileg áhrif á peningaverzlun landsins, enda væri Íslendingum ekki trygð umráð yfir hlutabankanum, þótt $\frac{2}{5}$ hlutabréfanna væri keypt landssjóði til handa.

Á hinn bóginn er það nokkuð óvíst, hvort hlutabankinn muni verða svo arðvænlegt fyrirtæki að minsta kosti fyrst í stað, að landssjóður ætti fyrir þá sök eina að kaupa meira eða minna af hlutabréfunum, og hluttaka landssjóðs yrði að því skapi aðgæzluverðari, sem landssjóður yrði að taka lán til þess að eignast nokkuð að ráði af bréfunum, enda óvíst, nú er stjórnin telur það vafasamt, að lánið mundi fást úr ríkissjóði, svo sem menn höfðu búist við, að lánsféð fengist með viðunanlegum kjörum. Loks er á það að líta, að stjórnin ræður frá að nota heimildarlögin. Nefndin getur þannig ekki lagt það til, að hin umræddu heimildarlög verði notuð.

Neðri deild alþingis 12. ágúst 1902.

Tryggvi Gunnarsson, Lárus H. Bjarnason, Björn Kristjánsson,
formaður. skrifari og framsm.

Þórður J. Thoroddsen, Þórh. Bjarnarson.

Nd.

139. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

Frá nefndinni í lífsábyrgðarmálinu.

1. gr. Forstöðumenn og aðalumboðsmenn lífsábyrgðarfélaganna, sjúkdóma- og slysaábyrgðarfélaganna skulu skyldir að senda landshöfðingja við hver áramót ágrip af reikningum sínum ásamt ábyrgðarreglum félaganna og skýrslu um tölu ábyrgðarhafa, upphæð tryggingarfjárins í heild sinni og iðgjaldagreiðslu á árinu m. fl. er starfsemi félaganna og útbreiðslu snertir í hinum einstöku héruðum landsins.

2. gr. Á sama hátt eru forstöðumenn og aðalumboðsmenn brunabótafélaga

og allra annarra váttryggingarfélaga skyldir að senda landshöfðingja við hver áramót ágríp af reikningum sínum ásamt skýrslu um upphæð allra váttrygginganna, tölu húsa þeirra, sem váttrygð eru til brunabóta, hvar þau séu, hversu hátt váttryggingargjaldið sé á hverjum stað með fleiru, er að starfsemi félaganna lýtur.

3. gr. Allar slíkar skýrslur ábyrgðar- og váttryggingarfélaga þeirra, sem 1. og 2. gr. ræðir um, skulu samdar eftir nákvæmri prentaðri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrirskipar með sérstakri reglugerð.

4. gr. Öll slík félög, er þegar er getið, skulu skyld að hafa einhvern aðalumboðsmann hér á landi, er landsstjórnin geti suðið sér til, enda séu öll þau ábyrgðar- og váttryggingarfélög, er starfa hér á landi, skyld að tilkynna landshöfðingja, hver sé aðalumboðsmaður félaganna.

5. gr. Brot gegn 1. og 2. gr. varða sektum, samkvæmt 8. gr. laga 8. nív. 1895.

Ed.

140. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi 7. júní 1902. (Eins og það var samp. við 3. umr. í Nd.).

12. gr. laga 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi skal hljóða svo, sem hér segir:

Aldrei má íþyngja Íslandsbanka með nokkru gjaldi, öðru en því, sem nefnt er í 11. grein, meðan hann hefir heimild til seðlaútgáfu samkvæmt lögum þessum.

Ed.

141. Frumvarp

til laga um stofnun brunabótafélags. (Eins og það var samp. við 3. umr. í Nd.)

I. kafli.

Stofnun félagsins.

1. gr. Brunabótafélag skal stofna hér á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Búðardal, Skarðstöð, Flatey, Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Arngræðareyri, Hesteyri, Reykjarfirði, Hólmavík, Borðeyri, Blönduós, Hólanesi, Skagaströnd, Sauðárkrók, Siglufirði, Kolkuós, Grafarós, Hofsós, Haganesvík, Húsavík, Hjalteyri, Svalbarðseyri, Vopnafirði, Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafirði, Eskifirði, Borgarfirði, Mjóafirði, Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Hornafjardarós,

og Vlk skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum. Öll hús skulu vá trygð með fullu verði þeirra eftir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eftir.

3. gr. Eigendur húsa og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim með þeim kjörum, sem reglugerð félagsins ákveður. Félagið tekur einnig í ábyrgð búsgögn og annað lausafé, eftir því sem nánara verður ákveðið í reglugjörð félagsins.

4. gr. Þegar félagið kemst á fót, fer fram virðing á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Virðingargjörðir skulu framkvæmdar af slökkviliðsstjóra og 2 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefnir fyrir rétti til 6 ára. Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 3 kr. á dag. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurfjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eftir virðingarverði húseignanna.

5. gr. Virðingargjörðir á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 2 mönnum, er sýslumaður útnefnir í hvert skifti. Fyrir starf sitt fá virðingarmenn 2 kr. á dag, og sá er ritar gerðina ennfreður 1 kr. Borgun þessa greiðir gjörðarbeiðandi.

6. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð, og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meira en þær álita hæfilegt.

7. gr. Stjórn félagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 10. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð félagsins, og skulu þeir þá virða upp aftur þau hús, sem þeir álita aðlækkað hafi í verði. Félagsstjórnin hefir og heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir, ef henni þykir ástæða til. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu; ella greiðist hann af félagssjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í félaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefir bygt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkada, ef húseignin hefir aukist í verði.

8. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla, nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eftir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landssjóðs.

9. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið, að víst bíl sé á milli húsa, sem bygð eru að nýju á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Hún getur og bannað, að starfsemi, sem sérstök brunahætta er samfara, fari fram nema í afsæktum húsum.

10. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, er félagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til eftir boði slökkviliðsstjóra að koma að minsta

tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í kaupstaðnum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gera alt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstodarmönnum hans.

II. kafli.

Stjórn félagsins.

11. gr. Félagið skal hafa lögheimili og varnarþing í Reykjavík. Í stjórn félagsins skulu sitja 3 menn, 1 forstjóri og 2 meðstjórnendur. Forstjóri félagsins skal skipaður af landshöfðingja, en meðstjórnendur skulu kosnir af fulltrúafundi til 6 ára. Deyi meðstjórnandi eða fatlist svo, að hann geti ekki gengt sýslan sinni, skipar landshöfðingi annan mann í hans stað til næsta fulltrúafundar.

12. gr. Fulltrúar félagsins eru 7 að tölu, og skulu þeir kosnir á þann hátt, að kaupstaðirnir Isafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður kjósa sinn fulltrúann hver, og verzlunarstaðir í hverjum landsfjórðungi fyrir sig kjósa einn fulltrúa í sameiningu.

Landshöfðingi hlutast til um kosningu fulltrúanna.

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar. Hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður greiðir einum manni atkvæði. Skýrslu um atkvæðagreiðsluna skal senda landshöfðingja, er telur saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna. Þeir eru rétt kjörnir fulltrúar, er flest fá atkvæði. Fáir tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn. Ef fulltrúi deyr eða fatlast svo, að kjósa þurfi annan í hans stað, hlutast landshöfðingi til um nýja kosningu, og gildir hún fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er frá för.

13. gr. Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík, og greiðist þeim úr landssjóði ferðakostnaður eftir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi úrskurðar reikninga þeirra og ávísar þeim.

14. gr. Fulltrúafundur semur reglugjörð fyrir brunabótafélagið og skal þar ákveðið, hvert er verksvið félagsstjórnarinnar og hver laun hún skal hafa; hvernig reikningsfærslu félagsins skal haga, hvar og hve oft fulltrúafundir skulu haldnir; hvers konar húseignir og hverja muni félagið tryggir; hvernig hinar váttrygðu húseignir skulu vera bygðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve oft skal virða váttrygðar húseignir upp aftur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta og hvernig hann skal endurgjalda; hvernig skera skal úr ágreiningi einstakra manna, verzlunarstaða eða kaupstaða og félagsstjórnarinnar; hve há iðgjöld skal greiða fyrir váttryggingar; hverja borgun félagið má taka fyrir tryggingarskírteini eða önnur vottorð; hvernig sjóð félags

ins skal ávaxta; hve miklu fé má verja til kostnaðar við framkvæmdarstjórn og endurskoðun. Enn fremur ákveður reglugjörðin, að hve miklu leyti félagið endurtryggi hjá öðrum brunabótafélögum.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni eigi breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið meðstjórnendum brunabótafélagsins frá um stundar sakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann til bráðabirgða í stað þess, sem frá var vikið. Hann skal þó með næstu pósthferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafélagsins frávikninguna og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefir skipað í stað þess, sem vikið er frá.

16. gr. Stjórn félagsins skal ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um félagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag félagsins.

17. gr. Endurskoðunarmenn skulu vera tveir, og kýs fulltrúafundur annan þeirra, en hinn skal kosinn af hinu sameinaða alþingi til 2 ára í senn. Endurskoðunarmenn rannsaka reikning félagsins í hverju einstöku atriði og bera hann saman við bækur félagsins og heimaféð. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé félagsins og verðskjöl séu fyrir hendi. Þeir skulu sjá um, að munir félagsins séu skrifadír upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir séu til, sem annarstaðar kunna að vera en á heimili félagsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning félagsins.

18. gr. Hinn úrskurðaða reikning félagsins skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal félagsstjórnin gefa landshöfðingja, eftir hvern ársfjórðung stutt yfirlit yfir hag félagsins, sem birtist á sama hátt. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

III. kafli.

Skyldur félagsins.

19. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

20. Allir þeir, sem hafa hús í brunabótaábyrgð félagsins, skulu fá að fullu bættan af sjóði þess allan þann skaða, er þau verða fyrir af eldsvoða eða af eldingum eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rífið niður eða skemt til að slökkva eld. Farist slík hús alveg, skal félagið greiða það, sem þau hafa verið virt til brunabóta, en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann. Skaðabætur fyrir eldsvoða má aldrei greiða, nema áður hafi verið haldið réttarpróf um brun-

ann. Þó getur félagsstjórnin veitt undanþágu frá þessu, ef skaðinn nemur eigi meira en 500 kr.

21. gr. Félagið ábyrgist ekki skaða af jarðskjálftum eða hernaðarvöldum eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annaðhvort með vilja eða fyrir vitavert aðgæzluleysi. Sé eigandinn viljandi eða fyrir vitavert gáleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið vátryggingarupphæðina útborgaða, þó eigi meir en þarf til lúkningar veðskuldinni ásamt í árs vöxtum.

22. gr. Þegar félagið greiðir brunabætur fyrir húseign, skal brunabótafénu eingöngu varið til þess að byggja upp aftur hús þau, er brenna, eða til aðgjörðar á þeim. Þó getur landshöfðingi eftir tillögum félagsstjórnarinnar veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með því.

23. gr. Félagsstjórninni er skylt, hve nær sem þess er krafist, að gefa hlutadeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir séu trygð til brunabóta í hans umdæmi, og, ef brennur, að gefa upplýsingar um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er vátrygð.

IV. kafli.

Ábyrgð landsjóðs.

24. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafélagið geti staðið í skilum, með 300,000 krónum. Ef félagið bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, greiðir landsjóður það, sem á vantar. Þó greiðir hann aldrei meira en sem ábyrgðarupphæðinni svarar. Fé þetta endurborgar félagið landsjóði sem vaxtalaust lán með því, sem það hefir afgangs útgjöldum sínum árlega.

25. gr. Ef ábyrgðarupphæð landsjóðs skerðist meira en svo, að nemi 100,000 krónum, skal vinna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á vátryggiendur.

Fé það, sem landssjóður greiðir um fram téða upphæð, á hann heimting á að fá endurgoldið með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum.

V. kafli.

Almenn ákvæði.

26. gr. Brot gegn 10. gr. varða sektum alt að 200 kr., er renna í landsjóð. — Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

27. gr. Landsstjórnin sér um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt, sem verða má.

Ed.

142. Frumvarp

til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr. Kosningarrétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mann-orð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, eða lögum nr. 21, 6. nóv. 1897.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi eða sé bú hans undir skiftameðferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár, nema svo sé, að hann sýni oddvita hlutadeigandi kjörstjórnar vottorð frá yfirkjörstjóra, þar sem kjösandi þessi er á kjörskrá, að hann hafi afsalað sér kosningarrétti sínum í því kjördæmi.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns, enda sé hann orðinn heimilisfastur í því kjördæmi, þar er hann ætlar að neyta kosningarréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sér, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annarra kjösenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjösenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla, bréfa o. s. frv., og úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga o. s. frv.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (séu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjösendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri og jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sé fleiri en eitt kjördæmi; þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn

fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstað-arkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sérsjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá, er kosningarrétt hafa, þá er kjörskrá er samin, og enn fremur þá, sem fyrir 1. júlímán. næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir kosningarréttinum. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósanda eftir stafrófsröð, heimili, stétt og aldur.

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sé fullbúin í dag febrúarmán., og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sé slept af skrá eða of aukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit afkærunni, og skal gagnert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutadeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll breppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu alstaðar samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefir eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fyllnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftár en eiru sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr. Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (24. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta búa til kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna í einu hljóði. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Séu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentlettri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi eð öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sér í línu og riflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé minni að þvermáli að innan en $\frac{1}{4}$ úr dönskum þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $\frac{1}{12}$ þumlungs á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

○	
○	
○	

Seðillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. Sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu pósthöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku lérefti og á prentaða utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hver undirkjörskjörn skal fá 10 umslög og skal á tvö þeirra prentað vera á neðra framhorni: »gildir seðlar«, á tvö: »ógildir seðlar«, á tvö: »ágreiningssedlar«, á tvö: »ónýttir seðlar«, og á tvö: »afgangssedlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna.

V. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

23. gr. Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi. Jafnframt framboði sínu skal þingmannsefni senda yfirkjörstjórninni 50 krónur. Þetta fé varðveitir yfirkjörstjórnin þangað til kosningum er lokið og hún hefir sjálf talið saman atkvæði og lýst yfir, hvern atkvæðafjölda hvert þingmannsefni hafi hlotið. Nú nær þingmannsefni eigi $\frac{1}{3}$ þeirrar atkvæðatölu, er með þurfti til að ná kosningu, og fellur þá fjárframlag hans í sýslusjóð. Sama er ef hann tekur framboð sitt aftur fyrir kjördag. En nái þingmannsefni þeim atkvæðafjölda, $\frac{1}{3}$ eða meira, fær hann endurgoldið tryggingarfé sitt að fullu. Deyi þingmannsefni fyrir kjördag, svo að hann verði eigi í kjöri, skal endurgjalda búi hans tryggingarféð.

Framboðum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti fjöggra kjósenda í kjördæmi því, sem þingmannsefni leitar þingmensku í, um að þeir ætli að styðja kosningu hans.

24. gr. Hvert þingmannsefni á rétt á, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, að

gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að annast hagsmuni hans við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

VI. kafli.

Kjördagur.

25. gr. Þá er almennar reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn tundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fram fara næsta virkan dag.

VII. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal vera þingstaður hreppsins. Ef húsbrenni eða önnur slík atvik eða óhentug herbergi á þingstaðnum gera það mjög torvelt eða ómögulegt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annarstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr. Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sé eigi á slíku vól, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé audið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldada horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

28. gr. Hver undirkjörstjórn skal gera láta atkvæðakassa, ekki minni en $\frac{1}{2}$ alin að lengd, 8 þumlunga á breidd og 6 þumlunga á hæð, með loki á hjörum og læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, sem sé 6 þumlunga löng, $\frac{1}{4}$ þumlungs við að ofan, en víðari að neðan.

VIII. kafli.

Kosningarathöfnin.

29. gr. A hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar að.

30. gr. A meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn

úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn; og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 25. gr.), séu þeir eigi sjálfir vistaddir.

32. gr. Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þannu, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglið eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn, telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðilbögli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr. Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyrvörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjóсандinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

34. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum. Einnig má leyfa þeim mönnum að kjósa, sem fullnægt hafa skilyrðunum í 5. gr.

35. gr. Hverjum þeim kjósenda, er inn kemur, skal oddviti afhenda einn kjörseðil, en kjósandi fer með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross  innan í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjóсандinn vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjóсандinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

36. gr. Meðkjörstjórnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor

sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

37. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur.

38. gr. Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðill hans ógildur, og hefir hann þá fyrirgert kosningarrétti sínum í það skifti.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í bringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill ógildur.

39. gr. Nú setur kjósandi skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá, og má hann þá fá nýjan seðil, ef hann skilar kjörstjórninni hinum fyrra og greiðir þá atkvæði á síðari seðilinn.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið. En við og við skal kjörstjórnin hrista vel atkvæðakassann.

40. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $\frac{1}{4}$ klukkustund og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeirri $\frac{1}{4}$ klukkustund liðinni, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

41. gr. Umboðsmenn þingmannaefna eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eða þingmannsefni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsatkvæðið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það hefir á kosninguna.

42. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar opna atkvæðakassann og taka upp einn og einn miða í einu og lesa upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum miða, og réttir hann miðann jafnótt umboðsmönnum eða þingmannsefnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, kjörstjórn, þingmannsefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja, og skal leggja alla slíka seðla í sérstakt umslag.

Verði ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns eða þingmannsefnis um, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal leggja alla slíka seðla

í umslagið, sem til þess er gjört. Síðan skal telja saman þá seðla, er kjörstjórnin telur gilda, og leggja þeir sér í umslag.

Alla seðla, sem ónýzt hafa, skal leggja í sérstakt umslag, en í umslag sér þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

43. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og umboðsmönnum eða þingmannsefnum. Seðlatölunnar af hverju tægi skal geta í kjörbókinni.

44. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir umboðsmann eða þingmannsefni áhrærandi kosningagerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

45. gr. Þegar búið er að loka öllum umslögum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau öll þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga umboðsmenn og þingmannaefni rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á lakki á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með bréfið og kjörbókina til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

IX. kafli.

Kosningarúrlit.

46. gr. Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum, auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að telja atkvæðin.

47. gr. Þingmannsefni hvert hefir rétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn, til að vera við í þeirra stað.

48. gr. Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, telur seðlana og metur gildi ágreiningssedlanna, unz öllum kjörstöðum í því kjördæmi er lokið. Þá telur hún saman atkvæðin úr öllu kjördæminu með nákvæmu eftirliti umboðsmanns og lýsir þann kosinn, er flest hefir atkvæði hlotið. Ágreiningssedlana frá hverjum kjörstað fyrir sig leggur yfirkjörstjórnin í umslag, innsigliar það og sendir síðan landshöfðingja ásamt eftirriti af kjörbókum undirkjörstjórna og öðrum gögnum. Seðlana með sömu ummerkjum, eftirrit kjörbóka og önnur gögn leggur landshöfðingi síðan fyrir alþingi í þingbyrjun.

49. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn

hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

50. gr. Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni eða hinum kjörnu alþingismönnum kosningarbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er landshöfðingi segir fyrir um, og senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningariunnar í kjördæminu og birtir hann það í B deild Stjórnartíðindanna.

51. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi á lögboðnum degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagnert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðaseðlar eða kjörbók eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málslíðum þessarar greinar.

X. kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

52. gr. Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skál hann þá, innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kærana svo fljótt sem verða má til landshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærður er, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XI. kafli.

Aukakosningar og kosningar til aukapings.

53. gr. Nú verður þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

54. gr. Nú er þing rofið og beðið til aukapingskosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær

geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrá þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XII. kafli.

Kostnaður.

56. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis og fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði, er í hlut á.

XIII. kafli.

Afbrot og hegningar.

57. gr. Nú hefir hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 kr. sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. — Sýslumaður úrskurðar dagsektir og innheimtir þær með lögtaki og getur hann á kostnað sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

58. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10–200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sá er verður uppvís að því, að hafa kosið á 2 stöðum, skal sæta alt að 100 kr. sekt, og missa atkvæðisrétt sinn við næstu kosningar. Sé brotið ítrekað tvöfaldast sektin, og sakborningur hafi þá fyrirgert kosningarrétti sínum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, er í hlut á.

59. gr. Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofriki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósanda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

60. gr. Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og bagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

61. gr. Með lögum þessum eru 1.—17. gr., 19.—36. gr. og 8.—40. gr. í lögum 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feldar.

Ákvæði um stundar sakir.

Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1903, skal kjósa eftir þeim kjörskrá, sem gengu í gildi 1. júlí 1902.

Nd.

143. Nefndarálit

frá samgöngumálanefndinni.

Oss var falið af háttv. n. d. að ihuga tillögu þess efnis, að skora á stjórnina að undirbúa alt samgöngumálið á sjó, sem rækilegast, fyrir næsta þing, og útvega ákveðin tilboð um gufuskípaferðirnar.

Þar sem gera verður nýja samninga um ferðirnar á næsta ári, álitum vér slíkan undirbúning málsins af hálfu stjórnarinnar mjög svo mikilsverðan og teljum vér það hlutverk nefndarinnar, að gefa nokkrar frekari bendingar til leiðbeiningar í þessu efni.

Fyrst viljum vér taka það fram, að vér sjáum eigi að landinu sé fært að leggja öllu meira af mörkum um sinn, til gufuskípaferða milli landa og umhverfis landið, en það sem nú er greitt.

Strandferðirnar, sem haldið hefir verið uppi, samkvæmt samningum 5. nóv. 1897, hafa, og þó auðvitað meðfram af sérstökum ástæðum, ekki borið sig sem skyldi, en vér treystum því, að hér verði reyndin sem alstaðar sú, að samgöngubörfin aukist smámsaman við bætt samgöngufæri, og í annan stað teljum vér það víst, að eftir athugunum og reynslu undanfarinna ára mætti koma ferðunum töluvert haganlegar fyrir, svo að þær kæmi landinu að jafngóðum notum og bæru þó félaginu, sem þeim heldur uppi, meiri arð.

Með þetta fyrir augum vill nefndin benda á nokkrar breytingar frá því fyrirkomulagi, sem nú er.

Í 2. millilandaferð er »Vestu« ætlað að fara tvisvar í kring um landið. Gufuskípafélagið hefir talið sér það haganlegt, en skaðlaust fyrir landsmenn, að skipið í þessari ferð fari ekki aftur norður um land frá Reykjavík, heldur til Austurlandsins, og þaðan beint út. Vér játum, að verða mætti við þessari ósk, að »Vesta« fari ekki tvisvar norður fyrir land í þessari ferð, en betur er því komið fyrir svo, að »Vesta« komi fyrst til Reykjavíkur, beint frá útlöndum, fari síðan austur um land og í kring til Reykjavíkur, og þaðan beint út. Með því móti fæst með einni hringferð sambandið fram og aftur milli Reykjavíkur og viðkomustaða, pósthlutningur yrði sendur frá Reykjavík, og Reykjavík fengi beinar ferðir utan og út. Svona löguð ferð getur ekki verið mikið dýrari en sú, er félagið fer fram á, en er margfalt hagkvæmari. Þess væri þá um leið að óska, að »Vesta« færi góðri viku fyr frá Kaupmannahöfn, og kæmi sér það einkarvel í Reykjavík að fá beina ferð til sín í byrjun marzmánaðar.

Þá hefir Gufuskípafélagið og talið það æskilegt, að fækkað væri smærri viðkomustöðum »Vestu« í 10. ferð. Vér erum því samdóma og bætum því við, að eftir því, sem ferðunum nú er háttað og fyrir mætti koma, virðist ónaðsýnlegt, að »Vesta« fari nema einu sinni í kringum landið í þeirri ferð, kæmi beint til Reykjavíkur og færi vestur um landið og út frá Berufirði.

Að því er snertir sjálfa strandbátana, þá eru mestu óþægindin við það, hve lengi þeir eru á leiðinni, og verður þar ei annað við gert en að fækka viðkomustöðum í hverri ferð, því hraðar munu þeir ekki getað farið með þessum fjölda viðkomustaða; þannig mun tíminn, sem »Hólum« er ætlaður milli Reykja-

víkur og Djúpavogs, of naumur. Það hefir komið til tals í nefndinni, og hefir hún þar stuðst við bendingar frá umboðsmanni Gufuskipafélagsins hér, hvort ekki mundi haganlegra, að hvor báturinn um sig færi alla leið í kring um landið, og fækkað væri viðkomustöðum í hverri einni ferð, svo að skjótar gengi. Nú fer báturinn vestanlands 6 ferðir, en austanlands 7, og er það sem næst sama og 13 ferðir í kring; við það þarf ekki að bæta. En með hraðari ferðum bátanna fengist tími afgangs, og þætti það hagræði fyrir félagið, gæti annarhvor báturinn farið eina eða tvær ferðir til útlanda, helst á miðju sumri, þegar fólksflutningur er minstur.

Til aukningar við gufuskipaferðir þær, sem nú eru, telur nefndin mjög þýðingarmikið, að »Laura« í 1. ferð sinni komi við á Seyðisfirði í uppleið. Sjór er stundaður eystra til jóla, en eftir nýár sitja menn auðum höndum, og telja má víst, að fjöldi sjómanna mundi leita sér atvinnu að austan til Faxaflóa og enda vestur til Ísafjarðar, væri þess kostur, í lok janúarmánaðar.

Þá ósk verður nefndin og að endurnýja, að skipin komi sjaldnar við í Færeyjum, helst sem sjaldnast. Því hefir ekki verið ólíðlega tekið af hálfu félagsins, að skipin færu fram hjá Færeyjum í 1., 4. og 6. ferð í uppleið, en eigi væri síður, og enda meiri ástæða til að vera lausir við Færeyjar í útleið í september og októbermánuði til fljótari flutnings á smjöri og kjöti.

Einna stærsta ágreiningsefnið milli Gufuskipafélagsins og þingsins í fyrra, var farmgjaldshækkunin 25% fyrir vörur, sem millilandaskipin láta yfir í strandferðaskipin. Við getum nú heldur ekki samsint, að rétt sé að leggja slíka fastákvæðna og allháa hækkun á slíkar vörur. Hitt kannast nefndin við, að sanngjarnt sé, að félagið leggi á í hverju einstöku tilfelli þann virkilega kostnað, sem á fellur við umskipunina. Nefndin ætlar, að slíkt fyrirkomulag mundi einmitt betur borga sig fyrir sjálft félagið, því að löst, ákvæðin hækkun, er nemur svo miklu, mundi fæla menn frá að nota skipin í þeim tilfellum, er umhledsla á sér stað.

Enn er eitt atriði, sem nefndin leggur sérstaka áherzlu á, og það er að hver sá, er strandferðirnar rekur, eða heldur flóabátunum úti, og fær til þessa styrk af almannafé, undirgangist það, að með öllu sé bönnuð áfengissala á höfnunum. Eftir því, sem þeim kauptúnum fjölgar, þar sem engin áfengissala á sér stað, verður það æ meir og meir óþolandi, að leyfa slíka sölu, og það af ótolluðum áfengisvörum. Það er útlátalaust fyrir hvern, sem ferðirnar rekur, að gangast undir það skilyrði.

Í þessum athugasemdum vorum höfum vér aðallega haft hið »Sameinaða gufuskipafélag« fyrir augum; en, eins og tillagan ber með sér, ætlumst vér til, að stjórnin leiti til fleiri staða, fáist eigi viðunanleg boð frá því.

Með þessum ummælum óskum vér að h. háttvirta þingdeild feli stjórninni málið, og samþykki þingsályktunartillöguna á þingskjali 24 óbreytta.

Neðri deild alþingis, 13. ágúst 1902.

Ó. F. Davíðsson,
formaður.

Þórh. Bjarnarson,
skrifari og framsögum.

Þorgr. Þórðarson.

Tryggvi Gunnarsson. Björn Kristjánsson.

Nd. **144. Frumvarp**
til laga um breyting á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla ásamt Ísafjarðarkaupstað skulu vera tvö kjördæmi og kjósa 1 alþingismann hvort kjördæmið.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **145. Frumvarp**
til laga um helmingsuppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. (eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Endurborgun á láni úr landssjóði Íslands til brúar á Ölfusá, er samkvæmt lögum nr. 3, 3. maí 1889 2. og 3. gr. hvílir á sýslufélögum Árness- og Rangárvallarsýslna og jafnaðarsjóði Suðuramtsins, fellur niður að helmingi frá 6. september 1903.

Nd. **146. Frumvarp**
til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Jökulsá í Öxarfirði nálægt Ferjubakka, og verja til þess allt að 50,000 króna úr landssjóði, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

2. gr.

Þegar brúin er fullgjör skal sýslufélag Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-amtið taka að sér gæzlu og viðhald hennar, eftir þeim hlutföllum, sem þessi héraðsvöld koma sér saman um. Verði ágreiningur milli þeirra, sker landshöfðingi úr honum.

Ed. **147. Nefndarálit**
um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands ó. jan. 1874.

Háttv. e. d. alþingis hefir kosið oss undirritaða í nefnd til þess að láta uppi álit vort um stjórnarskrárbreytingarfrumvarp það, er stjórn vor hefir lagt fyrir þetta aukapíng, og h. n. d. þegar samþykkt óbreytt að efni til, og viljum vér nú tjá h. deild álit vort um málið.

Frumvarp þetta hefir fyrst og fremst öll ákvæði þau, sem fólust í stjórn-

arskrárbreytingarfrumvarpi því, sem samþykkt var af alþingi í fyrra, og er gjörð ítarleg grein fyrir breytingum þeim á stjórnarfari voru, sem þau fara fram á, í álit nefndar þeirrar hér í deildinni, sem þá hafði málið til meðferðar, og leyfum vér oss að vitna til álits þessa, sjá Alþ.tíð. 1901 C. 312 (bls. 473). Það er viðurkennt af öllum, að ákvæði þessi gjöri mikilvæga breytingu til bóta á stjórnarskipun vorri, en þau eru hin helztu, að ráðgjafi Íslands skuli eigi hafa annað ráðgjafa-embætti á hendi, skuli tala og rita íslenszka tungu, bera ábyrgð á stjórnarathöfniani yfirleitt, eiga sæti á alþingi, að alþingissetutíminn skuli lengdur, tala alþingismanna aukin, kosningarréttur til alþingis rýmkaður og að fullnaðarályktun megi gjöra í sameinuðu þingi, og í hvorri þingdeildinni fyrir sig, þegar meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni er á fundi og tekur þátt í atkvæðagreiðslunni, hvort sem er á sameinuðum þingfundi eða á þingdeildarfundi. — Vér teljum það vafalaust, að h. deild muni samþykkja öll þessi ákvæði, enda leggjum vér það til.

Þá inniheldur frv. það ákvæði, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli hafa aðsetur í Reykjavík, svo og nokkur fyrirmæli, sem eru bein afleiðing af þessu búsetuákvæði og af niðurlagning landshöfðingjaembættisins, sem það hefir í för með sér. Um ekkert atriði hefir orðið tíðræddara nú síðasta árið en um innanlands-búsetu hinnar æðstu stjórnar, og um ekkert virðist almenningur vera frekar sammála en það, að það eigi að taka því tveim höndum, að áminst stjórn hafi aðsetur sitt hér á landi. Þetta er og tekið berum orðum fram í ávarpi efri deildar alþingis til konungs, er samþykkt var í einu hljóði í fyrra, en þar egir: að sú skoðun sé enn ríkjandi hjá þjóð vorri, að stjórnarskipun Íslands sé þá fyrst komin í það horf, er fullkomlega samsvari þörfum vorum, þegar æðsta stjórn landsins í hinum sérstaklegu málefnum þess er búsett hér á landi. Vér hikum því eigi við, að ráða deildinni til að fallast á þetta ákvæði, sem að undanfögnu hefir álitist ófáanlegt af hálfu stjórnarinnar, enda er búsetunni nú komið svo fyrir, að ráðgjafi vor verður fullkomlega *sjálfstæður* oddviti hinnar æðstu framkvæmdarstjórnar vorrar, sem *einn* hefir ábyrgð á henni og *einn* ber mál vor fram fyrir konung. Í þessu sambandi viljum vér taka það fram, að þar sem gjört er ráð fyrir því, að ráðgjafi vor geti látið einhvern hinna ráðgjafanna bera mál upp fyrir konungi fyrir sína hönd, þegar það sé eigi svo mikilsvarðandi, að návist hans sjálfs sé nauðsynleg, þá á að skilja þetta svo, að ráðgjafi vor afgreiði málið að öllu leyti undir konungsúrskurð með sinni undirskrift (contrasignatur), og að hann einn hefir ábyrgð á úrslitum þess. —

Þá er í 8. gr. frv. (25. gr. stjórnarskrárinnar) felt burt ákvæðið um það, að greiða skuli fyrir fram af ríkissjóðstillaginu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar landsins og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, eins og þau séu ákveðin af konunginum. Þetta er til bóta á stjórnarskránni, og fer í rétta átt, þar sem með því er felt burtu haft á fjárráðum alþingis, þó að það hefði eigi mikla þýðingu í framkvæmdinni, og þykir oss því einsætt, að deildin samþykki þessa breytingu á stjórnarskránni. —

Þá skulum vér geta þess, að í 1. gr. frv. hefir í sambandi við og í framhaldi af búsetuákvæðinu verið tekið upp það ákvæði, að ráðgjafinn skuli

rákisráðinu bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. — Þetta ákvæði hefir eigi verið tekið upp í stjórnarskrárfrumvörp undanfarandi þinga, og það er eigi gjört ráð fyrir því í konungsbodskapnum 10. jan. þ. á. (Stjórnartíð. A. 1902. bls. 4), og það má ætla, að öllum almenningi hér á landi sé það ógeðfellt. En samt viljum vér eigi leggja það til, að breyting sé gjör á frumvarpinu að því, er þetta atíði snertir. Ef ákvæði þetta væri felt í burtu, óttumst vér það, að stjórnarbótin, sem frumvarpið býður og annars er mjög mikilsverð og oss afar-nauðsynleg, fari öll að forgörðum, því að það er beint og skýlaust tekið fram af ráðgjafa vorum í ástæðunum, sem fylgja frv., að það sé *eigi samningagrundvöllur*, sem breyta megi eftir vild. Eftir orðum ráðgjafans, sbr. einkum athugas. við frv., bls. 5, teljum vér það vafalaust, að ef ákvæði sem þessu væri breytt, þá mundi hann láta fyrirfarast, að leggja frumv. fyrir konung til staðfestingar. — Í sambandi við þetta viljum vér geta þess, og leggja áherzlu á það, að ráðgjafinn lýsir því beint yfir, er hann minnst á þetta ákvæði, *að eigi geti komið til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna fari* (3: í *rákisráðinu*) *að skifta sér af neinu því, sem er sérstaklegt mál Íslands*, og er það þá í rauninni fremur form eitt, heldur en það hafi verklega þýðingu fyrir málefni vor, að ráðgjafinn á að bera þau fram fyrir konung í *rákisráðinu*.

Samkvæmt þínu framanritaða leggjum vér það til, að frömv. verði samþykkt óbreytt.

Efri deild alþingis, 13. ágústm. 1902.

J. Havsteen,
formaður.

Kristján Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Skúli Thoroddsen.

Með fyrirvara:

Guðjón Guðlaugsson.

Gutormur Vigfússon.

Nd.

148. Nefndarálit

um lífsábyrgðarmálið.

Vér undirritaðir, sem háttvirt neðri deild kaus til að íhuga, hvort tiltekilegt væri að stofna íslenskt lífsábyrgðarfélag, höfum nú rætt málið, og látum hér með í ljós álit vort um það.

Vér erum allir á einu máli um, að það væri mjög æskilegt, ef hér á landi yrði komið á fót lífsábyrgðarfélagi, er gæti hnekt hinum mikla vexti og viðgangi, er erlend lífsábyrgðarfélög hafa fengið hér hin síðari ár; því að félög þessi draga nú árlega stórfé út úr landinu, fé, sem að miklu leyti kemur aldrei aftur í vasa landsmanna. Þannig höfum vér komist að raun um, að auk lífsábyrgðarstofnunarinnar dönsku, sem hefir mjög mikla útbreiðslu hér á landi, mun annað erlent lífsábyrgðarfélag hafa náð svo mikilli fótfestu hér, að tryggingarupphæð íslenskra lífsábyrgða í því félagi mun vera um eða yfir *eina miljón* króna, og verða iðgjöldin af þeirri upphæð um 20,000 kr. á ári.

Nefndinni dylst ekki, að ýmsir erfðileikar eru á því að koma hér á fót innlendu lífsábyrgðarfélagi, og að þetta málefni þarfnast miklu ítarlegri raun

sóknar og athugunar en svo, að nefndin treysti sér til að láta uppi fullkomlega rökstutt álit um málið, sérstaklega vegna þess, að engar skýrslur eru fyrir hendi um lífsábyrgðarfélög þau, er nú starfa hér á landi. En slíkar skýrslur eru alveg nauðsynlegar til þess, að fá glögt yfirlit yfir mál þetta í heild sinni. Til undirbúnings málinu og til að ráða bót á tilfinnanlegri vöntun í þessu efni höfum vér leyft oss að leggja fyrir hina háttvirtu deild lagafrumvarp, er gerir ekki að eins umboðsmönnum lífsábyrgðarfélaga, heldur einnig umboðsmönnum brunabótafélaga og annara vátryggingarfélaga að skyldu, að senda árlega skýrslu um starfsemi félaganna til landsstjórnarinnar. Hyggjum vér, að skýrslur þessar gætu orðið til mikillar leiðbeiningar og stuðnings við stofnun innlendra ábyrgðarfélaga. En að svo stöddu sjáum vér ekki önnur vænlegri ráð fyrir hendi máli þessu til fyrirgreiðslu en svo látandi þingsályktun, er vér ætlumst til að báðar deildir alþingis samþykki:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að láta rannsaka svo ítarlega, sem föng eru á, hvort tiltækilegt sé að stofna innlent lífsábyrgðarfélag, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að svo sé, skorar þingið á hana að gera sem allra fyrst ráðstafanir til framkvæmda í málinu, meðal annars með því, að semja frumvarp um stofnun slíks félags og leggja það fyrir alþingi 1903.

Neðri deild alþingis 14. ágúst 1902.

Ólafur Briem,	Hannes Þorsteinsson,
formaður.	skrifari og framsögum.
Stefán Stefánsson,	Þorgr. Þórðarson.
þm. Skf.	Þórður J. Thoroddsen.

Nd.

149. Framhalds-nefndarálit

um frumv. til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði.

Nefndin fellst á þær 2 breytingar, sem gerðar hafa verið á frumv. þessu í E. D., og leggur því til, að frumvarpið sé samþykkt óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 14. ágúst 1902.

Tryggvi Gunnarsson,	Árni Jónsson,	Magnús Andrésson.
formaður.	skrifari og framsögum.	
Stefán Stefánsson,	Hermann Jónasson.	Björn Kristjánsson.
þm. Skgf.	Ó. F. Davíðsson.	

Ed.

150. Breytingartillögur

við frumv. til laga um vinnuhjú og daglaunamenn (eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.). Frá nefndinni.

Við 6. gr. (síðast): Fyrir: ekki vill, komi: »vill ekki«.

— 7. — Fyrir: hið sama gildir, komi: »Hið sama er og«.

— 40. — Í staðinn fyrir smá-orðið: og komi: »svo er og úr gildi feld [semi-komma sé á undan«].

Nd.

151. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík. (eins og hún var samþ. við eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að blutast til um, að reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík verði breytt svo, að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein, að kenslustundum í latínu verði fækkað að mun, að latneskar stílæfingar verði lagðar niður, og að kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu (einkanlega til ritgjörða), í nýju mál-unum yfirleitt (einkum ensku og dönsku), og í eðlisfræði og náttúrusögu.

Ed.

152. Nefndarálit

um frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í N. d.).

H. efri deild hefir skipað oss undirskrifaða í nefnd til að athuga og gefa álit vort um ofan nefnt lagafrumvarp, sem stjórnin hefir lagt fyrir alþingi og h. Nd. hefir þegar haft til meðferðar. —

Efni frumvarps þessa er nauðsynjamál, sem þarfnast heppilegrar úrlausnar. Um þetta eru eigi deildar skoðanir. Þá er hitt víst, að málið hefir verið rækilega og vandvirknislega undirbúið, og er búið að ganga í gegnum ýmsa hreinsunarelda. Þar sem nefndin verður að kannast við þetta, og jafnframt að ákvæði frv. séu yfirleitt vel löguð til þess, að lagaboðið geti náð tilgangi sínum, þykir oss eigi áhorfsmál að leggja það til, að frv. verði samþykkt að mestu leyti óbreytt. Til stuðnings þessari tillögu vorri vísun vér til athugasemda stjórnarinnar við frv., svo og til nefndarálitsins í Nd. Skjöl þessi gjöra grein fyrir sögu málsins, undirbúningi frv., löggjöt þeirri, er höfð hefir verið til hliðsjónar við samningu þess, svo og hinum mikilsverðustu nýmælum, sem frv. flytur, og er því eigi þörf fyrir oss, að taka hér upp skýrslu um þessi atriði. —

Vér leggjum til, að ein efnisbreyting sé gjör á frv. Oss þykir varhuga-vert að heimila það, að skipstjóri geti *heimtað* skip sitt undanþegið læknisrannsókn, þó að svo standi á, eins og segir í 11. gr., ef hann að eins lýsir því yfir, að hann sé kominn einungis til þess, að afla sér kola, vista eða annarra nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, og að eftirlitið skuli þá vera komið undir geðþótta sóttvarnarnefndar einnar. Vér viljum bæta því við, að þetta sé bundið því skilyrði, að skipstjóri lýsi því ennfreður yfir, að eigi séu menn á skipinu, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunsamt sé um, að séu næmir. Það má búast við því, að þessar yfirlýsingar skipstjóra verði heimtaðar undir eiðstilboð. — Ef þessi breyting verður samþykkt, verður og að fella burtu miðkaflann úr staflíð b. í 25. gr., og víkja lítið eitt við síðustu málsgreininni í þessum staflíð.

Að öðru leyti eru breyttill. vorar að eins orðabreytingar, og leyfum vér oss samkv. þessu að leggja það til, að frumv. verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Fyrir orðið: „þáttur“ í yfirskriftinni komi: kafli alstaðar, svo og í texta frv. 27. gr.

2. við 2. gr. Fyrir: »landsbúana« komi: landsbúa.
 3. — 6. — Fyrir: »til þess að fara tafarlaust í húsin« komi: er séu til taks.
 4. — 8. — Fyrir: »sjúklingnum« síðast í 3. málsl. komi: þeim.
 5. — fyrirsögn 4. þáttar. Fyrir: »sem skylt er«, komi: sem eiga.
 6. — 17. gr. Á eftir orðinu: »áfram« komi: og að eigi séu menn í skipinu, sem hafi þá eða hafi á leiðinni haft skjúkdóma, sem grunsamt er um, að séu næmir.
 7. — 20. — Fyrir: »2. hluta« komi: 2. málsgrein.
 8. — 21. — Fyrir orðið: »pest« í 2. málsg. komi: erlend sótt. —
 9. — 22. — Fyrir: »frá hlutaðeigandi stað«, komi: frá hinum sóttgrunaða stað.
 10. — 23. — Fyrir »um þá«, komi: um þessar sóttir.
 11. — 25. — b. Orðin: »og þegar . . . framliðinna« falli burt.
 12. — 25. — b. Fyrir: »Hið sama er og . . . en erlendum« komi: Sömu-leiðis greiðir skipið kostnað þann, er af því leiðir, að menn eru settir í sóttvarnarhúsin (6. gr.) með öðrum sjúkdómi en erlendum.
 13. — 25. — d. Fyrir: »strandinu« komi: strandfénu.
 14. — 27. — Fyrir: »4. þáttur« komi: 4. kafla.
 15. — 28. — Orðin í 1. másl.: »Skírteini þetta veitist ókeypis« falli burt.
 16. — 28. — 3. másl. Fyrir: »1. hluta« komi: 1. málsgrein.

Efri deild alþingis, 14. ágúst, 1902.

J. Jónassen,
formaður og framsögumaður.

Kristján Jónsson,
skrifari.

Guttormur Vigfússon.

Ed.

153. Frumvarp

til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Um vinnuhjú.

1. gr. Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja prests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem eru yngri en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. gr. Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir.

3. gr. Heimilt skal hjúi, að vista sig hjá tveimur eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr. Skildagi vinnuhjua skal vera á ári hverju 14. dag maímánaðar.

5. gr. Nú ræður einhver hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, og verður hann fyrir það sekur um 10—20 kr. Skyldur er hann og að greiða skaðabætur eftir óvilballra manna mati.

6. gr. Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meira en klyffjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi fyrir nauðsynja sakir vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum viðunanlegum stað og greiða allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda alt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu eða semji fyrir þann tíma við það um, að vistarráðin haldist, þótt það sé eigi sótt, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig á hann, og hann vill ekki veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og aftur.

7. gr. Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því viðtöku, af þessum ástæðum: 1. Ef hjúið, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir næman eða viðbjóðslegan sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu alt fram að þingmaríumessu eða lengur. Hið sama gildir, þótt hjúið sé heilbrigt, ef næmur sjúkdómur gengur á dvalarstað þess, svo að ástæða sé til að ætla, að það flytji sóttnæmið. Þó getur hjúið krafizt vistarinnar, þegar það sýnir læknisvottorð um, að það sé albata eða geti eigi flutt sóttnæmi. 3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina. 4. ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsudum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín.

8. gr. Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess. Ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúið eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það eftir 12. gr.

9. gr. Hjú getur neitað að fara í vist af þessum ástæðum: 1. ef húsbóndi eða húsmóðir hefir, eftir að hjúið var ráðið í vistina, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu um það leyti, sem hjúið á að fara í vistina. Þó er því skylt að fara síðar í vistina, ef húsbóndi krefst þess og sýnir læknisvottorð um, að sóttnæmið sé horfið, og hafi hann séð hjúinu fyrir samastað á meðan. 3. Ef húsbóndinn flytur, eftir

að vistarráðin eru gerð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúíð átti að fara í vist. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist í góðum stað, eða hjúíð kjósi heldur að ráða sig sjálft.

10. gr. Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu, eftir því sem málið er lagað, sektast um 4 til 50 kr. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúíð fyrir þá sök missir af vistinui, þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

11. gr. Ef húsbóndi riftar vistráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi áskilið kaup fyrir umsamiun vistartíma og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

12. gr. Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

13. gr. Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð, nema hjúíð samþykki. Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eða búi; en ef búi er brugðið, skal vistarráðunum lokið.

14. gr. Húsbóndi skal veita hjúi sinu viðunanlegt og nægilegt fæði, venjulegan rúmfatnað, verkfæri til vinnu, skæðaskinn og þjónustu. Þó leggur hjúíð til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sæpu, handklæði og því um líkt.

15. gr. Hve mikið hjúíð skal hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúíð hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúíð hafa svo mikið kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúíð hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aukum. Að öðru leyti skal greiða kaupið í peningum, hafi ekki verið samið um annan greiðslueyrf milli húsbónda og hjús. Sé eigi öðru vísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera við lok vistartímans.

16. gr. Hjúíð skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið. Það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og vinna öll þau verk, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur, óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, þegar þörf krefur.

17. gr. Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. gr. Hjú skal bæta húsbónda sínum það tjón eða skemdir, er það veldur honum vísvítandi eða af skeytingarleysi, eða af því, að það kann eigi til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins annað tjón eða skemdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess eða ótrúmensku. Svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður við það, að hjú er sett undir laga-ákæru fyrir glæp, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr. Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúð sektast um 2—40 kr., en setji það sig upp á móti þeim með ofbeldi eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 10—100 kr., nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum.

20. gr. Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa. er sérstaklegum háska er bundinn, eða af einhverri annarri orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, gjalda því ákvedið kaup og fæði og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 4 til 100 kr., nema hann hafi bakað sér þyngri hegningu eftir öðrum lögum.

21. gr. Nú sýkist hjú eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

22. gr. Nú sýkist hjú eða slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (20. og 21. gr.) og skal það þá sjálft greiða kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun. Eigi skal skerða kaup hjús, ef það er eigi lengur frá verkum, sökum veikinda þeirra, er hér ræðir um, en 6 daga virka, þá er að heyskap er unnið eða róið til fiskjar, eða 12 daga virka á öðrum tíma sumars, eða 4 vikur á vetri. Ef hjú er lengur frá verkum sakir veikinda, missir það tiltölulegan hluta af árkaupi sínu fyrir þann tíma, sem fram yfir er, og sé það lengur frá verkum en þrjá mánuði vistarársins, skal það endurgjalda húsbónda fæði fyrir hvern dag, er umfram er, eftir því, sem um semur, eða óvilhallir menn meta.

23. gr. Ef hjú leysir eigi skyldustörf sín af hendi sakir drykkjuskapar, sviksemi, eða tómlætis, þá dregst af kaupi þess jöfn upphæð og þyrfti að gjalda jafnoka hjúsins á hinum sama tíma. Auk þess bergei hjúð þann fæðiskostnað, er á fellur.

24. gr. Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið, ef hjúð sýkist svo, að auðsætt virðist, að það geti eigi fullnægt kröfum vistar

ráðanna, er því að eins bindandi fyrir hjúð, að það þurfi eigi að flytja sig eða telji sig vel ferðafært, en eigi má flytja það burtu, enda þótt vistartíminn sé liðinn, nema lækni lýsi yfir því álit, að hjúinu sé ekkert mein þar af búð, né öðrum, ef sýkin er sóttæm. Nú flytur húsbóndi hjúð burt engu að síður, og skal hann sæta sektum eftir 20. gr. eða og þyngri hegningu eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

25. gr. Þegar hjú sýkist eða slasast í vistinni, og á eftir lögum þessum sjálfst að greiða legu- og fæðiskostnað, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóð dvalarhreppsins, er aftur skal fá það endurgoldið af framfærsluhreppi hjúsins. Deyi hjú, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, en fá aftur kostnaðinn endurgoldinn af eignum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

26. gr. Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: 1. Ef hjúð leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrdum. 2. Ef hjúð sýnir húsbóndanum ítrekaða þrjózku, skeytingarleysi, ótrúmensku, eða neitar að vinna skylduverk sín. 3. Ef hjúð leitast við að tæla börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til ósiðsemi eða einhvern þar til illverka, svo og ef nokkrum á heimilinu er hætta búin af breytni þess eða getur eigi dvalið á heimilinu sökum ósvífni þess við sig. 4. Ef hjúð meiðir mannorð húsbænda eða vandamanna þeirra á heimilinu. 5. Ef hjúð af varmensku skemmir eigur húsbóndans, eða misþyrmir skepnum þeim, er hann á eða hefir undir hendi. 6. Ef hjúð sýnir af sér varhugavert skeytingarleysi með ljós, eld, sóttæmi eða annan voða, er skaði getur blotist af á heimilinu. 7. Ef hjúð er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. 8. Ef hjúð með illyndi eða rógi raskar friði og reglu á heimilinu og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans. 9. Ef hjúð drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 10. Ef hjúð fer næma eða viðbjóðslega veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífennis þess. 11. Ef hjúð hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín. 12. Ef hjúð kann ekki til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna, er það réðst í vistina, eða það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa. 13. Ef hjúð fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað.

27. gr. Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. gr., eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skadabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta. Þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni.

28. gr. Þá hefir hjú löglega ástæðu til að ganga þegar úr vistinni: 1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu. — 2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúð til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera í slíku og hús-

bóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3. Ef húsbóndi lætur hjúid búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4. Ef húsbóndi meiðir mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5. Ef hjúid fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6. Ef lífi eða heilsu hjúsins er hættu búin at veru þess á heimilinu. — 7. Ef húsbóndinn flytur af landi burt. — 8. Ef einhver á heimilinu misþýrmir hjúinu eða meiðir það freklega með illyrðum eða rógi, og húsbóndi veitir því ekki tilhlýðilega vernd, þegar það beiðist þess.

29. gr. Ef hjú fer úr vist fyrir nokkurar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr., eða húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið, og skaðabótum að auki eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

30. gr. Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups, efti því sem fyrir er mælt í skiftalögum 12. apríl 1878, 83. gr. b. 5.

31. gr. Fyrir eins árs kaupi, er þó má eigi vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúid látið gera fjárnám hjá húsbónda, ef hann mótmælir eigi kröfunni.

32. gr. Fógeti eða hreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húsbónda, eftir að hjúid er búid að fá sína kröfu borgaða að fullu.

II. kafli.

Um daglaunamenn.

33. gr. Hver, sem ræður sig í vinnu hjá öðrum, án þess að vera hjú hans samkvæmt I. kafla, skal sjálfur annast flutning á sér og farangri sínum til þess staðar, þar sem hann er ráðinn í vinnuna, nema öðruvísi sé um samið.

34. gr. Vilji húsbóndi, án löglegra orsaka, ekki taka á móti daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, er daglaunamaðurinn ekki bundinn við vinnusamninginn, og varðar það húsbónda eftir niðurlagi 6. gr. og eftir 11. gr.

35. gr. Nú kemur daglaunamaður án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vinnuna, varðar það hann eftir 12. gr.

36. gr. Daglaunamaður skal leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim í góðu lagi, svo og fæði, skó og þjónustu. Hann skal og sjálfur kosta fæði sitt, skófatnað og þjónustu.

37. gr. Ákvæði 5., 7., 9. — 13., 15. — 21. 25. — 32. gr. gilda um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti, sem þau geta gilt um þá.

III. kafli.

38. gr. Mál út af brotum gegn 24. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af lögum þessum, eins og lögreglumál einstakra manna.

39. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð.

40. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866 og 7. gr. í lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

Nd.

154. **Fyrirspurn**

til landshöfðingja. Frá Árna Jónssyni, þm. N.-Þing.

Af hvaða ástæðum var ekki, við veitingu Presthóla 3. sept. f. á., farið eftir skýrslu þeirri, sem hlutaðeigandi prófastur gaf, eftir að hafa leitað álits og atkvæða Presthólasafnaðar um prestskosningu þar?

Nd.

155. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til viðaukalaga við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Þórður J. Thoroddsen, Guðl. Guðmundsson, Sigurður Stefánsson. Stefán Stefánsson þm. Skf., Magnús Andrésson.

Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi

5. gr.

Landshöfðingjanum yfir Íslandi veitist heimild til að veita innlendu félagi leyfi til, til botnvörpuveiðatilrauna, að taka eitt eða tvö utanríkis botnvörpu skip á leigu um næstu 4 ár frá því lög þessi öðlast gildi, til þess að reka botnvörpuveiðar utan landhelgi við Ísland, og skal skipum þessum heimilað að leita lands, til þess að afferma afla sinn og til þess að afla sér vatns og annara nauðsynja hvernig sem á stendur eins og þau væru innlend eign. Svo skulu skip þessi vera undanþegin öllum skipsafgjöldum á meðan innlendir menn hafa þau á leigu.

Ed.

156. **Þingsályktunartillaga**

(eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að gjöra nauðsynlegan undirbúning til að koma upp efnarannsóknastofu í Reykjavík, og taka upp í næsta fjárlagafrumvarp fjárveiting til að koma henni á og reka hana.

2. Að leggja fyrir næsta þing frumvarp til vörumerkjalaga og firmalaga.

Ed.

157. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

Við Járngerðarstaðavík í Grindavík skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

158. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.). Frá Skúla Thoroddsen, Sigurði Jenssyni, J. Jónassen.

Aftan við 4. gr. bætist: Samt skal í héruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs heimilt að fara eftir venju þeirri, sem verið hefir.

Nd.

159. Frumvarp

tillaga um helmingsuppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. (eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Endurborgun á láni úr landssjóði Íslands til brúar á Ölfusá, er samkvæmt lögum nr. 3, 3. maí 1889 2. og 3. gr. hvílir á sýslufélögum Árness- og Rangárvallarsýslna og jafnaðarsjóði Suðuraíntsins, fellur niður að helmingi frá 6. september 1903.

Ed.

160. Frumvarp

tillaga um eftirlaun.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiddast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $\frac{1}{4}$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{1}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álfta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin áltur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manningnum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1. gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2. þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3. þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4. þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5. þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt, eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{8}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa giftast eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fekk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1. þegar ekkjan giftist af nýju; 2. þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3. þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4. þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningssáliti er ósæmleg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir giftast af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að

svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed.

161. Bréf

til alþingis um Lagarfljótsbrúna frá Sigurði Thoroddsen.

(Fylgiskjal við álit fjárlaganefndar).

Af tilviljun frétti eg nýlega norður í land, að í tillögum stjórnarráðsins við frumvarp til fjárlagalaga fyrir árin 1902 og 1903 kæmi fram óánægja þess við mig út af því, að eg hefði stöðvað vinnuna við Lagarfljótsbrúna í fyrra sumar, og þar væri lagt til að einhver útlendur ingenjör yrði fenginn til þess að hafa eptirlit með brúargerðinni í stað mín. Brá eg þá þegar við og fór hingað til þess að fá nánari vitneskju um það, hvað mér væri á brýn borið, og verja mig gegn því,

Eg hafði, eins og sést af fylgiskjölunum við álit fjárlaganefndarinnar í neðri deild, skrifað ráðuneytinu bréf dags. 8. júlí 1901 og landshöfðingjanum 2 bréf dags. 15. ág. og 30. ág. 1901 um þetta brúarmál, og skýrt þar frá ástæðum mínum fyrir því, að eg lét hætta við vinnuna síðastliðið sumar, og komið með tillögur um breytingar á brúnni. — Nú sé eg, að ráðuneytið hefir sent forstjóra Windfeld Hansen, verkfróða ráðunaut sínum, þessi bréf; hann hefir aftur sent verksmiðjunni Smith Mygind & Hüttemeier þau til umsagnar, verksmiðjan svarað með ýmsum áburði á mig, Vindfeld H. strax tekið það fyrir góða og gilda vöru og byggt dóm sinn um mínar gerðir nær því eingöngu á því bréfi, án þess að vera að gera sér það ómak að leita minnar umsagnar um áburð verksmiðjunnar, eða án þess yfir höfuð að gera sér nokkurt far um að setja sig inn í málið, svo að málavextir stæðu nokkurn veginn ljóst fyrir honum. Eg sit hér norður á hala veraldar og veit ekkert um ráðagerðir þeirra W. H. og verksmiðjunnar gegn mér, fyrr en ca. heilu ári eftir að eg hefi skrifað umgetin bréf —, og þá af tilviljun.

Eg er hálf hissa á þessari aðferð gegn mér; eg, sem er af stjórninni skipaður til þess að hafa eftirlit með brúargerðinni, eftirlit með því að verksmiðjan Smith Mygind & Hüttemeier vinni samkvæmt samningi sínum við ráðuneytið um brúargerðina, skýri í bréfum til ráðuneytisins frá því, að hverju leyti verksmiðjan hafi ekki fullnægt samningnum; verksmiðjunni eru undir eins send bréfin og spurð, hvað hún segi til þessa; hún reynir að klóra í bakkann og bera af sér með því aðallega að bera ýms ósannindi á mig, og það er tekið alt gilt, án þess sá kontrollandi ingenjör fái tækifæri til að svara; W. H. hlustar bara á annan partinn; hann hlustar á verksmiðjuna, sem maður eiginlega ekki getur búizt við að beri mér sérlega vel söguna eða tali hlýlega um mig, þar sem eg hefi verið að kritisera hennar gerðir; hann hlustar á ingenjör Barth eða mann útsendan frá honum, en maður getur heldur ekki vænst eftir því, að Barth, sem mælt hefir upp brúarstæðið, tali hlýlega um mig, þar sem eg leiði það í ljós, hve ónákvæmar og óheppilegar hans mælingar og rannsóknir hafi verið að ýmsu leyti; en eg veit ekkert um hvað gerist, fæ ekkert að tala með í því máli.

Eg skal þá stuttlega svara bréfi verksmiðjunnar dags. 15/11 1901 til W. H. og bréfi Windfelds Hansens dag 25/11 1901 til ráðuneytisins.

Verksmiðjan getur þess:

1. að það hafi verið um veturinn 1901, þegar eg var staddur í Kaupmannahöfn, aftalað milli mín og verksmiðjunnar, hvenær verkamennirnir frá Kaupmannahöfn skyldu halda til Íslands og byrja á vinnunni; það er rétt, við komum okkur saman um það, að þeir skyldu vera komnir að brúarstæðinu um miðjan júní, en þeir komu um miðjan maí — mánuði fyrr; eg kom að Lagarfljóti 23. júní, þ. e. nokkrum dögum seinna en jeg bjóst við dönsku verkamönnum, og þess vegna man eg það, að eg skrifaði sýslumanninum í Norðurmúlasýslu og beiddi hann að skila til þeirra, ef þeir væru komnir á undan mér, að eg kæmi eftir örfáa daga og þeir gætu þá á meðan undirbúið eitthvað og unnið að grjóttverki eða þessháttar. Eg man það, að verksmiðjan var upphaflega að tala um það við mig að senda verkamennina í maí eða jafnvel apríl, en eg réð algerlega frá því vegna vatnavaxta, svo að okkur loks kom saman um miðjan júní; enda sýndi það sig, að þeir komu of snemma, fljótið var í mjög miklum vexti, þeim gekk mjög seinlega verkið lengi vel framan af og margur tímiinn fór til spillis.

2. Þá minnst verksmiðjan á landstöplana og þykist hafa átt heimtingu á því að fá það grjót, sem eg hafði látið afla til vegarins að brúnni.

Eftir samningnum átti að borga verksmiðjunni minnst 1001 kr., en ef kostnaðurinn færi fram úr þeirri upphæð, átti aukakostnaðurinn að borgast verksmiðjunni eftir reikningi, er væri samþykktur af hinum kontrollerandi ingeniör. Verksmiðjan átti að leggja til allt grjótið í stöplana eins og sést af § 3 samningsins: »Arbejdet indbefatter: Opførelsen af 2 Landpiller af Sten, inklusive Leverancen af alt dertil hørende Materiale, o. s. v.«. Í nóv. 1900 fekk eg bréf frá landshöfðingjanum, þar sem hann skýrir mér frá, að ráðuneytið hafi falið mér að sjá um vegarlagninguuna við báða enda brúarinnar; eg skrifaði þá strax austur og gerði ráðstafanir til þess, að ekið yrði nægilegu grjóti í þessa vegakafla, sem eg átti að sjá um. Þegar eg fekk engin skeyti frá verksmiðjunni né ráðuneytinu um grjót í landstöplana, áleit eg, að verksmiðjan hefði beðið einhvern fyrir austan — t. d. fyrir milligöngu Thor. Tuliniusar að afla grjóts í þá, eða þeir ætluðu sér að víða að grjóti um sumarið fyrst, sem þó óneitanlega hefði orðið talsvert kostnaðarsamara fyrir landið, heldur en að aka því að vetrarlagi — því að það var landssjóður, sem eftir samningnum átti að borga stöplana, hvað dýr sem þeir yrðu: — en þegar eg um sumarið kom að brúarstæðinu, kom það í ljós, að verksmiðjan hafði ekkert hugsað um grjótaðflutning; hún hafði ekkert grjót til í landstöplana; nú voru að visu klappir að vestanverðu og nægilegt grjót nokkra faðma þaðan, sem að eins þurfti að rífa dálítið í sundur með púðri, járnköllum eða fleygum, en verkamenn verksmiðjunnar höfðu engin tæki til þess, voru engir grjótmenn og stóðu alveg ráðalausir, þeir hafa búið við því, að grjótið yrði borið upp í hendurnar á þeim. Til þess að hjálpa þeim bauðst eg til að láta mína menn, sem voru vanir grjótvinnu, afla grjóts í stöplana, og það byrjuðu þeir að gera, unnu að því þangað til verkið var stöðvað af öðrum ástæðum, þegar botninn reyndist of blautur. Eg þykist því hafa gert allt, sem eg gat til þess að hjálpa verksmiðjunni úr þeim kröggum, sem hún var komin í af sínu eigin fyrirhyggjuleysi; en grjótið aflað þannig að sumarlagi hefði orðið talsvert dýrara en ella, því að þótt nóg grjót í stöplana væri fengið að vestanverðu, þurfti að flytja talsvert af því yfir fljótið í austurstöpulinn, og það hefði orðið dýrt nokkuð, því að engan útbúnað höfðu þeir til þess, og engan hæfilegan bát var hægt að fá til þess flutnings. Þar sem Windfeld Hansen segir, að það hafi verið skylda mín að láta af hendi það grjót, sem eg hafði aflað í veginn, til verksmiðjunnar og láta heldur veginn bíða, þá segi eg, nei — það var ekki skylda mín og eg hafði ekkert leyfi til þess að minni meiningu; ef eg hefði gert það, þá gat eg búið við því að ráðuneytið segði: Hvers

vegna kláraðir þú ekki veginn, sem þér var falið að gera? Grjótið í landstöplana átti verksmiðjan að leggja til og afla, okkur kom það ekkert við; það er þín sök að vegurinn er ekki búinn. Og það hefði verið alveg rétt af ráðuneytinu að segja svo. Verksmiðjan segir, að hún hafi gert ráð fyrir því, að grjót væri nægilegt rétt hjá brúarstæðinu; það er það líka; það er nægilegt grjót við brúarstæðið að vestanverðu, en það þarf auðvitað að hafa fyrir því að ná því og flytja það; hið eina, sem stendur um þetta efni í samningnum er í § 4, c; þar stendur: »Stenene i Liandpillerne skulle vere af Basalt, af saa god og fast Beskaffenhed som det kan faas i Nærheden af Broen«. Þar stendur ekkert, að grjót sé beggja vegna við brúna, eða að grjótið sé svo nálægt brúarstæðinu, að það þurfi ekkert að flytja það til; en það var sjálfsgæður hlutur fyrir verksmiðjuna, ef hún hefði haft nokkra fyrirbyggju, að spyrjast fyrir um það hjá kunnugum mönnum, hvernig hagaði til með grjót. En það hefir hún ekki gert, hvorki hjá Egilstöðum eða hjá Steinsvaði við ferjuna; þess vegna var heldur eigi hægt að fullgera hina síðarnefndu.

3. Því næst segir verksmiðjan, sjálfsagt eftir sögusögn formanns verkmannanna, að eg hafi fyrst heimtað, að staurarnir væru afskornir eftir þeirri hæð, er Ing. Barth hafði tiltekið á sinni teikningu, jafuvel þótt það hafi sýnt sig, að hæsta vatnsstaða væri ca. 20" hærri en Barth hafði tiltekið; þetta eru ósannindi, eg hefi aldrei farið fram á það, að svo mikið væri skorið af staurunum; fyrstu dagana eftir að eg kom fór eg að rannsaka og spyrjast fyrir um það hjá kunnugum mönnum, hver væri hæsta vatnsstaða, sem meun myndu, og kom það þá í ljós, að hæst vatnsstaða var ca. $\frac{1}{2}$ m. (= ca. 19") hærri en Barth hafði gefið til kynna; nú hafði Barth, eins og tíðkanlegt er, gert brúna $\frac{1}{2}$ m. hærri en hæstu vatnsstöðuna; hefði því hæsta flód — eins og það reyndist að vera — gengið alveg upp undir brúna; eg réð því af að láta hækka brúna um 12", meira þorði eg ekki að láta hækka hana upp á mitt eindæmi, þar eð vegurinn og stöplarnir myndu verða talsvert dýrari við hækkunina, og lét skera af staurunum eða jafna staurana eftir því; þá var eg ekki enn þá ráðinn í því að stöðva verkið; en seinna, eftir að hætt var við vinnuna og ef sá, að gagngerða breytingu varð að gera á brúnni, lagði eg það til í bréfi mínu til ráðuneytisins, að brúin yrði hækkuð um $\frac{1}{2}$ m., eins og vanalega er gert — að hafa brúna $\frac{1}{2}$ m. hærri en hæsta vatnsflód. Það er því alls engin ósamkvæmni í því, eins og W. H. vill gefa í skyn, að eg fyrst — áður en eg lét hætta við verkið — vildi hækka um 12", en síðar meir lagði til að hækkað yrði um $\frac{1}{2}$ m. (= 19"). — En hitt er ósatt, að eg hafi heimtað, að skorið væri af staurunum svo, að brúin ekkert hækkaði.

4. Þá segir verksmiðjan, að það sé misskilningur úr mér, að ekki hafi verið hægt að reka niður 24 álna staurana með þeim tækjum, sem verksmiðjan hafði sent á staðinn; eg skal ekkert segja um það, hvort það hefði tekizt eða ekki á þann hátt, er minnst er á í bréfi verksmiðjunnar, enda hefi eg ekkert sagt um það í mínu bréfi; eg sagði að eins, að verkamenn verksmiðjunnar hefðu ekki sagzt geta rekið svo langa staura niður, treystu sér ekki til þess og tóku það ekki í mál; það, sem bezt sýnir, að þeir hafa annaðhvort ekki treyst sér til þess, eða hafa ekki ætlað sér að gera það, er það, að þegar eg kom að brúarstæðinu, voru verksmiðjunnar menn búnir að skera 4 lengstu, 24 álna staurana, af þeim átta, sem áttu að rekast niður í mitt fljótið — þvert í sundur; þetta er hægt að sanna þegar hver vill; enda sagðist formaður verkamanna hafa talað við ingenieur á verksmiðjunni um það, hvernig ætti að fara með þessa 24 álna staura, þegar fallhamarinn væri svo stuttur, og hefði ekkert annað svar fengið en þetta: »Jeg tror de er gale at ville ramme Pælene 17 Alen ned i Bunden, det er jo Vanvid«.

Það mun satt vera, að verksmiðjan — líklega af misskilningi — sendi meira timbur að brúarstæðinu en til var ætlast af teikningunum; hún mun hafa sent ca. 50% meira af

öllum staurunum, nema af 24 álna staurunum; þeir voru að eins átta eins og um var samið; en þetta var samt sem áður ekki nóg til þess að reka staurana svo langt niður sem eg hafði sýnt með útreikningum mínum, að var nauðsynlegt, jafnvel þótt að eins 2 staurar væru hafðir í breiddinni; en sérstaklega var það langt of lítið, þar sem, eins og eg hefi sýnt fram á, þarf 3 staura í breiddinni í stað tveggja. — Herra Windf. Hansen hefir enn ekki sýnt fram á það — það er að eins órökstudd staðhæfing — að 2 staurar í breiddinni sé nóg; eg neita því, að tveir staurar sé nóg og held fast við það, að 3 staurar í breiddinni sé nauðsynlegt til þess að fulltryggilegt sé, eftir þeim mesta þunga, sem W. H. hefir sjálfur heimtað, að lagður væri til grundvallar (80 pr. □').

En þó að nú nóg timbur hefði verið til, sem ekki var, þá hefði þurft að skeyta hér um bil alla staurana saman með galvaniseruðum járnplötum og galvaniseruðum járnboltum, en það var alls ekki til, hvað sem verksmiðjan segir um það, og þetta er hægt að sanna. — Það voru til einhverjar járnplötur, sem áttu að vera í járnýfirbygginguna, en þeirra lengd, breidd og þykt passaði alls ekki við það, sem þurfti við samsetningu staurauna, og þó að svo vel hefði viljað til, þá voru þær ekki galvaniseraðar, sem var alveg nauðsynlegt, enda slær verksmiðjan sig sjálfa á munninn, þar sem hún í framhaldstilboði sínu gerir ráð fyrir, að lagt verði til »galv. Jernbeslag og Bolte til Pælestödene«; til hvers þarf þess, ef það hefir verið til áður?

Svo tekur verksmiðjan sig til og fer að setja út á áætlun mína yfir aukakostnaðinn við lengingu og breytingu brúarinnar.

Henni þykir áætlun mín yfir efnið í staurana, niðurrekstur þeirra o. fl. alt of lág; eg hafði gert ráð fyrir, að hver meter kostaði 8 kr. — niðurrekstur, flutningur og efni — og það fekk eg þannig út, að eg áleit og álit 2 kr. pr. m. fyrir niðurrekstur staurauna yfirfljótanlegt, þegar um svo mikinn niðurrekstur er að ræða og botniinn svo línur, enda oft reiknað talsvert minna fyrir hvern meter; þá eru eftir 6 kr. pr. m., efnið álit eg, að þurfi eigi að kosta meira en ca. 4 kr. pr. m. komið upp á Austfjörðu, og 2 kr. pr. m., sem eftir eru, áleit eg, að ekki væri fjarri lagi, að flutningurinn mundi kosta að brúarstæðinu; get eg því ekki séð, að þessi upphæð sé of lág; annað mál er það, að timburmaður í Kaupmannahöfn, sem ekkert þekkir til á Íslandi, þarf að senda dýra menn upp og kosta ferðir þeirra fram og aftur, mundi ekki vilja taka það að sér, fyrir það verð, því að hann hefir nokkra áhættu og verður að reikna sér mikinn ágóða, þegar hann ekki þekkir til staðhátta. Eg verð því að halda fast við það, að þetta sé nóg reiknað eða að minsta kosti ekki fjarri lagi, ef að landssjóður sjálfur léti panta efnið og léti innleenda menn annast verkið.

Hitt atriðið, útreikning minn á kostnaði við lengingu brúarinnar, vill verksmiðjan fara að lagfæra hjá mér, en eg get ekki annað séð en að það sé rétt reiknað hjá mér, en vitlaust hjá verksmiðjunni; eg reikna nefnilega fyrst út, hvað lenging brúarinnar um 50 m. mundi kosta eftir hinu upphaflega fyrirkomulagi (með 2 staurum í breiddinni), sem samningarnir hafa verið gerðir um, og það mundi óneitanlega kosta $\frac{1}{5}$ (30000 + 10000) = 8000 kr.; svo bæti eg við þeim staurum öllum, sem að eg álit að þurfi í stólpabygginguna eftir því fyrirkomulagi, sem eg sting uppá, og eg get ekki betur séð en það sé rétt; hið eina sem gæti verið athugavert, væri það, að 8000 kr. er strangt tekið of mikið, því að eiginlega ættu að dragast þar frá 10 staurar ca. 12 álna langir, sem eru líka reiknaðir með í stauraútreikningnum. Eg verð því að halda fast við mína áætlun, sem eg hér með vísa til, í bréfi mínu til landshöfðingjans dags. 30 ág. 1901; áætlunin hljóðar upp á 17000 kr.; þar af eru 1500 kr. ætlaðar til landstöplanna og vegarins, en 15500 kr. til lengingar brúarinnar og til að styrkja hana með auknum staurafjölda.

Bréfi W.-H. hefi eg svarað jafnframt og eg svaraði bréfi verksmiðjunnar, og eg hef

engu við það að bæta; að eins vil eg benda á það, hve nærgættinn W.H. er við ingeniör Barth, í mótsetningu við mig; ef að Barth hefir gert eitthvað fyrir sér, þá er afsökun á reiðum höndum; hann segir, að það sé ekki svo gott í svo blautum botni að afgera, hve langt þurfi að reka niður staurana til þess að nóg verði burðaraflíð, nema með því að prófa sig fram með niðurrekstri staura, og þetta geti hent hveru ingeniör. En þá segi eg, að hver skynsamur ingeniör átti og hefði gert það, að ráða til þess að einhverju fé yrði varið til að reka niður nokkra staura til reynslu, áður en fastákveðið væri, hve langir staurarnir skyldu vera og hve margir og áður en nokkur samningur væri gerður um brúarsmiðið. Það var því aðalgallinn hjá Barth, að hann réð ekki til þessa, heldur ákvað bara út í loftið og eftir ágizkun, hve langir staurarnir skyldu vera.

Eins er það með ferjuna á Steinsvaði, að þegar það kemur í ljós, að Barth hefir mælt þar vitlaust, þá lætur W.-H. það heita svo, að staðurinn, sem hann hafi mælt upp, hafi ekki fundizt; en hér getur ekkert verið um að villast; það getur eigi verið að tala um nema einn stað; það er auðséð á öllum staðháttum og breidd fljótsins, svo að annaðhvort hefir Barth mælt hallan vitlaust á bökkunum baðum megin (hann sýndi nefnilega á teikningunni bakka mjög flata, í stað þess að þeir eru afarbrattir), eða hann hefir gleymt að mæla hallann og tekið hann seinna eftir minni.

Eg þykist nú hafa sýnt fram á að full ástæða var til þess að stöðva verkið og að eiginlega var ómögulegt að halda því áfram með nokkurri skynsemi.

Aðalorsökin liggur í því, að Barth hefir ekki rannsakað botninn nægilega eða ekki gert ráðstafanir til þess að hann yrði nægilega rannsakaður (með prófniðurrekstri) áður en byrjað var á brúarsmiðinu; þar af leiðandi kom það í ljós, þegar botninn reyndist svo blautur, að staurarnir urðu of stuttir, efni var ekki nær því nægilegt til þess að fullgera stauraniðurreksturinn og þótt timbrið hefði verið nægilegt, var ekki hægt að fullgera stauraniðurreksturinn, nema ef til vill á 3—4 staurum, því að nær því allir staurarnir urðu að vera þannig úr garði gerðir, að hver og einn þurfti að vera samskeyttur úr 2 minni staurum með galvaniseruðum járnplötum og boltum, sem voru ekki til. Þetta var aðalástæðan til þess að hætta varð við verkið, og á þessu átti verksmiðjan enga sök; en verksmiðjan var samt sem áður ekki alveg saklaus og hrein; hún hafði ekki haft fyrirhyggju til þess að afla grjóts til landstöplanna, sem hún átti að gera eftir samningnum; hún hafði ekki sent nógu duglega menn, sem gætu eða treystu sér til að reka niður 24 álna staurana með þeim áhöldum, sem þeir voru útbúnir með, og verkamenn verksmiðjunnar höfðu jafnvel látið skera 4 af þessum staurum þvert yfir. — Þess vegna hafði verksmiðjan ekki getað lokið við verkið árið 1901 eins og áskilið var, þótt ekkert hefði verið í veginum með botninum. Þess vegna álit eg, að verksmiðjan eigi enga heimtingu á borgun fyrir ferðakostnað verkamanna og vinnutap þeirra.

Eg fyrir mitt leyti álit að 17000 kr. aukafjárreiting sé nægileg til þess að fullgera brúna. Hve mikið fé mun þurfa til að fullgera ferjuna á Steinsvaði er ekki svo gott að segja um með vissu að svo stöddu, en líklega verður 500—1000 kr. aukafjárveiting nægileg.

Ef ekki verksmiðjan Smith Mygind & Hütemeier fæst til að fullgera brúna og ferjuna fyrir þetta verð (17500—18000 kr.), þá álit eg að engin hætta sé með það, að brúin komist ekki á; annaðhvort má fá einhverja aðra verksmiðju til þess að taka að sér verkið, eða ef ekki fæst tilboð nógu lágt, getur landssjóður látið þann ingeniör, sem þingið hafði á síðastliðnu ári falið á hendur framkvæmd allra vegagerða landssjóðs — og brúargerð er að eins dýr vegagerð —, panta alt efni, sem vantar og sjá um að verkið verði framkvæmt; úr því að landið hefir ingeniör, þá er óþarfi að vera láta útlenda verksmiðju taka að sér brýr hér á landi upp á »Akkord«; það verður auðvitað altaf dýrara heldur en ef innlendur mað-

ur gerir það með islenzkum verkamönnum að svo miklu leyti, sem hægt er. Síðan Þjórsárbrúin var byggð, hafa 3 járnbrýr verið byggðar hér á landi eftir fyrirsögn verkfræðings landsins. án þess að stórslys hafi orðið að, og án þess að útlendingar hafi unnið að uppsetningunni, nema tveir norskir menn við Blöndubrúna; og hér í þessu tilfelli er enginn sérlegur vandi að reka niður staura og leggja járnbjálkana á þá; það er öllu einfaldara en bygging hinna nefndu 3 járnbrúa.

En mér finst það á hinn bóginn miður sæmandi, ef þingið eða landið lætur verksmíðju eina í Kaupmannahöfn setja sér stólinn fyrir dyrnar og segja: svona skal það vera og þenna vil eg hafa til þess að líta eftir minum gerðum.

Reykjavík 15. ág. 1902.

Virðingarfylst

Sig. Thoroddsen.

Nd.

162. Breytingartillaga

við viðaukatillögu á þingskjali 155. Flutningsmenn L. H. Bjarnason og O. F. Davíðsson.

Greinin orðist svo:

Ráðherra Íslands er heimilt að veita innanríkismönnum eða félagi innanríkis leyfi til þess að taka eitt eða tvö utanríkisbotnvörpuskip á leigu um næstu 4 ár, frá því að lög þessi öðlast gildi, til þess að reka botnvörpuveidar utan landhelgi við Ísland, og er skipum þessum þá heimilt, að leita lands til þess að aferma afla sinn og til þess að afla sér vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, eins og þau væru innlend eign.

Ed.

163. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands (þgskj. 111). Frá Hallgrími Sveinssyni.

1. Við 10. gr. fyrir orðin: »ráðgjafi« komi: ráðherra, á 4 stöðum í greininni.
2. Við 13. gr. orðið: »þá« í 4. línu falli burt.
3. Við 22. gr. Fyrir »ráðgjafa« í 1. línu komi: ráðherra.
4. Við 23. gr. Sama breyting.
5. Eftir 5. þáttur (kafl) bætist inn sem efnisyfirlit:
Kostnaðarákvæði, sektir, ógilt lög og stjórnarbréf o. fl.
6. Við 25. gr. e. fyrir: »sem skylt er« komi: sem eiga.
7. Við 27. gr. síðasta málsgrein: Fyrir »farangur sá« komi: farangur þann.

Ed.

164. Viðaukatillaga

við frumv. til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. Frá nefndinni í eftirlaunamálinu.

Við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 6. gr. svo hljóðandi:

Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar lög þessi öðlast gildi.

Nd.

165. Nefndarálit

frá landbúnaðarnefndinni.

Háttvirt deild lagði fyrir oss að ihuga landbúnaðarlöggjöfina.

Sá bálkur laga vorra er og hefir jafnan verið stórmerkilegur, nær til alls þorra manna í landinu, og er venjum bundinn og staðháttum fremur flestum lögum.

Það er því ekkert áhlaupaverk að gjöra breytingar á slíkum lögum, enda sýndi það sig, er millipinganefnd var skipuð í málið 1870, að 7 ár liðu þangað til að frumvarp til landbúnaðarlaga kom frá nefndinni, og önnur 7 ár þangað til að lögin komu um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Nefndin á aukapönginu í sumar gat eigi gjört annað en að hugleiða nokkur atriði til undirbúnings væntanlegu endurskoðunarstarfi landbúnaðarlaganna. Málið þarf að komast á dagskrá þings og þjóðar, og sérstaklega teljum vér Landsbúnaðarfélaginu skylt að taka málið upp á búnaðarpönginu. Þegar það er rætt og rakið ljósar en nú, hvar gildandi löggjöf helzt stendur landbúnaði vorum fyrir þrifum, annaðhvort með miður hyggilegum og úreltum ákvæðum, eða hinu, að lagafyrirmæli vanta, og í annan stað eru fengin sem fylst gögu til að byggja á breytingar og nýmæli, þá er kominn tími að ganga að sjálfu lagasmíðinu.

Nefndin lét við það sitja að sinni, að taka til yfirvegunar fáein atriði úr ábúðarlögunum frá 12. jan. 1884 og búnaðarskólamálið.

Ákvæði nefndra laga um jarðabætur á leigujörðum þykja mjög vafningasöm. Það skal játað, að í ákvæðum þeim er reynt að halla hvorki rétti leiguliða né landsdrottins, og áherzlan er lögð á hin varanlegu not jarðabótarinnar, en reynsla mun vera fengin á því um alt land, að leiguliðar nota mjög sjaldan rétt þann, sem þeim er gefinn með ábúðarlögunum; hitt mætti ætla, að ákvæði laganna hafi stundum leitt til samkomulags milli eiganda og leigjanda, og hafi þannig stuðlað að jarðabótum á leigujörðum.

Það er ekki efamál, að öllum lagafyrirmælum er það betra, geti það alment komist inn í hugsunarhátt manna, að hagsmunir landsdrottins og leiguliða fari saman, að jörðin sé bætt og sem bezt setin, að landsdrotni sjálfum sé það arðvænlegast, að leiguliðinn hans búi við þau kjör, að hann telji sér gjörlegt að leggja fé sitt og krafta í ábyli sitt. Eitt ráðið til þess telja margir að sé, að binda með lögum ábúðartímann að meira eða minna leyti, en slík almenn ákvæði geta verið viðsjárverð, en til athugunar gæti komið, hvort verulegar umbætur leiguliða ættu eigi að gefa honum rétt til að fá ákveðna lenging ábúðartímans, sem enda börn hans mættu njóta. Oss virðist að herða mætti á rétti leiguliða að fá endurgjald fyrir gagnlegar, varanlegar og vel af hendi leystar jarðabætur, sem auk þess hefir verið vel haldið við, en í annan stað væri það léttir á endurgjaldsskyldunni fyrir landsdrotnin, frá því sem nú er í lögum, að til frádráttar kæmi í endurgjaldinu, þegar leiguliðinn hefði búið lengur eða skemur að jarðabótum sínum, og borið þær upp að meira eða minna leyti.

Vandinn í þessu máli er ekki einungis sjálft lagasmíðið, heldur og framkvæmd laganna. Nú er lagt undir úttektarmenn að meta endurgjaldsskyldu landsdrottins, en álitamál er, hvort slíkt mat ætti ekki að vera hjá alveg sérstökum mönnum og þeir sem fæstir í hverju héraði.

Ad því, er húsagjörðir snertir á leigujörðum, álitum vér að leiguliði sé þar mun ver settur eftir gildandi lögum en að því, er kemur til jarðabóta. Ákvæði ábúðarlaganna, að »fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús« eru gjörð að engu með viðbótinni »þau er henni hafa áður fylgt«. Jörð má eigi teljast leigufær nema henni fylgi *nauðsynleg* íbúðar-, geymslu- og peningshús, og landsdrottinn verður að hafa ábyrgð á fyrning jarðarhúsa, en leiguliði gjaldi honum árlega leiguliðabætur, auk landsskuldur; álagið fellur þá burt, en landsdrottinn á auðvitað sök á hendur leiguliða, ef hús spillast fyrir illa meðferð. Þessi gagngjörða breyting er nauðsynleg til húsabóta í landinu, en hitt játum vér fúslega, að vandi er að koma henni á, og það gjörist eigi alt í einu, að landsdrottnar verði eigendur allra *nauðsynlegra* húsa á jörðinni.

Búnaðarskólamálið hefir legið í þagnargildi á síðustu þingum, nema hvað fé er veitt til þeirra í fjárlögunum. Nefndin vill að eins láta það tvent uppi um þá, að þeim mætti fækka, og í annan stað að þeir yrðu beint landsins eign og væru settir undir stjórn Landsbúnaðarfélagsins. Oss blandast ekki hugur um að betra sé að hafa 2 skóla vel haldna, en 4 í sveltu. Á Eiðaskóla mun enn vera minstu til kostað; hann hefir ekki verið tekinn upp sem amtsskóli, og mundi að líkindum leggjast niður sem búnaðarskóli, hætti landssjóður að leggja fé til hans. Ólafsdalsskólinn hefir enn styrk af almannafé, en amtsskóli er hann ekki lengur og verður naumast aftur. Til langframa búumst vér þar ekki við búnaðarskólalahaldi, en sá frábær gagnsemdarmaður stendur þar að, að vér teljum hinu opinbera skylt að styðja hann svo, að hann geti haldið áfram sínu lífsstarfi um sinn, meðan kraftar hans eru óbilaðir, og vonum, að sú dýra og mikla skólastofnun geti varðveizt til almenningsþarfa í einhverri mynd.

Hitt atriðið er ekki þýðingarminna, að fá eina framkvæmdarstjórn yfir búnaðarskólana, og af hálfu amtsráðanna mundi sú breyting vart mæta andmælum, enda er alt í óvissu um það, hvað úr amtsráðunum verður með hinu nýja stjórnaðfyrirkomulagi. Landsbúnaðarfélagið mundi sétja búnaðarskólunum starfsvið, sem samræmilegast allri viðleitni félagsins landbúnaðinum til eflingar, og skifta hlutverkum með þeim. Það eitt mætti telja þessari uppástungu til foráttu, að stjórn félagsins sé nú svo skipuð, að hún geti eigi annað því, að fá jafn-miklu starfi bætt á sig; en því er að svara, að starf félagsins vex hvort sem er svo mjög, að eigi er viðlit, að það gangi lengi úr þessu, að stjórn félagsins sé höfð í hjáverkum. Þar verður að vera að minsta kosti einn maður, sem getur gefið því starfi alla sína krafta.

Millipínganefnd ráðum vér eigi til að skipa að sinni; timinn til næsta alþingis er of stuttur og margt má betur búa í hagin fyrir slíka nefnd.

Vér sjáum oss því síður fært, að skora á stjórnina, að leggja fram á næsta þingi frumvarp til endurskoðaðra landbúnaðarlaga að meira eða minna leyti. Það er hvorttveggja, að tími ynnist eigi til þess, og svo getum vér eigi búist við því, að sú stjórn, sem nú er á förum, taki upp jafn-vandasamt og erfitt mál; það verður að biða hinnar nýju stjórnar.

Annad mál er það, að núverandi stjórn getur nokkuð búið í hagin með því, að utvega ýms þau gögn, sem nauðsynleg eru til þess, að þetta endur-

skoðunarmál verði sem rækilegast ráðið. Það má t. d. búast við því, að þingið að ári taki til yfirvegunar, hvort millipinganefnd skuli þá setja í málinu, og meðal annars er mjög gott, til að ráða fram úr því, að hafa fyrir sér miklu fyllri upplýsingar en nú um leiguliðahagi vora.

Oss er eigi kunnugt um, hvar að því megi ganga, hve margar jarðir á landinu eru í leiguliða-ábúð, þegar slept er þjóðjörðum og kirkjujörðum. — Það mun vera all misjafnt í ýmsum héraðum landsins. Þá mun eigi síður hafa misjafulega til um það, hver héraðsvenja sé um ábúðartímann, og hve tryggur ábúðarrétturinn er, hvernig goldið er eftir jarðirnar, hvað mörg kúgildi fylgja móts við jarðarhundrað, hvað mikil jarðarhús fylgja, hvernig úttekum er háttað, hvað landsdrottnar í því og því héraði hafa lagt fram til jarða og húsabóta og með hvaða kjörum o. fl., o. fl. Ætlu slíkar upplýsingar eigi síður að ná til leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum.

Í fljótu bragði verður það eigi alt upp talið, sem gott væri að fræðast um í þessu efni til rækilegs undirbúnings málinu. Vér hugsum oss, að landsstjórnin gæti þar notið aðstodar Búnaðarfélags Íslands til nánari leiðbeiningar um það, hvað sérstaklega ætti að spyrja um, og hvernig þær spurningar skyldu orðaðar. Hér er eigi nema um litilfjörlegan kostnað að ræða til eyðublaða, sem eigi getur á staðið, en hitt teljum vér sjálfgefið, að sveitarstjórnarvöld, umboðsmenn þjóðjarða og prestar svöruðu greiðlega spurningum hér að lútandi.

Samkvæmt þessu leyfum vér oss að bera upp, að samþykkt verði í deildinni svohljóðandi

Tillaga

til þingsályktunar.

Nedri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að útvega fyrir næsta þing sem rækilegastar upplýsingar um leiguliða-ábúðina í landinu, til undirbúnings væntanlegri endurskoðun á ábúðarlöggjöfnni.

Nedri deild alþingis 16. ágúst 1902.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.,

formaður.

Arni Jónsson.

Hermann Jónasson.

Sigurður Stefánsson.

Þórh. Bjarnarson,

skrifari og framsögum.

Björn Bjarnarson.

Guðl. Guðmundsson.

Nd.

166. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um breyting á reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík. Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson. Stefán Stefánsson, þm. Skgf.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að blutast til um:

að reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík verði breytt svo,

að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein,

að kenslustundum í latínu verði fækkað að mun,

að latneskir stílar verði lagðir niður við próf, og

að kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu (einkanlega til ritgjörða), í nýju málunum yfirleitt (einkum ensku og dönsku), í eðlisfræði, dráttlist, leikfimi og til að taka upp kenslu í skólaíðnaði —,

að daglegar kenslustundir séu 5, í 2—3 neðstu bekkjunum.

Ed.

167. Frumvarp

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. kafli.

Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr. Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merking, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða frá fiskiskipi frá öðru ríki. Er skipið aðkomuskip þar til er það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn.

„Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega til greind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gula hitasótt, mislinga og skarlatssótt.

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem auglýsing frá ráðgjafa Íslands eða landshöfðingja hefir bannað að flytja inn vegna sóttþættu eða þá bundið hann vissum skilyrðum (22. gr.).

2. gr. Hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og ætlar að hafa samband við land eða við landsbúa, skal hafa meðferðis sóttgæzluskírteini frá brottfararstað sínum, og, ef hann er utanríkis, skal skírteinið staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sé hann þar enginn, þá af yfirvaldi.

3. gr. Ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki má, nema til neytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr. Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýna nauðsyn beri til.

Enginn má leyfa inn í híbýli sín eða eiga nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis, nema brýna nauðsyn beri til.

2. kafli.

Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr. Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kys úr sínum flokki. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kys, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitastjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

6. gr. Í hverjum kaupstað á landi hér skal vera sóttvarnarhús, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefnd sú, er í hlut á, skal hafa umsjón yfir húsum þessum, annast viðhald á þeim og öllum útbúnaði þeirra og ráða þjónustumenn til þeirra eftir þörfum, er séu til taks.

Hlutaðeigandi héraðslæknir annast lækning þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsi, nema landshöfðingi eftir tillögum landlæknis skipi til þess annan lækni.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um afnot þessara sóttvarnarhúsa.

3. kafli.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

7. gr. Þegar aðkomuskip vill hleypa mönnum eða farangri á land á höfn, sbr. 3. gr., og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (11. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskírteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni.

8. gr. Nú er sóttgæzluskírteini skipsins í lagi, og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins, hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur gæti legið á um að séu næmir.

Hafi skipið ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt (sbr. 2. gr.), skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsing upp á æru sína og samvizku um, að á skipinu séu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað

þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir séu úr slíkum sjúkdómum.

Ef þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og grunur leikur á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða eða grunur er á um, að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, sé eigi fulltryggilegt, þá má ekki veita heilbrigðisvottorð fyrir en héraðslæknir hefir rannsakað skipið, og sagt fyrir um, hverrar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gjörist má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sé ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji læknir tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því að eins, að þeim sé eigi hætta búin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um að farið sé eftir fyrir mælum greinar þessarar og 7. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Heilbrigðisvottorð skal veitt ókeypis.

9. gr. Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eftir auglýstri áætlun, þá tilslökuð á ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gjörlegt eftir atvikum.

4. kafli.

Um skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu.

10. gr. Í hvert sinn, sem áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt — að undanteknum mislingum og skarlat-sótt — hafi gjört vart við sig einhversstaðar í útlöndum gefur ráðherra Íslands út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef að eins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðherra Íslands gefur aftur út auglýsingu um, hve nær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

Landshöfðingi hefir vald til að gefa út auglýsingar þær, sem nefndar eru í þessari grein, ef hann hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að sótt sé komin upp eða um garð gengin áður en auglýsing ráðherrans um það er komin til hans. En skýra verður hann ráðherra hið bráðasta frá auglýsingu sinni.

11. gr. Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskifti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. gr., eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskirteini skipsins, að erlend sótt gangi á;

2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið

sjúkir menn eða dauðir og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;

3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsigluhúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið íslenska höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. gr. Ef svo er ástatt fyrir skipi, sem sagt er í 11. gr., 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr., 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, nema það sé til neytt.

13. gr. Þangað til læknisrannsókn hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skipið afkvíð, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu eru háðir þeim sóttthreinsunartýrismælum, sem sóttvarnarnefnd eða læknir setur þeim, og má, ef þörf gjörist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er; sé enginn læknir viðstaddur, skal sóttgæzlumaður svo fljótt sem auðið er gjöra boð eftir héraðslækni; þó skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

14. gr. Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkst eða dáið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því, er skipið hafði síðast mök við sötímengað bygðarlag eða skip.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til er sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíð. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirlifandi greinum og bygðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr. Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyr en skipið hefir verið sóttthreinsað að svo miklu leyti, sem sóttvarnarnefnd eða læknir hefir ákveðið, og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sóttthreinsa á skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr. Núkemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíðuð, 1. að sjúkir menn séu fluttir í sóttvarnarhús, og sé ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, 2. að lík séu flutt í land og jarðsett, 3. að skipið sé sótthreinsað eins og með þarf, 4. að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sótthreinsa á skipinu, og 5. að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir, annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir á land.

17. gr. Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að afla sér kola, vista eða annara nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

18. gr. Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksútflutninga, eða skip, sem virðast vera afaróheilmæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eftir ákvæðum 16. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi.

19. gr. Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sótt-hreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sótthreinsun þess allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

20. gr. Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 12. gr., 2. málsgrein, en hefir neyðst til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en lækni er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sóttvarnarnefndin skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar svo fljótt, sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist.

21. gr. Um strandað skip og bannaðan farangur á því gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

22. gr. Ráðherra Íslands (landshöfðingja) er heimilt, þegar hann gefur út auglýsing samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt, eða binda skilyrðum, að

fluttar séu til landsins frá binum sóttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

23. gr. Nú ganga mislingar, skarlatssótt eða innflúenza einhversstaðar í útlöndum og eru þar mjög útbreiddir eða illkynjaðir, og er ráðherra (landshöfðingja) þá heimilt að gefa út auglýsing um þessar sóttir, eftir því sem ákveðið er í 10. gr. um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástætt um einhverja næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum þætti skuli beitt.

Ef svo mikil hættu stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að eigi tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur landshöfðingi í samráði við landlækni fyrirskipað þessar ráðstafanir, en skýrslu verður að senda tafarlaust ráðgjafa Íslands, svo fenginn verði úrskurður konungs.

5. þáttur.

Kostnaðarákvæði, sektir, ógilt lög og stjórnarbréf o. fl.

24. gr. Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum ber lækni 4 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 6 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir.

Auk þess á lækniir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum samkvæmt 6. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; þó heldur lækniir dagpeningum, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

25. gr. Sóttvarnarhús þau, sem nefnd eru í 6. gr., skal reisa, út búa og halda við á kostnað landssjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, að því undanteknu, er hér greinir:

a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og á land aftur.

b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástætt og þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í húsum þeim, sem nefnd eru í 6. gr., og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í hús þessi með öðrum sjúkdómi en erlendum.

c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenzka höfn og sóttvarnarnefnd álltur, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga undir sóttkvíun.

d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu að svo miklu leyti, sem það hrekkur til.

e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljóta, að svo miklu leyti, sem efni hans hrekkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.

26. gr. Landsjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum.

27. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara eða skipunum þeim, sem

gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 20 til 500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eftir almennum lögum; en þegar ákvæði 4. kafla laga þessara eru í gildi, varða brotin fangelsi (almenn hegningarlög, 26. gr.), eða 50 til 1000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektir renna í landssjóð.

Ef álíta má, að hegningin muni ekki verða þyngri en sektir, er sótt-varnarnefnd heimilt að taka boði hins seka um að greiða þegar í stað sekt til landsjóðs, til þess að komast hjá málssókn.

Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn, eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan, ef eigi skal lóga honum, og rennur ágóðinn í landssjóð.

28. gr. Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni. Skírteini þetta veitist ókeypis.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á sams konar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin.

29. gr. Tilskipun 8. febr. 1805 um Quarantaine-ráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið bréf 20. júlí 1838 áhrærandi ónýting opinna bréfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Ísland og Færeyjar eru úr gildi feld. Enn fremur eru úr gildi numin konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist Íslands, lög 24. okt 1879 um viðauka við lög þau og lög 18. des. 1897 um viðauka við töð sóttvarnarlög frá 17. des. 1875.

30. gr. Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Nd.

168. Frumvarp

til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. (Eins og það var samþ. við 3. umr í Ed.)

I. kafli.

Um vinnuhjú.

1. gr. Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja prests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem eru yngri en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. gr. Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir.

3. gr. Heimilt skal hjúi, að vista sig hjá tveimur eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr. Skildagi vinnuhjúa skal vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í héruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, heimilt að fara eftir venju þeirri, sem verið hefir.

5. gr. Nú ræður einhver hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, og verður hann fyrir það sekur um 10—20 kr. Skyldur er hann og að greiða skaðabætur eftir óvilballra manna mati.

6. gr. Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meira en klyffjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þannu flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi fyrir nauðsynja sakir vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum viðunanlegum stað og greiða allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmárumessu eða semji fyrir þann tíma við það um, að vistarráðin haldist, þótt það sé eigi sótt, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig á hann, og hann vill ekki veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og aftur.

7. gr. Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því viðtöku, af þessum ástæðum: 1. Ef hjúið, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir næman eða viðbjóðalegan sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmárumessu eða lengur. Hið sama er og, þótt hjúið sé heilbrigt, ef næmur sjúkdómur gengur á dvalarstað þess, svo að ástæða sé til að ætla, að það flytji sótt næmið. Þó getur hjúið krafizt vistarinnar, þegar það sýnir læknisvottorð um, að það sé alhata eða geti eigi flutt sótt næmi. 3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina. 4. ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín.

8. gr. Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess. Ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinu eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúið eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það eftir 12. gr.

9. gr. Hjú getur neitað að fara í vist af þessum ástæðum: 1. ef húsbóndi eða húsmóðir hefir, eftir að hjúið var ráðið í vistina, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 2. Ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu um

það leyti, sem hjúíð á að fara í vistina. Þó er því skylt að fara síðar í vistina, ef húsbóndi krefst þess og sýnir læknisvottorð um, að sóttnæmið sé horfið, og hafi hann séð hjúinu fyrir samastað á meðan. 3. Ef húsbóndinn flytur, eftir að vistarráðin eru gerð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúíð átti að fara í vist. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og skaðabætur eftir því, sem óvilhailir menn kunna að meta, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist í góðum stað, eða hjúíð kjósi heldur að ráða sig sjálf.

10. gr. Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu, eftir því sem málið er lagað, sektast um 4 til 50 kr. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúíð fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu alt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

11. gr. Ef húsbóndi riftar vistráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi áskilið kaup fyrir umsaminn vistartíma og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

12. gr. Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

13. gr. Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarrád, nema hjúíð samþykki. Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eða búi; en ef búi er brugðið, skal vistarráðunum lokið.

14. gr. Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, venjulegan rúmfatnað, verkfæri til vinnu, skæðaskinn og þjónustu. Þó læggur hjúíð til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt.

15. gr. Hve mikið hjúíð skal hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúíð hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúíð hafa svo mikið kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúíð hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aukum. Að öðru leyti skal greiða kaupið í peningum, hafi ekki verið samið um annan greiðslueyri milli húsbónda og hjús. Sé eigi öðru vísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera við lok vistartímans.

16. gr. Hjúíð skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið. Það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og vinna öll

pau verk, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur, óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, þegar þörf krefur.

17. gr. Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. gr. Hjú skal bæta húsbónda sínum það tjón eða skemdir, er það veldur honum vísitandi eða af skeytingarleysi, eða af því, að það kann eigi til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins annað tjón eða skemdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess eða ótrúmensku. Svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann bíður við það, að hjú er sett undir laga-ákæru fyrir glæp, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr. Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótpróa eður illyrði við húsbændur sína eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúð sektast um 2—40 kr., en setji það sig upp á móti þeim með ofbeldi eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 10—100 kr., nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum.

20. gr. Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa. er sérstaklegum háska er bundinn, eða af einhverri annarri orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, gjalda því ákveðið kaup og fæði og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 4 til 100 kr., nema hann hafi bakað sér þyngri hegningu eftir öðrum lögum.

21. gr. Nú sýkist hjú eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

22. gr. Nú sýkist hjú eða slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (20. og 21. gr.) og skal það þá sjálft greiða kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun. Eigi skal skerða kaup hjús, ef það er eigi lengur frá verkum, sökum veikinda þeirra, er hér ræðir um, en 6 daga virka, þá er að heyskap er unnið eða róið til fiskjar, eða 12 daga virka á öðrum tíma sumars, eða 4 vikur á vetri. Ef hjú er lengur frá verkum sakir veikinda, missir það tiltölulegan hluta af árskaupi sínu fyrir þann tíma, sem fram yfir er, og sé það lengur frá verkum en þrjá mánuði vistarársins, skal það endurgjalda húsbónda fæði fyrir hvern dag, er umfram er, eftir því, sem um semur, eða óvilhallir menn meta.

23. gr. Ef hjú leysir eigi skyldustörf sín af hendi sakir drykkjuskapar, sviksemi, eða tómlætis, þá dregst af kaupum þess jöfn upphæð og þyrfti að gjalda.

jafnoka hjúsins á hinum sama tíma. Auk þess bœrgi hjúid þann fæðiskostnað, er á fellur.

24. gr. Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið, ef hjúid sýkist svo, að auðsætt virðist, að það geti eigi fullnægt kröfum vistarráðanna, er því að eins bindandi fyrir hjúid, að það þurfi eigi að flytja sig eða telji sig vel ferðafært, en eigi má flytja það burtu, enda þótt vistartíminn sé liðinn, nema lækni lísi yfir því álit, að hjúinu sé ekkert mein þar af búid, né öðrum, ef sýkin er sóttæm. Nú flytur húsbóndi hjúid burt engu að síður, og skal hann sæta sektum eftir 20. gr. eða og þyngri hegningu eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

25. gr. Þegar hjú sýkist eða slasast í vistinni, og á eftir lögum þessum sjálft að greiða legu- og fæðiskostnað, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóð dvalarhreppsins, er aftur skal fá það endurgoldið af framfærsluhreppi hjúsins. Deyi hjú, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, en fái aftur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því, sem nú var sagt.

26. gr. Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: 1. Ef hjúid leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrdum. 2. Ef hjúid sýnir húsbóndanum ítrekaða þrjózku, skeytingarleysi, ótrúmensku, eða neitar að vinna skylduverk sín. 3. Ef hjúid leitast við að tæla börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til ósiðsemi eða einhvern þar til illverka, svo og ef nokkrum á heimilinu er hætta búin af breytni þess eða getur eigi dvalið á heimilinu sökum ósvífni þess við sig. 4. Ef hjúid meiðir mannorð húsbænda eða vandamanna þeirra á heimilinu. 5. Ef hjúid af varmensku skemmir eigur húsbóndans, eða misþýrmir skeppum þeim, er hann á eða hefir undir hendi. 6. Ef hjúid sýnir af sér varhugavert skeytingarleysi með ljós, eld, sóttæmi eða annan vöða, er skaði getur hlotist af á heimilinu. 7. Ef hjúid er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. 8. Ef hjúid með illyndi eða rógi raskar friði og reglu á heimilinu og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans. 9. Ef hjúid drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. 10. Ef hjúid fer næma eða viðbjóðslega veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífennis þess. 11. Ef hjúid hefir tælt húsbóndann með fölsudum vitoisburðum, þá er hann réð það til sín. 12. Ef hjúid kann ekki til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna, er það réðst í vistina, eða það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa. 13. Ef hjúid fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað.

27. gr. Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. gr., eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvil-

hallir menn kunna að meta. Þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni.

28. gr. Þá hefir hjú löglega ástæðu til að ganga þegar úr vistinni: 1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu. — 2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúid til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera í slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3. Ef húsbóndi lætur hjúid búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4. Ef húsbóndi meiðir mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5. Ef hjúid fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6. Ef lífi eða heilsu hjúsins er hættu búin at veru þess á heimilinu. — 7. Ef húsbóndinn flytur af landi burt. — 8. Ef einhver á heimilinu misþyrmir hjúinu eða meiðir það freklega með illyrðum eða rógi, og húsbóndi veitir því ekki tilhlýðilega vernd, þegar það beiðist þess.

29. gr. Ef hjú fer úr vist fyrir nokkurar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr., eða húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið, og skaðabótum að auki eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta.

30. gr. Í protabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups, eftir því sem fyrir er mælt í skiftalögum 12. apríl 1878, 83. gr. b. 5.

31. gr. Fyrir eins árs kaupi, er þó má eigi vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúid látið gera fjárnám hjá húsbónda, ef hann mótmælir eigi kröfunni.

32. gr. Fógeti eða líreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húsbónda, eftir að hjúid er búid að fá sína kröfu borgaða að fullu.

II. kafli.

Um daglaunamenn.

33. gr. Hver, sem ræður sig í vinnu hjá öðrum, án þess að vera hjú hans samkvæmt I. kafli, skal sjálfur annast flutning á sér og farangri sínum til þess staðar, þar sem hann er ráðinn í vinnuna, nema öðruvísi sé um samið.

34. gr. Vilji húsbóndi, án löglegra orsaka, ekki taka á móti daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, er daglaunamaðurinn ekki bundinn við vinnusamninginn, og varðar það húsbónda eftir niðurlagi 6. gr. og eftir 11. gr.

35. gr. Nú kemur daglaunamaður án löglegra orsaka eigi á ákveðnum tíma í vinnuna, varðar það hann eftir 12. gr.

36. gr. Daglaunamaður skal leggja sér til verkfæri til þeirrar aðalvinnu, sem hann gengur að, og halda þeim í góðu lagi, svo og fæði, skó og þjónustu. Hann skal og sjálfur kosta fæði sitt, skófatnað og þjónustu.

37. gr. Ákvæði 5., 7., 9.—13., 15.—21. 25.—32. gr. gilda um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti, sem þau geta gilt um þá.

III. kafli.

38. gr. Mál út af brotum gegn 24. gr. skulu rekin sem almenn lög.

reglumál, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af lögum þessum, eins og lögreglumál einstakra manna.

39. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð.

40. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866; svo er og úr gildi feld 7. gr. í lögum um leysing á sóknarbandi 12. maí 1882.

Nd.

169. Breytingartillögur

við viðaukatillögu við frumvarp til viðaukalaga við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Flutningsmenn: Þórður J. Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

1. Málsgreinin: „Svo skulu skip þessi . . . til enda greinarinnar, falli burt.
2. Í stað málsgreinarinnar, sem burt er feld, komi: „Svo skulu skip þessi vera undanþegin öllum skipsafgjöldum, nema hafnargjaldi, á meðan innlendir menn hafa þau á leigu«.

Ed.

170. Nefndarálit

í bankamálinu.

Vér undirritaðir, sem hin heiðraða efri deild kaus til að íhuga frumvarp til laga um breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi 7. júní 1902, viljum hérmeð leggja það til, að hin heiðraða deild samþykki það óbreytt.

Oss var einnig falið að íhuga fyrirspurn stjórnarinnar um það, hvort nota beri heimild þá, sem stjórninni er veitt í lögum 7. júní 1902, til þess að kaupa $\frac{2}{5}$ hlutabréfanna í hinum fyrirhugada hlutafélagsbanka, og erum vér samdóma nefnd þeirri, er íhugaði mál þetta í neðri deild, og viljum eigi leggja það til, að hin umræddu heimildarlög verði notuð, af þeim ástæðum, sem hún hefir tilgreint á þingskjali 138.

Alpingi, 16. ágúst 1902.

Eggert Pálsson,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson.

Ed.

171. Nefndarálit

um frv. til laga um kosningar til alþingis (Þingskjal 142).

Vér, sem hin h. efri deild alþingis kaus í nefnd, til að hugleíða ofangreint frv., höfum athugað það og leyfum oss að lýsa svofeldu álitinu voru á því.

Fr. þessu er ætlað að koma í stað laganna frá 14. septbr. 1877 um kosningar til alþingis í öllum öðrum atriðum en þeim, er lúta að ákvæðunum um tölu og niðurskipun kjördæma, skiftingu alþingismanna á kjördæmin og endurgjald til þingmanna; þessi ákvæði eru fólgin í 18. og 37. gr. núgildandi kosningalaga, og eiga þau lög að falla úr gildi að þessum greinum undanskildum. Þótt það hefði verið eðlilegast og æskilegast að vorri hyggju, að hið umrædda frv. hefði einnig náð til nýnefndra ákvæða og þannig komið að öllu leyti í stað núgildandi laga um þetta efni, sem þá hefðu mátt falla úr gildi, hefir h. háttv. neðri deild alþingis eigi þótt það gjörlegt, og eftir allri afstöðu málsins að þessu sinni, í sambandi við þann stutta þingtima, sem eftir er, sjáum vér eigi ástæðu til að ráða til að koma nú slíkri breytingu fram, þar sem það hlyti að hafa í för með sér, að málið næði eigi fram að ganga á þessu þingi, sem þó virðist vera orðið öllum þorra landsmanna sem og þingmanna, verulegt áhugamál.

Helztu nýmælin í frv. þessu eru þau, 1. að kosningar skuli vera leynilegar, 2. að þær skuli fara fram í hverjum hreppi og bæjarfélagi kjördæmanna, 3. að kjördagur við alm. kosningar skuli vera hinn sami um land allt, og í sambandi við það stendur, 4. að engin ræðuhöld skuli vera þeim samfara, með því að gert er ráð fyrir, að þingmannaefnin hafi fyrir kosningu gert kjósendum kunnar skoðanir sínar á landsmálum. Þessi nýmæli teljum vér fela í sér mjög mikilsverðar réttarbætur og erum því samhuga um að ráða h. heiðr. efri deild til að aðhyllast frumvarpið í heild sinni eins og það nú liggur fyrir. Að vísu ætlum vér, að nokkur ákvæði þess hefðu mátt vera einfaldari og óbrotnari en þau eru, en það er hvorttveggja, að vel muni mega hlíta þeim óbreyttum, og þá eigi síður hitt, að vegna tímaskorts væri það ef til vill að tefla framgangi málsins í mikla tvísýnu að gera nú verulegar breytingar á frv. Vér föllumst því yfir höfuð á frv. eins og það liggur fyrir og ráðum deildinni til að samþykkja það með nokkrum minniháttar breytingum, sem að eins lúta að leiðréttingu á einstöku villum, sem slæðzt hafa inn við meðferð málsins, smávægilegum viðaukum eða úrfellingum, og lögun á orðfæri á stöku stöðum. Að því leyti sem þörf virðist á því, mun við framsöguna verða gerð nánari grein fyrir þessum breytingum. Vér munum auk þess sjá um að nokkrar prentvillur í frv. verði leiðréttaðar.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. í næst síðustu línu, fyrir: uppreisn komi: uppreist.

2. — 8. gr. Greinin orðist þannig:

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana alla gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

3. — 9. gr. orðið »og« á undan »jafnframt« í síðustu línu fyrstu málsgr., falli burt.

4. Við 16. gr. orðið alstaðar í 1. línu, falli burt.
5. — 19. — fyrir 24. gr. (í klofum) komi: (23. gr.).
6. — 19. — fyrir: búa til, í sömu línu komi: fullgjöra.
7. — 22. — fyrir: og á prentaða, komi: með áprentaðri.
8. — 24. — fyrir: annast hagsmuni, komi: gæta hagsmuna.
9. — 31. — fyrir: (25. gr.) komi: (24. gr.).
10. — 32. — í 5. línu, fyrir: böggulinn, telur, komi: böggulinn og telur.
11. — — í næst síðustu línu, fyrir: seðilbögli kemi: seðlabögli.
12. — 35. — Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann o. s. frv.
13. — 37. — aftan við greinina bætist: og síðan læsa honum.
14. — 40. — fyrir: $\frac{1}{4}$ klukkustund í 3. línu, komi: $\frac{1}{4}$ klukkustundar.
15. — — fyrir: að þeirri $\frac{1}{4}$ klukkustund liðinni, komi: að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum.
16. — 41. — Upphaf greinarinnar orðist svo:
Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna.
17. — — fyrir orðin: það hefir, í síðustu línu, komi: það skuli hafa.
18. — 50. — fyrir: kosningarbréf, komi: kjörbréf.
19. — 54. — fyrir orðið: boðið, í 1. línu, komi: boðað
20. — 56. — orðin: er í hlut á, í enda gr. falli burt.
21. — 58. — fyrir orðin: sakborningur hafi, komi: sakborningur hefir.
22. — 58. — orðin: er í hlut á, í enda gr. falli burt.
23. — 59. — fyrir: frekari, komi: frekri.
24. — 61. — fyrir: 8.—40. gr., komi: 38.—40. gr.
25. Fyrirsögn frv. verði:

Fr. til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877.

Efri deild alþingis 17. ágúst 1902.

Eiríkur Briem,
formaður.

Hallgr. Sveinsson,
skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

Jósafat Jónatansson.

J. Jónassen.

Ed.

172. Nefndarálit

um frumvarp til laga um manntalsþing.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Hin fornu manntalsþing eru að miklu leyti orðin þýðingarlaus. Almenn-
ingur gefur engan gaum þinglýsingum á manntalsþingum, og eru þær orðnar
form eitt. Það, sem nú hefir þýðingu í því efni, er innfærsla skjalanna í veð-
málalabækurnar, og í real- og personal-registrin. Sem gjaldheimtuping eru mann-
talsþingin einnig þýðingarlitil; gjaldheimtan fer nú hvervetna mestmegnis fram

á skrifstofu sýslumanna, eða með innskriftum í verðlanir. Sem dómþing hafa manntalsþingin langa lengi enga þýðingu haft, með því að aukaréttir allajafna eru notaðir í stað þeirra. Að þessu leyti er því ekkert því til fyrirstöðu, að manntalsþingin sé af numin, og teljum vér óþarft að halda þeim við. En manntalsþingin hafa enn verulega þýðingu að einu leyti, og það er í þá átt, að þau lögskylda sýslumenn til þess, að koma að minsta kosti einu sinni á ári í allar þinghár sýslu sinnar. Þessari skyldu viljum vér eigi léttu af sýslumönnum, því að vér teljum það mikilsvert, að allir sýslubúar hafi að minsta kosti einu sinni á ári hægt tækifæri til þess að ná í sýslumann sinn; svo má og ætlast til þess, að sýslumenn þá líti eftir embættisfærslu hreppstjóra og hreppsnefnda, skoði bækur þeirra, o. s. frv., og jafnframt líti eftir hverju því, sem eftirlits þarf í hreppunum.

Samkvæmt þessu leggjum vér það því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Við 1. gr. Síðari málsliðurinn (jafnframt er o. s. frv.) orðist þannig: »Skylda gjaldenda til að sækja manntalsþing er afnumin«.

A eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi: »Sýslumenn skulu einu sinni á ári að minsta kosti fara um alla sýslu sína á tíma þeim, sem amtmaður ákveður í samráði við sýslunefnd, og skulu þeir dvelja að minsta kosti einu dag í hverri dómþinghá, til að svara málum manna, og sé það auglýst fyrir almenningi með minst 10 daga fyrirvara. Um ferðir þessar skulu sýslumenn gefa amtmanni skýrslu«. — Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Við 4. gr. Fyrir: »aðalsýslunefndarmaður« komi: »sýslunefndarmaður«.

Fyrir: »hreppaskilapíngunum«, komi: »hreppaskilapíngum«.

Aftan við frv. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

»Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1904.

Efri deild alþingis 16. ágúst 1902.

J. Havsteen,

Kristján Jónsson,

formaður.

skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

Nd.

173. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild til að veita undanþágu frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum Nr. 8., 8. apríl 1898.

I. Álit meiri hlutans.

Nefnd sú, er hin háttv. deild kaus til þess, að ihuga frumv. þetta, hefir nú rætt það á fundum sínum og athugað. Hafa þegar komið fram svo mismunandi skoðanir í nefndinni, að álit hennar verður í tvennu lagi, og tillögur

ólíkar. Hinar helztu mótbárur, sem komið hafa fram gegn stefnu og aðaltilgangi frumv., eru sem sé:

1. Að heimild sú, er í frumv. er farið fram á að veita, rýri eða vanhelgi landhelgisréttinn, með því að þeir, er í rauninni noti heimildina, verði útlendir menn með algerlega útlent fé, í skjóli innlendra „strámannna“.
2. Að auknar botnvörpuveidar í landhelgissvæðinu geti orðið til hindrunar fiskigöngum að landinu, t. d. í Skaftafellssýslum, þar sem heimild þessi fyrst yrði veitt og notuð að sjálfsögðu, og áhrifin næði meiri eða minni til næstu héraða við heimildarsvæðið.
3. Að bátfiski á heimildarsvæðinu myndi að stórum mun eyðileggjast, eða líða undir lok að fullu.
4. Að eftirlit varðskipsins á heimildarsvæðinu myndi að mestu eða öllu hverfa.

Þótt meiri hluti nefndarinnar geti eigi fallist á þessar mótbárur, hefir honum þó komið saman um, að rétt sé, að heimild sú, er frumvarpið hljóðar um, nái eigi nema til landhelgissvæðisins fyrir Skaftafellssýslum, og að veiðitími í landhelgi byrji eigi fyr en í miðjum marz ár hvert.

Hinsvegar er meiri hluti nefndarinnar einhuga á því, að áhættulaust sé og jafnvel heppilegt, að veitt sé heimild sú, er frumv. hljóðar um, með þeim takmörkunum, sem að ofan eru nefnd, og þeim skilyrðum, sem frv. inniheldur. — Vill hann skoðun þessari til stuðnings skírskota til þeirra ástæðna, er komu fram við 1. umr., en jafnframt taka fram nokkur atriði:

1. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki séð, að landhelgisrétturinn rýrni neitt við heimild þá, sem frv. veitir, jafnvel þótt útlendir menn ættu þátt í því, heldur þvert á móti. Væri hugsanlegt, að sá réttur gæti rýrnað, sem er viðurkendur alþjóðaréttur, þó er það einmitt með því móti, að útlendar þjóðir traðki honum, eins og nú er gjört án þess þjóðin komi vörnum við.
2. Á landhelgissvæðinu fyrir Skaftafellssýslum á sér nú stað svo mikil ólögleg veiði af botnverpingum, án þess þær varnir, sem nú eru eða fyrst um sinn verða, hafi nein veruleg áhrif, að litlar líkur eru til, að þær aukist við umrædda heimild með þeim skilyrðum, sem frumv. setur.
3. Af sömu ástæðum getur meiri hluti nefndarinnar heldur eigi séð, að hnignun bátfiskis í Skaftafellssýslum verði mikil úr því, sem er, þó frumv. yrði að lögum og kæmist þar til framkvæmda. Fjölgi ekki botnverpingum í landhelgi á þessu svæði við það, eins og litlar líkur til, geta áhrif þeirra á fiskigöngd og fiskiveidar eigi aukist. Svo er og í Skaftafellssýslum nær því eingöngu stunduð handfæraveiði, og af augljósum ástæðum er slíkri veiði miðni hættu búin af botnverpingum en lóðaveiðinni. Hitt er þar á líklegt, að tæki efnadir menn eða félag sér bólfestu í Skaftafellssýslum til þess, að stunda botnvörpuveidar, samkvæmt heimildinni, mundi verða unnið að því, að bæta lendingar á þeim slóðum, og það mundi geta bætt og aukið sjósóknina.
4. Ördugleikinn fyrir varðskipið að gæta landhelginna á umræddu svæði og varna ólöglegum veiðum, getur m. hl. nefndarinnar eigi séð að aukist við

heimildina, meðal annars af þeirri ástæðu, að eftirlit varðskipsins á svæðinu er mjög lítið, og varnir því nær engar; enda eru svo miklir örðugleikar í þeim sökum á þessu svæði fyrir varðskipið, eins og nú stendur, að á þá getur ekki aukist við heimildina, eins og líka flutningsm. tók fram við 1. umræðu. Hræðsla botnverpinga við varðskipið á þessu svæði hefir því hingað til sáríltið hindrað þá frá veiðum í landhelgi, eins og skiljanlegt er. Á hinn bóginn má búast við, að skip, sem hafa fengið sér dýrum dómum löglega heimild til þess að veiða í landhelgi, muni vilja hindra ólöglegar veiðar á svæðinu, og þau munu hafa öll tæki til, að geta mælt og vitnað afstöðu hinna brotlegu skipa. Að því leyti er fult eins líklegt, að heimildin miðaði til betri varna á svæðinu.

Það hefir áður í þessu máli og sams konar máli á síðasta þingi verið ljóslega bent á, að heimild þessi, með þeim skilyrðum, sem frumv. inniheldur, geti miðað að ýmsum framförum í héraðinu, bæði með bólfestu þeirra, er botnvörpuveiðarnar rækju, og með notum leyfisbréfabjaldsins. Lætur m. hl. nefndarinnar sér nægja að skírskota til þessa.

M. hl. álitur rétt, að upp í frumv. sé tekið ákvæði um árl. vexti af tryggingarfé því, sem 3. gr. ræðir um.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndinnar til, að frumv. sé samþ. með eftirfylgjandi breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir orðin: »ef tillaga kemur — — sýslunefnd« komi: eftir til lögum sýslunefndanna í Skaftafellssýslum.
2. — sömu gr. Fyrir: »sýslu þeirri, sem« til enda greinar komi: fyrir Skaftafellssýslunum, frá Horni vestra að Reynisfjalli, með þeim skilyrðum og takmörkum, er sett eru í lögum þessum.
3. — 2. gr. Aftan við greinina bætist: Þó má eigi leyfa að veiða með botnvörpum í landhelgi fyr en eftir 15. marz ár hvert. —
4. — 3. — Á eftir orðunum: »nota það starfsfé« komi: og svarar stofnunin 2½% í ársvöxtu af því.

Neðri deild alþingis 18. ágúst 1902.

Guðl. Guðmundsson,
frams. meiri hlutans.

Pétur Jónsson,
skrifari nefnd.

Þorgr. Þórðarson.

II. Álit minni hlutans.

Við minni hluta menn getum eigi séð, að háttv. deild eigi eða megi fallast á tillögur meiri hluta nefndarinnar.

Okkur er ekki kunnugt um, að Skaftafellingar hafi óskað eftir slíkum heimildarlögum. Í þingmálafundargerður Vestur-Skaftafellinga 12. og 18. júní 1901 segir svo: »Fundurinn mótmælir því, að leyfi verði veitt til botnvörpuveiða í

landhelgi hér fyrir ströndum, nema því að eins að héraðið fái fullkomid endurgjald fyrir skaða allan, er af því leiðir, og að fyrirsjáanlegt sé, að gerð verði í héraðinu trygg höfn eða lending innan skamms tíma. Og líkar voru undirtektirnar á þingmálafundunum í Austur-Skaftafellssýslu 22. og 27. apríl s. á.

Á þingmálafundunum í vor hefir málinu ekki verið hreyft, að því er séð verður á fundargerðunum, og má því ætla, að Skaftfellingar séu á sömu skoðun enn.

Okkur er heldur ekki kunnugt um, að nokkur maður, innlendur eða útlendur, hafi falað leyfi til að veiða með botnvörpum í landhelgi, og mætti því segja, að þingið biði landsréttindi sín fram að fyrra bragði, ef það samþykkti frumvarpið.

Það er alkunnugt, að botnverpingar eru skoðaðir sem vargar í véum í öllum síðuðum löndum, og okkur þykir ekki sitja á Íslendingum, jafn-reynslulitlir sem þeir eru í þessu efni, að fara hér að brjóta upp á nýrri reglu. Og við teljum það því óviðfeldnara að gera það á þessu þingi, sem vér einmitt nú erum að setja harðari ákvæði til að verjast yfirgangi botnverpinga. Við erum og þeirrar skoðunar, að botnvörpuveiðar fyrir landi Skaftafellssýslna mundu spilla bæði veiði Skattfellinga og veiði annarra landsmanna, sérstaklega nágrennisins að vestanverðu. Að minsta kosti er það víst, að fækkað hefir bátaútvegi í Skaftafellssýslum síðustu árin. 1897 voru þar samkv. Landhagsskýrslunum 51 bátur, en 1898 ekki nema 44 og 1899 að eins 27, enda hefir aðalflutningsmaður þessa frumvarps verið á þeirri skoðun sumarið 1899, að botnvörpuveiðar væru hættulegar bæði Skaftfellingum og öðrum. Hann segir þá á þingi, sbr. Alpt. 1899, B, 1428: »Eg sé ekki betur en að h. flutnm. (E. J.) vilji ofurselja þau héruð, sem um er að ræða, til eyðileggingar«, og bætir svo við: »Það má búast við, að einmitt á svæðinu frá Vesturhorni til Hjörleifshöfða verði krökt af botnverpingum, þegar göngur koma, og að sú þvaga mundi stemma stigu fyrir göngunni vestur með landi, og mundi það geta komið víða niður«. Til hins sama bendir áskorun frá 24 skipstjórum til þingsins í fyrra, dags. 5. ágúst 1901. Þar segir meðal annars: »Það mundi skaða fiskiveiðar á svæðinu frá Vestmannaeyjum og vestur með landi«. Þessi ótti mun eiga við góð rök að styðjast. Það er sem sé trú manna, að fiskurinn leiti einmitt fyrst upp að Skaftafellssýslunum og færi sig síðan smátt og smátt vestur eftir. Og víst er það að minsta kosti, að útlendingar byrja þar fyrst veiðar sínar á vetrum og færa sig þaðan vestur eftir, því, sem á liður, eins og hitt er víst, að vertíð byrjar fyr þar eystra en vestar. En af þessu er það dregið, að fiskur muni fyrst koma þar að landi, og væri svo, er einsýnt, að botnvörpuþvaga á þeim slóðum mundi ónáða fiskinn og spilla göngu hans. Það er nú að vísu svo, að þetta mun ekki vera vísindalega sannað, en hitt er þó því síður sannað, að botnvörpuveiðar séu meinlausar, og ættu þeir, er breyta vilja gildandi lögum, þ. e. lögum nr. 8, frá 6. apríl 1898, þó einmitt að sanna, að nýbreytni sú, sem þeir fara fram á, sé að minsta kosti meinlaus.

Svo sem allir vita, þykir íslenskur fiskur góður góð vara, en fiskur botnverpinga hinn versti. Væri botnvörpuveiðar stundaðar af landi, mætti búast við, að

sá fiskur færi saman við annan fisk, og væri þá jafnframt spilt því góða orði, er íslenzkur fiskur hefir á sér á útlendum markaði.

Leiddi leyfið til þess, að upp kæmi þar eystra stór botnvörpuskipastóll, mundi það fækka enn meir vinnufólki til sveita, og er þó slzt á það bætandi.

Þá má og búast við því, að eftirlitið á þessum stöðvum yrði enn minna, er varðskipið yrði svo að segja að lesa þau skipin úr, er leyfi hefðu, enda við búið, að Danir yrðu tregari til að auka eftirlitið, er þeir sæju, að vér létum oss ekki annara um landhelgi vora en svo, að vér hleyptum inn á hana útlendum mönnum undir forystu íslenzkra leppa.

Að visu ætlast 1. gr. frv. til þess, að fyrir veiðunum standi hérlendir menn, en það má sjá á 5. gr., á því að borga á 2000 kr. fyrir hvert leyfisbréf, 100 kr. fyrir hvert skip og að auki 3 kr. fyrir hverja smálest, að fyrirtækið er ætlað útlendum auðmönnum, en ekki Íslendingum. Íslendingar mundu ekki bera annað úr býtum en kaupið fyrir að leggja til nafnið og útvega leyfið.

Svo sem hér er á vikið, mundi fara, ef nokkur yrði til að nota leyfið, að því viðbættu, að þingið ætti miklu óhægra með að neita öðrum sýslum um sams konar leyfi, en langlíklegast er, að enginn yrði til þess að kaupa leyfið.

Það er allsendis ótrúlegt, að útlendingar færi að leggja fram stórfé fyrir það, sem þeir, að sögn flutningsmanna, nú taka fyrir ekkert, og væri þá um leið horfin eina átyllan fyrir þessu frumvarpi, hagsmunavonin fyrir Skaftfellinga, enda mundu hagsmunirnir alt af verða meiri í orði en á borði. Það gæti ekki komið til mála, að leyfishafendur mundu, svo sem flutningsmenn frumvarpsins hafa haldið fram, fara að leggja fé svo hundruðum þúsunda skifti í hafnargjörð þar eystra, auk hins háa leyfisgjalds.

Í 3. gr. frumv. er gert ráð fyrir, að landshöfðingi geti sett hin og þessi skilyrði fyrir leyfinu, en engin ábyrgð lögð við, þótt skilyrðin kunni að verða brotin. Þar er og gert ráð fyrir bótum á spjöllum þeim, er fiskiveiðar sýslubúa kynni að verða fyrir, en ólíklegt er að nokkrar batur fengjust. Það mundi verða lítt mögulegt að sanna, að sýslurnar hefðu skadast á veiðunum, og enn ómögulegra að sanna, hve mikið tjón þær hefðu beðið. Auk þess er hér farið fram á það nýmæli, að umboðsvaldið gjöri út um dómsmál.

Það er margt fleira athugavert í frumvarpi þessu, þótt ekki finnum við sérstaklega að því. Það er þannig lagað, að því verður ekki breytt, og því ráðum við háttv. deild til að fella það.

Neðri deild alþingis 17. ágúst 1902.

Lárus H. Bjarnason.

formaður nefndarinnar og frsm. minni hlutans.

Hannes Þorsteinsson.

Ed.

174. Nefndarálit

um frv. til fjárukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Nefnd sú, er hin heiðraða efri deild kaus til að íhuga frumvarp til tjár-

aukalaga fyrir árin 1902 og 1903, vill hér með láta í ljósi álit sitt um það á þessa leið:

Við 2. gr. Upphæð sú, er hér ræðir um, er að eins endurveiting, og höfum vér ekkert við hana að athuga.

Við 3. gr. Upphæðina, sem tilfærð er í 3. gr. 1. höfum vér ekkert að athuga við, og að því, er snertir kostnaðinn við sóttvarnarhúsin, þá ætlum vér að upphæðir þær, sem neðri deild hefir samþykkt, muni nægja til þeirra, þótt þær séu mun lægri en það, sem stjórnin hefir farið fram á. Á hinn bóginn virðist oss, að eigi sé nauðsynlegt nú þegar að byggja öll sóttvarnarhúsin og veita fé til þess á fjáráukalögum; þykir oss sem nægja muni að þessu sinni að veita fé til þess, að koma upp sóttvarnarhúsum í Reykjavík og á Seyðisfirði, sem eru skamt úr leið fyrir öll skip, er frá útlöndum koma hingað til lands. Af þessari ástæðu leggjum vér til að gjaldaliðurinn 3. gr. 2. b. sé færður niður um 8000 kr.

Við 4. gr. Að því, er snertir Lagarfljótsbrúarmálið, þá hefir nefndin, eftir að hún fékk mál þetta til meðferðar, fengið bréf frá verkfræðing landsins, Sig. Thoroddsen, dags. 15. þ. m., um það mál, og fylgdi því eftirrit af samningum stjórnarinnar við félagið Smith Mygind & Hüttemeier um byggingu Lagarfljótsbrúarinnar og ferjuna við Steinsvað. Bréfið höfum vér látið prenta. Gjörir hann þar grein fyrir því, að hann hafi látið hætta við brúargjörðina af því að eigi hafi verið nóg til af löngum stólpum, og að eigi hafi verið audið að skeyta styttri stólpa saman, svo að tryggilegt væri, því að »Laskeplader og Bolte«, sem félagið Smith Mygind & Hüttemeier getur um í bréfi sínu 15. nóv. f. á., að til þess hefði mátt nota, segir hann, að eigi hafi verið galvaniserað og mundi því eigi hafa getað enzt til lengdar, enda var það ætlað til alls annars. Vér höfum enga ástæðu til að rengja þetta og sjáum því eigi betur en að verkfræðingur Sig. Thoroddsen hafi gjört réttara í að láta hætta brúargjörðinni heldur en að láta halda henni áfram og byggja brúna ofan á stólpa, sem eigi voru svo tryggilega skeyttir saman, að það gæti dugað tii frambúðar. Á hinn bóginn getum vér eigi verið honum samdóma um, að félagið Smith Mygind & Hüttemeier eigi sök á því að hætta varð við brúargjörðina, því að í teikningum þeim, sem samningur þess var bundinn við, var eigi gjört ráð fyrir að svo mikið þyrfti af löngum stólpum, sem raun varð á, og að því, er önnur atriði snertir, er hann minnst á, þá virðast þau vera þess eðlis, að úr því hefði mátt bæta, svo að það hefði eigi þurft að tálma brúargjörðinni. Vér erum að vísu samdóma nefndinni, er mál þetta hafði til meðferðar í neðri deild um, að betur þurfi að rannsaka það, en eins og það nú liggur fyrir oss, sjáum vér eigi betur, en að sökin liggi öll í því, að verkfræðingur Barth ímyndaði sér að grundvöllurinn á brúarstæðinu væri fastari fyrir en raun varð á. Þetta var afsakanlegt, en það virðist eigi afsakanlegt, að hann byggir á ímyndun

þessari teikningar, sem eiga að vera undirstaða undir samningi um brúargjörðina, án þess að láta þess getið, á hve veikum fótum hún var byggð.

Af þessum ástæðum erum vér samdóma stjórnarráðinu um, að langheppilegast sé, að sama félagið hafi vinnuna á hendi og í fyrra, en á hinn bóginn þykir oss einnig æskilegast, að verkfræðingur landsins, Sig. Thoroddsen, hafi verkstjórnina á hendi við brúarstæðið eins og til var ætlast í fyrra; við það sparast eigi alllitið fé, og oss er skýrt svo frá, að hann muni að sumri þurfa hvort sem er að dvelja í nánd við brúarstæðið til að hafa eftirlit með vegavinnu á Fjarðarheiði og Fagradal. Það eina, sem kynni að vera á móti þessu er skoðanamunur sá, sem komið hefir fram milli hans og félagsins, en hann snertir einkum það, sem liðið er, og virðist eigi vera þess eðlis, að hann þurfi að vera þessu til fyrirstöðu.

Neðri deild hefir fært fjárveitinguna í 4. gr. 1. niður um 2000 kr. frá því, sem hún var í stjórnarfrumvarpinu, og erum vér þeirri niðurfærslu samþykkir með sérstöku tilliti til þess, að eigi muni þurfa að kosta verkfræðing frá útlöndum til að hafa á hendi verkstjórnina við brúarstæðið.

Við 4. gr. 2. og 3. höfum vér ekkert að athuga.

Við 5. gr. Að því, er snertir loftrita milli Íslands og útlanda þykir oss heppilegra, að stjórninni sé falið að gera fullnaðarsamninga um það mál heldur en geymt sé að fullgæra þá, þangað til alþingi hefir gefið til þess samþykki sitt; oss þykir ekki ólíklegt að félag, er vill taka það að sér, láti fremur uppi þegar í byrjun minsta boð, er það vill ganga að, er það á á hættu að annars verði samningur gerður við annað félag, heldur en ef það hefir tækifæri til að lækka sig síðar ef önnur félög bjóða betri kosti. Ennfremur þykir oss við eiga, að helztu félögum, er fást við loftritun, sé gefinn kostur á að keppa um fyrirtækið, þar á meðal sérstaklega Marconifélaginu í Lundúnum. Samkvæmt þessu leggjum vér til, að greinin sé orðuð öðruvísi en í frumvarpinu. Vér höfum borið oss saman við fjáráukalaganefndina í neðri deild um þetta, og er hún eigi mótfallin breytingu þessari.

Við 6. og 7., 8. og 9. gr. höfum við ekkert að athuga.

Við 10. gr. leggjum vér til, að gerð sé nauðsynleg orðabreyting. Að öðru leyti viljum vér geta þess, að það hefir komið til orða í nefndinni að leggja til, að gefinn væri eftir allmikill hluti af láni þessu; nefndin var í sjálfu sér eigi mótfallin því eftir atvikum, að gefinn væri eftir jafnvel helmingur þess, en vill þó eigi leggja til að farið sé að breyta því, sem neðri deild hefir gert, — að láta málið bíða að þessu sinni.

Formaður stjórnarnefndar holdsveikraspítalans í Laugarnesi hefir óskað fjárveitingar að upphæð 1350 kr. til að koma upp vatnsleiðslu á nefndum spítala og bæta þannig úr vatnsskortri þar. Nefnd-

in litur svo á, að með þessu muni geta sparast árlegur kostnaður, svo að það sé vel til vinnandi fyrir landssjóðinn, að þessu gæti orðið framgengt sem fyrst, og vill því leggja til að nefnd upphæð sé veitt. Hún er bygð á áætlun, sem verkfræðingur Knud Zimsen hefir gert.

Samkvæmt þessu verða breytingartillögur vorar þessar:

1. 3. gr. 2. b. Staflíðurinn orðist svo:

Á Seyðisfirði kr. 4000,00

2. Nýr tölulíður bætist við 3. gr. svo hljóðandi:

3. Til að koma upp vatnsleiðslu á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi — 1350,00

3. 5. gr. orðist svo:

Af fjárveitingunni undir 12. gr. staflíð D. í fjárlögunum 1902 og 1903 má verja svo miklu, sem nauðsyn krefur, til að koma á loftrita (aërograf) milli Reykjavíkur og útlanda, og milli hennar og 3 annara stöðva á Íslandi, einnar í hverjum landsfjórðungi, að því tilskíðu, að stjórnin gefi helztu félögum, er fást við loftritun, þar á meðal Marconifélaginu í Lundúnum, kost á að keppa um fyrirtækið, og að tillagið frá Íslands hálfu verði eigi hærra en sem samsvarar $\frac{2}{5}$ af allri þeirri fjárhæð, sem danska ríkið (Danmörk og Ísland) leggur til. Stjórnin leggi væntanlegan samning með fylgiskjöllum fyrir alþingi til athugunar.

4. Í 10. gr. fyrir orðin »næstl. vetur« komi: í júlí þ. á.

Samlagningin og tölurnar í 1. gr. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 17. ágúst 1902.

Hallgr. Sveinsson,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögumaður.

Sigurður Jensson.

Jósafat Jónatansson.

Eggert Pálsson.

Ed.

175. Breytingartillaga

við frumv. til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903. Frá landshöfðingja.

Við 9. gr. upphaf 2. málsgreinar: Í stað orðanna: »Styrkur þessi útborgast að eins«, komi: »Styrkur þessi útborgast eftir tillögum búnaðarfélags Íslands og að eins«.

Ed.

176. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. (Eins og það var sp. við 2. umr.)

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og læknar í 4. og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri svo sem lög þessi ákveða.

2. gr. Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kys heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess $1\frac{1}{3}\%$ af launum sínum.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr. Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá keypt sér æfilangan lífeyri fyrir meir eða minna af ellistyrknum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar lög þessi öðlast gildi.

Ed. **177. Þingsályktunartillaga**
um lífsábyrgðarfélag. (Eins og hún var sp. við eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að láta rannsaka svo ítarlega sem fong eru á, hvort tiltækilegt sé að stofna innlent lífsábyrgðarfélag, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að svo sé, skorar þingið á hana að gera sem allra fyrst ráðstafanir til framkvæmda í málinu, meðal annars með því, að semja frumvarp um stofnun slíks félags og leggja það fyrir alþingi 1903.

Nd. **178. Tillaga**
til þingsályktunar um breyting á reglugjörð hins lærða skóla Reykjavík.
(Eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd.)

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að blutast til um:

að reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík verði breytt svo,

að griska verði afnumin sem skyldunámsgrein,

að kenslustundum í latínu verði fækkað að mun,

að latneskir stílar verði lagðir niður við próf, og

að kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu (einkanlega til ritgjörða), í nýju málunum yfirleitt (einkum ensku og dönsku), í eðlisfræði, dráttlist, leikfimi og til að taka upp kenslu í skólaíðnaði —,

að daglegar kenslustundir séu 5, í 2—3 neðstu bekkjunum.

Nd.

179. Frumvarp

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. kafli.

Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr. Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merk-
ing, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort
síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið tekið við mönnum eða farangri frá
öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða frá fiskiskipi frá öðru ríki. Er
skipið aðkomuskip þar til er það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn.

„Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er
í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega til greind næm sótt
gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sótir“ tekur yfir pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, blóðsótt,
útbrotataugaveiki, gula hitasótt, mislinga og skarlatssótt.

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni
á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu sam-
kvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á
höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum
þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem auglýsing frá ráðgjafa Íslands
eða landshöfðingja hefir bannað að flytja inn vegna sótt hættu eða þá bundið hann
vissum skilyrðum (22. gr.).

2. gr. Hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og ætlar
að hafa samband við land eða við landsbúa, skal hafa meðferðis sóttgæzluskír-
teini frá brottfararstað sínum, og, ef hann er utanríkis, skal skírteinið staðfest af
hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sé hann þar enginn, þá af yfirvaldi.

3. gr. Ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki má, nema til
neytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr. Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né ut-
an, taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýna nauðsyn beri til.

Enginn má leyfa inn í híbýli sín eða eiga nokkur náin mök við menn, er
farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis, nema brýna nauðsyn beri til.

2. kafli.

Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr. Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem fínt verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kys úr sínum flokki. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kys, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitastjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

6. gr. Í hverjum kaupstað á landi hér skal vera sóttvarnarhús, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefnd sú, er í hlut á, skal hafa umsjón yfir húsum þessum, annast viðhald á þeim og öllum útbúnaði þeirra og ráða þjónustumenn til þeirra eftir þörfum, er séu til taks.

Hlutaðeigandi héraðslæknir annast lækning þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsi, nema landshöfðingi eftir tillögum landlæknis skipi til þess annan lækni.

Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um afnot þessara sóttvarnarhúsa.

3. kafli.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

7. gr. Þegar aðkomuskip vill hleypa mönnum eða farangri á land á höfn, sbr. 3. gr., og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (11. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskírteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni.

8. gr. Nú er sóttgæzluskírteini skipsins í lagi, og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins, hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur gæti legið á um að séu næmir.

Hafi skipið ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt (sbr. 2. gr.), skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsing upp á æru sína og samvizku um, að á skipinu séu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað

þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir séu úr slíkum sjúkdómum.

Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og grunur leikur á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða eða grunur er á um, að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, sé eigi fulltryggilegt, þá má ekki veita heilbrigðisvottorð fyrir en héraðslæknir hefir rannsakað skipið, og sagt fyrir um, hvernar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gjörist má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sé ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji læknir tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því að eins, að þeim sé eigi hættu búin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um að farið sé eftir fyrir mælum greinar þessarar og 7. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Heilbrigðisvottorð skal veitt ókeypis.

9. gr. Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eftir auglýstri áætlun, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gjörlegt eftir atvikum.

4. kafli.

Um skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu.

10. gr. Í hvert sinn, sem áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt — að undanteknum mislingum og skarlat-sótt — hafi gjört vart við sig einhversstaðar í útlöndum gefur ráðherra Íslands út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef að eins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðherra Íslands gefur aftur út auglýsingu um, hve nær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

Landshöfðingi hefir vald til að gefa út auglýsingar þær, sem nefndar eru í þessari grein, ef hann hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að sótt sé komin upp eða um garð gengin áður en auglýsing ráðherrans um það er komin til hans. En skýra verður hann ráðherra hið bráðasta frá auglýsingu sinni.

11. gr. Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskifti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. gr., eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins, að erlend sótt gangi á;

2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið

sjúkir menn eða dauðir og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;

3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til Íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsiglihúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið Íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. gr. Ef svo er ástatt fyrir skipi, sem sagt er í 11. gr. 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, nema það sé til neytt.

13. gr. Þangað til læknisrannsókn hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skipið afkvíað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu eru háðir þeim sóththreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða læknir setur þeim, og má, ef þörf gjörist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er; sé enginn læknir viðstaddur, skal sóttgæzlumaður svo fljótt sem auðið er gjöra boð eftir héraðslækni; þó skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

14. gr. Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkst eða dáið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því, er skipið hafði síðast mök við sóttmengað bygðarlag eða skip.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til er sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því af erlendri sótt, meðan það var sótikvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og bygðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr. Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyr en skipið hefir verið sóththreinsað að svo miklu leyti, sem sóttvarnarnefnd eða læknir hefir ákveðið, og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sóththreinsa á skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr. Núkemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíuðu, 1. að sjúkir menn séu fluttir í sóttvarnarhús, og sé ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, 2. að lík séu flutt í land og jarðsett, 3. að skipið sé sóttthreinsað eins og með þarf, 4. að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sóttthreinsa á skipinu, og 5. að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir, annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sóttthreinsað eða þeir fluttir á land.

17. gr. Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að afla sér kola, vista eða annara nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

18. gr. Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksútflutninga, eða skip, sem virðast vera afaróheilmæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eftir ákvæðum 16. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi.

19. gr. Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sóttthreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sóttthreinsun þess allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

20. gr. Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 12. gr., 2. málsgrein, en hefir neyðst til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en lækni er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sóttvarnarnefndin skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar svo fljótt, sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist.

21. gr. Um strandað skip og bannaðan farangur á því gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

22. gr. Ráðherra Íslands (landshöfðingja) er heimilt, þegar hann gefur út auglýsing samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt, eða binda skilyrðum, að

fluttar séu til landsins frá hinum sóttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

23. gr. Nú ganga mislingar, skarlatssótt eða innflúenza einhversstaðar í útlöndum og eru þar mjög útbreiddir eða illkynjaðir, og er ráðherra (landshöfðingja) þá heimilt að gefa út auglýsing um þessar sóttir, eftir því sem ákveðið er í 10. gr. um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum kafla skuli beitt.

Ef svo mikil hættu stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að eigi tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur landshöfðingi í samráði við landlækni fyrirskipað þessar ráðstafanir, en skýrslu verður að senda tafarlaust ráðgjafa Íslands, svo fenginn verði úrskurður konungs.

5. kafli.

Kostnaðarákvæði, sektir, ógilt lög og stjórnarbréf o. fl.

24. gr. Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum ber lækni 4 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 6 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir.

Auk þess á læknir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum samkvæmt 6. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; þó heldur læknir dagpeningum, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

25. gr. Sóttvarnarhús þau, sem nefnd eru í 6. gr., skal reisa, út búa og halda við á kostnað landssjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, að því undanteknu, er hér greinir:

a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og á land aftur.

b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt og þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í húsum þeim, sem nefnd eru í 6. gr., og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í hús þessi með öðrum sjúkdómi en erlendum.

c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenska höfn og sóttvarnarnefnd álitur, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga undir sóttkvíun.

d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu að svo miklu leyti, sem það hrökkur til.

e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljóta, að svo miklu leyti, sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.

26. gr. Landsjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum.

27. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara eða skipunum þeim, sem

gefna eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 20 til 500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eftir almennum lögum; en þegar ákvæði 4. kafla laga þessara eru í gildi, varða brotin fangelsi (almenn hegningarlög, 26. gr.), eða 50 til 1000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektir renna í landssjóð.

Ef álíta má, að hegningin muni ekki verða þyngri en sektir, er sótt-varnarnefnd heimilt að taka boði hins seka um að greiða þegar í stað sekt til landssjóðs, til þess að komast hjá málssókn.

Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn, eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan, ef eigi skal lóga honum, og rennur ágóðinn í landssjóð.

28. gr. Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sötugæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni. Skírteini þetta veitist ókeypis.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á sams konar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin.

29. gr. Tilskipun 8. febr. 1805 um Quarantaine-ráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið bréf 20. júlí 1838 áhrærandi ónýting opinna bréfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Ísland og Færeyjar eru úr gildi feld. Enn fremur eru úr gildi númerin konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist Íslands, lög 24. okt 1879 um viðauka við lög þau og lög 18. des. 1897 um viðauka við tæð sóttvarnarlög frá 17. des. 1875.

30. gr. Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Nd.

180. Nefndarálit

um berklaveikismálið.

Nefnd sú, sem háttv. Nd. hefir talið að hugleiða ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi, hefir nú ihugað mál þetta, og leyfir sér því að leggja álit sitt fyrir deildina.

Vér erum einhuga á því, að brýna nauðsyn beri til, að þjóð og þing taki mál þetta nú þegar til alvarlegrar og rækilegrar yfirvegunar, og geri þær ráðstafanir gegn útbreiðslu sýkinnar, sem tiltækilegar virðast og að gagni megi koma, þar sem hér að einu leyti er að ræða um eitt af mestu velferðarmálum þjóðarinnar, og að hinu leytinu virðist veiki þessi vera nú þegar búin að ná þeirri fötfestu hér á landi, að hún innan fárra ára muni ná yfir land allt. Og vér verðum að álíta rétt vera, að hefjast nú þegar handa í þessu efni, og að heppilegra sé að gera nú þegar þær ráðstafanir gegn útbreiðslu veikinnar, sem tiltækilegar

eru, meðan veikin ekki er almennari orðin en hún þó virðist vera, enda minni von um árangur og margfalt kostnaðarsamari allar ráðstafanir, ef duga skulu, þegar veikin hefir hertekið alt landið og er komin svo að segja í hvers manns hús. —

Að því er snertir útbreiðslu veiki þessarar hér á landi, þá treystir nefndin sér því miður ekki til að gera nokkra nákvæma grein fyrir því. Það eru engar skýrslur til, er geti gefið upplýsingar í því efni, og sérstaklega ekki um það, hve margir að landsmönnum séu haldnir veiki þessari. Héraðslæknar landsins geta reyndar um veiki þessa í ársskýrslum þeim, sem þeim er skylt að senda til landlæknis á ári hverju, en í þeim er þess að eins getið, hvort nokkur berklaveikur maður hafi leitað til þeirra á árinu, og þá hve margir, en ekki þess, hve margir af héraðsbúum hafi veikina. Að fá vitneskju um það, hve margir berklaveikir menn séu á landinu, telur nefndin óhjákvæmilega undirstöðu þess máls, þegar um varnir gegn útbreiðslu veikinnar er að ræða. Telur nefndin nauðsynlegt, að héraðslæknum sé þegar á næstkomandi vetri boðið að grenslast eftir og gefa skýrslu um það, hve margir séu berklaveikir, sérstaklega í lungum, í hérudum þeirra, og vill leggja til, að svo sé gjört.

En enda þótt ókunnugt sé um tölu berklaveikra manna á landinu, þá er það þó vist, að berklaveikin er óþektur sjúkdómur hér á landi alt fram yfir miðja síðastliðna öld, að veikin eflist og útbreiðist á síðustu áratugum aldarinnar og að hún er nú komin meira eða minna í öll héraud landsins.

Í embættisskýrslum lækna, sem til eru frá fyrri helming síðustu aldar og alt til ársins 1872, er berklaveiki hvergi getið hér á landi hjá innlendum mönnum nema lítið eitt seinustu árin á Austurlandi. Etatsráð P. A. Schleisner, sem ferðaðist hér um land um 1840, varð hvergi var við veikina nema lítið eitt í Múlasýslum og Jón stiftslæknir Finsen, sem héraðslæknir var í Eyjafirði 10 ár (1856—66), fann að eins örfá tilfelli. Það er að eins á síðustu áratugum aldarinnar, að hún virðist vera farin að ná fótfestu hér og þar. Hinn fyrsti um það leyti, er opinberlega getur um útbreiðslu hennar hér á landi, er Guðmundur héraðslæknir Magnússon í Skagafirði, sem þar var héraðslæknir árin 1892 og 1893; telur hann marga haldna af veikinni í því umdæmi. Eftir þann tíma virðist veikin óðum fara vaxandi víða á landinu, eins og sjá má af skýrslum þeim um heilbrigði manna á Islandi, sem landlæknirinn hefir samið eftir skýrslum héraðslækna og prentaðar eru í Stjórnartíðindunum deildinni C, og ná þær skýrslur frá árinu 1896. Þar er þess þegar getið í hinni fyrstu skýrslu, að berklaveikin virðist vera að fara í vöxt hér á landi, en svo virðist, sem veikin sé ekki jafn-útbreidd um alt landið, þar sem sumir héraðslæknar telji marga sjúka, en sumir geti hennar að engu. Hin síðasta heilbrigðisskýrsla, sem prentuð er (fyrir árið 1899), skýrir frá, að svo að segja allir héraðslæknar á landinu hafi haft einn eða fleiri berklaveika til meðferðar, flesta þó Reykjavíkur lækni-irinn og Akureyrar lækni-irinn, en að alls hafi 181 berklaveikir leitað lækna það ár á öllu landinu og þar af séu 18 taldir dánir, en árið áður hafi 209 sjúklingar með berklaveiki leitað læknishjálpar.

Þetta stutta yfirlit ber þess ljósan vott, að veikin er sem óðast að færast yfir landið, og þegar lítið er til þess, hve fá ár tiltölulega eru síðan fór að brydda á henni, þá eru öll líkindi til, að hún innan skamms muni verða mjög almennur sjúkdómur hér á landi, ef ekkert er að gjört.

Þegar um það skal ræða, hvað oss beri að gjöra til þess, að koma í veg fyrir útbreiðslu veiki þessarar og draga úr því tjóni, er hún gjörir landi og lýð, þá skal því ekki neitað, að æskilegast væri, að vér fylgðum dæmi annara þjóða í baráttunni gegn henni. — Það er einkum á síðari árum, að opnast hafa augu manna í framfaralöndunum fyrir því, hvílikt tjón berklaveikin gerir hverri þjóð, er hún nær bólfestu hjá, og vaknað áhugi á því, að varna útbreiðslu hennar á ýmsan hátt. Bæði þjóðfélögin í heild sinni og einstakir menn hafa lagst á eitt í þessu efni og lagt fram stórfé í því skyni. Lög hafa verið samin í mörgum löndum, er ákvæði hafa inni að halda um varnir gegn útbreiðslu veikinnar, heilbrigðisstofnanir (sanatoria) hafa víða verið reistar, er hafa það fyrir markmið, að taka á móti berklasjúkum mönnum, sem hætt er við, að sýkt geti aðra menn heilbrigða, svo og til þess, að gjöra lækningatílaunir við þá, sem veikin hefir ekki gagntekið meira en svo, að ekki er vonlaust um, að þeir verði algjörlega læknaðir. Jafnhliða þessu hafa blöð og bækur verið gefnar út, sem hafa inni að halda lýsing sýkinnar og varúðarreglur gegn henni, og brýnt fyrir, almenningi, hvað gjöra skuli og gjöra megi til að draga úr sóthættunni og sótt-næminu. Og þó að öll þessi vitleitni hafi enn ekki borið fullnægjandi árangur, þar sem svo stutt er síðan að menn hafa með alvöru farið að snúa sér að málinu, þá er enginn efi á því, að þessar tílaunir, við hliðina á vísindalegum rannsóknum á veikinni, muni að lokum sigra.

Vér treystumst ekki að svo komnu, að leggja það til, að nú þegar sé farið að gera ráðstafanir til þess, að heilbrigðisstofnunum handa berklasjúkum mönnum sé upp komið. Enda þótt vér ekki getum gjört oss fulla grein fyrir því, hve mikið bygging og rekstur slíkra stofnana mundi kosta, þar sem allar skýrslur vantar um það, hve margir mundu verða í landinu, er slík hús þyrftu að nota, þá dylst oss eigi, að stofnanirnar, ef í lagi ættu að vera, mundu verða landinu ærið kostnaðarsamar. En þegar þess er gætt, að hér er um mörg mikilsvarðandi mál að ræða fyrir þjóðina, og kostnaðurinn við stofnun og rekstur slíkra húsa á hinn bóginn mundi verða að öllu samanlögðu minni, því fyr, sem vér snúum oss að því, meðan berklaveikin er ekki almennari en hún að líkindum er, og auk þess því meiri von um betri og fljótari árangur, þá virðist oss ekki horfandi í þann kostnað, og teljum sjálfsagt, að þing og þjóð verði á eitt sátt um byggingu slíkra stofnana, þegar fengin er vissa fyrir nauðsyn þeirra, og hvað stór og á hve mörgum stöðum þau þyrftu að vera.

Samhliða heilbrigðisstofnunum þeim, sem nú hafa nefndar verið, og sérstaklega meðan þær eru ekki komnar á fót, þyrfti að sjálfsögðu að gera ýmsar ráðstafanir, er miða til þess að hefta eða þá að minsta kosti að seinka fyrir útbreiðslu veikinnar; yrðu þær ráðstafanir að vera sem víðtækastar að unt er, en þó ekki þannig lagaðar, að ofætlun væri fyrir hlutaðeigandi yfirvöld og almenning að fylgja þeim.

Eitt af því nauðsynlegasta í þessu efni teljum vér það, að samín væru lög um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi, er miða til þess að draga úr sóttþættunni. Ættu þau lög meðal annars að hafa það ákvæði inni að halda, að skylt væri að sóttþreinsa fatnað, áhöld og íbúðarhús, þar sem berklaveikur maður deyr, sérstaklega lungnasjúkur, eða flytur burtu, og teljum vér nauðsynlegt, að það væri gert á opinberan kostnað, á líkan hátt og nú er fyrirskipuð sóttþreinsun eftir holdsveika menn. Ef mál þetta hefði fyrir komið fram í deildinni, mundum vér hafa leyft oss að koma fram með frumvarp í þessa átt; en þar sem svo áliðið er þingtímans, er það ljóst, að það mundi ekki fá framgang að þessu sinni. Verður slíkt þá að bíða næsta þings, og er ekkert eðlilegra en að það komi frá stjórninni, úr því þessu máli hefir verið hreyft, og viljum vér, að skorað sé á hana að leggja frumvarp þessa efnis fyrir næsta þing.

Þá teljum vér og nauðsynlegt, að samín sé og prentuð nákvæm lýsing á hinum ýmsu tegundum berklaveikinnar, svo og varúðarreglur gegn henni. Ætlumst vér til, að þetta sé gert á landssjóðs kostnað, og sé ritinu útbýtt ókeypis til sem flestra heimila á landinu. Jafnframt væri heppilegt, að láta prenta stutt yfirlit yfir helztu varúðarreglur gegn veikinni, er fest væri á spjöld, sem svo væru hengd upp almenningi til sýnis á öllum opinberum stöðum, svo sem í kirkjum, skólum, þinghúsum og öðrum fundarhúsum, kaupmannasölubúðum, á mannflutningaskipum og víðar. Oss er kunnugt um, að fyrir nokkrum árum var útbýtt á landssjóðs kostnað smáriti um varúðarreglur gegn berklaveikinni eftir Guðm. héraðslækni Björnsson; en þar sem það rit mun í fárra höndum, teljum vér útgáfu annars bæklingis nauðsynlegan.

Strangt eftirlit með skólum öllum álitum vér þýðingarmikið atriði í þessu máli. Skóli, sem hefir lungnasjúka kennara eða þar sem nemendur einn eða fleiri hafa berkla í lungum, getur orðið sönn gróðrarstía veikinnar og þaðan getur hún dreifst um heil héraðið, sé ekki allrar varúðar gætt. Vér viljum því leggja til, að héraðslæknum sé gjört að skyldu að hafa eftirlit með skólum í umdæmum sínum, og að þeim sé boðið að framkvæma skoðun á öllum nemendum skólanna að minsta kosti einu sinni á hverju skólaári, einhvern tíma fyrri part kenslutímans, og oftar, ef þarf, og gefa varúðarreglur þær, er nauðsyn krefur, meðal annars, að hrákadallar væru nægilegir í skólunum til notkunar fyrir nemendurnar, enda væri æskilegt, að yfirvöldin færu þess á leit við hlutadeigandi stjórnarvöld, að þau sæju um, að í öllum opinberum húsum, þar sem vænta má að margt fólk komi saman, væru nægir hrákadallar til afnota.

Í sambandi við þetta viljum vér benda á, að vér teljum nauðsynlegt, að til væru lagaákvæði um það, að stjórnendur skóla væru skyldir að vísa tafarlaust burt frá skóla lungnatæringarsjúkum nemendum, svo og lungnatæringarsjúkum kennurum, ef lækni álitur veiki þeirra á svo háu stigi, að sóttnæmis-hætta geti af þeim stafað.

Með lögum frá 13. septbr. 1901 um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kaupþúnum og sjóþorpum á Íslandi er bæjarstjórnun og sýslunefndum heimilað að skipa fyrir um heilbrigðismálefni með samþykktum. Lög þessi eru nú ung enn þá og því ekki tiltökumál, þótt þau enn ekki séu komin til framkvæmda;

en vér teljum æskilegt, að slíkar samþyktir kæmust sem fyrst á á sem flestum stöðum, og það ekki að eins í kaupstöðum, kaптúnunum og sjóþorpum, heldur og til sveita, og er það álit vort, að rýmka ætti lög þessi á þann hátt, að samþyktir mætti og gjöra um heilbrigðismálefni til sveita. Ennfremur álitum vér nauðsynlegt, að í lög þessi væri sett ákvæði um það, að stjórnarvöldum þeim, er í hlut eiga, væri heimilt að láta vinna verk þau, er samþykktin fyrir skipar, á kostnað þess, er vinna á, ef hann þrjókast eða lætur þau ógjörð, og megi taka þann kostnað lögtaki, ef á þarf að halda. Slík ákvæði í lögnum mundu án efa gefa samþyktarákvæðunum meira gildi.

Vér álitum nú sjálfsagt, að í slíkum samþykktum væri sérstakt tillit tekið til berklaveikinnar og varna gegn útbreiðslu hennar, og mundi slíkt ekki hafa litla þýðingu í þessu máli. En þar sem vér óttumst, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnnum sé, ef til vill, sumstaðar ekki vel ljóst, í hvaða formi slíkar samþyktir ættu að koma fram, en hins vegar nauðsynin á samþykktunum brýn, þá viljum vér skjóta því til landsstjórnarinnar, að hún sjái um, að samin sé og prentuð hið allra fyrsta fyrirmynd fyrir slíkum samþykktum, er hlutaðeigendur geti lagað sig eftir, og væntum vér þess, að í slíkri fyrirmynd sé nægilegt tillit tekið til berklaveikinnar og útbreiðslu hennar hér á landi.

Oss dylst það eigi, að ýmsar af þeim tillögum vorum, sem að framan eru nefndar, hafa dálttinn kostnað í för með sér fyrir landssjóðinn; en þar sem um svo mikilsvardandi mál er að ræða fyrir land og lýð, er vonandi, að enginn, sem ann þjóð sinni og vill hennar velgengni, sjái eftir því, er til þess fer, og í því trausti munum vér á sínum tíma leyfa oss að koma með breytingartillögum við fjárákafög þau, er nú liggja fyrir þinginu, er fer í þá átt, að veitt sé fjárupphæð nokkur í þessu skyni.

Samkvæmt framanskraðu leyfum vér oss að leggja til, að samþykkt verði af hinni háttvirtu deild svolátandi

TILLAGA

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að sjá um:

1. Að samin sé og prentuð á landssjóðs kostnað lýsing á berklaveikinni og varúðarreglur gegn henni, er svo sé útbýtt meðal almennings ókeypis. Ennfremur að prentaðar séu helztu varúðarreglur gegn berklaveikinni til þess að festa á spjöld, er svo séu hengd upp á sem flestum opinberum stöðum.
2. Að héraðslæknar grenslist eftir útbreiðslu berklaveikinnar í umdæmum sínum og sendi landlækni skýrslu fyrir 1. júní 1903 um, hve margir berklaveikir, sérstaklega í lungum, séu í umdæminu, og á hve háu stigi.
3. Að héraðslæknum sé skipað að hafa eftirlit með skólum í umdæmum sínum og framkvæma skoðanir á nemendum að minsta kosti einu sinni á hverju kenslutímabili. Þeim sé og boðið að hafa vakandi auga á því, að varúðarreglum þeim, sem settar kunna að verða um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar, sé fylgt í héraðum.

4. Að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi.

Neðri deild alþingis 18. ágúst 1902.

Magnús Andrússon,	Þórður J. Thoroddsen,
formaður.	skrifari og framsögumaður.
Lárus H. Bjarnason.	Þorgr. Þórðarson. Pétur Jónsson.

Nd.

181. Tillaga

til þingsályktunar um gagnfræðaskóla á Akureyri. Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Þórður Thoroddsen, Pétur Jónsson og Árni Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um:
 að hinn væntanlegi gagnfræðaskóli á Akureyri rúmi 80—100 nemendur,
 að skólinn verði jafnt fyrir konur sem karla,
 að námstíminn verði 3 vetur,
 að heimavistir verði í skólanum að minsta kosti fyrir $\frac{3}{4}$ nemenda.

Nd.

182. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á kosningarlögum. Frá Sigurði Stefánssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um nýja skipun á kjördæmum hér á landi, er sérstaklega fari í þá átt að gjöra kjördæmin sem jöfnust að audið er, bæði að kjósendatölu og viðáttu, og að ekki sé kosinn nema einn þingmaður fyrir hvert kjördæmi.

Ed.

183. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun brunabótafélags.

Vér undirritaðir, er kosnir vorum í nefnd, til að íhuga ofan nefnt frumvarp, höfum athugað það á nefndarfundum, og getum í öllum verulegum atriðum fallist á frumvarpið og á ástæður þær, sem tilgreindar eru í nefndaráli neðri deildar (þingskjal 77).

Máli þessu var í fyrsta skifti hreyft á alþingi 1891, og þingið hefir síðan haft það prásinnis til meðferðar, samkvæmt ítrekuðum óskum úr ýmsum kjördæmum landsins, svo að mikils væri um vert, að það næði nú fram að ganga á þingi, ekki sízt þar sem erlend brunabótafélög, er landsmenn hafa trygt eignir sínar hjá, hafa hækkað iðgjöldin að mun frá 1. júlí þ. á., og gert váttryggingarskilyrðin að ýmsu leyti ördugri, en verið hefir.

Það kann að virðast miður frjálstlegt, er 2. gr. frumvarpsins ákveður skyldu-ábyrgð, að því er allar þær húseignir snertir, sem þar eru nefndar; en

þar sem hætt er við, að sumir húseigendur myndu ella nota erlend vátryggingarfélag, þá yrði áhætta félagsins meiri, og fyrirtækið vart framkvæmanlegt, og fáum vér því eigi betur séð, en að ákvæði þetta sé byggt á almenningsheill.

Ábyrgð landssjóðs gjörir það og að verkum, þótt takmörkuð sé, að félagið má teljast full tryggjandi, og beri eigi því meiri óhöpp að höndum fyrstu árin, ætti félaginu brátt að vaxa svo fiskur um hrygg, að eigi taki til muna til ábyrgðar landssjóðs.

Vér ráðum því deildinni til þess, að samþykkja frumvarpið með þeim fáu breytingum, er hér fara á eftir, og sem gjörð mun grein fyrir í framsögu málsins.

1. Við 2. gr. frv. Í stað orðanna: »Borgarfirði — Breiðdalsvík» komi: Bakka-gerði í Borgarfirði, Nesi í Norðfirði, Búðareyri við Reyðarfjörð, Búðum í Fáskrúðsfirði, Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði, Selnesi í Breiðdal.
2. — 6. gr. Orðin: »verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meira, en þær álita hæfilegt» falli burtu.
3. — 14. — Í stað orðanna: »einstakra manna, verzlunarstaða eða kaupstaða og félagsstjórnarinnar» komi: milli einstakra manna, verzlunarstaða eða kaupstaða annarsvegar og félagsstjórnarinnar hins vegar.
4. — 26. — Í stað orðanna: »Brot gegn 10. gr.» komi: Brot gegn 9. og 10. gr. Alþingi 19. ág. 1902.

Skúli Thoroddsen, Guttormur Vigfússon,
skrifari og framsögumaður. formaður.
Eggert Pálsson.

Ed.

184. Tillaga

til þingsályktunar. Flutningsmaður Kristján Jónsson.

Efri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að sjá um:

1. Að samin sé og prentuð á landssjóðs kostnað lýsing á berklaveikinni og varúðarreglur gegn henni, er svo sé útbýtt meðal almennings ókeypis. Ennfremur að prentaðar séu helztu varúðarreglur gegn berklaveikinni til þess að festa á spjöld, er svo séu hengd upp á sem flestum opinberum stöðum.
2. Að héraðslæknar grenslist eftir útbreiðslu berklaveikinnar í umdæmum sínum og sendi landlækni skýrslu fyrir 1. júní 1903 um, hve margir berklaveikir, sérstaklega í lungum, séu í umdæminu, og á hve háu stigi.
3. Að héraðslæknum sé skipað að hafa eftirlit með skólum í umdæmum sínum og framkvæma skoðanir á nemendum að minsta kosti einu sinni á hverju kenslutímabili. Þeim sé og boðið að hafa vakandi auga á því, að varúðarreglur þeim, sem settar kunna að verða um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar, sé fylgt í héraðum.
4. Að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi.

Nd.

185. Framhaldsálit

stjórnarskrárnefndarinnar í neðri deild um breyting á umboðsstjórn landsins.

Vér gátum þess í nefndarálitinu voru um frumvarp það til stjórnarskipunarlagi, er báðar deildir nú hafa samþykkt, að vér seinna mundum láta uppi álit vort um breytingar þær á umboðsstjórninni, er stjórnarskrárbreytingin mundi hafa í för með sér.

Af því að ráðherra vor á að vera búsettur hér í landi, leiðir eðlilega, að leggja verður niður íslenzku stjórnardeildina í Kaupmannahöfn, og að setja verður hér á stofn stjórnarskrifstofu í hennar stað, en af þeirri breytingu leiðir aftur, að landshöfðingja- og landshöfðingjaritaraembættin verða óþörf og eiga því að leggjast niður.

Þessar breytingar eru *einu beinu* afleiðingarnar af hinu breytta stjórnarfyrirkomulagi, og væri eigi farið lengra í bráð, mundi mega komast af með hlutfallslega fáa embættismenn á stjórnarskrifstofunni. Þá mundi, auk forstöðumanns stjórnarstofunnar, sem stjórnarskrárfrumvarpið nefnir landritara, nægja að hafa þar 2 aðstoðarmenn eða fulltrúa (fullmektuga), 2 skrifara og 1 sendiboda.

Hinsvegar mundi vera nauðsynlegt, eða að minsta kosti mjög æskilegt, að stofnsett væri í Kaupmannahöfn lítilsháttar afgreiðslustofa, er vitanlega lyti stjórnarstofunni í Reykjavík, og mundi þar eigi þurfa fleiri menn að skipa en 1 skrifstofustjóra, 1 aðstoðarmann, 1 skrifara og 1 sendiboda.

Auk þessara sjálfsögðu embættabreytinga, gæti komið til mála að hreyfa við fleiri embættum, og þá einkum amtmannaembættunum, landfógetaembættinu og endurskoðarasýslaninni, svo sem vikið er að í athugasemdum stjórnarinnar við stjórnarskrárfrumvarpið.

Vér erum nú að vísu þeirrar skoðunar, að eigi beri að hrapa að gagngjörðri breytingu á umboðsstjórninni, bæði af því, að reynslan mun hér sem annarsstaðar smátt og smátt skapa hið haganlegasta fyrirkomulag, sé eigi tekið fram fyrir hendur hennar, og svo af því, að eðlilegast virðist, að hin nýja stjórn hafi atkvæði um það stjórnarfyrirkomulag, sem hún á að búa við.

En samt sem áður teljum vér rétt, að amtmannaembættin verði sem bráðast lögð niður. Mikið af störfum amtmannanna fellur niður af sjálfu sér, öll þau störf, er þeir hafa haft á hendi sem millimenn milli landstjórnarinnar og hinna lægri stjórnarvalda, en hinum störfum þeirra mætti eflaust skifta milli stjórnarstofunnar og sýslumanna. Vér verðum yfir höfuð að tala að telja það rétt, að vald héraðsstjórnendanna verði aukið sem mest. Bæði þykir oss það réttast í sjálfu sér, að valdinu sé sem mest skift og þjóðinni, eða kjörnum nefndum af hennar hendi, sé veitt sem mest hlutdeild í því, og svo teljum vér það sérstaklega eiga bezt við vort viðáttumikla, en strjálbygða land. En jafnframt og vér teljum rétt, að amtmannaembættin verði lögð niður svo fljótt sem atvik leyfa, álitum vér óhjákvæmilegt, að 2 skrifstofustjórar verði þá skipaðir á stjórnarskrifstofunni, og skrifaraliðið þá um leið ef til vill nokkuð aukið.

Hvað landfógetadæminu viðvikur, þá getum vér ekki lagt það til, að það verði lagt beint undir stjórnarstofuna, enda mundi lítið eða ekkert vinnast

með því. Það mundi þá verða að bæta við 1 skrifstofustjóra. Hinsvegar búumst vér við, að fela mætti landsbankanum að gegna störfum landfógeta, en bæta mundi þá þurfa að minsta kosti 1 manni við starfslið bankans.

Þá getum vér og eigi heldur ráðið til, að leggja niður endurskoðunar-sýslanina, enda mundi það verða lítill ávinningur, því að þá þyrfti að sjálfsögðu að bæta við enn einum skrifstofustjóra á stjórnarstofunni. Vér verðum hinsvegar að telja það mjög æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, að sett verði á stofn annaðhvort sérstök hagfræðiskrifstofa, eða hún kanuske öllu heldur sameinuð endurskoðunarskrifstofunni.

Loks látum vér þess getið, að vér getum vel búist við, að kostnaður sá er ráðherrann telur munu leiða af hinni breyttu stjórnarskipun, muni reynast helzt til lítill; en vér finnum þó ekki ástæðu til að fara nánara út í þær sakir, og það því síður, sem alt af er hægur hjá að leita til fjárveitingarvaldsins, reynist hann of lágur.

Neðri deild alþingis 19. ág. 1902.

Pétur Jónsson, Lárus H. Bjarnason, Guðl. Guðmundsson.
formaður. skrifari.

Hannes Þorsteinsson. Jón Jónsson.
Ólafur Briem. Sigurður Stefánsson.

Nd.

186. Tillaga

til þingsályktunar um stjórnarvalda-auglýsingar.

Flutningsm.: Björn Bjarnarson. Ó. F. Davíðsson. Pétur Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að einkaréttur til þess að birta stjórnarvalda-auglýsingar næstu 3 ár frá nýjari 1903 að telja verði veittur þeim útgefanda hinna þriggja elztu þjóðblaða í Reykjavík, er bjóða kynni hæst árlegt gjald til landssjóðs fyrir þennan rétt, að því tilskildu, að hver þumlungur dálks-lengdar ($2\frac{1}{2}$ þuml. breiður) kosti ekki meira en 1 kr. 20 aura með venjulegu meginmálslettri (Corpus).

Ed.

187. Tillaga

til þingsályktunar um stjórnarvalda-auglýsingar.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson. Eggert Pálsson. Guttormur Vigfússon.

Efri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að einkaréttur til þess að birta stjórnarvalda-auglýsingar næstu 3 ár frá nýjari 1903 að telja verði veittur þeim útgefanda hinna þriggja elztu þjóðblaða í Reykjavík, er bjóða kynni hæst árlegt gjald til landssjóðs fyrir þennan rétt, að því tilskildu, að hver þumlungur dálks-lengdar ($2\frac{1}{2}$ þuml. breiður) kosti ekki meira en 1 kr. 20 aura með venjulegu meginmálslettri (Corpus).

Ed.

188. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, veitast 80,411 kr. 77 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—10. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast 500 kr. til verkfróðs manns til að kynna sér skipamælingar.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til lækna-skipunarinnar, veitast:

1. Til Jóns húsasmiðs Sveinssonar fyrir vinnu við að gera áætlanir um landspítala kr. 400,00
 2. Til sóttvarnarhúsa:
 - a. Í Reykjavík kr. 6000,00
 - b. Á Seyðisfirði — 4000,00 — 10000,00
 3. Til að koma upp vatnsleiðslu á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi — 1350,00
- kr. 11750,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Til þess að fullgera brú á Lagarfljóti og ferju á Steinsvaði kr. 41200,00
 2. Til þjóðvega — 930,21
 3. Til þess að reisa vörður við skipaleiðina inn á Berufjörð — 1000,00
- kr. 43130,21
- gegn því að hlutaðeigandi sýslufélag takist á hendur viðhald varðnanna

kr. 43130,21

5. gr.

Af fjárveitingunni undir 12. gr. staflað D. í fjárlögunum 1902 og 1903 má verja svo miklu, sem nauðsyn krefur, til að koma á loftrita (aërograf) milli Reykjavíkur og útlanda og milli hennar og 3 annara stöðva á Íslandi, einnar í hverjum landsfjórðungi, að því tilskildu, að stjórnin gefi helztu félögum, er fást við loftritun, þar á meðal Marconifélaginu í Lundúnum, kost á að keppa um fyrirtækið, og að tillagið frá Íslands hálfu verði eigi hærra en sem samsvarar $\frac{1}{16}$ af allri þeirri fjárhæð, sem danska ríkið (Danmörk og Ísland) leggur til. Stjórnin leggi væntanlegan samning með fylgiskjöllum fyrir alþingi til athugunar.

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaga E. j. veitist:

Til vitavardar, ljósmetis o. fl. 600—600kr. 1200,00

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna

E. k. veitist til vitavardar, ljósmetis o. fl. 300—300 — 600,00
 kr. 1800,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna A. í þarfir andlegu stéttarinnar, veitast:

1. Til lúkningar álagi á prestsetrið Velli í Svarfaðardalkr. 222,56

2. Til prófasts Eyfirðinga $\frac{1}{2}$ kostnaður hans við úttekt þessa . . — 9,00
 kr. 231,56

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð, — fyrir árið 1903 alt aðkr. 3000,00
 Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

kr. 3000,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B, 1 fjárlaganna, veitist til tilraunar, til að flytja kjöt í kældu skipi til útlanda haustið 1903 alt aðkr. 20000,00

Styrkur þessi útborgast eftir tillögum búnaðarfélags Íslands og að eins sem uppbót fyrir hvert það pund af fyrnefndu kjöti, er selst lægra verði en svo, að seljandi fái fyrir það 18 aura í kroppum undir 45 pd., en 20 aura í þyngri kroppum, að frádregnum kostnaði. Skal þá greiða seljanda það, sem á vantar í 18 eða 20 aura, þó ekki meira en 5 aura á hvert pund.

kr. 20000,00

10. gr.

Sýslusjóði Rangárvallasýslu veitist fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil eftirgjöf á vöxtum af 6000 kr. láni úr landssjóði, sem tekið var í júlí þ. á. til fyrirhleðslu í skörð, er þverá braut gegnum bakka sína.

Ed.

189. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.**Kosningarréttur og kjörgengi.**

1. gr. Kosningarrétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mann-orð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, eða lögum nr. 21, 6. nóv. 1897.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi eða sé bú hans undir skiftameðferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár, nema svo sé, að hann sýni oddvita hlutadeigandi kjörstjórnar vottorð frá yfirkjörstjóra, þar sem kjósandi þessi er á kjörskrá, að hann hafi afsalað sér kosningarrétti sínum í því kjördæmi.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns, enda sé hann orðinn heimilisfastur í því kjördæmi, þar er hann ætlar að neyta kosningarréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.**Kjörstjórnir.**

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sér, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annarra kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (sáu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sé fleiri en eitt kjördæmi; þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn

fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstað-arkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá, er kosningarrétt hafa, þá er kjörskrá er samin, og enn fremur þá, sem fyrir 1. júlímán. næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir kosningarréttinum. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósanda eftir stafrófsröð, heimili, stétt og aldur.

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánudi, svo að hún sé fullbúin 1. dag febrúarmán., og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sé slept af skrá eða of aukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit ákærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprilmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefir eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftár en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr. Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmaunaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna í einu hljóði. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar lettrið snýr niður. Séu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentlettri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrótsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi eða öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sér í línu og riflegt millibil milli lína. Hæflegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé minni að þvermáli að innan en $\frac{1}{4}$ úr dönskum þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $\frac{1}{12}$ þumlunga á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

○	
○	
○	

Sedillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. Sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu pósthöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsgli sínu svo vandlega, að eigi sé audið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku lérefti og áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hver undirkjörskjórn skal fá 10 umslög og skal á tvö þeirra prentað vera á neðra framhorni: »gildir seðlar«, á tvö: »ógildir seðlar«, á tvö: »ágreiningssedlar«, á tvö: »ónýttir seðlar«, og á tvö: »afgangssedlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórnin skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna.

V. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

23. gr. Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eiginisðar en 4 vikum á undan kjördegi. Jafnframt framboði sínu skal þingmannsefni senda yfirkjörstjórninni 50 krónur. Þetta fé varðveitir yfirkjörstjórnin þangað til kosningum er lokið og hún hefir sjálf talið saman atkvæði og lýst yfir, hvern atkvæðafjölda hvert þingmannsefni hafi hlotið. Nú nær þingmannsefni eigi $\frac{1}{3}$ þeirrar atkvæðatölu, er með þurfti til að ná kosningu, og fellur þá fjárframlag hans í sýslusjóð. Sama er ef hann tekur framboð sitt aftur fyrir kjördag. En nái þingmannsefni þeim atkvæðafjölda, $\frac{1}{3}$ eða meira, fær hann endurgoldið tryggingarfé sitt að fullu. Deyi þingmannsefni fyrir kjördag, svo að hann verði eigi í kjöri, skal endurgjalda búi hans tryggingarféð.

Framboðum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti fjöggra kjósenda í kjördæmi því, sem þingmannsefni leitar þingmensku í, um að þeir ætli að styðja kosningu hans.

24. gr. Hvert þingmannsefni á rétt á, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, að

gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

VI. kafli.

Kjördagur.

25. gr. Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fram fara næsta virkan dag.

VII. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal vera þingstaður hreppsins. Ef húsbruni eða önnur slík atvik eða óhentug herbergi á þingstaðnum gera það mjög torvelt eða ómögulegt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annarstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr. Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sé eigi á slíku vól, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé audið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera litid borð, sem skrifa má við.

28. gr. Hver undirkjörstjórn skal gera láta atkvæðakassa, ekki minni en $\frac{1}{2}$ alin að lengd, 8 þumlunga á breidd og 6 þumlunga á hæð, með loki á hjörum og læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, sem sé 6 þumlunga löng, $\frac{1}{4}$ þumlungs víð að ofan, en víðari að neðan.

VIII. kafli.

Kosningarathöfnin.

29. gr. A hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórnarnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar að.

30. gr. A meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn

úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 24. gr.), séu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

32. gr. Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlabögli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr. Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjóсандinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einu kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjóсандi verður eftir.

34. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum. Einnig má leyfa þeim mönnum að kjósa, sem fullnægt hafa skilyrðunum í 5. gr.

35. gr. Þá er kjóсандi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjóсандi með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross  innan í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjóсандinn vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjóсандinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

36. gr. Meðkjörstjórnirnar í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor

sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

37. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

38. gr. Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðill hans ógildur, og hefir hann þá fyrirgert kosningarrétti sínum í það skifti.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í hringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill ógildur.

39. gr. Nú setur kjósandi skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá, og má hann þá fá nýjan seðil, ef hann skilar kjörstjórninni hinum fyrra, og greiðir þá atkvæði á síðari seðilinn.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið. En við og við skal kjörstjórnin hrista vel atkvæðakassann.

40. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $\frac{1}{4}$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósanda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og áður kjósendur.

41. gr. Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eða þingmannsefni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsatkvæðið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

42. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar opna atkvæðakassann og taka upp einn og einn miða í einu og lesa upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum miða, og réttir hann miðann jafnótt umboðsmönnum eða þingmannaefnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, kjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja, og skal leggja alla slíka seðla í sérstakt umslag.

Verði ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns eða þingmannsefnis um, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal leggja alla slíka seðla

í umslagið, sem til þess er gjört. Síðan skal telja saman þá seðla, er kjörstjórnin telur gilda, og leggjast þeir sér í umslag.

Alla seðla, sem ónýzt hafa, skal leggja í sérstakt umslag, en í umslag sér þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

43. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og umboðsmönnum eða þingmannsefnum. Seðlatölunnar af hverju tægi skal geta í kjörbókinni.

44. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir umboðsmann eða þingmannsefni áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

45. gr. Þegar búið er að loka öllum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau öll þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga umboðsmenn og þingmannaefni rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á lakki á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með bréfið og kjörbókina til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

IX. kafli.

Kosningarútslit.

46. gr. Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum, auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að telja atkvæðin.

47. gr. Þingmannsefni hvert hefir rétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn, til að vera við í þeirra stað.

48. gr. Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, telur seðlana og metur gildi ágreiningssedlanna, unz öllum kjörstöðum í því kjördæmi er lokið. Þá telur hún saman atkvæðin úr öllu kjördæminu með nákvæmu eftirliti umboðsmanna og lýsir þann kosinn, er flest hefir atkvæði hlotið. Ágreiningssedlana frá hverjum kjörstað fyrir sig leggur yfirkjörstjórnin í umslag, innsiglar það og sendir síðan landshöfðingja ásamt eftirriti af kjörbókum undirkjörstjórna og öðrum gögnum. Seðlana með sömu ummerkjum, eftirrit kjörbóka og önnur gögn leggur landshöfðingi síðan fyrir alþingi í þingbyrjun.

49. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn

hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

50. gr. Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni eða hinum kjörnu alþingismönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er landshöfðingi segir fyrir um, og senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu og birtir hann það í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi á lögboðnum degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðaseðlar eða kjörbók eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málslidum þessarar greinar.

X. kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

52. gr. Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá, innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kærana svo fljótt sem verða má til landshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærður er, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XI. kafli.

Aukakosningar og kosningar til aukapings.

53. gr. Nú verður þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stýtt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

54. gr. Nú er þing rofið og boðað til aukapingskosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær

geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XII. kafli.

Kostnaður.

56. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis og fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

XIII. kafli.

Afbrot og hegningar.

57. gr. Nú hefir hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 kr. sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. — Sýslumaður úrskurðar dagsektir og innheimtir þær með lögtaki og getur hann á kostnað sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

58. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10–200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sá er verður uppvís að því, að hafa kosið á 2 stöðum, skal sæta alt að 100 kr. sekt, og missa atkvæðisrétt sinn við næstu kosningar. Sé brotið itrekað tvöfaldast sektin, og sakborningur hefir þá fyrirgert kosningarrétti sínum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

59. gr. Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekri rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósanda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

60. gr. Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

61. gr. Með lögum þessum eru 1.—17. gr., 19.—36. gr. og 38.—40. gr. í lögum 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feldar.

Ákvæði um stundarsakir.

Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1903, skal kjósa eftir þeim kjörskrá, sem gengu í gildi 1. júlí 1902.

Ed.

190. Framhalds-álit

stjórnarskrármálsnefndarinnar í efri deild alþingis, um þær breytingar á umboðsstjórn landsins, sem stjórnarskrárbreytingin á að hafa í för með sér.

Í ástæðunum fyrir stjórnarskipunarlagafrumvarpi því, sem alþingi hefir nú haft til meðferðar, hefir ráðgjafinn fyrir Ísland látið í ljósi, að æskilegt væri, að alþingi gæfi upp álit sitt um aðalatriðin í þeirri breytingu á embættaskipun landsins, sem hin breytta stjórnarskipun hlýtur að hafa í för með sér eða eðlilega á að hafa í för með sér. Hin h. e. d. hefir falið undirskrifadri nefnd í stjórnarskipunarmálinu að gjöra tillögur um þetta efni, og til þess að fullnægja því umbodi, leyfum vér oss að láta uppi eftirfarandi álit vort.

Vér álitum, að eigi sé ráðlegt nú þegar að stofna til frekari breytingar á embættaskipun landsins en þeirrar, sem er nauðsynleg afleiðing af stjórnarskipunarbreytingunni, því að eigi sé rétt að taka fram fyrir hendurnar á hinni væntanlegu stjórn vorri frekar en nauðsyn ber til, en það á að vera hennar hlutverk að segja til um það hvaða krafta hún þarf til þess að reka stjórnarathöfnina, og hvernig hún álitur hagfeldast að skipa stjórnarstörfunum til meðferðar, afgreiðslu og úrslita. Yfirleitt þykir oss það ráðlegt að fara hægt og gætilega í breytingunum, enda mun gjörsamleg umsteyping hinnar ædstu umboðsstjórnar vorrar þurfa nokkuð langan tíma til að komast í kring, og verður þar margs að gæta.

Þegar sérstakt ráðgjafaembætti er sett á stofn fyrir Ísland, og ráðgjafinn á að hafa aðsetur sitt í Reykjavík, verður hin íslenska stjórnardeild í Km.höfn að leggjast niður. Jafnframt verður að setja fastan forstjóra fyrir landsstjórninni í Reykjavík, sem í stjórnarskrárfrumvarpinu er kallaður landritari. Hið núverandi landritaraembætti verður að leggja niður, en á stjórnarskrifstofuna verður að skipa næga aðstoðarmenn og skrifara, og yrði líklega nægilegt í þessu efni: 2 »assistentar« eða »fullmektugar«, 3–4 skrifarar og 1 sendibodi. Jafnframt yrði að setja á fót í Km.höfn afgreiðsluskrifstofu, er lúti beint undir stjórnarráðið, og búumst vér við, að á henni þyrfti að vera skrifstofustjóri, »assistent« eða »fullmektugar«, skrifari og 1 sendibodi. Frekari breytingar en þessar eru eigi nauðsynleg afleiðing af stjórnskipunarbreytingunni.

En vér teljum eftirfarandi breytingar ennfremur ráðlegar og tiltækilegar.

Amtmanna-embættin bæði nætti leggja niður, og mun það vera almennings ósk, að svo sé gjört; en það ætti ekki að hrapa að því, fyrr en störfum þeirra væri viðunanlega komið fyrir; sum störfín mundu falla alveg niður, það er þau, sem eingöngu hvíla á þeim, sem millilið milli hinnar æðri landstjórnar og lægri stjórnarvalda; flest störfín mundu leggjast til stjórnarráðsins, en ýms störf þeirra mundu þó geta lagst til sýslumanna. — Jafnframt og amtmanna-embættin væru lögð niður, yrði að setja á stofn 2 skrifstofustjóra-embætti undir landritaranum.

Vér teljum það óráð, að leggja landfógeta embættið saman við stjórnarráðið, þannig, að annar skrifstofustjórinn þar hafi einnig gjaldkerastörfín. — Þetta væri miður heppileg samsteypa ósamkynja mála, og mundi veikja eftirlitið mjög, þar sem það þarf að vera skarpast. Auk þess mundi störfum þá of hlaðið á nefndan skrifstofustjóra. Ef embætti þetta verður eigi látið standa

óhaggað sem sérstakt gjaldkera-embætti fyrir landssjóðinn, mætti að voru álit fela landsbankanum gjaldkerastörfin (innheimtu og útborganir landssjóðsins), og mundi eigi þurfa að auka nema einum manni við starfslið bankans fyrir þessa breytingu. —

Vér leggjum það til, að sýslan hins umboðslega endurskoðanda standi óbreytt að sinni, en vér viljum benda á það, að bráðnaðsynlegt er að setja á stofn hagfræðis-skrifstofu, og væri þá sjálfsagt hagkvæmast, að setja hana í samband við hina umboðslegu endurskoðun, þannig, að sami maðurinn stæði fyrir báðum starfsdeildunum. Með því móti yrði stjórnar-skrifstofan losuð við mikið starf, sem leiðir af skýrslum þessum.

Vér viljum að endingu taka það fram, að í athugasemdum ráðgjafans er kostnaðurinn við hið fyrirhugaða stjórnarfyrríkomulag vafalaust talinn alt of lítill. Ef landfógeta-embættið væri lagt niður og störfin lögð til stjórnarráðsins, eins og ráð er fyrir gjört í ástæðunum fyrir stjórnarskrárfrumvarpinu, yrði það óhjákvæmilegt, að bæta við 3. skrifstofustjóranum í stjórnarráðinu, til að hafa á hendi gjaldkerastörfin. Enn fremur er upphæðin, sem áætluð er til aðstoðar og skrifstofukostnaðar (9000 kr.), vafalaust of lág.

Þessi upphæð á að jafngilda skrifstofufé landshöfðingja, beggja amtmanna, landfógeta og launum landritara, eins og þetta er nú, svo og því, sem gengur til skrifstofukostnaðar í stjórnarráðinu í Km.höfn, því að landstjórnarskrifstofan á að leysa af hendi skrifstofustörf allra þessara embætta. Vér getum eigi gjört neina áætlun um, hve mikill þessi kostnaður verður, þegar búið verður að leggja amtmannaembættin niður, en það þykir oss mjög líklegt, að hann hljóti að fara fram úr 9000 kr., og það teljum vér mjög misráðið að skamta hinni væntanlegu landsstjórn vorri féð svo spart, að það legði hafi á framkvæmdir hennar í þarfir landsins.

Efri deild alþingis, 19. ágúst 1902.

J. Havsteen,
formaður.

Kristján Jónsson,
skrifari

Guðjón Guðlaugsson.

Guttormur Vigfússon.

Skúli Thoroddsen.

Nd.

191. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til laga um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. (Frá sóttvarnarlaganefnd neðri deildar).

Nefndin hefir athugað breytingar þær, er orðið hafa á frumvarpi þessu í efri deild, og felst nefndin á breytingar þessar, sem á engan hátt snerta efni frumvarpsins.

Nefndin ræður því til þess, að hin heiðraða neðri deild samþykki frumvarpið í þeim búningi, sem það nú hefir fengið.

Alþingi 20. ágúst 1902.

Þórður J. Thoroddsen,
form. og framsögum.
Þorgr. Þórðarson.

Jón Magnússon,
skrifari.
Björn Bjarnarson.

Ari Brynjúlfsson.
Sighv. Arnason.
St. Stefánsson,
pm. Skgf.

Ed.

192. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Forstöðumenn og aðalumboðsmenn lífsábyrgðarféлага, sjúkdóma- og slysaábyrgðarféлага skulu skyldir að senda landshöfðingja við hver áramót ágrip af reikningum sínum ásamt ábyrgðarreglum félaganna og skýrslu um tölu ábyrgðarhafa, upphæð tryggingarfjárins í heild sinni og iðgjaldagreiðslu á árinu m. fl. er starfsemi félaganna og útbreiðslu snertir í hinum einstöku héraðum landsins.

2. gr. Á sama hátt eru forstöðumenn og aðalumboðsmenn brunabótaféлага allra ogannarra váttryggingarféлага skyldir að senda landshöfðingja við hver áramót ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um upphæð allra váttrygginganna, tölu húsa þeirra, sem váttrygð eru til brunabóta, hvar þau séu, hversu hátt váttryggingargjaldið sé á hverjum stað með fleiru, er að starfsemi félaganna lýtur.

3. gr. Allar slíkar skýrslur ábyrgðar- og váttryggingarféлага þeirra, sem 1. og 2. gr. ræðir um, skulu samdar eftir nákvæmri prentaðri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrirskipar með sérstakri reglugerð.

4. gr. Öll slík félög, er þegar er getið, skulu skyld að hafa einhvern aðalumboðsmann hér á landi, er landsstjórnin geti snúið sér til, enda séu öll þau ábyrgðar- og váttryggingarfélag, er starfa hér á landi, skyld að tilkynna landshöfðingja, hver sé aðalumboðsmaður félaganna.

5. gr. Brot gegn 1. og 2. gr. varða sektum, samkvæmt 8. gr. laga 8. nóv. 1895.

Nd.

193. Nefndarálit

frá Landbúnaðarnefndinni um fjárkláðamálið.

Landbúnaðarnefndin hefir íhugað rækilega kláðamálið, sem vísað var til hennar, og leyfir sér að fara um það nokkrum orðum.

Eftir skýrslum þeim og skilríkjum, sem lágu fyrir nefndinni bæði frá amtmönnunum og einstökum þingmönnum, er kláðinn nú útbreiddur um allt land, að undanteknum þessum sýslum: Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslunum báðum, Suður-Múlasýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu. Þegar nú þess er gætt að kláðinn er mjög magnaður sumstaðar á kláðasvæðinu t. d. í Húnavatnssýslu, þá verður ekki sagt, að ástandið sé glæsilegt. Að visu bera kláðaskýrslurnar úr Suður- og Vestur-amtinu það með sér, að kláðinn sé fremur lítill í þessum ömtum, þar sem að eins fundust 146 kláðasjúkar kindur síðastliðið haust á alls 77 bæjum. En nefndin verður að álita, að skýrslur þessar gefi ekki fyllilega rétta hugmynd um ástandið, einkum fyrir þá sök að kláðaskoðanir, sem skýrslurnar eru bygðar á, fóru fram einmitt á þeim tíma, sem kláði í fé er venjulegast langminstur. Í Dalasýslu voru eftir skýrslunum einar 29 kláðakindur síðastl. haust, en eftir sögn nákunnugra manna mun kláðinn allmagnaður í þeirri sýslu, og sama á sér víst stað í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Það er því ekkert útilit fyrir það, að kláðinn sé í nokkurri verulegri

rénun, þrátt fyrir ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið undanfarin ár, til þess að bæla hann niður.

Nefndin var á einu máli um það, að ekki mætti við svo búið standa, þjóðin hefði ekki efni á að ala slíkan vogest sem fjárkláðann til langframa í landinu. Hingað til hafa ráðstafanirnar gegn fjárkláðanum miðað að því að bæla kláðann niður og halda honum í skefjum, en nefndin álitur sjálfsagt, að markmiðið sé framvegis *algjörð útrýming fjárkláðans úr landinu*. Oss dylst eigi að það kostar stórfé að útrýma kláðanum, en þó er það að voru áleti ekki teljandi í samanburði við tjón það, sem hann vinnur landinu nú og eftirleidis, ef hann er látinn óupprættur. Hinn árlegi skattur, sem hann leggur á landið mundi nægja til þess, að afborga með rentum á fáum árum það fé, sem varið yrði eitt skifti fyrir öll til þess, að útrýma honum með öllu.

En þótt nefndin sé þessarar skoðunar álitur hún samt varhugavert að ráða þegar til atlögu á kláðann, og það aðallega af þrennum ástæðum:

Í fyrsta lagi erum vér þeirrar skoðunar, að erfitt mundi verða, nú sem stendur, að koma fullu samræmi í útrýmingar ráðstafanirnar í öllum ömtum, einmitt fyrir þá sök, hversu framkvæmdarvaldinu er skift, og ekki sízt vegna þess að þeir menn, sem þetta vald hafa nú með höndum, hafa all sundurleitar skoðanir á málinu.

Í öðru lagi dylst oss eigi, að vér, nú sem stendur, eigum ekki vól á kláðafróðum mönnum, er fulltreystandi sé til að standa fyrir lækningunum, og sjá um, að fyrirskipunum stjórnarvaldanna sé hlýtt.

Í þriðja lagi vantar enn mikið á, að almenningur hafi þá þekkingu og áhuga á málinu, sem æskilegt væri, og því hætt við skorti á nauðsynlegu fylgi af hálfu almennings í útrýmingarbaráttunni.

Til þess að velta þessum steinum úr vegi, álitum vér heppilegast, að verkleg kensla í kláðalækningum og öllu, sem þar að lýtur fari fram á einum eða helzt tveimur stöðum á landinu, t. d. á einum stað hér í Suður- og Vesturamtinu, og gæti dýralæknirinn haft hana á hendi og svo á öðrum stað í Norðuramtinu, og yrði að fá til þess mann frá útlöndum.

Vér höfum hugsað oss að kenslan færi fram á þann hátt, að tekin væru fyrir einhver svæði, þar sem kláðinn væri magnaðastur, t. d. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Húnavatnssýsla. Kláðalæknirinn færi svo um svæðið að vetrinum á þeim tíma, sem hentugastur þætti, með lærisveinahóp sinn, færi að öllu eins og um algerða útrýmingu væri að ræða og kendi mönnum þannig allar aðferðir og varúðarreglur, sem nauðsynlegar eru, eigi útrýmingin að takast. Sveitarstjórnirnar ættu að hlutast til um, að einn skynsamur og áreiðanlegur maður að minsta kosti úr hverri sveit nyti kenslunnar, og til þess að sem flestir gætu notið hennar, — en um leið koma í veg fyrir að of margir væru við námið í senn, — þyrfti að skifta kenslutímanum í smærri tímabil. Jafnframt hinni verklegu kenslu ætti læknirinn að halda fræðandi fyrirlestra um málið og reyna að vekja einlægan áhuga á kláðaútrýmingunni meðal almennings.

Að öllum líkindum nægðu ekki minna en 2 vetur til að slíkrar kenslu,

og því þyrfti nauðsynlega að áætla til hennar fé á næstu fjárlögum. A núgildandi fjárlögum eru veittar 6000 kr. til að fá aðstoð fróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu. Þetta fé ætti að nota þegar á komandi vetri til slíkrar kenslu, eins og hér er farið fram á. Mun Myklestad sá, er staðið hefir fyrir útrýming fjárkláðans í Noregi fánlegur til að taka þetta starf að sér, enda álitum vér, að ekki sé völ á betri manni. Hér í Suður- og Vesturamtinu ætti kenslan einnig að byrja í vetur, og væntum vér þess, að nauðsynlegt fé yrði veitt til hennar á fjáráukalögum á næsta þingi. Hvert árið sem liður, án þess nokkuð sé aðhafst, er dýrmætt, og getur gert útrýminguna á sínum tíma margfalt kostnaðarmeiri, því viðbúið er, að kláðinn breiðist meira út.

Þegar fengiinn væri álitlegur flokkur æfðra og áreiðanlegra kláðalækna, sem vel væru færir um að gerast liðsforingjar í hinum væntanlega allsherjar útrýmingarleiðangri, og jafnframt áhugi þjóðarinnar á málinu vakinn og þekkingin glædd, ætti að skipa einn höfðingja eða alræðismann yfir liðið, er svo réði til öflugrar atlögu. Lögunum þyrfti þá um leið að breyta, með algerðri og skjótri útrýming fyrir augum. Getum vér þá ekki séð neitt því til fyrirstöðu, að ráðist yrði á kláðann á sama tíma um land alt, og gæti þá svo farið, að honum yrði útrýmt með öllu á einum einasta vetri. En þó ekki tækist nú svo heppilega til, þá erum vér í engum vafa um það, að takast megi á tiltölulega stuttum tíma að vinna bug á honum, svo framarlega að nógu mörgum og góðum mönnum sé á að skipa í baráttunni gegn honum, og það ætti að geta orðið með þeim hætti, sem hér er bent á. Þar til þessi aðalútrýmingartilraun verður gerð, ætlumst vér til, að ráðstöfunum til þess, að bæla fjárkláðann niður verði haldið áfram, eins og hingað til.

Vér vonum að hin hátthvirta deild og þingið í heild sinni verði oss sam-mála um, að eitthvað verði að gjöra til þess að firra landið þessari plágu, og geti líka fallist á, að aðferð sú, er vér höfum bent á, muni verða einna öruggust til sigurs. Í þessu trausti leyfum vér oss að koma fram með svo látandi þingsá-lyktunartillögu.

Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um, að verkleg kensla í kláðalækningum komist á svo fljótt sem audið er, helst á tveim stöðum í landinu, í því skyni að undirbúa öfluga tilraun til algerðrar útrýmingar fjárkláðans.

Neðri deild alþingis, 19. ágúst 1902.

Stefán Stefánsson, þm. Skf.,

Þórh. Bjarnarson.

form. og skrifari.

Arni Jónsson.

Guðl. Guðmundsson.

Sigurður Stefánsson.

Hermann Jónasson,

Björn Bjarnarson,

framsögumaður.

með fyrirvara.

Nd.

194. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stjórnarvalda auglýsingar. Frá Birni Bjarnarsyni Orðin 20 ára í seinustu línu falli burt.

Nd.

195. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. (Eins og það var sp. við 3. umr í Ed.).

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og læknar í 4. og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri svo sem lög þessi ákveða.

2. gr. Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kys heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess $1\frac{1}{3}\%$ af launum sínum.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskirteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr. Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá keypt sér æfilangan lífeyri fyrir meir eða minna af ellistyrknum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar lög þessi öðlast gildi.

Ed.

196. Frumvarp

til laga um manntalsþing.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hér eftir er hvert lögsagnarumdæmi ein manntalsþinghá. Skylda gjalda enda til að sækja manntalsþing er afnumin.

2. gr.

Sýslumaður hver og bæjarfógeti utan Reykjavíkur heldur ár hvert tvenn manntalsþing á skrifstofu sinni. Fyrra þingið sé haldið í júní og sé þar gegnt öllum hinum sömu störfum og gegnt hefir verið á manntalsþingum hingað til, dómstörfum þó því aðeins, að fyrirmæla laganna um varnarþing sé gætt. — Seinna þingið sé haldið í október, og þá að eins gegnt þinglýsingum.

3. gr.

Sýslumenn skulu einu sinni á ári að minsta kosti fara um alla sýslu sína á tíma þeim, sem amtmaður ákveður í samráði við sýslunefnd, og skulu þeir dvelja að minsta kosti einn dag í hverri dómpinghá, til að svara málum manna, og sé það auglýst fyrir almenningi með minst 10 daga fyrirvara. Um ferðir þessar skulu sýslumenn gefa amtmanni skýrslu.

4. gr.

Sýslumaður má á eigin ábyrgð fela hreppstjórum að útbyta þinggjalds-seðlum og taka við þinggjöldum hreppsúa, en gjalda verður hann þá hreppstjóra 2% fyrir ómakid.

5. gr.

Sýslunefndar- og varasýslunefndarmenn skal kjósa á vorhreppskilabingum, og er hreppstjóri formaður kjörstjórnarinnar, en í henni sitja auk hreppstjóra 2 menn, er sýslunefndin nefnir til.

Stefnuvottar vinni að eins skriflegan eið að sýslan sinni.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1904.

Ed.

197. Frumvarp

til laga um stofnun brunabótafélags. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Stofnun félagsins.

1. gr. Brunabótafélag skal stofna hér á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Búðardal, Skarðstöð, Flatey, Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Arnagerðareyri, Hesteyri, Reykjarfirði, Hólmavík, Borðeyri, Blönduós, Hólanesi, Skagatrönd, Sauðárkrók, Siglufirði, Kolkuós, Grafarós, Hofsós, Haganesvík, Húsavík, Hjalteyri, Svalbarðseyri, Vopnafirði, Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafirði, Eskifirði, Bakkagerði í Borgarfirði, Nesi í Norðfirði, Búðareyri við Reyðarfjörð, Búðum í Fáskrúðsfirði, Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði, Selnesi í Breiðdal, Djúpavogi, Hornafjarðarós, og Vík skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum. Öll hús skulu váttrygð með fullu verði þeirra eftir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eftir.

3. gr. Eigendur húsa og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim með þeim kjörum, sem reglugerð félagsins ákveður. Félagið tekur einnig í ábyrgð búsgögn og annað lausafé, eftir því sem nánara verður ákveðið í reglugjörð félagsins.

4. gr. Þegar félagið kemst á fót, fer fram virðing á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Virðingargjörðir skulu framkvæmdar af slökkviliðsstjóra og 2 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefnir fyrir rétti til 6 ára. Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 3 kr. á dag. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eftir virðingarverði húseignanna.

5. gr. Virðingargjörðir á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 2 mönnum, er sýslumaður útnefnir í hvert skifti. Fyrir starf sitt fá virðingarmenn 2 kr. á dag, og sá er ritar gerðina ennfremur 1 kr. Borgun þessa greiðir gjörðarbeiðandi.

6. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð, og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign.

7. gr. Stjórn félagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 10. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð félagsins, og skulu þeir þá virða upp aftur þau hús, sem þeir álíta aðlækkað hafi í verði. Félagsstjórnin hefir og heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir, ef henni þykir ástæða til. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu; ella greiðist hann af félagsjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í félaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefir bygt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða, ef húseignin hefir aukist í verði.

8. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem váttrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla, nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eftir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landssjóðs.

9. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið, að víst bil sé á milli húsa, sem byggð eru að nýju á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Hún getur og bannað, að starfsemi, sem sérstök brunahætta er samfara, fari fram nema í afskektum húsum.

10. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, er félagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til eftir boði slökkviliðsstjóra að koma að minsta kosti tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í kaupstaðnum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gera alt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstodarmönnum hans.

II. kafli.

Stjórn félagsins.

11. gr. Félagið skal hafa lögheimili og varnarþing í Reykjavík. Í stjórn félagsins skulu sitja 3 menn, 1 forstjóri og 2 meðstjórnendur. Forstjóri félagsins skal skipaður af landshöfðingja, en meðstjórnendur skulu kosnir af fulltrúafundi til 6 ára. Deyi meðstjórnandi eða fatlist svo, að hann geti ekki gengt sýslan sinni, skipar landshöfðingi annan mann í hans stað til næsta fulltrúafundar.

12. gr. Fulltrúar félagsins eru 7 að tölu, og skulu þeir kosnir á þann hátt, að kaupstaðirnir Isafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður kjósa sinn fulltrúann hver, og verzlunarstaðir í hverjum landsfjórðungi fyrir sig kjósa einn fulltrúa í sameiningu.

Landshöfðingi hlutast til um kosningu fulltrúanna.

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar. Hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður greiðir einum manni atkvæði. Skýrslu um atkvæðagreiðsluna skal senda landshöfðingja, er telur saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna. Þeir eru rétt kjörnir fulltrúar, er flest fá atkvæði. Fáir tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn. Ef fulltrúi deyr eða fatlast svo, að kjósa þurfi annan í hans stað, hlutast landshöfðingi til um nýja kosningu, og gildir hún fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er frá för.

13. gr. Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík, og greiðist þeim úr landssjóði ferðakostnaður eftir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi úrskurðar reikninga þeirra og ávísar þeim.

14. gr. Fulltrúafundur semur reglugjörð fyrir brunabótafélagið og skal þar ákveðið, hvert er verksvið félagsstjórnarinnar og hver laun hún skal hafa; hvernig reikningsfærslu félagsins skal haga, hvar og hve oft fulltrúafundir skulu haldnir; hvers konar húseignir og hverja muni félagið tryggir; hvernig hinar vátrygðu húseignir skulu vera bygðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve oft skal virða vátrygðar húseignir upp aftur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta og hvernig hann skal endurgjalda; hvernig skera skal úr ágreiningi milli einstakra manna, verzlunarstæða eða kaupstaða annars vegar og félagsstjórnarinnar hins vegar; hve há iðgjöld skal greiða fyrir vátryggingar; hverja borgun félagið má taka fyrir tryggingarskírteini eða önnur vottorð; hvernig sjód félagsins skal ávaxta; hve miklu fé má verja til kostnaðar við framkvæmdarstjórn og endurskoðun. Enn fremur ákveður reglugjörðin, að hve miklu leyti félagið endurtryggi hjá öðrum brunabótafélögum.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni eigi breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið meðstjórnendum brunabótafélagsins frá um stundar sakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann

til bráðabirgða í stað þess, sem frá var vikið. Hann skal þó með næstu pósthæð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafélagsins frávikninguna og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefir skipað í stað þess, sem vikið er frá.

16. gr. Stjórn félagsins skal ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um félagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag félagsins.

17. gr. Endurskoðunarmenn skulu vera tveir, og kýs fulltrúafundur annan þeirra, en hinn skal kosinn af hinu sameinaða alþingi til 2 ára í senn. Endurskoðunarmenn rannsaka reikning félagsins í hverju einstöku atriði og bera hann saman við bækur félagsins og heimaféð. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé félagsins og verðskjöl séu fyrir hendi. Þeir skulu sjá um, að munir félagsins séu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir séu til, sem annarstaðar kunna að vera en á heimili félagsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning félagsins.

18. gr. Hiun úrskurðaða reikning félagsins skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal félagsstjórnin gefa landshöfðingja, eftir hvern ársfjórðung stutt yfirlit yfir hag félagsins, sem birtist á sama hátt. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

III. kafli.

Skyldur félagsins.

19. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

20. Allir þeir, sem hafa hús í brunabótaábyrgð félagsins, skulu fá að fullu bættan af sjóði þess allan þann skaða, er þau verða fyrir af eldsvoða eða af eldingum eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rífið niður eða skemt til að slökkva eld. Farist slík hús alveg, skal félagið greiða það, sem þau hafa verið virt til brunabóta, en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann. Skaðabætur fyrir eldsvoða má aldrei greiða, nema áður hafi verið haldið réttarpróf um brunann. Þó getur félagsstjórnin veitt undanþágu frá þessu, ef skaðinn nemur eigi meira en 500 kr.

21. gr. Félagið ábyrgist ekki skaða af jarðskjálftum eða hernaðarvöldum eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annaðhvort með vilja eða fyrir vitavert aðgæzluleysi. Sé eigandinn viljandi eða fyrir vitavert gáleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið vátryggingarupphæðina útborgaða, þó eigi meir en þarf til lúkningsar veðskuldinni ásamt 1 árs vöxtum.

22 gr. Þegar félagið greiðir brunabætur fyrir húseign, skal brunabótafénu eingöngu varið til þess að byggja upp aftur hús þau, er brenna, eða til

aðgjörðar á þeim. Þó getur landshöfðingi eftir tillögum félagsstjórnarinnar veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með því.

23. gr. Félagsstjórninni er skylt, hve nær sem þess er krafist, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir séu trygð til brunabóta í hans umdæmi, og, ef brennur, að gefa upplýsingar um hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er váttrygð.

IV. kafli.

Ábyrgð landsjóðs.

24. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafélagið geti staðið í skilum, með 300,000 krónum. Ef félagið bíður svo mikinn skaða af eldsvöða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, greiðir landsjóður það, sem á vantar. Þó greiðir hann aldrei meira en sem ábyrgðarupphæðinni svarar. Fé þetta endurborgar félagið landsjóði sem vaxtalaust lán með því, sem það hefir afgangi útgjöldum sínum árlega.

25. gr. Ef ábyrgðarupphæð landsjóðs skerðist meira en svo, að nemi 100,000 krónum, skal vinna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á váttryggiendur.

Fé það, sem landssjóður greiðir um fram téða upphæð, á hann heimti-
i. g. á að fá endurgoldið með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum.

V. kafli.

Almenn ákvæði.

26. gr. Brot gegn 9. og 10. gr. varða sektum alt að 200 kr., er renna í landssjóð. — Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

27. gr. Landsstjórnin sér um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt, sem verða má.

Nd.

198. Frumvarp

til laga um eftirlaun.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $\frac{1}{4}$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert em-

bætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álitur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fékk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manningum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanningum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fékk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellingur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt, eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun.

irlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa giftst eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1. þegar ekkjan giftist af nýju; 2. þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3. þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4. þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningssáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir giftst af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin söma eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed.

199. Breytingartillögur

við frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis (þingskjal 189), frá nefndinni.

1. Við 22. gr. Síðari liður 1. málsg. orðist þannig:

Hver undirkjörstjórn skal fá 6 umslög, og skal á 2 þeirra prentað vera á neðra framhorni: »ógildir sedlar«, á tvö: »ónýttir sedlar«, og á tvö: »afgangssedlar«.

2. — 28. — Greinin orðist þannig:

Nægum tíma áður en kosningar eftir lögum þessum skulu fram fara í fyrsta sinn skal landsstjórnin láta gera atkvæðakassa handa öllum undirkjörstjórnnum á landinu, og annast um sendingu þeirra. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 12 þuml. að lengd, 8 þuml. á breidd og 6 þuml. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 6 þuml. löng, $\frac{1}{4}$ þuml. við að

ofan, en víðari að neðan. Með kössunum skal og senda sterka léreftspoka, hæfilega stóra, til að hafa utan um kassana, er undirkjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri skal vandlega geyma, kostar sveitarsjóður þá endurnýjun.

3. — 39. — Orðin: »en við og við skal kjörstjórnin« o. s. frv. falli burt.

4. — 42. — Greinin orðist þannig:

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnar innar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja lérefti eða öðru slíku haldgöðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í léreftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann, sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sér alla þá sedla, sem ónýzt hafa (39. gr.), í annað umslag alla þá sedla, sem ógildir eru (38. gr.), og í þriðja umslagið þá sedla, sem afgangs eru ónotaðir.

5. — 45. — Á eftir orðunum: »þau öll« í 2. línu bætist inn: ásamt lyklinum að atkvæðakassanum.

6. — 45. — Í stað orðanna: »og kjörbókina« komi: atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum.

7. — 46. — Á eftir orðunum: »til að« bætist inn: opna atkvæðakassann og

8. — 47. — Á eftir orðið: »meðan« í 2. línu bætist inn: atkvæðakassarnir eru opnaðir og

9. Við 48. gr. Greinin orðist þannig:

Í viðurvist þessara mann opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfæraast um, að öll innsiglin séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal sedlum þeim, sem í honum eru, ósköduðum helt í hæfilegt tómmt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz, allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að sedlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum sedli, og réttir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum,

að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal að atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upplestir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman, með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn eða þá kosna, sem hlotið hafa flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landshöfðingja eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem landshöfðingi því næst leggur fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og hann tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur hann einnig fyrir þingið.

10. Við 51. gr. Fyrir: »atkvæðaseðla eða kjörbók« (í upphafi 3. málsg. r.) komi: atkvæðasending.

11. Aftan við gr. bætis ný málsg. svo hljóðandi: Sé atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn, fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því, sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

12. Atkvæðið um stundarsakir falli burt.

Ed.

200. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stjórnarvalda auglýsingar. Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

Orðin »20 aura« í seinustu línu falli burt.

Nd.

201. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um breyting á kosningarlögnum. Flutningsmenn: Ó. F. Davíðsson og Lárus Bjarnason.

Tillagan orðist svo:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að leita álits allra sýslunefnda og bæjarstjórna um það, hvernig kjördæmaskipan mundi haganlegast komið á í hverju umdæmi, svo og að leggja, að því búnu, fyrir næsta þing þar á eftir, frumvarp til laga um nýja kjördæmaskipan.

Nd.

202. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögnum fyrir árin 1902 og 1903, veitast 80,411 kr. 77 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—10. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. C. fjárlaganna til ýmislegra útgjalda, veitast 500 kr. til verkfróðs manns til að kynna sér skipamælingar.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til lækna-skipunarinnar, veitast:

1. Til Jóns húsasmiðs Sveinssonar fyrir vinnu við að gera áætlanir um landsspítala kr. 400,00
 2. Til sóttvarnarhúsa:
 - a. Í Reykjavík kr. 6000,00
 - b. Á Seyðisfirði — 4000,00 — 10000,00
 3. Til að koma upp vatnsleiðslu á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi — 1350,00
- kr. 11750,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Til þess að fullgera brú á Lagarfljóti og ferju á Steinsvaði kr. 41200,00
 2. Til þjóðvega — 930,21
 3. Til þess að reisa vörður við skipaleiðina inn á Berufjörð — 1000,00
- kr. 43130,21
- gegn því að hlutaðeigandi sýslufélag takist á hendur viðhald varðnanna

kr. 43130,21

5. gr.

Af fjárveitingunni undir 12. gr. staflað D. í fjárlögunum 1902 og 1903 má verja svo miklu, sem nauðsyn krefur, til að koma á loftrita (aërograf) milli Reykjavíkur og útlanda og milli hennar og 3 annara stöðva á Íslandi, einnar í hverjum landsfjórðungi, að því tilskildu, að stjórnin gefi helztu félögum, er fást við loftritun, þar á meðal Marconifélaginu í Lundúnum, kost á að keppa um fyrir-tækið, og að tillagið frá Íslands hálfu verði eigi hærra en sem samsvarar $\frac{2}{5}$ af allri þeirri fjárhæð, sem danska ríkið (Danmörk og Ísland) leggur til. Stjórnin leggi væntanlegan samning með fylgiskjölum fyrir alþingi til athugunar.

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaga E. j. veitist:

Til vitavardar, ljósmetis o. fl. 600 - 600 kr. 1200,00

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna

E. k. veitist til vitavardar, ljósmetis o. fl. 300—300 — 600,00
 kr. 1800,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna A. í þarfir andlegu stéttarinnar, veitast:

1. Til lúkningar álagi á prestsetrið Velli í Svarfaðardal kr. 222,56
2. Til prófasts Eyfirðinga $\frac{1}{2}$ kostnaður hans við úttekt þessa — 9,00
 kr. 231,56

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð, — fyrir árið 1903 alt að kr. 3000,00
 Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.
 kr. 3000,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. B, 1 fjárlaganna, veitist til tilraunar, til að flytja kjöt í kældu skipi til útlanda haustið 1903 alt að kr. 20000,00

Styrkur þessi útborgast eftir tillögum búnaðarfélags Íslands og að eins sem uppbót fyrir hvert það pund af fyrnefndu kjöti, er selst lægra verði en svo, að seljandi fái fyrir það 18 aura í kroppum undir 45 pd., en 20 aura í þyngri kroppum, að frá-dregnum kostnaði. Skal þá greiða seljanda það, sem á vantar í 18 eða 20 aura, þó ekki meira en 5 aura á hvert pund.

kr. 20000,00

10. gr.

Sýslusjóði Rangárvallasýslu veitist fyrir yfirstandandi fjárhags-tímabil eftirgjöf á vöxtum af 6000 kr. láni úr landssjóði, sem tekið var í júlí þ. á. til fyrirhleðslu í skörð, er þverá braut gegnum bakka sína.

Nd.

203. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.**Kosningarréttur og kjörgengi.**

1. gr. Kosningarrétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mann-ord, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannord, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, eða lögum nr. 21, 6. nóv. 1897.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi eða sé bú hans undir skiftameðferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár, nema svo sé, að hann sýni oddvita hlutadeigandi kjörstjórnar vottorð frá yfirkjörstjóra, þar sem kjósandi þessi er á kjörskrá, að hann hafi afsalað sér kosningarrétti sínum í því kjördæmi.

Sá, sem hefir heimilistang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns, enda sé hann orðinn heimilisfastur í því kjördæmi, þar er hann ætlar að neyta kosningarréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.**Kjörstjórnir.**

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sér, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annarra kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (seu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sé fleiri en eitt kjördæmi; þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn

fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstað-arkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá, er kosningarrétt hafa, þá er kjörskrá er samín, og enn fremur þá, sem fyrir 1. júlímán. næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir kosningarréttinum. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósanda eftir stafrófsröð, heimili, stétt og aldur

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samín, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sé fullbúin 1. dag febrúarmán., og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sé slept af skrá eða of aukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærinni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutadeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprilmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefir eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, ska' taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftár en eiru sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr. Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna í einu hljóði. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Séu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentlettri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi eð öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sér í línu og riflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé minni að þvermáli að innan en $\frac{1}{4}$ úr dönskum þumlungi og umgjörð hringins eigi minni en $\frac{1}{12}$ þumlungs á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

○	
○	
○	

Sedillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. Sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboda með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsíglar með embættisinsigli sínu svo vandlega, að eigi sé audið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku lérefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hver undirkjörstjórn skal fá 6 umslög og skal á tvö þeirra prentað vera á neðra framhorni: »ógildir seðlar«, á tvö: »ónýttir seðlar«, og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna.

V. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

23. gr. Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi. Jafnframt framboði sínu skal þingmannsefni senda yfirkjörstjórninni 50 krónur. Þetta fé varðveitir yfirkjörstjórnin þangað til kosningum er lokið og hún hefir sjálf talið saman atkvæði og lýst yfir, hvern atkvæðafjölda hvert þingmannsefni hafi hlotið. Nú nær þingmannsefni eigi $\frac{1}{3}$ þeirrar atkvæðatölu, er með þurfti til að ná kosningu, og fellur þá fjárframlag hans í sýslusjóð. Sama er ef hann tekur framboð sitt aftur fyrir kjördag. En nái þingmannsefni þeim atkvæðafjölda, $\frac{1}{3}$ eða meira, fær hann endurgoldið tryggingarfé sitt að fullu. Deyi þingmannsefni fyrir kjördag, svo að hann verði eigi í kjöri, skal endurgjalda búi hans tryggingarféð.

Framboðum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti fjögura kjósenda í kjördæmi því, sem þingmannsefni leitar þingmensku í, um að þeir ætli að styðja kosningu hans.

24. gr. Hvert þingmannsefni á rétt á, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, að

gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

VI. kafli.

Kjördagur.

25. gr. Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fram fara næsta virkan dag.

VII. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal vera þingstaður hreppsins. Ef húsbrenni eða önnur slík atvik eða óhentug herbergi á þingstaðnum gera það mjög torvelt eða ómögulegt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annarstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr. Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sé eigi á slíku vól, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé audið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldada horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

28. gr. Nægum tíma áður en kosningar eftir lögum þessum skulu fram fara í fyrsta sinn skal landsstjórnin láta gera atkvæðakassa handa öllum undirkjörstjórnnum á landinu, og annast um sendingu þeirra. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 12 þuml. að lengd, 8 þuml. á breidd og 6 þuml. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rífa, er sé 6 þuml. löng, $\frac{1}{4}$ þuml. víð að ofan, en víðari að neðan. Með kössunum skal og senda sterka léreftspoka, hæfilega stóra, til að hafa utan um kassana, er undirkjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri skal vandlega geyma, kostar sveitarsjóður þá endurnýjun.

VIII. kafli.

Kosningarathöfnin.

29. gr. A hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar að.

30. gr. A meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 24. gr.), séu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

32. gr. Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglið eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlabögli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr. Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

34. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum. Einnig má leyfa þeim mönnum að kjósa, sem fullnægt hafa skilyrðunum í 5. gr.

35. gr. Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti af-

hendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross  innan í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

36. gr. Meðkjörstjórnarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir nýtt kosningarréttar síns.

37. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

38. gr. Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðill hans ógildur, og hefir hann þá fyrirgert kosningarrétti sínum í það skifti.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í hringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill ógildur.

39. gr. Nú setur kjósandi skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá, og má hann þá fá nýjan seðil, ef hann skilar kjörstjórninni hinum fyrra, og greiðir þá atkvæði á síðari seðilinn.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið.

40. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $\frac{1}{4}$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

41. gr. Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eða þingmannsefni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsatkvæðið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

42. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja lérefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan

kassann, þannig útbúinn, ofan í léreftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann, sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rétt á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sér alla þá seðla, sem ónýzt hafa (39. gr.), í annað umslag alla þá seðla, sem ógildir eru (38. gr.), og í þriðja umslagið þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

43. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og umboðsmönnum eða þingmannsefnum. Seðlatölunnar af hverju tægi skal geta í kjörbókinni.

44. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir umboðsmann eða þingmannsefni áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

45. gr. Þegar búið er að loka öllum umslögum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau öll ásamt lyklinum og atkvæðakassanum þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga umboðsmenn og þingmannaefni rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á lakki á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með bréfið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatusheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

IX. kafli.

Kosningarúrslit.

46. gr. Yfirkjörstjórn skal, með nægum fyrirvara á undan kosningunum, auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassann og telja atkvæðin.

47. gr. Þingmannsefni hvert hefir rétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn, til að vera við í þeirra stað.

48. gr. Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn

kostur á að sannfæra um, að öll innsiglin séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðnm helt í hæfilegt tómmt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, og réttir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman, með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn eða þá kosna, sem hlotið hafa flest atkvæði. er hún telur gild.

Umslögnum með ágreiningssedlunum skal því næst lokað með sinnsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rétt á, að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landshöfðingja eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningssedlunum, sem landshöfðingi því næst leggur fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og hann tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur hann einnig fyrir þingið.

49. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

50. gr. Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni eða hinum kjörnu alþingismönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmýnd, er landshöfðingi segir fyrir um, og senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu og birtir hann það í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi á lögboðnum degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning

hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr. Sé atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrir en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umbodsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

X. kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

53. gr. Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá, innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til landshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærður er, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XI. kafli.

Aukakosningar og kosningar til aukabings.

54. gr. Nú verður þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytth fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

55. gr. Nú er þing rofið og beðið til aukabingskosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrá þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XII. kafli.

Kostnaður.

57. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá

heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til rittanga, sendiferða, húsnæðsi og fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

XIII. kafli.

Afbrot og hegningar.

58. gr. Nú hefir hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 kr. sekt fyrir hvern dag, er fram yfir liður. — Sýslumaður úrskurðar dagsektir og innheimtir þær með lögtaki og getur hann á kostnað sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

59. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10—200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sá er verður uppvís að því, að hafa kosið á 2 stöðum, skal sæta alt að 100 kr. sekt, og missa atkvæðisrétt sinn við næstu kosningar. Sé brotið itrekað tvöfaldast sektin, og sakborningur hefir þá fyrirgert kosningarrétti sínum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

60. gr. Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekri rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósanda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisdeil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

61. gr. Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

62. gr. Með lögum þessum eru 1.—17. gr., 19.—36. gr. og 38.—40. gr. í lögum 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feldar.

Ákvæði um stundarsakir.

Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1903, skal kjósa eftir þeim kjörskrá, sem gengu í gildi 1. júlí 1902.

Ed.

204. Breytingartillaga

við frumv. til laga um stofnun brunabótafélags (þingskj. 197).

Frá nefndinni.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir: Siglufirði — — Norðfirði, komi: Kolkuós, Grafarós, Hofsó, Haganesvík, Siglufirði, Hjalteyri, Svalbardseyri, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafirði, Vopnafirði, Bakkagerði í Borgarfirði, Nesi í Norðfirði, Eskifirði.

Ed. **205. Framhaldsnefndarálit**
um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1902 og 1903. (Eins og það var samþ. við 3. umr. Ed.).

Þótt vér álitum sumar af breytingum þeim, er gerðar hafa verið á frumv. í efri deild eigi heppilegar, þar á meðal á 3. gr., að færa niður tillagið til sótt-varnarhúsanna, þá verður þó nefndin, vegna naumleika þingtimans, að ráða til þess, að frumv. sé samþykkt óbreytt.

Nedri deild alþingis, 21. ágúst 1902.

Tryggvi Gunnarsson,	Árni Jónsson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.
Björn Kristjánsson.	Hermann Jónasson.
Stefán Stefánsson, pm. Skgf.	Ó. F. Davíðsson.
	Magnús Andrésson.

Nd. **206. Framhaldsnefndarálit**
um frumv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Aðalbreytingin, sem hin h. Ed. hefir gjört á frumvarpi þessu, er sú, að í staðinn fyrir það, að undirkjörstjórnir áttu að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin, þá skulu þær — eftir því sem nú er ákveðið í frv. — þegar atkvæðagreiðslunni er lokið, innsigla atkvæðakassana, án þess að opna þá, og senda síðan með þá til yfirkjörstjórnarinnar. Verður þá skoðun kjörseðlanna og talning atkvæðanna eingöngu í höndum yfirkjörstjórnarinnar.

Vér álitum að breyting þessi sé til bóta, og að með henni verði betur náð því takmarki frv., að atkvæðagreiðslan sé sem mest leynileg.

Vér viljum því mæla með þessari breytingu og frv. í heild sinni, og leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt af h. Nd.

Alþingi 21. ágúst 1902.

Hannes Þorsteinsson,	Árni Jónsson,
formaður	skrifari og framsögumaður.
Björn Kristjánsson,	Eggert Benediktsson,
	Hermann Jónasson.

Nd. **207. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar um stjórnarvaldaauglýsingar. Frá Jóni Jónssyni og Hermanni Jónassyni.

Fyrir orðin: »Þeim útgefanda hinna þriggja elstu þjóðblada« komi:
»Þeim af útgefendum hinna almennu fréttablaða«.

Ed.

208. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stjórnvalda auglýsingar. Frá Guttormi Vig fússyni.

Fyrir orðin: »þeim útgefanda hinna þriggja elztu þjóðblaða« komi: þeim af útgefendum hinna almennu fréttablaða.

Nd.

209. Frumvarp

til laga um stofnun brunabótafélags. (Eins og það var samp. við 3. umr. í Ed.)

I. kafi.

Stofnun félagsins.

1. gr. Brunabótafélag skal stofna hér á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Búðardal, Skarðstöð, Flatey, Patreksfirði, Bildudal, Þingeyri, Flateyri, Arngerðareyri, Hesteyri, Reykjarfirði, Hólmavík, Borðeyri, Blönduós, Hólanesi, Skagaströnd, Sauðárkrók, Kolkuós, Grafarós, Hofsó, Haganesvík, Siglufirði, Hjalteyri, Svalbarðseyri, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafirði, Vopnafirði, Bakkagerði í Borgarfirði, Nesi í Norðfirði, Eskifirði, Búðareyri við Reyðarfjörð, Búðum í Fáskrúðsfirði, Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði, Selnesi í Breiðdal, Djúpavogi, Hornafjarðarós, og Vík skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum. Öll hús skulu vátrygð með fullu verði þeirra eftir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eftir.

3. gr. Eigendur húsa og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim með þeim kjörum, sem reglugerð félagsins ákveður. Félagið tekur einnig í ábyrgð búsgögn og annað lausafé, eftir því sem nánara verður ákveðið í reglugjörð félagsins.

4. gr. Þegar félagið kemst á fót, fer fram virðing á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Virðingargjörðir skulu framkvæmdar af slökkviliðsstjóra og 2 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefnir fyrir rétti til 6 ára. Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 3 kr. á dag. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurgjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eftir virðingarverði húseignanna.

5. gr. Virðingargjörðir á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 2 mönnum, er sýslumaður útnefnir í hvert skifti. Fyrir starf sitt fá virðingarmenn 2 kr. á dag, og sá er ritar gerðina ennfreður 1 kr. Borgun þessa greiðir gjörðarbeiðandi.

6. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð, og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign.

7. gr. Stjórn félagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 10. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð félagsins, og skulu þeir þá virða upp aftur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Félagsstjórnin hefir og heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir, ef henni þykir ástæða til. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu; ella greiðist hann af félagssjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í félaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefir byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða, ef húseignin hefir aukist í verði.

8. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla, nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eftir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landssjóðs.

9. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið, að víst bil sé á milli húsa, sem bygð eru að nýju á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. Hún getur og bannað, að starfsemi, sem sérstök brunahætta er samfara, fari fram nema í afskektum húsum.

10. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, er félagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til eftir boði slökkviliðsstjóra að koma að minsta kosti tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í kaupstaðnum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gera alt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstöðarmönnum hans.

II. kafli.

Stjórn félagsins.

11. gr. Félagið skal hafa lögheimili og varnarþing í Reykjavík. Í stjórn félagsins skulu sitja 3 menn, 1 forstjóri og 2 meðstjórnendur. Forstjóri félagsins skal skipaður af landshöfðingja, en meðstjórnendur skulu kosnir af fulltrúafundi til 6 ára. Deyi meðstjórnandi eða fatlist svo, að hann geti ekki gengt sýslan sinni, skipar landshöfðingi annan mann í hans stað til næsta fulltrúafundar.

12. gr. Fulltrúar félagsins eru 7 að tölu, og skulu þeir kosnir á þann hátt, að kaupstaðirnir Isafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður kjósa sinn fulltrúann hver, og verzlunarstaðir í hverjum landsfjórðungi fyrir sig kjósa einn fulltrúa í sameiningu.

Landshöfðingi hlutast til um kosningu fulltrúanna.

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar. Hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður greiðir einum manni atkvæði. Skýrslu um atkvæðagreiðsluna skal senda landshöfðingja, er telur saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna. Þeir eru rétt kjörnir fulltrúar, er flest fá atkvæði. Fáir tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti.

Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn. Ef fulltrúi deyr eða fatlast svo, að kjósa þurfi annan í hans stað, hlutast landshöfðingi til um nýja kosningu, og gildir hún fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er frá för.

13. gr. Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík, og greiðist þeim úr landssjóði ferðakostnaður eftir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi úrskurðar reikninga þeirra og ávísar þeim.

14. gr. Fulltrúafundur semur reglugjörð fyrir brunabótafélagið og skal þar ákveðið, hvert er verksemið félagsstjórnarinnar og hver laun hún skal hafa; hvernig reikningsfærslu félagsins skal haga, hvar og hve oft fulltrúafundir skulu haldnir; hvers konar húseignir og hverja muni félagið tryggir; hvernig hinar váttrygðu húseignir skulu vera byggðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve oft skal virða váttrygðar húseignir upp aftur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta og hvernig hann skal endurgjalda; hvernig skera skal úr ágreiningi milli einstakra manna, verzlunarstaða eða kaupstaða annars vegar og félagsstjórnarinnar hins vegar; hve há iðgjöld skal greiða fyrir váttryggingar; hverja borgun félagið má taka fyrir tryggingarskírteini eða önnur vottorð; hvernig sjóð félagsins skal ávaxta; hve miklu fé má verja til kostnaðar við framkvæmdarstjórn og endurskoðun. Enn fremur ákveður reglugjörðin, að hve miklu leyti félagið endurtryggi hjá öðrum brunabótafélögum.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni eigi breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið meðstjórnendum brunabótafélagsins frá um stundar sakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann til bráðabirgða í stað þess, sem frá var vikið. Hnan skal þó með næstu pósthferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafélagsins frávikninguna og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefir skipað í stað þess, sem vikið er frá.

16. gr. Stjórn félagsins skal ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um félagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag félagsins.

17. gr. Endurskoðunarmenn skulu vera tveir, og kys fulltrúafundur annan þeirra, en hinn skal kosinn af hinu sameinaða alþingi til 2 ára í senn. Endurskoðunarmenn rannsaka reikning félagsins í hverju einstöku atriði og bera hann saman við bækur félagsins og heimaféð. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé félagsins og verðskjöl séu fyrir hendi. Þeir skulu sjá um, að munir félagsins séu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir séu til, sem annarstaðar kunna að vera en á heimili félagsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning félagsins.

18. gr. Hiun úrskurðaða reikning félagsins skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal félagsstjórnin gefa landshöfðingja, eftir hvern ársfjórðung stutt yfirlit yfir hag félagsins, sem birtist á sama hátt. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

III. kafli.

Skyldur félagsins.

19. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

20. Allir þeir, sem hafa hús í brunabótaábyrgð félagsins, skulu fá að fullu bættan af sjóði þess allan þann skaða, er þau verða fyrir af eldsvöða eða af eldingum eða fyrir það, að hús, skilögarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rífið niður eða skemt til að slökkva eld. Farist slík hús alveg, skal félagið greiða það, sem þau hafa verið virt til brunabóta, en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skadann. Skaðabætur fyrir eldsvöða má aldrei greiða, nema áður hafi verið haldið réttarpróf um brunann. Þó getur félagsstjórnin veitt undanþágu frá þessu, ef skadinn nemur eigi meira en 500 kr.

21. gr. Félagið ábyrgist ekki skaða af jarðskjálftum eða hernaðarvöldum eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annaðhvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sé eigandinn viljandi eða fyrir vítavert gáleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið vátryggingarupphæðina útborgaða, þó eigi meir en þarf til lúkningar veðskuldinni ásamt 1 árs vöxtum.

22. gr. Þegar félagið greiðir brunabætur fyrir húseign, skal brunabótafénu eingöngu varið til þess að byggja upp aftur hús þau, er brenna, eða til aðgjörðar á þeim. Þó getur landshöfðingi eftir tillögum félagsstjórnarinnar veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með því.

23. gr. Félagsstjórninni er skylt, hve nær sem þess er krafist, að gefa hlutadeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir séu trygð til brunabóta í hans umdæmi, og, ef brennur, að gefa upplýsingar um hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er vátrygð.

IV. kafli.

Ábyrgð landsjóðs.

24. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafélagið geti staðið í skilum, með 300,000 krónum. Ef félagið bíður svo mikinn skaða af eldsvöða, að það getar ekki bætt hann af sjóði sínum, greiðir landsjóður það, sem á vantar. Þó greiðir hann aldrei meira en sem ábyrgðarupphæðinni svarar. Fé þetta endurborgar félagið landsjóði sem vaxtalaust lán með því, sem það hefir afgangsgjöldum sínum árlega.

25. gr. Ef ábyrgðarupphæð landsjóðs skerðist meira en svo, að nemi 100,000 krónum, skal vinna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á vátryggiendur.

Fé það, sem landssjóður greiðir um fram tæða upphæð, á hann heimt í g á að fá endurgjöldið með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum.

V. kaffi.

Almenn ákvæði.

26. gr. Brot gegn 9. og 10. gr. varða sektum alt að 200 kr., er renna í landssjóð. — Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

27. gr. Landsstjórnin sér um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt, sem verða má.

Nd.

210. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun brunabótafélags.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Nefndin hefir athugað breytingar þær, er orðið hafa á frumvarpi þessu í efri deild, og álitur þær til bóta.

Það er því tillaga meiri hluta nefndarinnar, að hin heiðraða neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 22. ágúst 1902.

Björn Bjarnarson,
formaður.

Ólafur Briem,
skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson,
þm. Skagf.

Jafnvel þó við undirritaðir nefndarmenn, sem orðið höfum í minni hluta í nefndinni, finnum ekkert að athuga við breytingar þær, sem háttv. efri deild, hefir gert við frumvarp þetta, þá getum við þó, af ástæðum, er við áður höfum skýrt frá, ekki ráðið hinni háttvirtu neðri deild til þess, að afgreiða frumvarpið sem lög að þessu sinni.

Alþingi, 22. ágúst 1902.

Ó. F. Davíðsson.

Stefán Stefánsson,
þm. Eyf.

Nd.

211. Frumvarp

til laga um manntalsþing.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hér eftir er hvert lögsagnarumdæmi ein manntalsþinghá. Skylda gjalda enda til að sækja manntalsþing er afdum.

2. gr.

Sýslumaður hver og bæjarfógeti utan Reykjavíkur heldur ár hvert tvenn manntalsþing á skrifstofu sinni. Fyrri þingið sé haldið í júní og sé þar gegn öllum hinum sömu störfum og gegnt hefir verið á manntalsþingum hingað til, dómstörfum þó því aðeins, að fyrirmæla laganna um varnarþing sé gætt. — Seinna þingið sé haldið í október, og þá að eins gegnt þinglýsingum.

3. gr.

Sýslumenn skulu einu sinni á ári að minsta kosti fara um alla sýslu sína á tíma þeim, sem amtmaður ákveður í samráði við sýslunefnd, og skulu þeir dvelja að minsta kosti einn dag í hverri dómpinghá, til að svara málum manna, og sé það auglýst fyrir almenningi með minst 10 daga fyrirvara. Um ferðir þessar skulu sýslumenn gefa amtmanni skýrslu.

4. gr.

Sýslumaður má á eigin ábyrgð fela hreppstjórum að útbýta þinggjalds-seðlum og taka við þinggjöldum hreppsúa, en gjalda verður hann þá hreppstjóra 2% fyrir ómakid.

5. gr.

Sýslunefndar- og varasýslunefndarmenn skal kjósa á vorhreppskilapíngum, og er hreppstjóri formaður kjörstjórnarinnar, en í henni sitja auk hreppstjóra 2 menn, er sýslunefndin nefnir til.

Stefnuvottar vinni að eins skriflegan eið að sýslan sinni.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1904.

Nd. 212. Tillaga

til þingsályktunar um ávarp til konungs.

Frá Þórh. Bjarnarsyni, Tryggva Gunnarssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að senda konungi svo hljóðandi ávarp:

Nd. 213. Ávarp til konungs.

Mildasti herra Konungur!

Allrahæstur boðskapur Yðar Hátignar til vor Íslendinga í byrjun þessa árs vakti um land alt hina mestu gleði.

Konungsorð það til hinnar íslenzku þjóðar er svo af nýju endurtekið með allrahæstum boðskap Yðar Hátignar til alþingis í sumar, þar sem svo er að orði komizt, að með frumvarpi því til laga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, sem af stjórn Yðar verður lagt fyrir þingið, sé það ósk Yðar Hátignar að gjöra með því Yðar til þess, að stjórn þessara mála geti í svo fullum mæli, sem audið er vegna einingar og óhultleika ríkisins, fengið aðsetur í landinu sjálfu, og hin æðsta stjórn þess með því komizt í nánara og innilegra samband við þjóð og þing, en unt er með því fyrir-komulagi, sem nú er.

Á alþingi því, sem nú er að ljúka störfum sínum, hefir nefnt frumvarp verið samþykkt óbreytt að efni til, og sem næst að orðum, með öllum samhljóða atkvæðum í báðum deildum, og er því nú af þingsins hálfu gert það, sem audið var til þess að Yðar Konunglega ósk og von í boðskapnum til alþingis megi rætast, að starf þingsins að þessu mikilsvarðandi máli megi nú bera ávöxt til gleði fyrir Yðar Hátigu og til blessunar fyrir þjóð og land.

Mildasti herra Konungur!

Báðar þær kveðjur, sem oss á þessu ári hafa borizt frá Yðar Hátign, bera oss nýjan vott um margreyndan kærleika til lands vors. Yðar lofsæla nafn mun ávalt geymast í þakklátri minningu hinnar íslenzku þjóðar.

Vér biðjum almáttugan Guð að blessa Yðar Konunglegu Hátign, Yðar Konunglegu ætt, ríkisstjórn, lönd og þegna.

Nd.

214. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afnám framtals á lausafé til tíundar og um breyting á gjöldum þeim, sem bundin eru við lausafjártlund.

Nefnd sú, er neðri deild kaus til þess að íhuga frumvarp þetta, hefir athugað málið nokkuð, og lætur uppi þannig lagað álit:

Vér erum þeirrar skoðunar, að það væri í sjálfu sér heppilegt að afnema framtal á lausfé til tíundar, og að hverfa frá því að hafa lausafé að gjaldstofni bæði vegna þess að það hefir lengi þótt brenna við, að tilhneiging gjaldanda til tíundarsvika hefði óheppileg áhrif á menn að minsta kosti í sumum sveitum hér á landi, og einkum sökum þess, að vér teljum mjög efasamt að það sé, eftir því sem til háttar, rétt að leggja beina skatta og önnur opinber gjöld á lausafé.

Að því er snertir lausafjárskattinn til landssjóðs, þá sjáum vér ekki neina verulega örðugleika á því að sleppa honum gegn því að hækka ábúðarskattinn eins og farið er fram á í frumvarpinu. Þó álitum við að slík hækkun á ábúðarskattinum, sé eigi heppileg fyr en nýtt mat, réttara en hið núgildanda, er komið á allar jarðir hér á landi, enda virðist oss sem það megi ekki dragast lengi að slíkt mat komist á. Yrði lausafjárskatturinn afnuminn, og ábúðarskatturinn hækkaður um helming, þá má að vísu ætlast á um, að tekjur landssjóðs rýrni þar við um hér um bil 8000 kr. á ári, því að ábúðarskatturinn var árið 1901 kr. 17573,75, en lausafjárskatturinn kr. 25470,69. Þessi tekjurýrnun er í sjálfri sér eigi svo stórvægileg, að hún ætti að vera til verulegrar hindrunar breytingunni, og á hinn bóginn mætti vel vinna hana upp með einhverjum smáum tolli.

Fátækratíund má að okkar skoðun vel hverfa, og hækkuðu þá aukaútsvörin að því skapi, sem sú tíund nemur.

Í stað kirkjutíundar virðist oss vel mega koma niðurfjöfnun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Örðugast mundi að koma fyrir prestsgjöldum þeim, sem frumvarpið vill losa lausaféð við eða þann er það hefir undir höndum. Vér sjáum engan veg til þess, að leggja þau gjöld, er nema mundu rúmum 40000 kr. á ári, á landssjóðinn, að svo stöddu; að vísu mætti auka tekjur landssjóðs með óbeinum sköttum, en þess þarf með til annars, ef löggjafinn hugsar til að gjöra nokkuð verulegt til framfara landinu, því að framfarir kosta peninga. Þessum gjöldum mætti jafna niður á gjaldendur í prestakalli hverju, en óvíst er, að sú niðurfjöfnun yrði heppileg í framkvæmd. Vér hyggjum annars að þetta atriði ætti að taka til íhugunar í sambandi við aðra skipun á prestaköllum og launum presta, en slíka skipun álitum vér að sé bráðnaudsýnlegt að gjöra sem fyrst, án þess þó að vér teljum fært að auka tekjur presta í heild sinni.

Að öllu yfirveguðu höfum vér ekki treyst oss til að ráða hinni háttvirtu deild til að taka þetta mál fyrir að sinni, enda álitum vér, að það sé svo vaxið, að það þurfi mikils undirbúnings, fyrst og fremst af hálfu stjórnarinnar, og ef til vill þyrfti að setja millipinganefnd til þess að undirbúa það.

Alþingi 25. ágúst 1902.

Jón Magnússon,
skrifari.

Guðl. Guðmundsson,
form.

O. F. Davíðsson.

Sighv. Árnason.

Olafur Briem.